

ÁRSSKÝRSLA
STÚDENTARÁÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS

2023-2024



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Útgefandi: Stúdentaráð Háskóla Íslands

Umsjón: Rakel Anna Boulter

Forsíða: Höfundur óþekktur, mynd endurnýtt frá ársskýrslu Stjórnar Stúdentaráðs 1984-1985

Maí 2024



EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORSETA STÚDENTARÁÐS	6
1 STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS 2023-2024	7
1.1 NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA 2023	7
1.2 FULLTRÚAR Í SVIÐSRÁÐUM STÚDENTARÁÐS	8
1.3 FULLTRÚAR Á HÁSKÓLAÞINGI	9
1.4 FULLTRÚAR STÚDENTARÁÐS Í RÁÐUM OG NEFNDUM	10
1.4.1 FULLTRÚAR Í STJÓRN MENNTASJÓÐS NÁMSMANNA	10
1.4.2 FULLTRÚAR Í STJÓRN FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA.....	10
1.4.3 FULLTRÚAR Í FULLTRÚARÁÐI LANDSSAMTAKA ÍSLENSKRA STÚDENTA.....	10
1.4.4 FULLTRÚAR Í FULLTRÚARÁÐI BYGGINGAFÉLAGI NÁMSMANNA.....	11
2 FULLTRÚAR STÚDENTA Í HÁSKÓLARÁÐI.....	12
2.1 FULLTRÚAR STÚDENTA Í NEFNDUM HÁSKÓLARÁÐS	12
3 STJÓRN STÚDENTARÁÐS.....	14
4 RÉTTINDASKRIFSTOFA STÚDENTARÁÐS.....	16
4.1 ÁRSSKÝRSLA FORSETA.....	18
4.2 ÁRSSKÝRSLA VARAFORSETA	19
4.3 ÁRSSKÝRSLA HAGSMUNAFULLTRÚA	22
4.4 ÁRSSKÝRSLA LÁNASJÓÐSFULLTRÚA	24
4.5 ÁRSSKÝRSLA ALÞJÓÐAFULLTRÚA.....	27
4.6 ÁRSSKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA	33
4.7 ÁRSSKÝRSLA RITSTJÓRA	40
5 SAMSTARFSADILAR STÚDENTARÁÐS.....	44
5.1 STJÓRNSÝSLA HÁSKÓLA ÍSLANDS	44
5.2 STJÓRNVÖLD	46
5.3 LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA	47
5.4 LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA	48
5.5 FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA	50
5.6 NEMENDA- OG HAGMSUNAFÉLÖL INNAN HÁSKÓLA ÍSLANDS.....	51
5.7 FYRIRTÆKI.....	52
6 STARFSEMI STÚDENTARÁÐS	53
6.1.1 STEFNUMÓTUNARDAGUR.....	53
6.2 KANNANIR STÚDENTARÁÐS.....	61
6.2.1 KÖNNUN UM MÆTINGU Í SKÓLANN	61



6.3 VIÐBURÐIR OG SÝNILEIKI	62
6.3.1 GLEÐIGANGAN	62
6.3.2 OKTÓBERFEST SHÍ	63
6.3.3 NÝNEMADAGAR	75
6.3.4 VÍSINDAFERÐIR SHÍ	75
6.3.5 VOFFADAGAR	79
6.3.6 HÁTÍÐARHÖLD 1. DESEMBER	81
6.3.7 ANTI-BUGUNARVIKUR SHÍ	82
6.3.8 STÚDENTARÁÐ Í SAMFÉLAGSLEGRI UMRÆÐU	84
6.4 MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA	86
6.4.1 GAGNABEIÐNI	87
6.4.2 SKÝRSLA UM LÖG 60/2020 UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA.....	87
6.3.6. ENDURSKOÐUN LAGA UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA	91
6.4.4 ÚTHLUTUNARREGLUR MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA	92
6.5 HERFERÐ STÚDENTARÁÐS – LÉLEG NÁMSLÁN ERU PÓLÍTÍSK ÁKVÖRÐUN	94
6.6 FJÁRMÖGNUN HÁSKÓLASTIGSINS	97
6.6.1 ENDURSKOÐUN Á REIKNILÍKANI HÁSKÓLANNA	98
6.6.2 NIÐURLÖGÐ SKÓLAGJÖLD SJÁLFSTÆÐRA HÁSKÓLA	99
6.6.2 HAPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS	100
6.7 SKRÁSETNINGARGJALD VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS	101
6.7.1 SKRÁSETNINGARGJALDIÐ EKKI HÆKKAÐ	102
6.7.2 SKRÁSETNINGARGJALDIÐ VIÐ HÍ ÚRSKURÐAÐ ÓLÖGMÆTT	102
6.7.3 HVATNING TIL FRUMKVÆÐISATHUGUNAR Á SKRÁSETNINGARGJALDINU SEND Á UMBOÐSMANN ALÞINGIS	104
6.8 GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS	105
6.8.1 YFIRLÝSING UM STÖÐU GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTU VIÐ HÍ	105
6.8.2 GEÐHEILBRIGÐISHÓPUR HÍ.....	106
6.9 HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ Á STAÐNUM	106
6.9.1 HÓPUR UM STEMNINGU Á HÁSKÓLASVÆÐINU.....	107
6.9.2 TILLÖGUR STÚDENTARÁÐSLIÐA UM AÐBÚNAÐ Í HÁSKÓLABYGGINGUM.....	110
6.9.3 LOKUN SÖLUSTAÐA HÁMU.....	110
6.9.4 FLUTNINGUR MENNTAVÍSINDASVIÐS Í SÖGU	111
6.9.5 KENNSLUDAGAR	111
6.10 SKIPULAGS- OG SAMGÖNGUMÁL	112
6.10.1 AÐGENGI FYRIR FATLAÐA Á HÁSKÓLASVÆÐINU.....	112
6.10.2 BÍLASTÆÐAGJÖLD VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS.....	112
6.10.3 UPPBYGGING STÚDENTAGARÐA.....	115
6.10.4 UMFERÐIN OG OKKAR DAGLEGA LÍF.....	115
6.10.5 STÚDENTAFLÁTTUR HJÁ HOPP.....	116



6.11 STÚDENTARÁÐ FYRIR FRÍÐI Í PALESTÍNU	116
6.11.1 YFIRLÝSING TIL STUÐNINGS PALESTÍNSKU ÞJÓÐARINNAR	116
6.11.2 STÚDENTARÁÐ HVETUR TIL SNIÐGÖNGU Á RAPYD.....	117
7 STÚDENTARÁÐSFUNDIR	118
7.1 KJÖRFUNDUR 19. APRÍL 2023	118
7.2 SKIPTAFUNDUR 23. MAÍ 2023.....	118
7.3 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 21. JÚNÍ 2023.....	118
7.4 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 22. ÁGÚST 2023	119
7.5 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 20. SEPTEMBER 2023.....	119
7.6 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 9. OKTÓBER 2023 - LAGABREYTINGAFUNDUR	119
7.7 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 19. OKTÓBER 2023.....	119
7.8 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 26. OKTÓBER 2023 – AUKAFUNDUR	119
7.9 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 14. NÓVEMBER 2023.....	120
7.10 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 13. DESEMBER 2023.....	120
7.11 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 26. JANÚAR 2024	121
7.12 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 26. FEBRÚAR 2024	121
7.13 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 26. MARS 2024	121
7.14 KJÖRFUNDUR 16. APRÍL 2024	122
7.15 SKIPTARÁÐSFUNDUR 21. JÚNÍ 2024	122
7.16 MÁLEFNI TEKIN FYRIR Á MILLI FUNDA.....	122
8 ÚTGEFIÐ EFNI STÚDENTARÁÐS	124
8.1 AKADEMÍAN OG STÚDENTABLAÐIÐ.....	124
8.2 ERINDI UM FJÁRHAGSSTÖÐU STÚDENTA Í LJÓSI ENDURSKOÐUNAR A LÖGUM UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA 19.10.2023.....	126
8.3 KRAFA UM ENDURGREIÐSLU ÓLÖGMÆTRA SKRÁSETNINGARGJALDA 26.10.2023	133
8.4 UMSÖGN UM REGLUR UM FJÁRFRAMLÖG TIL HÁSKÓLA 05.11.2023.....	137
8.5 ÁKALL EFTIR AUKNUM ÚRRÆÐUM FYRIR STÚDENTA FRÁ GRINDAVÍK 22.11.2023	141
8.6 ERINDI TIL HÁSKÓLA ÍSLANDS VEGNA SKERÐINGAR Á ÞJÓNUSTU FÉLAGSSTOFNUNAR STÚDENTA.....	143
8.7 YFIRLÝSING TIL STUÐNINGS PALESTÍNSKU ÞJÓÐINNÍ 05.01.2024	145
8.8 YFIRLÝSING UM STÖÐU GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTU VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS 07.02.2024.....	147
8.9 YFIRLÝSING VEGNA BREYTINGAR Á FJÁRFRAMLAGI RÍKISINS TIL HÁSKÓLASTIGSINS 05.03.2024	150
8.10 UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA, NR. 60/2020 (ÁBYRGÐARMENN OG NÁMSSTYRKIR), MÁL NR. S85/2024 21.03.2024.....	153
8.11 YFIRLÝSING VEGNA ENDURSKOÐUNAR LAGA UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA NR. 60/2020 21.03.2024..	159
8.12 REFORM PROPOSAL – NON-EUROPEAN STUDENT WORK PERMITS 03.05.20248.11	163
9 FASTANEFNDIR STÚDENTARÁÐS	164



9.1 ALÞJÓÐANEFND.....	164
9.2 FÉLAGSLÍFS- OG MENNINGARNEFND	169
9.3 FJÁRMÁLA- OG ATVINNULÍFSNEFND	175
9.4 JAFNRÉTTISNEFND.....	177
9.5 FJÖLSKYLDUNEFND	179
9.6 KENNSLUMÁLANEFND.....	182
9.7 LAGABREYTINGANEFND	186
9.8 NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLANEFND	188
9.9 ÚMHVERFIS- OG SAMGÖNGUNEFND	191
10 STÚDENTASJÓÐUR.....	197
11 KOSNINGAR OG KJÖRSTJÓRN 2024	198
11.1 NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA TIL STÚDENTARÁÐS 2024	198
11.2 NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA TIL HÁSKÓLARÁÐS 2024	199

VIÐAUKAR

A – ÁRRSKÝRSLUR SVIÐSRÁÐA

B – LÖG STÚDENTARÁÐS

C – VERKLAGSREGLUR STÚDENTARÁÐS

D – SKÝRSLA KJÖRSTJÓRNAR



ÁVARP FORSETA STÚDENTARÁÐS

Kæru stúdentar, það hefur verið sannur heiður að þjóna ykkur á þessu hundraðasta og fjórða starfsári Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Árið var strembið og hafa margar, bæði fyrrséðar og óvæntar áskoranir borið á okkar borð. Stóru málefni vetrarins eru reifuð í 6. kafla þessarar ársskýrslu en stendur þar upp úr endurskoðun á námslánakerfinu, uppstokkun á fyrirkomulagi fjárveitingar til háskólastigsins á Íslandi og úrsurður um ólögmati skrásetningagjaldsins við Háskóla Íslands. Óhætt er að segja síðustu misseri hafi einnig litast af miklum ófriðartímum, en átök fyrir botni Miðjarðarhafs varpa stórum skugga á árið og lýsti ráðið yfir stuðningi með Palestínsku þjóðinni við upphaf árs 2024.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur tæplega 14.000 félagsmeðlimi. Rúmlega 70 manns hafa með einum eða öðrum hætti komið að innra starfi Stúdentaráðs í vetur og er framlag þeirra ómetanlegt. Pólitísk þátttaka ungmenna er mikilvæg, hún eflir gagnrýna hugsun og eykur samhug. Mikilvægt er að ungt fólk sé meðvitað um hvar og hvernig það getur haft áhrif. Stúdentar við Háskóla Íslands eru svo heppnir að árlega eru málefni stúdenta sett í deigluna og allir skráðir nemendur við skólann hafa tækifæri til að ræða við spennta úthringjara og geta svo skilað inn atkvæði eftir eigin höfði. Aukin umræða um málefni háskóla er bæði háskólunum og stúdentum til hagsbóta. Lýðræðishefðin innan HÍ er sérstaklega dýrmæt og skal alltaf leitast við að sýna fyrirkomulagi kosninga til Stúdentaráðs HÍ verðskuldaða virðingu. Ég hef lagt mikla áherslu á það í samtali mínu við stjórnendur skólans að Háskóli Íslands hafi hátt um áhrif stúdenta innan veggja skólans. Ef stúdentar eru meðvitaðir um að tekið verði mark á þeirra rödd er líklegra að þeir myndi sér skoðun og láti í sér heyra.

Íslenskt samfélag getur aðins hagnast á því að hér sé opinber gæðagóð háskólamenntun aðgengileg öllum. Það er lífsnauðsynlegt fyrir heilbrigði háskólasamfélagsins að halda eldheitri umræðu stúdentapólitíkurinnar lifandi. Með jafnrétti, róttækni og heiðarleika að leiðarljósi munum við ná árangri og færast nær réttlátara samfélagi.

Yðar herradóms elskandi reiðubúinn þjónn,

Rakel Anna Boulter

1 STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS 2023-2024

1.1 NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA 2023

Kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2023-2024 fóru fram rafrænt á Uglu, innri vef Háskólans 22. og 23. mars 2023. Á kjörskrá voru alls 13.395 stúdentar og var heildarkjörsókn 32,54% sem gera 4.359 einstaklinga sem nýttu kosningarétt sinn.

- Á Félagsvísindasviði kusu 1.296 af 3.603 á kjörskrá, eða 35,97%
- Á Heilbrigðisvísindasviði kusu 1.079 af 2.783 á kjörskrá, eða 38,77%
- Á Hugvísindasviði kusu 577 af 2.119 á kjörskrá, eða 27,23%
- Á Menntavísindasviði kusu 600 af 2.669 á kjörskrá eða 22,48%
- Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði kusu 806 af 1.808 á kjörskrá eða 44,58%

Röskva samtök félagshyggjufólks fékk alls 12 fulltrúa kjörna en Vaka félag lýðræðissinnaðra stúdenta fékk 5 fulltrúa kjörna.

Fulltrúar á Félagsvísindasvið

- Arna Dís Heiðarsdóttir (Röskva)
- Daníel Hjörvar Guðmundsson (Vaka)
- Emilía Björt Írisardóttir Bachmann (Röskva)
- Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)
- Kristmundur Pétursson (Röskva)

- Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva)

Fulltrúar á Menntavísindasviði

- Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa (Vaka)
- Tanja Sigmundsdóttir (Röskva)
- Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva)

Fulltrúar á Heilbrigðisvísindasviði

- Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva)
- Daníel Thor Myer (Röskva)
- Elísabet Sara Gísladóttir (Vaka)

Fulltrúar á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

- María Rós Kaldalóns (Röskva)
- Davíð Ásmundsson (Röskva)
- Eiður Snær Unnarsson (Vaka)

Fulltrúar á Hugvísindasviði

- Guðni Thorlacius (Röskva)
- Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva)

1.2 FULLTRÚAR Í SVIÐSRÁÐUM STÚDENTARÁÐS

Á hverju fræðasviði háskólans heldur Stúdentaráð úti sviðráði. Í hverju sviðsráði sitja alls fimm fulltrúar sem skiptast milli fylkinga í hlutfalli við kosninganiðurstöður: forseti sviðsráðs er kosinn af Stúdentaráðsliðum innan hvers sviðs og Stúdentaráð kýs að auki fjóra fulltrúa á kjörfundi. Forseti sérhvers sviðsráðs situr í stjórn fræðasviðsins fyrir hönd stúdenta ásamt deildarforsetum og sviðsforseta. Þá sitja forsetar sviðsráða í stjórn Stúdentaráðs. Sviðsráðin vinna sjálfstætt innan sinna fræðaviða og er meginhlutverk þeirra að gæta hagsmuna stúdenta á viðkomandi sviði. Ársskýrslur sviðsráða er að finna í viðauka A þar sem farið er yfir það starf sem unnið var innan hvers sviðsráðs.

Sviðsráð Félagsvísindasviðs

- Arna Dís Heiðarsdóttir, forseti (Röskva)
- Daníel Hjörvar Guðmundsson (Vaka)
- Emilía Björt Írisardóttir (Röskva)
- Jóhanna Freyja Ásgeirsdóttir (Vaka)
- Ólöf Soffía Eðvaldsdóttir (Röskva)

Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs

- Daníel Thor Meyer (Röskva)
- Kolbrá Brynjarsdóttir (Röskva)
- Krístrún Vala Ólafsdóttir (Röskva)
- Lilja Ósk Atladóttir (Vaka)
- Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, forseti (Röskva)

Sviðsráð Hugvísindasviðs

- Erna Mist Pétursdóttir (Vaka)
 - Var skipuð í nóvember og sagði af sér í febrúar
- Guðni Thorlacius, forseti (Röskva)
- Hrafnhildur Ming Þórunnardóttir (Röskva)
- Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva)
- Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva)

Sviðsráð Menntavísindasviðs

- Alex Elí Schweitz (Vaka)
 - Sagði af sér í október, Gunnar Ásgrímsson tók þá við.
- Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir, forseti (Röskva)
- Hólmfríður Svala Ingibjargardóttir (Röskva)
 - Sagði af sér í júní, Eyrún Ósk Hjartardóttir tók þá við
- Sólmundur Magnús Sigurðarson (Vaka)
- Tanja Sigmundsdóttir (Röskva)

Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

- Afomia Yirga Mekanonnen (Röskva)
- Davíð Ásmundsson (Röskva)
- Eiður Snær Unnarsson (Vaka)
- Fjóla María Sigurðardóttir (Röskva)
- María Rós Kaldalóns, forseti (Röskva)

1.3 FULLTRÚAR Á HÁSKÓLAÞINGI

Samkvæmt lögum Stúdentaráðs skipar ráðið tíu fulltrúa á Háskólaþing. Á kjörfundi skipar Stúdentaráð sjö aðalfulltrúa úr hópi stúdentaráðsliða og jafn marga varafulltrúa og skiptast sætin skv. verklagsreglum milli fylkinga í hlutfalli við heildarniðurstöður kosninga. Þá eru þrír fulltrúar skipaðir af skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks. Til viðbótar eiga fulltrúar stúdenta í háskólaráði sæti á þinginu. Háskólaþing voru alls tvö á starfsárinu.

Fulltrúar á Háskólaþingi 17. janúar 2024

Á þinginu voru drög að þróunaráætlun kynnt, ásamt fyrirkomulagi stjórnunar bílastæða á lóð skólans.

- Raket Anna Boulter (Skrifstofa)
- Dagmar Óladóttir (Skrifstofa)
- Linda Rún Jónsdóttir (Röskva)
- Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva)
- Ólöf Soffía Eðvaldsdóttir (Röskva)
- Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva)
- María Rós Kaldalóns (Röskva)
- Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)
- Dagur Kárasón (Vaka)

Fulltrúar á Háskólaþingi 26. apríl 2024

Á þinginu var m.a. farið yfir innleiðingu á notendamiðaðri þjónustu, lagabreytingum er varða örnám og samspili gervigreinar við starfsemi skólans. Einnig voru nýir fulltrúar háskólans í háskólaráði kjörnir.

- Raket Anna Boulter (Skrifstofa)
- Dagmar Óladóttir (Skrifstofa)
- Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Skrifstofa)
- Guðni Thorlacius (Röskva)
- María Rós Kaldalóns (Röskva)
- Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)
- Dagur Kárasón (Vaka)
- Arent Orri Jónsson (Vaka)

1.4 FULLTRÚAR STÚDENTARÁÐS Í RÁÐUM OG NEFNDUM

1.4.1 FULLTRÚAR Í STJÓRN MENNTASJÓÐS NÁMSMANNA

Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs, sem kjörinn er á kjörfundi Stúdentaráðs, situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs. Varafulltrúi Stúdentaráðs í stjórn Menntasjóðsins er skipaður úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og skal ekki vera af sama kyni og aðalfulltrúi með tilliti til jafnréttissjónarmiða og í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stjórn Stúdentaráðs skipaði varafulltrúa þann 15. maí og eru fulltrúa í stjórn MSNM sem hér segir:

Fulltrúar Stúdentaráðs í stjórn Menntasjóðs námsmanna 2022-2023

- **Aðalfulltrúi:** Gísli Laufeyjarsen Höskuldsson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs 2023-2024
- **Varafulltrúi:** Rakel Anna Boulter, forseti Stúdentaráðs 2023-2024

1.4.2 FULLTRÚAR Í STJÓRN FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

Samkvæmt reglugerð fyrir Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands er stjórnin skipuð fimm einstaklingum til tveggja ára; Menntamálaráðuneytið skipar einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa, háskólaráð kýs einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa ásamt því að Stúdentaráð kýs þrjá aðalfulltrúa og þrjá varafulltrúa. Forseti SHÍ er þar að auki með áheyrnarrétt í stjórn FS. Auglýst var eftir þremur fulltrúum stúdenta í stjórn FS í tölvupósti til allra stúdenta HÍ og á student.is. Á stjórnarfundi þann 13. júní tók stjórn stúdentaráðs fyrir þær þrjár umsóknir sem bárust og hlutu þau öll áframhaldandi sæti í stjórn FS. Stúdentaráð var upplýst um þessa skipun á fundi ráðsins þann 21. júní. Fulltrúar stúdenta í stjórn FS, skipuð til tveggja ára, eru sem hér segir:

Aðalfulltrúar stúdenta í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta 2021-2023

- Elísabet Brynjarsdóttir
- Brynhildur Bolladóttir
- Pétur Marteinn Urbancic

Varafulltrúar stúdenta í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta 2021-2023

- Jónas Már Torfason fyrir Elísabetu Brynjarsdóttur
- Linda Karlsdóttir fyrir Brynhildi Bolladóttur
- Auður Tinna Aðalbjarnardóttir fyrir Pétur Marteinn Urbancic

1.4.3 FULLTRÚAR Í FULLTRÚARÁÐI LANDSSAMTAKA ÍSLENSKRA STÚDENTA

Samkvæmt lögum Landssamtaka íslenskra stúdenta er fulltrúaráð þess skipað tveimur fulltrúum frá hverju aðildarfélagi sem eru tilnefndir á landsþingi. Hvert aðildarfélag tilnefnir árlega fulltrúa sem situr í fulltrúaráði í tvö ár ásamt tveimur varafulltrúum til eins árs. Forseti



Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráðinu samkvæmt lögum Stúdentaráðs. Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár og varafulltrúa til eins árs. Samkvæmt lagabreytingu sem gerð var á þessu starfsári skulu varafulltrúar koma úr hópi starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs.

Aðalfulltrúar stúdenta í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta 2023-2024

- Rakel Anna Boulter, forseti Stúdentaráðs 2023-2024, skipuð til 2025
- Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs 2022-2023, skipuð til 2024

Varafulltrúar stúdenta í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta 2023-2024

- Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs 2023-2024
- Dagmar Óladóttir, varaforseti Stúdentaráðs 2023-2024

1.4.4 FULLTRÚAR Í FULLTRÚARÁÐI BYGGINGAFÉLAGI NÁMSMANNA

Byggingafélag námsmanna er sjálfseignarstofnun og aðildarfélög þess eru stúdenta- og nemendafélög Háskólans í Reykjavík, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (sem eru leifar frá því að Menntavísindasvið var Kennaraháskólinn, SHÍ hefur því skipað þessa fulltrúa), Listaháskóla Íslands og Tækniskólans. Stúdenta- og nemendafélögin sem eru með aðild eiga rétt til fulltrúa á aðalfundi félagsins, þarf af á Stúdentaráð Háskóla Íslands rétt á 4 fulltrúum af 10 fulltrúum alls.

Fulltrúar Stúdentaráðs á aðalfundi Byggingafélags námsmanna 2024

- Rakel Anna Boulter, forseti Stúdentaráðs 2023-2024
- Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs 2023-2024
- Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, fulltrúi Röskvu
- Dagur Kárason, fulltrúi Vöku

Stúdentaráð á tvo aðalfulltrúa í stjórn félagsins sem kjörnir eru til tveggja ára skv. verklagsreglum Stúdentaráðs og einn varafulltrúa sem kjörinn er til eins árs í senn. Í verklagsreglum segir að gæta skuli að aðalfulltrúi eða varafulltrúi sitji á Skrifstofu SHÍ, því tók stjórn ákvörðun um að skipa fulltrúa af skrifstofunni í sæti varafulltrúa, þar sem hvorugur aðalfulltrúinn var þar starfandi þetta starfsárið og var Stúdentaráð upplýst um þá ákvörðun. Fulltrúar ráðsins eru sem hér segir:

Aðalfulltrúar Stúdentaráðs í stjórn Byggingafélags námsmanna 2022-2024

- Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs 2022-2023
- Jessý Jónsdóttir, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs 2021-2022

Varafultrúi Stúdentaráðs í stjórn Byggingafélags námsmanna 2023-2024

- Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs 2023-2024

2 FULLTRÚAR STÚDENTA Í HÁSKÓLARÁÐI

Háskólaráð er æðsta stjórnvald Háskóla Íslands og er rektor forseti þess. Í ráðinu sitja 11 einstaklingar, þar af 2 fulltrúar sem eru skipaðir í tvö ár í senn. Fulltrúar stúdenta eru kjörnir í allsherjarkosningum meðal stúdenta Háskóla Íslands. Kosið var til háskólaráðs samhliða kosningum til Stúdentaráðs 23. og 24. mars 2022. Það voru 2.572 af 14.330 sem nýttu kosningarétt sinn, kjörsókn var því 17,95%. Röskva fékk báða fulltrúa sína kjörna inn í ráðið sem og báða varafultrúa.

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði 2022-2024

- Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir (Röskva)
- Katrín Björk Kristjánsdóttir (Röskva)

Varafultrúar stúdenta í háskólaráði 2022-2024

- Rebekka Karlsdóttir (Röskva)
- Ingvar Þóroddsson (Röskva)

2.1 FULLTRÚAR STÚDENTA Í NEFNDUM HÁSKÓLARÁÐS

Stúdentar eiga fulltrúa í meirihluta nefnda háskólaráðs. Skv. lögum Stúdentaráðs er auglýst eftir fulltrúum stúdenta í nefndir háskólaráðs meðal allra stúdenta við Háskóla Íslands að undanskildri þeim nefndum sem skipaðar eru eftir embættum Stúdentaráðs.

Stúdentaráð sem síðan kýs um þær umsóknir sem berast. Alla jafna er skipunartímabil nefndanna til þriggja ára. Á ágúst fundi Stúdentaráðs var skipun fulltrúa stúdenta í málnefnd tekin fyrir ásamt skipun áheyrnarfulltrúa í öryggisnefnd. Þar að auki var skipun fulltrúa stúdenta í skipulagsnefnd framlengd.

Fulltrúar stúdenta í starfsnefndum háskólaráðs skólaárið 2023-2024:

- **Jafnréttisnefnd Háskólaráðs:** Stúdentaráðs 2022-2023, sem var skipuð til tveggja ára 2022 skv. lögum Stúdentaráðs.
Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi og forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs 2023-2024. Skipuð til eins árs.
- **Stefnu og gæðaráð:** Raket Anna Boulter, forseti Stúdentaráðs 2023-2024 tók sæti til tveggja ára ásamt Rebekku Karlsdóttur, forseti
- **Kennslumálanefnd Háskólaráðs:** Júlía Karín Kjartansdóttir, forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs 2023-2024. Skipuð til eins árs.
- **Skipulagsnefnd:** Sindri Freyr Ásgeirsson fékk framlengda



skipun vegna verkefnis sem ekki náðist að klára innan tilskylds tíma og tók stjórn ákvörðun um þá framlengingu, skv. verklagsreglum. Skipaður 1. júlí 2022 og skipun gildir til 30. júlí 2024.

- **Vísindanefnd Háskólaráðs:**
Valgerður Pálmadóttir, fulltrúi
FEDON félag doktorsnema og
nýrannsakenda. Skipuð til 30. júní
2026.

Fulltrúar stúdenta í öðrum nefndum háskólaráðs skólaárið 2023-2024:

- **Sjálfbærnefnd:** Berglind Bjarnadóttir sem forseti umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs. Skipuð til eins árs.
- **Ráð um málefni fatlaðs fólks:**
Margrét Lilja Arnheiðardóttir og
Styrmir Hallsson. Skipuð 1. júlí
2022 til 30. júní 2025.
- **Málnefnd:** Piergiorgio Consagra.
Skipaður frá 22. ágúst 2023 til 30.
júní 2024.
- **Öryggisnefnd:** Bergmann Óli
Aðalsteinsson er áheyrnarfulltrúi.
Skipaður 22. ágúst 2023 til 30.
september 2026.

Fulltrúar stúdenta í öðrum nefndum innan háskólans skólaárið 2023-2024:

- **Starfshópur sögu:** Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ 2023-2024, tók sæti í óformlegum starfshópi um flutning Menntavísindasviðs í Sögu.

3 STJÓRN STÚDENTARÁÐS

Stjórn Stúdentaráðs fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins. Stjórnin annast framkvæmd þeirra verkefna sem ráðið felur henni og getur einnig tekið ákvarðanir og afgreitt mál á fundum innan þeirra marka sem ráðið ákveður hverju sinni. Samkvæmt lögum Stúdentaráðs er stjórnin skipuð forsetum sviðsráðanna fimm ásamt forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Forseti Stúdentaráðs stjórnar fundum stjórnar en í fjarveru hans fellur það í hlut varaforseta. Þá kýs stjórnin sér gjaldkera.

Stjórn Stúdentaráðs 2023-2024

- Rake! Anna Boulter, forseti Stúdentaráðs
- Dagmar Óladóttir, varaforseti Stúdentaráðs
- Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs
- Guðni Thorlacius, forseti sviðsráðs Hugvísindasviðs
- Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir, forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs
- María Rós Kaldalóns, forseti sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
- Arna Dís Heiðarsdóttir, forseti sviðsráðs Félagsvísindasviðs og gjaldkeri stjórnar

Áheyrnafulltrúar í stjórn 2023-2024

- Elísabet Sara Gísladóttir, oddviti Vöku
- Kristmundur Pétursson, oddviti Röskvu
- Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs og ritari stjórnar
- Zulaia Johnston da Cruz, fulltrúi FEDON

Yfirferð starfa stjórnar á starfsárinu

Stjórn fundaði alls 12 sinnum yfir starfsárið, mánaðarlega, viku fyrir reglulega Stúdentaráðsfundi auk eins aukafundar í lok ágúst vegna Októberfest SHÍ. Einstaka sinnum voru mál afgreidd rafrænt eða símleiðis á milli funda. Fastur liður fundanna var að fara yfir efni næsta Stúdentaráðsfundar með það að markmiði að stuðla að góðum umræðum og miðla upplýsingunum til sviðsráðsmeðlima og fylkinga. Þá tók stjórn til umfjöllunar tillögur, minnisblöð, yfirlýsingar, tilkynningar og umsagnir í umboði Stúdentaráðs. Fundirnir eru ekki síður til þess gerðir að miðla upplýsingum frá sviðsráðum til skrifstofu Stúdentaráðs.

Meðal annarra verkefna stjórnar er að sjá um ráðningar starfsfólks á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skipa í ýmis embætti í samræmi við lög og verklagsreglur Stúdentaráðs. Einnig hafði stjórn góða innsýn í skipulagningu Októberfest, stefnumótunardags og herferðar Stúdentaráðs. Verklagsreglur stjórnar Stúdentaráðs má finna í viðauka C.



4 RÉTTINDASKRIFSTOFA STÚDENTARÁÐS

Hlutverk réttindaskrifstofu stúdentaráðs má í grófum dráttum skipta í þrennt. Í fyrsta lagi þjónustar starfsfólks skrifstofunnar stúdenta sem þangað leita, hvort sem það er vegna námskeiða við háskólann, námslána eða vandamála sem mæta alþjóðanemum. Einnig þjónustar skrifstofan nemendafélög og heldur utan um viðburði til þess að efla félagslíf innan skólans. Þá heldur skrifstofa utan um útgáfu fjögurra tölublaða Stúdentablaðsins ásamt kynningarbæklingi fyrir nýja nemendur, sem kemur út árlega. Annað hlutverkið er pólitísk málefnavinna og skipar þar stærstan sess utanumhald um fundarhald stúdentaráðs, vinnsla á erindum sem borin eru undir ráðið og eftirfylgni þeirra verkefna sem ráðið felur skrifstofunni. Í þriðja og síðasta lagi telst rekstur skrifstofunnar og utanumhald starfsfólks til verkefna skrifstofu. Í ár vann sérstaklega fjölbreyttur hópur á skrifstofunni en hvert fræðasvið Háskóla Íslands átti sinn fulltrúa, að Heilbrigðisvísindasviði undanskildu. Hópurinn hafði því góða innsýn inn í ólíka kima skólans og kom það iðulega að góðum notum. Réttindaskrifstofa deildi með sér rúmlega þremur og hálfu stöðugildi starfsárið 2023-2024.

- Forseti: 100%
- Varforseti: 40%
- Hagsmunafulltrúi: 50%
- Lánasjóðsfulltrúi: 30%
- Alþjóðafulltrúi: 50%
- Framkvæmdastjóri: 50%
- Ritstjóri: 30%




Stjörnumerki starfsfólks

Yfirlit yfir stjörnumerki starfsfólks á réttindaskrifstofu SHÍ 2023-2024

Stjörnumerki

Þau stjörnumerki sem fólk tilheyrir er þýðingarmikið atriði í persónuleika, andlegu og siðmenningarlegu hugarfari og framtaki hvernar manneskju.

- Á skrifstofunni starfa 7 einstaklingar
- Aðeins 5 stjörnumerki af 13 eru þar starfandi. Líkurnar á þessari útkomu voru 0.1061%.
- Allt starfsfólkið, nema einn, eru fædd á rúmlega 2 mánaða fráviki frá 31. desember, þrátt fyrir að það séu ekki líklegustu mánuðirnir til þess að fæðast.



Á skýringarmyndinni má sjá þau stjörnumerki sem starfsfólkið tilheyrir

4.1 ÁRSSKÝRSLA FORSETA

Forseti Stúdentaráðs er málsvari ráðsins gagnvart háskólanum, stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum hagaðilum. Forseti er jafnframt yfirmaður á skrifstofunni þar sem hann sér um öll dagleg störf. Hlutverkið er yfirgripsmikið og því fylgir mikil ábyrgð gagnvart stúdentum. Í 6. kafla er fjallað ítarlega um viðfangsefni Stúdentaráðs á árinu og kom forseti að þeim öllum með einum eða öðrum hætti.

Hlutverk forseta gagnvart Stúdentaráði

Á ábyrgð forseta er stefnumótun Stúdentaráðs, yfirumsjón með innra starfi Stúdentaráðs, fundarstjórn og dagskrárgerð Stúdentaráðsfunda. Forseti er jafnframt forseti stjórnar Stúdentaráðs og stýrir stjórnarfundum. Í ár var sérstök áhersla lögð á gott og mikið upplýsingaflæði, hóf forseti því alla Stúdentaráðsfundi á að fara yfir mál á döfinni. Þar að auki skrifaði forseti mánaðarlega pistla sem voru gerðir aðgengilegir öllum aðal- og varafulltrúum í stúdentaráði á Teams. Allflest mál voru kynnt með góðum fyrirvara, alltaf var tekið vel í fyrirspurnir og málum gefin langur umræðutími innan sem og utan funda.

Skrifstofa SHÍ og utanumhald starfseminnar

Skrifstofu Stúdentaráðs var haldið opinni alla virka daga frá 10-17 og forseti var almennt með viðveru þann tíma. Störf forseta fólust í því að hafa yfirsýn með daglegum rekstri skrifstofunnar og útdeila verkefnum til annarra starfsmanna innan skrifstofunnar. Starfsfólk vann sjálfstætt að sínum afmörkuðu verkefnum samkvæmt starfslýsingu. Skrifstofan fundaði vikulega þar sem farið var yfir verkefnastöðuna hjá hverjum og einum, hvaða verkefni væru framundan. Lagt var upp með að útdeila tilfallandi verkefnum eftir styrkleika og áhugasviði starfsfólksins þannig að hver og einn fengi að blómstra í sínu hlutverki. Forseti lagði upp úr því að öll verkefni væru unnin á faglegan og skilvirkan hátt og að gott viðmót myndi mæta öllum þeim sem leituðu eftir aðstoð á skrifstofunni.

Fundir og viðburðir sem forseti sótti

Líkt og undanfarin ár fundaði forseti hálfsmánaðarlega með rektor, sem mælst er til að haldið verði áfram. Forseti situr í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta sem fundar mánaðarlega. Einnig sótti forseti landsþing LÍS 7.-10. mars. Forseti var með áheyrnarrétt í stjórn Félagsstofnunar stúdenta sem fundar mánaðarlega. Stefnu og gæðaráði háskólans sem fundar að jafnaði í hverjum ársfjórðungi og sat forseti þá fundi. Geðheilbrigðishópur Háskóla Ísland fundaði einu sinni á starfsárinu en þess utan átti forseti í góðu sambandi við teymi sálfræðinganna sem starfa við háskólann. Þar að auki sat forseti vinnustofur og

samráðsfundi á vegum háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins. Þann 6. desember sótti forseti árlegan samráðsfund um jafnréttismál á vegum forsætisráðuneytisins þar sem hatursorðæða var í forgrunni. Forseti fór á fund allsherja- og menntamálanefndar til að fylgja eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslands til ársins 2025. Á árlegum akkerisfundi Háskóla Íslands kynnti forseti niðurstöður stefnumótunarferðar um áherslur stúdenta í HÍ26, sem er stefna skólans til 2026. Þann 14 febrúar flutti forseti erindi á viðburði undir yfirskriftinni *Umferðin og okkar daglega líf*. Forseti sótti sambandsþing LUF 24. febrúar og leiðtogaráðsfund LUF 5. maí. Forseti kynnti drög að niðurstöðum könnunar Stúdentaráðs um mætingu á samráðsfundi með fulltrúum framhaldsskólanna 6. maí 2024. Forseti tók þátt í pallborði um akademíska samstöðu með Palestínu þann 15. maí 2024 á vegum háskólafólks fyrir Palestínu.

Rakel Anna Boulter, forseti Stúdentaráðs 2023 – 2024

4.2 ÁRSSKÝRSLA VARAFORSETA

Dagmar Óladóttir var kjörin til embættis varaforseta Stúdentaráðs á kjörfundi ráðsins í apríl 2023 og gegndi stöðunni starfsárið 2023-2024. Undirrituð tók formlega við af fyrrum varaforseta þann 1. júní 2023, eftir skiptafund Stúdentaráðs. Starfshlutfall varaforseta var 20% í júlí og 60% í ágúst en aðra mánuði 40%.

Almennt um starfið:

Starf varaforseta Stúdentaráðs er afar fjölbreytt og langt því frá fastmótað. Af því leiðir að svigrúm er til þess að aðlaga starfið að styrkleikum þess sem stöðunni gegnir hverju sinni. Helsta ábyrgð varaforseta í ár voru markaðs- og samskiptamál ráðsins, sýnileiki þess út á við, tenging við nefndir Stúdentaráðs og nemendafélög skólans, mætingarlistar og mælendaskrá á fundum Stúdentaráðs auk skírteinisviðauka fyrir þau sem sinnt hafa störfum innan ráðsins. Varaforseti var einnig til taks í daglegum verkefnum skrifstofu Stúdentaráðs og létti eins mikið undir með öðrum starfsmönnum og kostur var. Varaforseti sinnti einnig ýmsum tilfallandi verkefnum ásamt því að vera reiðubúinn til að hlaupa í skarðið ef forseti forfallaðist.

Tengiliður skrifstofu Stúdentaráðs við nemenda- og hagsmunafélög skólans:

Í upphafi starfsársins var sendur tölvupóstur á öll skráð nemendafélög til þess að fá hjá þeim uppfærðar tengiliðaupplýsingar ásamt því að forsvarsfólki nemendafélaganna var boðið að ganga í facebook-hóp þar sem flestöll samskipti SHÍ og nemendafélaganna fóru fram. Í kjölfar

svars voru tengiliðaupplýsingar uppfærðar á heimasíðu Stúdentaráðs. Þessi vinna hélt áfram allan veturinn þar sem misvel gekk að ná í félögin.

Facebook-hópurinn reyndist afar nytsamlegur en þar var bæði einfalt og aðgengilegt að koma upplýsingum áleiðis til nemendafélaganna. Einnig var þetta góður vettvangur fyrir nemendafélögin að deila viðburðum sína á milli ásamt því að beina spurningum til starfsfólks skrifstofunnar. Á instagram voru stofnaðir spjallhópar fyrir nemendafélög og sviðsráð hvers sviðs fyrir sig og þar var bæði viðburðum og mikilvægum upplýsingum deilt til nemendafélaganna og þau oftast ekki beðin að deila þeim áfram til síns félagsfólks, reyndist þetta fyrirkomulag vel. Varaforseti sá um að svara fyrirspurnum frá nemendafélögunum ásamt því að aðstoða við stofnun nýrra félaga.

Varaforseti, ásamt forseta og hagsmunafulltrúa, stóð fyrir tveimur samráðsfundum með nemenda- og hagsmunafélögum skólans, á haustönn og vorönn. Fyrri fundurinn var haldinn í lok ágúst og þar var farið yfir starfsemi skrifstofu Stúdentaráðs og hvernig við getum verið nemendafélögunum innan handar. Einnig var farið yfir viðburðadagatalið og helstu viðburðir haustsins kynntir. Áhersla var lögð á að koma því á framfæri hve mikilvæg nemendafélögin eru okkur, hve mikilvægan þátt þau spila í því að deila efni og upplýsingum áfram til stúdenta. Seinni fundurinn var haldinn í lok janúar og þar var farið yfir viðburðadagatal vorsins ásamt því að rædd voru hagsmunamál, bæði frá skrifstofu og fundargestum. Fundirnir tókust báðir afar vel og voru vel sóttir. Ég tel mikilvægt að þessum fundum verði haldið áfram en þarna mynduðust mikilvæg og persónuleg tengsl skrifstofu og nemendafélaga.

Tengiliður skrifstofu Stúdentaráðs við nefndir ráðsins:

Samkvæmt lögum SHÍ boðar varaforseti fyrsta fund nefnda. Þessir fundir voru haldnir í upphafi sumars og þar var farið yfir praktísk atriði og tengingu nefndanna við skrifstofu.

Einnig boðaði varaforseti til funda með forsetum nefndanna með reglulegu millibili en þrír slíkir fundir voru haldnir yfir starfsárið. Þessir fundir voru boðaðir með það í huga að kanna stöðu verkefna hjá nefndunum og gefa forsetum tækifæri til að leita ráða hvor hjá öðrum, og hjá varaforseta. Reynsla varaforseta er sú að mikilvægt sé að boða þessa fundi og vera nefndunum innan handar, sérstaklega þegar nefndirnar vinna að framkvæmdaáætlun, taka inn fimmta meðlim og halda stóra viðburði.

Markaðs- og samskiptamál SHÍ:

Varaforseti hefur umsjón með markaðs- og samskiptamálum í samstarfi við forseta. Á starfsárinu var lögð áhersla á sífellt aukinn sýnileika Stúdentaráðs og stöðuga virkni á samfélagsmiðlum ásamt auknu flæði upplýsinga til stúdenta. Góðri vinnu síðustu skrifstofu

var haldið áfram og áhersla lögð á að koma öllu efni áfram til stúdentna á skýran og auðskiljanlegan hátt svo það nái bæði til sem flestra og svo stúdentar átti sig betur á daglegum störfum ráðsins. Útgáfa skrifstofu á stuttum og skýrum myndböndum á bæði TikTok og Instagram Reel var aukin eftir bestu getu en slík myndbönd ná vel til fólks, voru þau bæði nýtt til að auglýsa viðburði líkt og Októberfest og fjalla á skýran hátt um flókin mál líkt og skrásetningargjaldamálið. Varaforseti kom einnig að markaðssetningu á efni herferðarinnar ásamt auglýsingastofunni og öðrum kjörnum fulltrúum á skrifstofu. Enn eru miklir möguleikar í áframhaldandi mótun og þróun á útgefnu efni Stúdentaráðs á samfélagsmiðlum og því kjörið tækifæri fyrir komandi skrifstofur að kafa enn dýpra í þau mál.

Varaforseti hefur yfirumsjón með heimasíðu Stúdentaráðs. Í upphafi starfsárs voru allar upplýsingar á heimasíðunni uppfærðar og því verkefni var haldið áfram út veturinn eftir þörfum. Varaforseti hafði yfirumsjón með myndatökum allra í innra starfi Stúdentaráðs en þær fóru fram í ágúst. Einnig var farið yfir alla afslætti sem bjóðast stúdentum og þeir staðfestir, óvirkir fjarlægðir og nýjum bætt við. Varaforseti, ásamt forseta, sá að mestu um að skrifa fréttir á heimasíðu Stúdentaráðs en það er mikilvægt upp á varðveislu gagna og stofnanaminni.

Önnur verkefni:

Starf varaforseta á skrifstofu Stúdentaráðs er fjölbreytt og síbreytilegt eftir því hvaða verkefni eru efst á baugi hverju sinni. Varaforseti kom mikið að skipulagningu Októberfest og starfaði náið með bæði samskiptastjóra hátíðarinnar og félagslífs- og menningarnefnd en nefndin kemur að mörgum viðburðum í tengslum við hátíðina og þarf að halda mörgum boltum á lofti, því var gott að varaforseti hafði rými til að létta undir með þeim. Einnig stóð varaforseti að skipulagningu SHÍ vísóanna ásamt forseta.

Varaforseti vann tillögu skrifstofu um átak í geðheilbrigðismálum á vorönn. Erindið var samþykkt af Stúdentaráði og í kjölfarið sent til bæði ráðuneytis háskólamála og rektors Háskóla Íslands.

Varaforseti vann, ásamt öðrum kjörnum fulltrúum skrifstofunnar, að skrásetningagjaldamálinu en eftir að niðurstöður bárust frá Háskólaráði var blásið til blaðamannafundar og afstaða Stúdentaráðs kynnt.

Vega áhuga undirritaðarar voru umhverfismál að miklu leyti sett í hendur varaforseta á þessu starfsári og var ég m.a. fulltrúi stúdenta í pallborði á málþingi um hlutverk háskólanna í grænu umbreytingunni sem haldið var af Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskólanum.

Dagmar Óladóttir, varaforseti Stúdentaráðs 2023-2024

4.3 ÁRSSKÝRSLA HAGSMUNAFULLTRÚA


Rannveig Klara Guðmundsdóttir gegndi stöðu hagsmunafulltrúa SHÍ starfsárið 2023-2024 og var hún kjörin á kjörfundi Stúdentaráðs í apríl 2023. Rannveig fékk handleiðslu inn í starfið frá fyrrum hagsmunafulltrúa, Katrínu Björk Kristjánsdóttur í lok maí eftir að hún tók formlega við eftir skiptafund. Handleiðsla gekk vel og vann Rannveig náið með Katrínu að nokkrum hagsmunamálum til þess að öðlast reynslu og þekkingu á starfinu.

Hlutverk hagsmunafulltrúa er að gæta hagsmuni nemenda í öllum þeim málum sem viðkemur háskólanum. Starfið er mjög víðfeðmt og eru fyrirspurnir mjög ólíkar. En starfið felst fyrst og fremst í því að aðstoða stúdenta, að nálgast þá af nærgætni og sýna fyrirspurnum og áhyggjum þeirra virðingu. Starf hagsmunafulltrúa snýst mikið um að finna lausnir á vandamálum og er mikilvægt að hagsmunafulltrúi sé vel lesin í reglum Háskólans sem og verklagsreglum hans. Þar sem oftast þarf að grípa í þau úrræði sem eru í boði bæði innan sem utan háskólans. Því mætti segja að hlutverk hagsmunafulltrúa sé að leiðbeina stúdentum á réttu staðina og vera þeirra helsti talsmaður. Mörg mál sem koma inn á borð hagsmunafulltrúa eru persónuleg og því þótti skrifstofu ráðsins mikilvægt að hægt væri að gæta trúnaðar með þessu móti. Því vinnur hagsmunafulltrúi oft minna í samvinnu við aðra meðlimi skrifstofunnar en önnur hlutverk.

Málaskrá

Hagsmunafulltrúi heldur utan um málaskrá þar sem skráð eru niður mál sem koma á hans borð. Er þetta gert til þess að sitjandi hagsmunafulltrúi eti séð hvernig fyrrum fulltrúar hafa tekið á við svipuð mál, málaskráin var tekin í notkun árið 2017.

Þegar þetta er skrifað er heildarmálafjöldi 139. Að meðaltali komu 14.8 mál á mánuði á haustönn 2023 og 6.2 á mánuði á vorönn 2024.



Viðtalstímar

Auglýst var fasta viðtalstíma þar sem nemendur gátu haft greiðan aðgang að hagsmunafulltrúa á skrifstofu stúdentaráðs, var það gert á samfélagsmiðlum Stúdentaráðs sem og á upplýsingaskjám skólans, sérstaklega í kringum prófatíð. Algengast var þó að nemendur sendu tölvupóst beint á hagsmunafulltrúa. Reglulega var minnt á hagsmunafulltrúa á skrifstofunni með t.d. fjöldapóstum á nemenda skólans. Augljóst er að lagt sé upp úr sýnileika þar sem alltaf varð aukning í fyrirspurnum eftir slíkar áminningar.

VoFFadagar

Í samráði við sálfræðingateymi Háskóla Íslands var ákveðið að halda geðheilbrigðisdaga fyrir stúdenta. Hagsmunafulltrúi ásamt forseta héldu utan um og skipulögðu dagskrá geðheilbrigðisdagana í samráði við sálfræðingateymið. Dagarnir gengu mjög vel þó mæting mætti verið betri. Nánari umfjöllun um daganna má sjá í viðburðarkafla ársskýrslunnar.

Jafnréttisnefnd

Þetta var fyrsta árið þar sem hagsmunafulltrúi var einnig forseti jafnréttisnefndar og þar með einnig í jafnréttisnefnd Háskóla Íslands. Þetta hefði mátt gana betur og játar undirrituð það að skipulags- og tímaleysi áttu hér stóran hlut. Undirritaðri þykir gott að hagsmunafulltrúi sé launaður starfsmaður þar sem jafnréttisnefnd er mjög mikilvæg nefnd en að það þurfi að vera skýrt til hvers er ætlast af manni sem forseta nefndar. Undirrituð bendir næstkomandi

hagsmunafulltrúa á að gott sé að taka frá nokkra tíma á viku til þess að sinna þessu hlutverki, þar sem þetta hlutverk féll oft á milli línanna í amstri dagsins.

Samráð við nemenda og hagsmunafélög

Í upphafi skólaárs var haldin samráðsfundur með öllum nemendafélögum skólans. Þar fengu nemendafélögin aðgang að hagsmunahandbók fyrir nemendafélög til að auðvelda aðgengi að upplýsingum og hafa réttindi stúdenta á einum stað. Í handbókinni má einnig finna útskýringu á skipulagi Stúdentaráðs og öllu sem því fylgir ásamt léttri skýringu á stjórnslu háskólans. Hagsmunafulltrúi hélt einnig sér fundi með nemendafélögum hvers og eins sviðs. Var þetta gert til þess að gefa hagsmunafulltrúa betri yfirsýn á algeng hagsmunamál á hverju sviði fyrir sig. Þessir fundir gengu mjög vel og komu margar nytsamlegar upplýsingar fram á þeim fundum. Ljóst er að gott sé að halda áfram svona fundarhaldi til þess að hagsmunafulltrúi sé meðvitaður um vandamál á öllum sviðum skólans.

Önnur verkefni

Önnur verkefni sem hagsmunafulltrúi starfsársins tók að sér voru m.a. aðstoð við viðburðahald hjá nefndum ráðsins, skipulagning stefnumótunarferðar Stúdentaráðs í samvinnu við varaforseta og gerð og utanumhald könnunar Stúdentaráðs um mætingu stúdenta í skólann. Starfshlutfall hagsmunafulltrúa gefur oft rými til annarra verkefna heldur en þau sem falla beint að starfslýsingu hagsmunafulltrúa þar sem álag er mismunandi eftir mánuðum.

Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs 2023 - 2024

4.4 ÁRSSKÝRSLA LÁNASJÓÐSFULLTRÚA

Gísli Laufeyjarson Höskuldsson var kjörinn lánasjóðsfulltrúi SHÍ á kjörfundi ráðsins í apríl 2023 og tók við störfum þann 1. júní sama ár.

Störf hans voru að meginstefnu til fjórbætt. Í fyrsta lagi hefur lánasjóðsfulltrúi almennt fræðslu- og ráðgjafahlutverk, í öðru lagi sinnir hann almennri baráttu fyrir hagsmunum lántaka, í þriðja lagi situr hann í stjórn Menntasjóðs námsmanna og í fjórða lagi sinnir hann eftir atvikum ýmsum öðrum störfum sem koma á borð réttindaskrifstofu SHÍ.

Lánasjóðsfulltrúi hefur með höndum það verkefni að veita persónulega ráðgjöf til einstaklinga um reglur er varða námslán. Gjarnan leituðu nemendur Háskóla Íslands til lánasjóðsfulltrúa með spurningar sem á þeim brunnu og var því miður algengast að þá væri þegar komið til vandræða í þeirra málefnum. Algengast var þannig að leitað væri til lánasjóðsfulltrúa vegna óvæntra vandamála, til að mynda krafna um endurgreiðslu námslána vegna lágrar námsframvindu og krafna um upphaf afborgana fyrir lok náms, en mjög sjaldgæft var að spurningar bærust um fyrirsjáanlegri atriði á borð við lága framfærslu. Þetta endurspeglar vitaskuld ólíklega tíðni þeirra vandamála sem raungerast almennt hjá lántökum en er frekar til marks um að alvarlegustu tilvikin séu með þessum hætti, eða einfaldlega um að þessi tilvik séu þannig vaxin að mest tilefni er að öðru leyti til þess að spyrja lánasjóðsfulltrúa áhlits. Erfitt er að segja til um hvort að aukin fræðsla kynni að fyrirbyggja óvænt vandamál að nokkru marki. Þrátt fyrir að ólíklegt sé að margir lántakar þekki úthlutunarreglur Menntasjóðsins vel er til þess að líta að ríkir hvatar eru þegar fyrir því að námi sé lokið á þeim tíma sem námið gerir ráð fyrir, auk þess sem námsframvindakrafan er flestum kunnug. Þá var það sammerkt með flestum málum sem komu á borð lánasjóðsfulltrúa að þau áttu rætur sínar að rekja til óvæntra atvika í lífi lántaka, svo sem sjúkdóma eða barneigna. Þannig er ekki tryggt að skortur á fræðslu valdi því að óvænt vandamál hafi komið upp, heldur kunna önnur atriði að búa þar að baki. Að þessu sögðu er ekkert því til fyrirstöðu að almenn fræðsla verði aukin á næsta starfsári með það fyrir augum að fækka vonandi þeim tilvikum þar sem ákvarðanir Menntasjóðsins koma lántökum í opna skjöldu. Þá kynni slík fræðsla einnig að auka vitund almennings og umræðu um námslánakerfið. Hvetur lánasjóðsfulltrúi eindregið til þess.

Á starfsárinu var almenn fræðsla nokkur. Þannig hélt lánasjóðsfulltrúi nokkrar kynningar, til að mynda fyrir félagasamtökin Student Refugees. Þá hefur lánasjóðsfulltrúi almenna fræðsluskyldu gagnvart nemendum Háskólans á Akureyri, Háskólans á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands. Í þessu skyni ferðaðist hann til Akureyrar og hélt opinn fund á skrifstofu Stúdentafélags Háskólans á Akureyri, þar sem félagið bauð upp á vöflukaffi. Góðar almennar umræður sköpuðust um námslánakerfið, en því miður kom ekki til þess að lánasjóðsfulltrúi leysti úr sérstöku vafamálum. Lagt er til að næsti lánasjóðsfulltrúi leiti leiða til að auglýsa betur hugsanlega fundi af þessum toga og auglýsa jafnframt betur fyrir nemendum skólanna, í samráði við stúdentafélögin, að þjónusta hans standi til boða.

Framangreind fræðsluskyldu tekur samkvæmt þessu til um 16.000 stúdenta. Fræðslufundir og kynningar eru nauðsynlegur þáttur í þeirri upplýsingagjöf, en að sama skapi er vegna mikils fjölda nauðsynlegt og skilvirkt að lánasjóðsfulltrúi beiti sér fyrir því að upplýsingar um

námslánakerfið séu opnar og aðgengilegar almenningi með öðrum hætti. Heimasíða ráðsins hefur að geyma ágríp af helstu atriðum er það varða, sem lánasjóðsfulltrúi uppfærði. Þá er heimasíða Menntasjóðs námsmanna yfirgripsmikil og sá lánasjóðsfulltrúi ekki ástæðu til að bæta þar miklu við, en áriðandi er að fylgst sé með þeim upplýsingum sem þar koma fram og réttmæti þeirra gagnrýnt eftir tilefni. Loks voru tölvupóstar sendir til áminningar á alla nemendur Háskóla Íslands í aðdraganda þess að frestir til þess að sækja um námslán runnu út. Þá var almennri upplýsingagjöf til stúdentaráðsliða sinnt á fundum ráðsins með nokkrum kynningum, bæði um námslánakerfið almennt og hagsmunabaráttu því tengdri, einkum endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna.

Lánasjóðsfulltrúi sinnti almennri hagsmunabaráttu, enda er hann fulltrúi ráðsins á fundum og í stefnumótun um Menntasjóðinn samkvæmt samþykktum félagsins. Í samræmi við það var hagsmunabaráttu umfangsmikill þáttur í störfum hans á liðnu starfsári. Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hélt út mánaðarlegum samráðsfundum með fulltrúum stúdenta sem lánasjóðsfulltrúi sótti reglulega. Þá voru haldnir nokkrir fundir og svokallaðar vinnustofur haustið sl. er vörðuðu helst annars vegar ritun skýrslu um mat á endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna og hins vegar könnun sem ráðuneytið lagði fyrir nemendur allra háskóla á Íslandi og íslenska stúdenta erlendis og hafði það markmið að afla vísbendinga um ástæður þess að lántökum hefur fækkað umtalsvert á undanförunum árum. Lánasjóðsfulltrúi mætti ásamt forseta LÍS á fund Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis í janúar 2024 til þess að ræða framangreinda skýrslu og námslánakerfið almennt. Sköpuðust þar líflegar umræður um bága fjárhagsstöðu stúdenta, sem var mjög jákvætt, og má segja að með slíkum fundum skapist gott tækifæri til viðræðna við kjörna fulltrúa á breiðum grundvelli. Hvatt er til frekari funda með nefndinni eins og tilefni er til.

Nokkrir fundir fóru fram að vori milli fulltrúa stúdenta og starfsfólks ráðuneytisins um fyrirhugað frumvarp til breytinga á lögum um Menntasjóð námsmanna, en þeir voru færri en óskað var eftir. Upplifun lánasjóðsfulltrúa var sú að þessir fundir hefðu verið nokkuð upplýsandi og að tækifæri hefði gefist til þess að koma sjónarmiðum stúdenta á framfæri, en lítið tillit virðist enn hafa verið tekið til afstöðu stúdenta. Setja verður þann fyrirvara að ráðherra hefur boðað áframhaldandi breytingar á téðum lögum, en slík áform eru vitaskuld ekki föst í hendi og er áriðandi að sjónarmiðum stúdenta verði að þessu leyti haldið á lofti þegar fram í sækir. Þegar þetta er skrifað, í apríl 2024, liggur fyrir Alþingi að taka afstöðu til framangreinds frumvarps. Efni þess verða ekki gerð skil hér en verði það tekið til afgreiðslu á yfirstandandi þingi eru líkur á því að það verði gert í maí eða snemma í júní. Lánasjóðsfulltrúi

ritaði umsögn um frumvarpið sem samþykkt var af ráðinu og send í samráðsgátt stjórnvalda þann 21. mars. Fundar um málið með Allsherjar- og menntamálanefnd verður óskað.

Of langt mál væri að gera grein fyrir öllum verkefnum lánasjóðsfulltrúa við almenna hagsmunabaráttu, en hér má þó nefna vinnu við málefnalega afmörkun herferðar SHÍ vorið 2024 og nokkur erindi sem voru rituð til stjórnvalda og send þeim að fengnu samþykki ráðsins. Lánasjóðsfulltrúi hafði það að leiðarljósi að vinna hagsmunabaráttu á faglegum forsendum í efnislegu samræmi við stefnu ráðsins með þverpólítískum stuðningi, í því skyni að sameina og styrkja rödd stúdenta í málaflokknum.

Lánasjóðsfulltrúi situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna til 30. júní 2024, sem einn af þremur fulltrúum Landssamtaka íslenskra stúdenta, og sótti þar fundi sem haldnir voru einu sinni í mánuði að jafnaði. Þá sat hann í úthlutunarreglunefnd stjórnarinnar, sem hefur það verkefni með höndum að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins eins og nafnið ber með sér. Vegna trúnaðarkvaða stjórnarmanna þykir ekki rétt að gera hér grein fyrir þeim tillögum sem ráðherra bárust frá stjórn, en lánasjóðsfulltrúi lagði áherslu á að koma til skila upplýsingum um hvort tveggja bága fjárhagsstöðu stúdenta og skort á fjárhagslegum hvötum fyrir námi, auk þeirra þjóðhagslega neikvæðu afleiðinga sem framangreint hefur í för með sér. Þessu fylgdu tillögur að úrbótum. Ráðherra gaf út úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2024-2025 þann 26. mars. sl. þar sem frítækjumarkið var hækkað um 27% frá fyrra ári umfram verðlagsþróun, framfærslulán hækkuð lítilllega umfram verðlagsþróun og skólagjaldalán hækkuð töluvert.

Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs 2023-2024

4.5 ÁRSSKÝRSLA ALÞJÓÐAFULLTRÚA

Nana Bruhn Rasmussen held the position of International Officer for the Student Council during the academic year of 2023-24. The International Officer's position is twofold, a 30% position is dedicated to servicing international students at the University of Iceland and a 20% position is dedicated to participation in the Aurora cooperation.

International Committee

Information on the work of the International Committee can be found in the Committee's yearly report.



The Mentor System

The International Officer manages a mentor system, where University of Iceland students can volunteer as a mentor for a group of incoming exchange students. The system has previously also included incoming international students, but was this year limited to exchange students, due to the growing number of students requesting a mentor. Orientation Days were similarly changed to mainly accommodate new exchange students. International students starting a full degree should instead be welcomed by the relevant school as part of their orientation program.

In the autumn semester, 265 exchange students applied for a mentor and were divided into 37 mentor groups with a total of 49 mentors (some solo and some in pairs). According to the preference of the mentors, the smallest groups had 5-6 students, whilst the biggest had 8-10 (single mentors) or 10-12 (mentor pairs). Unfortunately, 3 mentors decided to pull out of the program after the pairing had been completed, but luckily other mentors were able to take on extra students.

In the spring semester 121 exchange students applied for a mentor and were divided into 14 groups with a total of 25 mentors (1-3 mentors in each group). As the mentors registered early it was possible to ensure their commitment before completing the pairing of groups and it was therefore not necessary to redistribute any students, as no mentors dropped out after the pairing. Mentors and mentees were informed about their groups before the Christmas break in order to relieve the stress related to arrival.

For the spring semester, mentors were able to sign up with a mentor partner or request to be paired up with an unknown partner, which was a popular option. For the first time, three students requested to be mentors together and took on a bigger group of 16 students.

Mentees were sent a survey to fill out with information about them in order to improve the pairing of mentor groups, by taking into account their age, interests and any other preferences they may have had. This survey should be improved for the future to simplify the pairing further.

For each semester, two mentor information meetings were held, 1 in person and one online, where the university's expectations were made clear and they were made aware of how they could seek support, should there be a need for it. A recording of the online meeting was afterwards made available to mentors that could not attend the meetings in a Facebook group



created for them. Information meetings were also used to ensure that mentors are reading their emails and are thus committed to the mentor role.

The International Officer employed emails to reach both Mentors and mentees with information about the mentor system and orientation. Mentors and mentees were contacted periodically throughout the semester to check up on them and encouraged to reach out if they experienced issues, i.e. with their mentor group.

Despite the information meetings, both mentors and mentees have complained that mentors are not well-informed about the kinds of questions asked by the mentees. This can be resolved by developing a guide for new exchange students and mentors alike about the most pertinent information. Moreover, the mentors should be offered further education, for example with a workshop in the beginning of the semester.

Orientation

Orientation took place 23rd to 25th of August in the fall semester and 10th to 12th of January in the Spring semester. For the first time this academic year, Orientation Days took place after the start of the semester, which meant a great turn-out of students, but in turn that students were missing key information even after classes had started.

It is therefore planned to have the informational part of the program in the beginning of the week for orientation days for the fall semester 2024, which should also include a session about applying for work permits.

For both orientations, the program included a welcome meeting, including a presentation from the International Officer on how to survive as a student in Iceland, guided tours around the university area (led by the international officer), a mentor mingle, a welcome reception with live music and food (barbecue/soup), as well as sodas sponsored by Ölgerðin and a pub quiz with sponsored prizes in the Student Cellar. In addition to this, the fall 2023 program also included a welcome party with a performance from Gugusar (paid by the International Division) and the spring 2024 program included a speed friending event with ESN Iceland-cs, both in the Student Cellar.

The Mentor Mingle is intended to let mentor groups meet up for the first time and complete an activity together. Due to the large number of people, each group was given a number.



For both semesters the mingle started out with all mentors and mentees playing Icebreaker Bingo and winning sponsored prizes. In the fall semester, the groups then did a photo safari around campus with a prize for most creative pictures. The International Officer received mixed feedback about this, as some groups found it really fun, whilst others would have preferred a more intimate activity. For the spring semester, groups were therefore given the choice between the photo safari, creating a group cheer or getting to know each other by finding at least 3 things everyone had in common and 3 things no one had in common. Most groups decided to do the last activity, likely also due to bad weather.

There was high attendance throughout the whole program and generally good feedback from participants for both semesters. Towards the end of each semester, the International Officer participated in the International Department's Going Home-event with a presentation about student rights during the exam period.

To try to accommodate new full time international students a welcome meeting was held for them in the fall semester, where the International Officer gave the same presentation about surviving in Iceland and the participating students could get to know each other with Icebreaker Bingo. Although these students had requested mentors and more information, only around 25 students showed up. Finding a way to better accommodate these students would be beneficial.

International Days

International Days took place from November 8th-10th 2023. The schedule can be found [here](#). At the International Festival, the International Officer welcomed everyone and presented the music act and the lottery game placed at the International Committee table. The International Officer promoted both the International Committee (together with two committee members) and Aurora (together with Alma Ágústsdóttir from the International Division) who had tables next to each other during the festival.

The International Committee hosted two social events during International Days, a DJ party with DJ Rasley (paid by the International Division) at the Student Cellar and an game café at the Student Book store with games focused on connection provided by the store. The International Officer together with Alma Ágústsdóttir from the International Division also gave a presentation about opportunities through Aurora.

Aurora

The International Officer held the position of Secretary of the Aurora Student Council (ASC) 2023-24. The Student Council was also represented in ASC by its elected Aurora representative; Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir.

The ASC met monthly via Teams as well as four times in person, in Olomouc, Czech Republic in October for the autumn biannual, in Reykjavík in November for the Aurora 2030 kick-off, in Tarragona, Spain in February for the Student Conference and in Naples, Italy in May for the spring biannual. There are usually only 1-2 physical meetings during the year. A key focus for the work this year was to define the priorities and work of the ASC better, as most of the student council members only sit on the council for one year, resulting in a lack of continuity as much information is lost at the end of each term. The following mission statement and action plan for 2023-24 was therefore adopted:

Mission statement:

Aurora Student Council is on a mission to increase student power and inclusion of students in decision-making in Aurora.

The Student Council works to increase general visibility and awareness of student opportunities and disseminating our presence throughout the partner universities at all levels, from the executive level to the student population.

The Student Council strives to improve student life in higher education by advocating for student rights and inspiring local change through international cooperation and community.

The Student Council will work towards its goals by establishing a strategy spanning the 4 years included in the "Second Phase" of Aurora from 2023-2027. The Council will also establish an action plan to be executed within each term, containing, among other things, specific deliverables relating to the emphasis of the year, and aiming to create real change within the partner universities.

Action points 2023-24:

- Creating the 4-year strategy



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Updating the Student Handbook
- Creating a stronger social media presence, especially on Instagram
- Identifying three local challenges at each university relating to inclusivity in education and selecting one area to improve across all partner (and potentially associate) universities.
- Finishing the mental health resources list, publishing it as a resource on the Aurora website and presenting it to the General Council
- Ensuring participation in the Student Council from each partner university, preferably from democratically elected members

The ASC's emphasis this year was Inclusivity in Education, and the Student Council agreed to work towards diversity education for staff being implemented at each Aurora university.

In cooperation with Alma Ágústsdóttir, the International Officer promoted Aurora's work and opportunities within Aurora to the general student population. These promotions took the form of social media posts, mass emails and in-person meetings.

Further information on the work of the ASC can be found in the Council's yearly report.

The International Officer also joined the Aurora task team 8.3 about Internationalisation of institutional cultures, but the work in this task team is still in its initial phases.

Together with Associate Professor Magnus Torfason, the International Officer moderated a panel discussion of Rectors, presidents and senior representatives of all the Aurora universities during the Aurora 2030 kick-off in November 2023.

Erasmus Student Network

Efforts were taken in the beginning of 2023 to re-establish the Erasmus Student Network (ESN) in Iceland. The International Officer therefore supported the elected board by promoting their events and offering advice. The re-establishment of ESN in Iceland allowed the International Officer to spend less time on events for international students, as they hosted many events for them. She was in turn able to focus more on international student rights issues.



International Student Rights

The International Officer had consultation hours in the office two times per week, where students could address any issues, and a large number of students were assisted with various questions about life in Iceland in general and as a student.

In the fall the International Officer participated in the first policy meeting on the UI Equality Action Plan 2024-26 and provided feedback on the draft plan

The International Officer fought alongside the Student Interest Representative to secure the rights to use a dictionary in Icelandic exams as well as prolonged exam time for students with Icelandic as a second language in all schools, based on the model applied by the School of Education. This was well-received by the School of Social Sciences who implemented it in the fall semester and School of Health Sciences who are looking into possibilities, but seem to be met by opposition from certain faculties. Work on this should continue to ensure these rights in the School of Health Sciences, school of humanities and school of Engineering and Natural Sciences. The International Officer also wrote an address in the Student Paper about this issue.

Based on enquiries from students, the International Officer delved into the issue of work permits from students from outside of the European Economic Area. See the International Commi yearly report (3.1) for more information about this.

The International Officer participated in a discussion on the new policy on Immigrant Matters hosted by the Ministry of Social Affairs and Labour

Nana Bruhn Rasmussen, International Officer of the Student Council 2023-2024

4.6 ÁRSSKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Hlutverk framkvæmdastjóra SHÍ er erfitt að ramma inn vegna mikillar fjölbreytni en hún jókst enn frekar þetta starfsárið þar sem undirritaður tók að sér ýmis verkefni vegna ákveðinnar reynslu og þekkingar sem ekki var til staðar árið áður. Helsta ábyrgð framkvæmdastjóra er þó sem fyrr að tryggja heilbrigðan rekstur félagsins svo að kjörnir fulltrúar skrifstofunnar geti einbeitt sér áhyggjulaust að hagsmunamálum líðandi stundar. Einn mikilvægasti liðurinn í því er að setja upp **fjárhagsáætlun** sem gefur hagaðilum ráðsins hugmynd um rekstur ársins.

Fjárhagsáætlun SHÍ 2023-2024

Líkt og árið áður þá var fjárhagsáætlun SHÍ ekki tilbúin fyrr en um miðjan október en helstu ástæður þess seinagangs voru sem áður þjónustusamningarnir við Háskóla Íslands og þóknun SHÍ vegna Októberfest. Þessir tveir liðir eru gífurlega stór hluti af rekstri SHÍ og það kynni að skapa áhættu á villuleiðandi rekstrursmynd að gefa sér forsendur um liðina áður en þeir eru ljósir. Hins vegar má deila um að það sé eðlilegur hluti fjárhagsáætlana og því hvetur undirritaður næsta ábyrgðaraðila að íhuga að setja upp fjárhagsáætlun strax í lok júní eða byrjun júlí með eins góðum forsendum og hægt er að gefa sér.

Einnig hvetur undirritaður næsta ábyrgðaraðila verkefnisins að gera fjárhagsáætlunina og stöðu félagsins *hverrar stundar* aðgengilegt stúdentaráðsliðum og/eða stjórn ráðsins í lifandi skjali í rafrænum gagnagrunni félagsins í skýinu. Slíkt fyrirkomulag myndi tryggja gagnsæi á fjárhagnum til ráðsins og minnka þörfina á kynningu fjárhagsáætlunarinnar á ráðsfundum sem gefur meiri tíma fyrir önnur mál. Þó mælir undirritaður með að framkvæmdastjóri miði við að kynna fjárhagsáætlunina eða stöðu hennar í hið minnsta einu sinni á hvorri önn.

Undirritaður hlaut gagnrýni á fjárhagsáætlun sína vegna kostnaðar sem flokkaðist undir kostnaðarliðinn *misc. exp.* en það er kostnaðarliður sem gerir ráð fyrir tilfallandi og ófyrirséðum kostnaði, þ.e.a.s. kostnaði sem ekki er hægt að áætla við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Undir þeim lið voru hins vegar, fyrir mistök, flokkaðir sömu þættir og féllu þar undir á fyrra starfsárinu og voru þ.a.l. ekki ófyrirséðir lengur. Undirritaður skildi gagnrýnina vel enda átti hún rétt á sér í stóra samhenginu þar sem vissulega skal ávallt leitast eftir að flokka kostnað eftir tegund hans til að gæta gagnsæis og nákvæmni upplýsinga. Eftir ágætt samtal þar sem undirritaður gerði grein fyrir vinnubrögðunum náðist örlítill skilningsgrundvöllur fyrir þeim þótt vissulega hafi áfram ríkt réttmæt óánægja með þau.

Ábendingar:

- *Setja upp fjárhagsáætlun í lok júní/byrjun júlí*
- *Hafa fjárhagsáætlun og stöðu hennar ávallt aðgengilega í formi lifandi skjals í skýinu sem uppfærast reglulega*
- *Vanda vel til verka til að tryggja traust ráðsins til stöðu framkvæmdastjóra sem óháður fulltrúi innan skrifstofunnar*

Bókhald

Undirritaður hélt áfram að sinna öllum helstu bókhaldsverkefnum sem fyrir hans tíð voru úthýst til þekkts bókhaldsfyrirtækis. Þessi verkefni eru aðallega VSK-skýrslur (virðisaukaskattsskýrslur) og launakeyrslur auk einstakra verkefna á borð við ársreikning,

skattframtal og fleira. Það er von undirritaðs að framkvæmdastjóri haldi áfram að sinna þessum verkefnum – enda spari það SHÍ töluverða fjárhæð.

SHÍ hefur til umráða aðgang Félagsstofnunar stúdenta að *dk hugbúnaði* og er það því notað sem bókhaldskerfi ráðsins. Á árinu þurfti að hreinsa kerfið töluvert en stöður á efnahagslyklum (stöður sem lokast ekki milli ára) voru fjarri raunverulegum stöðum. Af þessum sökum var erfitt að nýta kerfið í ársreikningagerð þar sem upplýsingar sem kerfið vann úr voru ónákvæmar en nánar verður farið út í það undir **Ársreikningagerð**. Ætlaði undirritaður að ganga til þessa verks á síðasta starfsári en það tókst ekki fyrr en á þessu starfsári. Nú er bókhaldskerfið hreint og gefur glögga og rétta mynd af stöðu félagsins og er þar af leiðandi nothæft til ársreikningagerðar o.s.frv. Undirritaður hvetur næsta ábyrgðaraðila að stemma bankann af og færa til bókar reglulega til að tryggja gagnsæja stöðu ráðsins hverju sinni. Ef þekking framkvæmdastjóra á bókfærslu er takmörkuð hvetur undirritaður aðilann að hafa samband sé hann í vafa. Það getur reynst tímafrekt að leiðrétta mistök. Þá hvetur undirritaður næsta framkvæmdastjóra að veita gjaldkera stjórnar skoðunaraðgang að netbankanum.

Ábendingar:

- *Stemma bankann reglulega af og færa til bókar (tryggja gagnsæi til stjórnar)*
- *Stofna skoðunaraðgang fyrir gjaldkera stjórnar upp á gagnsæi*
- *Leita aðstoðar frekar en að bóka með frjálstri aðferð*

Ársreikningagerð

Ársreikningur fyrir starfsárið 2022-2023 var undirritaður í september 2023 sem er töluvert fyrr en árið áður. Það er ekkert því til fyrirstöðu að drög að ársreikningi ráðsins verði tilbúin 31. maí ár hvert ef búið er að stemma bankann reglulega af og færa rétt til bókar yfir árið. Undirritaður kynnti drög að ársreikningi 23-24 starfsársins á skiptafundi og mun því líklegast taka að sér ársreikningagerð fyrir starfsárið 2023-2024 nema að ný stjórn fari fram á annað.

Hagnaður ársins 22-23 var í kringum 2,6 milljónir. Helsta skýringin á þessum hagnaði er rekstrarárið sem SHÍ miðar við en það er það sama og starfsárið (1.6 - 31.5). Fjárveiting Háskólans, sem er okkar langstærsti tekjustofn, er hins vegar hugsuð út frá skólaárinu (1.8 – 31.7) og því verður töluverð upphæð afgangss frá þeirri fjárveitingu í lok okkar starfsárs (þrátt fyrir að búið sé að ráðstafa fjármagninu í launakostnað aðallega). Þar með verður örlítill skekkja sem gefur villandi mynd af rekstrinum þar sem hagnaðurinn verður óeðlilega hár. Undirritaður hvetur næsta ábyrgðaraðila að íhuga að hliðra rekstrarárinu til þannig að það hefjist síðar á árinu og útrýma þannig þessari skekkju. Hins vegar væri einnig hægt að færa

vel rökstudda og útreiknaða upphæð til ógreiddar launaskuldar í lok maí til þess að gefa nákvæmari mynd á eiginlegum hagnaði félagsins.

Ársreikningar SHÍ eru opinberir og má finna á vefsíðu ráðsins www.student.is

Meðal þessara grunnverkefna að ofan má einnig nefna eftirfarandi verkefni sem eru í verkahring framkvæmdastjóra:

Fundargerðir

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á fundargerðum stúdentaráðsfunda og funda stjórnar SHÍ en fundargerðirnar eru mikilvægar fyrir upplýsingaflæði til hins almenna stúdents en ekki síður sem gagnageymsla þar sem allar ákvarðanir og meginatriði er skráð. Það má deila um skemmtanagildi þessa verkefnis fyrir framkvæmdastjóra en þó er mikilvægi þess ótvírátt. Með því að sinna verkefninu fær framkvæmdastjóri innsýn og tilfinningu fyrir starfi líðandi stundar innan ráðsins og á fundum sem annars væri mögulega ekki til staðar og sömuleiðis kynnist ráðið framkvæmdastjóra betur.

Sökum lágs skemmtanagildis átti undirritaður það til að hafa fundargerðirnar gríðarlega einfaldar á síðasta starfsári þar sem aðeins það helsta var skrifað niður. Eftir tiltal þáverandi forseta (22-23), þar sem viðkomandi útskýrði mikilvægi fundargerðanna sem tól upplýsingaflæðis til hins almenna stúdents, ákvað undirritaður í samráði við forseta þessa starfsárs (23-24) að gæta samræmis í fundargerðunum og að þær skyldu frekar vera of upplýsandi heldur en sneyddar upplýsingum. Undirritaður lagði því til að nýta upptökurnar eftir fremsta megni til að gera grein fyrir því hvernig fólk færði rök fyrir málum á dagskrá sem kröfðust atkvæðagreiðslu - hins vegar máttu óformlegri umræður eins og kynningar á ýmsum þjónustum sleppa við að lenda í fundargerð. Þessi tillaga féll vel í kramið hjá forseta og því vann undirritaður eftir því verklagi á þessu starfsári. Á hverjum fundi er fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar og fékk undirritaður engar athugasemdir á verklaginu, svo ekki er hægt að gera ráð fyrir öðru en að fullt sætti hafi ríkt með þessa framkvæmd.

Óhæði framkvæmdastjóra er gríðarlega mikilvægt þegar að skrif fundargerða eru annars vegar þar sem hann deilir vinnurými meðal kjörinna fulltrúa sem gætu átt hagsmuni í því að hafa áhrif á það sem kemur fram í fundargerðum. Það er einnig af þessari ástæðu sem það er mikilvægt að framkvæmdastjóri ábyrgist verkefnið.

Ábendingar:

- *Gera grein fyrir málf lutningi er rökstyður atkvæðagreiðslu*
- *Gæta fullkomins óhæðis í skrifum*
- *Ákveða verklag í upphafi árs og gæta samræmis*

Samstarfsaðilar

Samningum okkar við samstarfsaðila tóku engum breytingum milli ára fyrir utan það að við vorum ekki í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki í fyrsta skipti í einhvern tíma. Ástæður þess eru nokkrar en sú helsta er að búið var að ákveða fyrir fram hvaða fjarskiptafyrirtæki myndi kosta Októberfest SHÍ og fá viðveru á hátíðinni áður en samningaviðræður hófust. Því var ekki hægt að beita þessari helstu gulrót í okkar samningaviðræðunum við aðilana.

Við vorum í opinberu og samningsbundnu samstarfi við okkar allra bestu í Landsbankanum, Joe & the Juice og Orkusölunni en við áttum einnig í nokkrum óopinberum samstörfum við nokkra aðila. Þar ber helst að nefna:

- Red Bull
 - Tóku þátt í óvæntum glaðningi (AirDrop fyrir framan Háskólatorg)
 - Tóku þátt í Októberfest Kick-Off vikunni með stuðsamkomu á Stúdentakjallaranum á miðvikudeginum fyrir hátíð
 - Tóku mjög virkan þátt í Antibugunarvikunni
 - Tóku þátt í öllum káriókísamkomum SHÍ og ESN Iceland á Stúdentakjallaranum
 - Lánðu Skrifstofu SHÍ Red Bull kæli
 - Tóku þátt í einni vísindaferð
 - Gáfu oft vinninga fyrir instagram-leiki og fleira
 - Samskipti við Red Bull voru eins og best verður á kosið. Opinbert hrós til Alexöndru sem er meistari
- Ölgerðin
 - Tóku þátt í Antibugunarvikunni með látum
 - Opinbert hrós til Perlu sem var gríðarlega hjálpfús
 - Tóku þátt í Stefnumótunarferð SHÍ í júlí með því að færa okkur drykki
- MoWo
 - Lánðu Stúdentakjallaranum xBox tölvur fyrir tölvuleikjakvöld á kjallaranum
 - Lánðu skrifstofu SHÍ Surface Pro 9 tölvu sem reyndist varaforseta mjög góð
 - Vonandi verður af frekara samstarfi í framtíðinni

Landsbankinn: Sem fyrr var Landsbankinn okkar tryggasti samstarfsaðili. Ingvar og Sara fá hér með opinbert hrós fyrir samstarfið. Helstu samstarfsverkefni voru:

- Kostun einnar vísindaferðar í haust
- Glaðningar fyrir unga iðkendur í Íþróttaskóla SHÍ
- Fjölskylduskemmtun SHÍ þar sem Sproti kom
- Kostun kaffi og heits súkkulaðis á hátíðardegi stúdenta 1. Des
- Antibugunarvika SHÍ
- Fyndnasti Háskólaneminn

Orkusalan: Orkusalan studdi hagsmunabaráttu stúdenta eins og hún hefur gert frá stofnun félagsins árið 2008. Í ár var samstarfið endurnýjað í 15. skipti og erum við gríðarlega þakklát og ánægð með þeirra framlag. Helstu samstarfsverkefni á árinu voru:

- Kostun einnar vísindaferðar í haust

- Antibugunarvika SHÍ

Joe & the Juice: Joe kom sterkur inn í háskólasamfélagið með komu sinni á Birkimelinn. Joe græjaði veitingar fyrir ráðsfundi sem var virkilega góð viðbót við fundina sem eiga það til að verða langir. Það er aldrei góðs viti að rökræða um hagsmunabaráttu stúdenta á svöngum maga. Einnig kom Joe að Antibugunarviku SHÍ og voru með sérstakan Joe x SHÍ aðildarklúbb. Við þökkum Joe kærlega fyrir samstarfið.

Undirritaður hvetur næsta framkvæmdastjóra að reyna að endurnýja samstörfin sem voru í gangi á starfsárinu en einnig að leitast eftir því að koma á samstarfi við fjarskiptafyrirtæki að nýju.

Ábendingar:

- *Reyna að semja við fjarskiptafyrirtæki að nýju*
- *Endurnýja samstörfin sem gengu öll mjög vel*
- *Halda samtalinu áfram við MoWo*

Íþróttaskóli SHÍ

Íþróttaskóli SHÍ var sem fyrr eitt af heilsteyptustu og krúttlegustu verkefnum ársins. Það hefur yfirleitt verið samstarfsverkefni íþrótt- og heilsufræðinema og/eða sjúkraþjálfaranema sem hafa mannað þjálfarastöðuna en auglýsingar til nemenda báru ekki árangur sem skyldi. Undirritaður hvetur næsta framkvæmdastjóra að vanda til verka við auglýsinguna og láta orðið berast í gegnum nemendafélögin. Í ár tók undirritaður að sér þjálfun og kennslu ásamt fulltrúum frá fjölskyldunefnd SHÍ eða öðru starfsfólki af skrifstofu Stúdentaráðs. Tímarnir voru að mestu leyti frjálssir svo sú þjálfun og kennsla fólst að í að mæta á laugardagsmorgnum, setja upp þrautabraut, útvega hressingu fyrir börnin eftir tímana og passa að allt gengi smurt fyrir sig.

Það voru tveir aldurshópar, annars vegar 1-2 ára börn og hins vegar 3-5 ára börn. Enginn verðmunur var á gjaldinu milli hópa sem var ávallt haldið í lágmarki. Eini munurinn á tímum hópanna var sá að þjálfari og aðstoðaraðili gerðu þrautabrautina lítt meira krefjandi fyrir eldri hópin áður en hann fékk að spreyta sig.

Fyrir áramót voru 8 tímar og eftir áramót 9 tímar. Umsjónaraðilar hvers tíma mættu upp úr klukkan 08:00 á laugardagsmorgnum til að setja upp þrautabrautina en yfirleitt voru það framkvæmdastjóri og einn fulltrúi frá fjölskyldunefnd (*Linda Rún og Fjóla Kristný mættu aðra hvora helgi og fá mikið hrós fyrir*). Ef fulltrúar fjölskyldunefndar komust hvorugar þá leitaði undirritaður stundum á náðir starfsfólks skrifstofunnar og fékk til dæmis aðstoð frá forseta, lánasjóðsfulltrúa og hagsmunafulltrúa.

Það var góð þátttaka bæði fyrir og eftir áramót í báðum aldurshópum. Íþróttasalur HÍ er ekki sá plássmesti svo það skal varast að hafa of mörg pláss í boði í hvorum hópi. Skráningin raðaðist mjög heppilega í bæði skipti og það komust öll að sem vildu. Ein nýjung í ár var að leyfa foreldrum að koma með óskalög fyrir spilunarlistann sem heppnaðist mjög vel.

Eftir hvern tíma var boðið upp á léttu hressingu í íþróttahúsinu. Við buðum yngri hópnum upp á skvísur og kek frá Holle, en þeim eldri upp á kanilsnúða, kek og djús. Það vakti mikla lukku enda mikilvægt að næra sig eftir krefjandi æfingu. Við þökkum Holle gríðarlega mikið fyrir þeirra stuðning.

Það myndaðist gott andrúmsloft og gott samfélag í Íþróttaskólanum. Foreldrar gátu komið og spjallað við aðra foreldra um námið og mörg börnin voru í sömu leikskólum og þekktust því örlítið. Það er komin hefð fyrir því að hafa búningaþema í síðasta tímanum og að honum loknum sé boðið upp á kaffi og veitingar á Litla-Torgi þar sem einnig væru glaðningar í boði frá Sprota-Landsbankanum. Veitingarnar voru yfirleitt afgangar frá Brikk deginum áður. Undirritaður hvetur næsta framkvæmdastjóra að halda í þessar hefðir.

Ábendingar:

- *Auglýsa þjálfarastöðu vel til íþrótt- og heilsufræðinema og sjúkraþjálfaranema*
- *Halda í hefðir: búningaþema og kaffi á Litla-Torgi í síðasta tímanum*
- *Halda verði í algjöru lágmarki*

Annað tilfallandi

Undirritaður tók að sér ýmislegt tilfallandi á árinu en má þar helst nefna viðburðahald í samstarfi við alþjóðafulltrúa (þrjú karíókíkvöld á Stúdentakjallaranum). Einnig spilaði undirritaður tveggja klukkustunda lifandi píanótónlist í 10 ára afmæli LÍS en flutningurinn var hugsaður sem afmælisgjöf SHÍ til LÍS. Í lok árs ákvað undirritaður í samráði við forseta að færa ýmsum einingum innan háskólasvæðisins þakklætisvott fyrir allt það sem þau gera fyrir SHÍ. Þetta vakti mikla lukku og varð vonandi til þess að einingar haldi áfram góðu samstarfi við SHÍ í framtíðinni.

Lokaorð

Undirritaður er ánægður með starfsárið í heild sinni. Reksturinn var ætíð heilbrigður og voru fjárhagslegar áhyggjur neðarlega á áhyggjulistanum. Jafnframt þakkar undirritaður öllum þeim gæðasálum sem hann kynntist og átti í samstarfi við á árinu og óskar nýjum framkvæmdastjóra góðs gengis og velfarnaðar í nýja hlutverkinu.

Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, Framkvæmdastjóri SHÍ 2023-2024

4.7 ÁRSSKÝRSLA RITSTJÓRA

Jean-Rémi sinnti starfi ritstjóra Stúdentablaðsins árið 2023 - 2024 frá júlí 2023 þegar hann tók við af Lísu Margréti Gunnarsdóttir, til endaloka maí 2023. Stúdentablaðið er gefið út fjórum sinnum á ári, tvisvar sinnum á hvoru misseri. Blaðið er mál gagn allra stúdenta, upplýsinga- og afþreyingarmiðill nemenda við Háskóla Íslands.

Ritstjóri sinnir krefjandi og fjölbættu starfi sem felur í sér verkefnastjórnun ritstjórnar, blaðamannateymis, prófarkalestursteymis og þýðendateymis. Ritstjóri stefnumótar efni og áherslur hvers blaðs ásamt ritstjórn, fundar með ofangreindum teyimum og á einnig í samskiptum við prentsmiðju, grafískan hönnuð, ljósmyndara og öll þau sem koma að blaðinu með einhverjum hætti. Ritstjóri heldur utan um allt það sem viðkemur gerð og vinnslu blaðsins auk þess að skipuleggja og sjá til þess að hverju tölublaði sé dreift um háskólasvæðið og víðar. Auk þess sér ritstjóri um rafræna birtingu blaðsins, samfélagsmiðla þess og heimasíðu blaðsins. Auglýsingaöflun og fjárhagsáætlun blaðsins er á ábyrgð ritstjóri í samráði við framkvæmdastjóra Stúdentaráðs.

Fyrsta verkefni ritstjóra er útgáfa Akademiunnar, handbókar Stúdentaráðs um allt það helsta sem viðkemur námi við Háskóla Íslands. Efnið í henni er að stórum hluta byggt á Akademíum fyrri ára og ritstjóri uppfærir, staðfestir staðreyndir og sér um gerð nýs efnis á borð við ávörp ritstjóra og forseta Stúdentaráðs. Jean-Rémi sá um útgáfu Akademiunnar skólaárið 2022 - 2023 sem kom út þann 18. ágúst 2023 og var dreift um háskólasvæðið auk þess að vera birt rafrænt á ISSUU eins og fyrri ár. Ritstjórn var ekki ráðin við gerð Akademiunnar, heldur sá ritstjóri alfarið um vinnslu hennar og útgáfu. Ritstjóri annaðist einnig þýðingar, Lísa Margrét Gunnarsdóttir annaðist prófarkalestur og Alexander Jean Edvard Le Sage De Fontenay sá um hönnun og umbrot Akademiunnar. Hún var síðan prentuð af Litlaprenti.

Ritstjóri tók síðan ákvörðun um að ráða nýjan grafískan hönnuð. Margrét Lóa Stefánsdóttir var í kjölfarið ráðin sem grafískur hönnuður Stúdentablaðsins og Guðrún Sara Örnólfssdóttir var fengin til að hanna myndskreytingar á forsíðu. Auk þess var auglýst eftir umsóknum í ritstjórn, blaðamannateymi, prófarkarlestursteymi og þýðingateymi. Öll teymi voru fullmönnuð þann 20. ágúst og lagði ritstjóri áherslu á að gæta fjölbreytileika og auka aðkomu alþjóðanema að mótun og vinnslu blaðsins eins og síðastliðin þrjú ár. Að skipa ritstjórn svo snemma tryggði að stefnumótun blaðsins gæti hafist fyrr - hins vegar er vert að nefna að ef auglýst væri seinna í teymi blaðsins væri hægt að auka aðkomu nýnema. Seinni ráðningar

myndu þó óneitanlega þýða að meira álag yrði til staðar við gerð fyrsta tölublaðsins, sem er eitthvað sem ritstjóri verður að meta hverju sinni. Ritstjórn fundaði mánaðarlega í gegnum starfsárið, með undantekningum sem ritstýra mat eftir þörfum og námstengdum verkefnaþunga á álagspunktum skólaársins. Allir fundir ritstjórnar fóru fram á ensku. Ákveðið var að sameina blaðamannateymi og ritstjórnarteymi hins vegar til að einfalda fundarstörf, en auk þess lagði ritstjóri áherslu á að halda valfrjálsa vinnufundi þar sem fólk gat skipst á hugmyndum, fengið álit og notið samveru hvors annars á meðan skrifum stóð.

Eins og síðastliðin tvö ár var mikil áhersla lögð á aðgengi blaðsins og birtingu alls efnis á bæði íslensku og ensku, og var Lís Margrét Gunnarsdóttir ráðin sem yfirþýðandi blaðsins og sá um drjúgan hluta þýðinga. Þýðendateymi var öflugt og starfaði með svipuðum hætti og blaðamannateymið, þar sem áhersla var lögð á reglulega vinnufundi til að stuðla að samheldni og tryggja að teymið kynntist innbyrðis og skemmti sér við vinnslu blaðsins. Auk þess var Lís Margrét einnig ráðin sem yfirprófarkalesari.

Í ár blasti við töluverð hækkun á prentkostnaði meðal annars vegna stríðsins í Úkraínu, og ritstjóri óskaði eftir nýju tilboði frá Litlaprenti sem hafði reynst vera með hagstæðasta verði árið á undan. Tekin var ákvörðun um að halda sig við sömu prentsmiðju. Öll fjögur tölublöð Stúdentablaðsins voru prentuð af Litlaprent, sem veitti ávallt snögga og góða þjónustu og mælir fráfarandi ritstjóri eindregið með því fyrirtæki, en mælir sömuleiðis með því að fá tilboð frá sem flestum prentsmiðjum í upphafi starfsárs til þess að tryggja hagstæðasta verðið. Tli þess að stemma stigu við hækkunum prentkostnaði var einnig ákveðið að nota ódýrara pappír og halda upplagi Stúdentablaðsins í 600 eintök. Skoða mætti jafnvel að minnka upplag enn meira á næsta skólaári, blaðið verður eigulegra í kjölfarið og minna upplag fellur vel að umhverfissjónarmiðum. 600 eintök voru hæfilegt magn í ár með tilliti til þess að blaðinu var hægt að dreifa víðar, og flest tölublöð kláruðust jafnt og þétt á tímabilinu eftir útgáfu og fram að birtingu næsta tölublaðs.

Fyrsta tölublað ársins kom út þann 20. október og var yfirskrift þess stríð. Það var hins vegar ákveðið að blaðið skyldi ekki takmarka sig við aðalpemað hverju sinni, heldur líka fjalla um ýmis fréttatengd málefni óháð því. Í þessu fyrsta blaði mátti meðal annars finna spaugilega frásögn frá Októberfest (frá sjónarhóli Þjóðverja), hugleiðingar um áform um skógareyðingu í Öskjuhlíð og umfjöllun um fjölgun alþjóðanema og óánægju stúdenta vegna tafa í afgreiðslu dvalarleyfa. Skapandi skrif fengu líka sitt pláss í blaðinu, meðal annars í formi glæpasmásögu

í gervi stjörnuspár! Strax við hönnun fyrsta tölublaðs var ákveðið að Guðrún Sara Örnólfsdóttir hannaði áfram myndefni fyrir forsíðu allra tölublaða. Þetta stuðlaði að einstöku og grípandi útliti Stúdentablaðsins auk þess sem grafískur hönnuður lagði mikla vinnu í umbrot og hönnun hvers tölublaðs.

Annað tölublað ársins fjallaði um aðlögun. Aðlögun að nýju umhverfi, nýju tungumáli, nýrri menningu og nýjum siðum. Þetta þema endurspeglar sérstaklega vel stöðu skiptinema og annarra alþjóðanema sem þekkja fyrirbærið af eigin reynslu. Í blaðinu var líka fjallað um málefni líðandi stundar svo sem stríðið á Gaza, jarðhræringar í Grindavík, kvennaverfallið þann 24. október og ágreining um innheimtu skrásetningargjalda hjá nemendum HÍ.

Þema þriðja blaðsins var umhverfið, en málefnið snertir ungt fólk sérstaklega, þar sem fréttir af náttúruvám í nútíð og framtíð gerast æ háværar. Í blaðinu var meðal annars fjallað um það hvernig sjálfum Háskóla Íslands er að mistakast að ná markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda þrátt fyrir að hér starfi vel upplýstir og hámenntaðir starfsmenn, og sumir af okkar færustu vísindamönnum á sviði náttúruvísinda og umhverfismála. Það var líka fjallað um hagkerfi framtíðarinnar og kleinuhringjahagfræði, framtíð millilandasamgangna til og frá Íslandi og þjóðsöguna um sjálfbæra þróun. Í almenna hluta blaðsins fjölluðu blaðamenn meðal annars um flugelda á gamlárskvöld, reynslu sína af því að flytja til Íslands og gervigreind.

Yfirskrift fjórða og síðasta blaðs var fortíðin. Blaðamenn fjölluðu meðal annars um það hvernig fortíðin skapar okkur en líka hvernig við eigum það til að endurskapa fortíðina eftir því hvað hentar okkur best hverju sinni. Það var sagt frá heimsókn Nóbelsverðlaunahafans Joseph Stiglitz til Íslands og í Veröld, frá truflanunum á alþjóðaviðskiptum sem hafa orðið vegna átaka í Jemen og þurrka í Panama, frá samgöngumálum í Háskólanum en þau mál höfðu verið í brennidepli síðan ákvörðun var kynnt um að hefja gjaldtöku á bílastæðum Háskólans.

Í öllum tölublöðum nema fyrsta var tekið við innsendar greinar sem reyndust margar hverjar mjög góðar og áhugaverðar og stúdentar almennt áhugasamir um að senda inn efni. Eftir útgáfu síðasta blaðs var lítið útgáfuhóf haldið á Stúdentakjallaranum þar sem teymið kom saman og skálaði í lok starfsárs.

Akademían og öll fjögur tölublöð Stúdentablaðsins voru birt rafrænt á ISSUU. Á heimasíðu blaðsins voru allar greinar sömuleiðis færðar inn samhliða útgáfu hvers blaðs, en Matthildur Guðrún Hafliðadóttir var ráðin sem vefstjóra og sá um að færa inn efni á heimasíðuna. Ekki tókst að ráða samfélagsmiðlafulltrúa á þessu starfsári, og vegna vinnuálags tengdu öðrum þáttum í rekstri blaðsins hefði sýnileiki á Instagram og Facebook mátt vera meiri. Því er lykilatriði á næsta ári að leggja áherslu á að ráða strax samfélagsmiðlafulltrúa (til dæmis gæti það verið hlutverk innan ritstjórnar) sem sér um að auglýsa blaðið og efni þess á Facebook og Instagram.

Á heildina litið gekk starfsemi Stúdentablaðsins á skólaárinu 2023 - 2024 afar vel. Áherslur ritstjórnar þetta árið voru oft í þyngrri kantinum, en lagt var upp með að endurspegla tíðarandann á tímum stríðs í Evrópu og Miðausturlöndum og neyðarástands hvað varðar loftslag jarðarinnar. Þessar áherslur skiluðu sér í auknum lestri blaðsins ef marka má hversu hratt það gekk út í öll fjögur skipti sem það var gefið út. Blaðið þjónaði tilgangi sínum sem mál gagn allra þeirra sem stunda nám við Háskóla Íslands og nýttist vel sem vettvangur til að lyfta upp röddum nemenda og endurspegla raunveruleikann sem blasir við stúdentum og ungu fólki á okkar dögum. Ritstjóri þakkar öllum sem lögðu hönd á plóg hvað varðar gerð og vinnslu Stúdentablaðsins árið 2023 - 2024 kærlega fyrir farsælt samstarf og vel unnin störf.

Jean-Rémi, ritstjóri SHÍ 2023-2024

5 SAMSTARFSAÐILAR STÚDENTARÁÐS

Hagsmunabarátta stúdenta felur gjarnan í sér loforð um breytingar eða úrbætur sem aðrir aðilar en stúdentar eða starfsfólk réttindaskrifstofu Stúdentaráðs getur framkvæmt. Því er gífurlega mikilvægt að leggja upp úr góðu samstarfi við alla hagaðila, bæði innan háskólans, við Félagssstofnun stúdenta sem og við stjórnvöld.

5.1 STJÓRNSÝSLA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Skrifstofa Stúdentaráðs hefur átt í góðum samskiptum við starfsfólk og ólík starfssvið Háskóla Íslands á starfsárinu. Forseti hefur átt mjög gott samstarf við rektorsskrifstofu. Reglulegir fundir forseta og rektors, sem Sæunn Stefánsdóttir situr iðulega, hafa reynst vel til að koma sjónarmiðum stúdenta á framfæri og hefur Jórunn Íris Sindradóttir sérstaklega hjálpleg við skipulag fundanna. Forseti leitaði til Guðmundar Ragnars Jónssonar og Jennýjar Báru Jensdóttur vegna breytinga á fjármögnunarlíkani og gátu þau gefið sérstaklega góðar og gagnlegar upplýsingar. Á rektorsskrifstofu hefur skrifstofa einnig átt í góðu samstarfi við Pétur Ástvaldsson og Magnús Diðrik Baldursson, sérstaklega er varðar nefndir háskólaráðs. Jafnréttisfulltrúarnir Arnar Gíslason og Sveinn Guðmundsson hafa kallað eftir virkri þátttöku stúdenta í vinnslu jafnréttisáætlunar háskólans og hefur það samstarf verið afar gott. Einnig hefur Stúdentaráð verið í sambandi við Juan Camilo Roman Estrada, fjölmenningarfulltrúa og



verkefnastjóra Spretts, en hann kom einmitt á fund ráðsins og kynnti Sprett. Við vinnslu í kring um lögmæti skrásetningargjaldsins hefur skrifstofa átt fundi með Magnúsi Jökli Sigurjónssyni, lögfræðingi. Við undirbúning á áherslum stúdenta er varða stefnu skólans: HÍ26 hafa Katrín Regína Frímansdóttir og Steinunn Gestsdóttir verið afar hjálplegar.

Stúdentaráð átti í góðu samstarfi við Markaðs- og samskiptasvið, sérstaklega í kring um nýnemadaga og háskóladaginn í mars. Björn Gíslason, Jón Örn Guðbjartsson og Kristín Ása Einarsdóttir hafa verið í samskiptum við skrifstofu í kring um undirbúning og framkvæmd.

Bílastæði við háskólann hafa verið umfangsmikil þetta starfsárið og hefur skrifstofa átt í miklum samskiptum við framkvæmda- og tæknisvið vegna þess. Stúdentaráð átti í samskiptum við Kristinn Jóhannesson, Jón Sigurður Pétursson og Sólrúnu Sigurðardóttur.

Vinnsla við aukið fjármagn í geðheilbrigðisþjónustu fór fram í miklu samráði við sálfræðingana Hrafnkötlu Agnarsdóttur, Katrínu Sverrisdóttur, Guðlaugu Friðgeirsdóttur og Júlíönu Garðarsdóttur. Þar að auki hefur Kristinn Andersen, sviðsstjóri kennslumála, sýnt málefnum stúdenta sérstakan áhuga. Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir á kennslusviði hefur einnig verið í sambandi við fulltrúa á skrifstofu Stúdentaráðs. Rakel Anna Boulter sat í stýrihópi fyrir kennsluviku og átti þar gott samstarf, bæði við fulltrúa frá kennslusviði og háskólaakademíunni. Samskiptin við deild rafrænna kennsluhátta innan kennslusviðs hefur áfram verið mikil, þar sem skrifstofan fékk að nota myndverið í Setbergi til að taka upp efni fyrir herferðina.

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs á í miklum samskiptum við Alþjóðasvið vegna alþjóðadaga, Orientation days og annað því tengt. Hagsmunafulltrúi hefur verið í sambandi við jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands. Skrifstofan hefur einnig átt í reglulegum samskiptum við m.a. framkvæmda- og tæknisvið, upplýsingatæknisvið, kennslusvið, fjármálasvið og mannauðssvið. Skrifstofa Stúdentaráðs er mjög þakklát fyrir góðar viðtökur.

Sérstakar þakkir fær Margrét Sigrún Sigurðardóttir fyrir að sýna málefnum stúdenta sérstaklega mikinn áhuga og veita mikla aðstoð við þróun og úrvinnslu á árlegri könnun SHÍ, sem nánar er fjallað um í kafla 6.2.

5.2 STJÓRNVÖLD

Reglulegir samráðsfundir

Ráðherra háskóla-, iðnarðar-, og nýsköpunar hefur boðað mánaðarlega samráðsfundi með fulltrúum stúdentahreyfinga allra 7 háskóla landsins í vetur og var svipað fyrirkomulag viðhaft á síðasta starfsári. Fundirnir eru hálf tíma langir, í flestum tilfellum fjarfundir og er ekki fundardagskrá fyrir fundina, þó eru þátttakendur hvattir til að senda inn umræðuefni fyrir fundinn, sé vilji til að taka sérstök mál fyrir. Fulltrúaráð Landssamtaka Íslenskra Stúdenta LÍS tók ákvörðun um að tveir fulltrúar frá hverju félagi myndu sækja fundina, alls 14 fulltrúar. Þetta var ákveðið með skilvirkni sjónarmið í huga ekki síður en m.t.t. jafnræðis milli skóla. Ávallt voru stúdentaráðsliðar upplýstir um efni þessara funda.

Fyrir samráðsfund þann 12. September bauð ráðuneytið völdum fulltrúum úr Stúdentaráði Háskóla Íslands, öllum sviðsráðum HÍ ásamt völdum aðilum úr stúdentahreyfingum annarra háskóla á fundinn. Ætlun ráðuneytisins, skv. svari sem barst eftir fyrirspurn, var að bjóða öllum sem sitja í stjórnnum eða stúdentaráðum. Þessi boðin skaut skökku við, enda ekki í samræmi við ákvörðun fulltrúaráðs LÍS, forseti SHÍ skrifaði því minnsiblað sem var gert aðgengilegt aðal- og varafulltrúum Stúdentaráðs HÍ á Teams, með það að markmiði að skýra hvernig samráði og upplýsingamiðlun hafi verið háttáð sem og að skerpa á þeim málefnum sem mögulega yrðu rædd á fundinum 12. september.

Vinnustofur

Fulltrúar Stúdentaráðs sóttu allnokkrar vinnustofur á vegum háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytisins á starfsárinu og er það stefna ráðuneytisins að stofna ekki starfshópa. Vinnustofur gefa færi á samtali og umræðum en stór galli við þær er að stúdentahreyfingunum gefst ekki kostur á að móta afstöðu innan sinna raða fyrir fundina, þrátt fyrir að óska eftir því að fá umfjöllunarefni vinnustofunnar fyrir fram. Ráðuneytið telur þvert á móti að best sé að fundargestir séu ekki búnir að mynda sér afstöðu fyrir fundina. Í einhverjum tilfellum hefur verið óskað eftir nákvæmari útlistingu á umfjöllun vinnustofananna fyrirfram en ráðuneytið hefur ekki viljað verða við slíkum bónum. Ráðuneytið hlýtur að hafa það að markmiði að vinna breytingar á sem lýðræðislegastan máta til þess að ná sem breiðastri sátt um teknar ákvarðanir. Ljóst er að það tekst ekki með þessu fyrirkomulagi. Stúdentahreyfinganna hafa því gripið til þess ráðs að senda inn ítarlegri afstöðu eftir vinnustofunnar, eins og gert var, bæði í tilfelli vinnustofunnar um menntasjóðinn og eftir eina af vinnustofunum um breytingar á reiknilíkaninu. Hefur ráðuneytið tekið vel í það fyrirkomulag.

Annað sem fer fyrir bí með þessu samráðsfyrirkomulagi er að stúdentum er ekki ljóst hvaða vinna fer fram innan ráðuneytisins, því er erfitt að komast að því hvaða breytingar eru fyrirætlaðar eða hverju er hljómgrunnur fyrir. Þá verður ekki til náttúrulegt samtal þar sem afstaða stúdenta er sett fram, viðbrögð ráðuneytisins virðruð og stúdentar geta þá aftur brugðist við því. Slík var ekki raunin þar sem viðbrögðin við kröfum stúdenta birtust ekki fyrr en lokaafurð var kynnt í endanlegu horfi. Við vinslu á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um MSNM, sem nánar er fjallað um í kafla 6.4, fengu nokkrir fulltúar stúdenta boð á fundi þar sem óskað var eftir viðbrögðum stúdenta, en öllum spurningum var vísað til ráðherra, sem ekki var viðstödd fundinn. Þykir það ekki fullnægjandi samráðsaðferð.

Aðrir fundir

Snemma í haust sótti forseti SHÍ tvo fundi með forsvarsfólki HÍ og stjórnámálamönnum, annan með formanni Samfylkingarinnar og hinn með Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Fundirnir eru haldnir að frumkvæði háskólans með það að markmiði að tryggja upplýsingaflæði og halda góðum tengslum við pólitíkina. Forseti Stúdentaráðs var beðin um að segja nokkur orð um áherslur stúdenta á báðum fundunum. Á fundinum með formanni Samfylkingarinnar fjallaði forseti um undirfjármögnun Háskóla Íslands og hvernig afleiðingar þess bitna fyrst og fremst á stúdentum. Á seinni fundinum var nýtt reiknilíkan til umræðu og virti forseti þar áhyggjur um að nýtt líkan búi til hvata fyrir háskólann til að auka aðgangsstýringu. Einnig var vakin athugli á yfirvofandi endurskoðun menntasjóðs námsmanna, mikilvægi og umfang þess verkefnis var undirstrikað. Forseti fékk einnig boð á álíka samráðfundi með forsvarsfólki Viðreisnar. Fundarboðið barst með skömmum fyrirvara, forseti komst ekki á fundinn og ekki náðist að boða annan fulltrúa stúdenta í hennar stað.

5.3 LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

Stúdentaráð á tvo fulltrúa í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) samkvæmt fléttuskipulagi, eins og rakið var hér að ofan. Fulltrúaráðið er samráðsvettvangur þar sem tveir fulltrúar frá öllum aðildarfélögum LÍSt koma saman mánaðarlega og álykta um hin ýmsu málefni jafnt og þétt yfir veturinn. Fundir þess eru áþekkir fundum Stúdentaráðs HÍ. Stúdentaráð og LÍSt hafa átt gott samstarf á árinu að vanda og unnið náið saman, með einum eða öðrum hætti, að þeim málefnum sem einskorðast ekki við stúdenta í Háskóla Íslands. Á það sérstaklega við um verkefni sem eru á borði ráðuneytisins t.d. endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna, endurskoðun reiknilíkans háskólanna og nýja innritunargátt

háskólanna. Landsþing LÍS fór fram á Hvanneyri dagana 30. mars - 1. apríl. Tíu fulltrúar Stúdentaráðs sóttu þingið, en þema þingsins var tilgangur háskólamenntunnar.



Myndin er tekin á landsþingi LÍS vormisseri 2024.

5.4 LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA

Stúdentaráð á einn fulltrúa innan leiðtogaráðs Landssambands ungmennafélaga (LUF) sem er valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs og situr til eins árs. Á þessu starfsári sat Dagmar Óladóttir í fulltrúaráðinu fyrir hönd Stúdentaráðs. Hún sá einnig um að miðla áfram öllum upplýsingum frá LUF til Stúdentaráðs. Leiðtogaráð fundar tvisvar á hverju starfsári, starfsár LUF byrjar fyrr en hjá SHÍ og hefur fyrri fundur leiðtogaráðs á starfsársinu nú þegar farið fram og hann sótti Rakel Anna Boulter. Einnig aðstoðaði Sigurður Helgi Birgisson skrifstofu við vinnslu við skrásetningargjaldamálinu, sem frekar er fjallað um í kafla 6.7.

Ungmennafulltrúar Íslands hjá sameinuðu þjóðanna

Aðildarfélögum LUF hefur boðist að tilnefna félagsmeðlimi til ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Félögunum er í sjálfsvald sett hvernig tilnefningin er valin, í verklagsreglur var því bætt ákvæði um háttun tilnefningu fulltrúa SHÍ. Auglýst er eftir fulltrúa meðal allra stúdenta innan Háskóla Íslands. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir og er mælt

með því að halda því áfram. Auglýst var eftir fulltrúum á sviði kynjajafnréttis, loftslagsmála og mannréttinda en engar umsóknir bárust.

Staða stúdenta innan LUF

LUF boðaði SHÍ og Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), sem eru stúdentaheyfingarnar innan LUF, á fund ásamt LÍS og var umfjöllunarefni fundarins staða stúdenta innan LUF. Fundurinn fór fram þann 16. janúar 2024 og á fundinum voru Tinna Isebarn, Una Hildardóttir og Sigurður Helgi Birgisson frá LUF, Alexandra Ýr van Erven frá LÍS, Þórdís Dröfn Andrésdóttir frá SÍNE og Rakei Anna Boulter frá SHÍ.

Hin stúdentafélögin sem hafa aðild að LÍS hafa ekki aðild að LUF. Áhuga er fyrir því að bæta úr þessu, en lög LUF kveða á um að ekkert félag geti haft tvöfalda aðild að LUF, því yrðu bæði SHÍ og SÍNE eða ganga úr LUF ef LÍS fengi fulla aðild. Því myndu þó fylgja þónokkrir gallar sem eru hér raktir í stuttu máli:

- Vægi atkvæðis hvers stúdents myndi minnka. Í SHÍ veturinn 2024-2025 hafa verið 13.225 félagar, í SÍNE eru um 200 félagar en í LÍS eru tæplega 22.000 félagar.
 - Á **leiðtogaáráðsfundum LUF** er hvert félag með eitt atkvæði óháð stærð (auk þess hafa allir fulltrúar í stjórn þar atkvæði). Breytingin hefði því í för með sér að 2 atkvæði stúdenta (nú um 14.000), yrðu að 1 atkvæði fyrir 22.000 stúdenta.
 - Á **sambandsþingi LUF** hafa félög atkvæðafjölda eftir stærð, með hámarkinu 7 atkvæði. SHÍ ásamt SUS, SÍF og SAMFÉS hafa þegar náð hámarkinu. Breytingin hefði því í för með sér að 7 atkvæði SHÍ + 1 atkvæði SÍNE fyrir um 14.000 félaga breyttust í 7 atkvæði fyrir 22.000 félaga.
- Breytingarnar myndu flækja forval verulega, t.d. í stjórn LUF og til framboðs ungmennafulltrúa sameinuðu þjóðanna, vegna þess að hvert aðildafélag getur aðeins tilnefnt einn fulltrúa, t.d. í stjórn LUF og til ungmennafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.
- Ef fulltrúar frá SHÍ væru ekki að mæta á reglulega fundi LUF gæti upplýsingaflæði og þátttaka SHÍ í umræðu félagasamtaka um málefni ungs fólks minnkað.
- Stúdentaráð er stofnmeðlimur LUF, gamalt félag með reynslu og virka starfsemi. Stúdentaráð hefur þar að auki lagt sitt að mörkum til að efla til umræðu um stóru málefni LUF, t.a.m. með því að taka lækkun kosningaaldurs til umræðu á fundum sínum.
- Gengi SHÍ úr LUF myndi landsþing LÍS vera eini vettvangurinn þar sem félagið gæti haft áhrif í samræmi við félagafjölda. Á fulltrúaráðsfundur LÍS hafa öll félög 2 atkvæði. Þar

sem SHÍ er langtum stærsta félagið í LÍS hefur þar $\frac{2}{3}$ félaga LÍS 1/7 atkvæða. Á Landsþingi hefur SHÍ 13 fulltrúa og hinir skólarnir 26 til samans, s.b.r. $\frac{2}{3}$ félagar með $\frac{1}{2}$ atkvæða.

Niðurstaða fundarins var sú að LÍS myndi sækja um áheyrnaraðild að LUF og gæti með því móti tekið þátt í starfssemi LUF, svo sem með því að mæta á viðburði LUF og tilnefna fulltrúa í ýmsar stöður, t.d. ungmennfulltrúa Íslands hjá sameinuðu þjónunum. Þessa niðurstöðu voru allir fulltrúar á fundinum sáttir við og hefur áheyrnaraðild LÍS reynst vel í vetur.

5.5 FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

Félagsstofnun stúdenta (FS) er óhagnaðardrifin sjálfseignarstofnun sem hefur það að markmiði að þjónusta stúdenta eins vel og unnt er, enda sett á fót af tilstuðlan stúdenta. FS fagnaði 55 ára afmæli í vetur og bauð stúdentum í því tilefni upp á fimm metra langa afmælisköku á Háskólatorgi. Skrifstofa Stúdentaráðs á í einstaklega góðu samstarfi við skrifstofu FS og á forseti í reglulegum samskiptum við Guðrúnu Björnsdóttur, framkvæmdastjóra. Forseti Stúdentaráðs situr sem áheyrnarfulltrúi í stjórn FS og getur þannig komið sjónarmiðum stúdenta á framfæri auk þess að halda Stúdentaráði upplýstu um starfsemi FS. Ólöf Dröfn Matthíasdóttir, aðalbókari FS, hefur verið framkvæmdastjóra innan handar og hafa Heiður Anna Helgadóttir, Signý Gísladóttir og Julita Irena Figlarska reynst starfsfólki skrifstofu afar vel við úrlausnir ýmissa verkefna, sem og allt starfsfólk Hámu. Stúdentaráð hefur haldið marga viðburði á Stúdentakjallara FS og þar hefur Halldór Guðmundsson, rekstrarstjóri, verið skrifstofu til halds og trausts. Samskiptin eru því mjög regluleg og vel er tekið í tillögur stúdentaráðs. Tillaga um að sundurliðaður ársreikningur FS verið aðgengilegur stúdentaráðsliðum á skrifstofu Stúdentaráðs var tekin fyrir í stjórn FS og var samþykkt að eikningurinn yrði aðgengilegur stúdentaráðsliðum á skrifstofu FS í stað skrifstofu Stúdentaráðs, þannig er hægt að veita útskýringar jafn óðum. Einnig var tillögu um að allar fylkingar sem eiga fulltrúa í Stúdentaráði fái áherynarrétt í stjórn FS komið áleiðis til stjórnarinnar, en hún hefur enn ekki veirð afgreidd. Fjallað er nánar um starfssemi FS í kafla 6.9.3 og kafla 6.10.3. Þakkar Stúdentaráð innilega fyrir samstarfið á liðnu ári.



5.6 NEMENDA- OG HAGSMUNAFÉLÖL INNAN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Samskipti Stúdentaráðs við nemenda- og hagsmunafélög á árinu voru helst í tölvupóstsamskiptum og á sameiginlegum vettvangi á Facebook, þar sem eru fulltrúar allra félagana ásamt skrifstofu Stúdentaráðs. Einnig voru send skilaboð á Instagram þar sem oft reyndist auðveldara að ná til fólks þar. Alls voru tveir fundir haldnir með félögnum, einn á hvoru misseri. Markmið fundanna er að koma upplýsingum áleiðis til félaganna, bæði frá SHÍ og stjórnslu skólans, enda er það hlutverk Stúdentaráðs að vera tengiliður þar á milli, en einnig að skapa vettvang fyrir umræður.

Fyrri fundurinn fór fram þann 21. ágúst og héldu forseti, varaforseti og hagsmunafulltrúi utan skipulagningu og fundarstjórn. Á fundinum kynntu forseti og varaforseti hlutverk og starfsemi Stúdentaráðs ásamt því að farið var yfir gagnlegar upplýsingar fyrir félögin, svo sem stofubókanir, aðgang að tölvupóstum og fleira. Viðburðadagatal SHÍ var kynnt og málefni á döfinni kynnt, þá sérstaklega Októberfest og hvatt var til samstarfs milli nemendafélaga. Þá miðlaði hagsmunafulltrúi upplýsingum áfram um réttindi stúdenta gagnvart skólanum og kynnti hagsmunahandbókina. Vel var mætt á fundinn og góðar umræður sköpuðust.

Seinni fundurinn fór fram þann 24. janúar. Þar reifaði forseti stór málefni sem stúdentaráð hafði tekið fyrir á haustönn, þ.e. umsögn um nýtt reiknilíkan, stuðningsyfirlýsingu með palestínsku þjóðinni, endurskoðun á lögum um MSNM og herferð Stúdentaráðs, skrásetningargjöldin og menntasjóðsmál. Aftur var viðburðadagatal SHÍ kynnt og nemendafélög hvött til að fylla inn í það. Vel var mætt og góðar umræður sköpuðust, sérstaklega varðandi nýtt fjármögnunarlíkan, en eðli málsins samkvæmt eiga miklar umræður sér stað um það í deildunum. Boðið var upp á samlokur og safa frá Joe and the Juice í lok fundar.

5.7 FYRIRTÆKI

Á starfsárinu var endursamið við Landsbankann og Orkusöluna. Þá var Stúdentaráð einnig í samstarfi við hin ýmsu fyrirtæki varðandi afmörkuð verkefni og viðburði, svo sem Ölgerðina, RedBull, Joe and the Juice og fleiri. Skilmálar samstarfssamninganna eru að jafnaði bundnir trúnaði og verða þeir þar af leiðandi ekki til umfjöllunar. Stúdentaráðsliðar og aðrir hlutaðeigandi geta fengið að skoða samningana á skrifstofu Stúdentaráðs sé þess óskað. Framkvæmdastjóri sá að mestu leiti um samskipti við fyrirtæki og er ársskýrslu framkvæmdastjóra að finna í kafla 4.6.



6 STARFSEMI STÚDENTARÁÐS

6.1 STEFNUMÓTUN

Á starfsárinu 2021-2022 var mótuð heildarstefna Stúdentaráðs, þar að auki samþykkti Stúdentaráð 2022-2023 stefnu í tengslum við endurskoðun á lögum um MSNM. Ráðið tók því við góðu búi hvað varðar stefnumótun. Haldinn var árlegur stefnumótunardagur

6.1.1 STEFNUMÓTUNARDAGUR

Stefnumótunardagur Stúdentaráðs Háskóla Íslands fór fram laugardaginn 8. júlí 2023 í Hinu Húsinu að Rafstöðvarvegi í Elliðaárdal. Stefnunótunardagurinn er sá sjöundi í röðinni, farið var eftir sama sniði og árið 2022 og fór dagskráin fram á einum degi. Stefnunótunardagurinn er fyrir öll sem tilheyra innra starfi Stúdentaráðs, þ.e. aðalfulltrúa Stúdentaráðs, varafultrúa, sviðsráðsmeðlimi og nefndarmeðlimi.



Í ár var lögð áhersla á að kynna lánasjóðsmál í ljósi þess að skýrsla um endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna á að liggja fyrir á haustþingi 2023. Þótti því mikilvægt að þátttakendur í innra starfi stúdentaráðs hefðu skilning á virkni og starfsemi sjóðsins. Þá var leitað eftir áherslum stúdenta er varðar stefnu Háskóla Íslands, m HÍ26. Að vana var unnin undirbúningsvinna fyrir framkvæmdaáætlanir nefnda og sviðsráða. Einnig var sýnileiki Stúdentaráðs ræddur og því velt upp hvornig best væri að ná til stúdenta. Hópefli lék þar að auki stórt hlutverk milli vinnustunda til að efla traust og skapa gott andrúmsloft meðal fulltrúa

Stúdentaráðs. Mikilvægt að fulltrúar Stúdentaráðs kynnist vel svo komandi samstarf gangi vel.

Undirbúningur

Undirbúningur hófst í byrjun júní, upp kom sú hugmynd að endurvekja þá hefð að halda stefnumótunarferð utan höfuðborgarsvæðisins. Sá hagsmunafulltrúi um að senda út tölvupósta á félagsheimili í nærliggjandi sveitarfélögum til þess að skoða verð og framboð. Einnig voru sendir tölvupóstar á Háskólann á Bifröst sem og Landbúnaðarháskóla Íslands. Fljótt kom þó í ljós



að verð sem upp voru gefin voru há og því ljóst að skráningargjald þyrfti að vera frekar hátt, en markmið bæði skrifstofu og stjórnar Stúdentaráðs var að halda kostnaði í lágmarki. Einnig lá grunur á því að erfitt gæti reynst að fá fulltrúa til þess að mæta í helgarferð út fyrir borgarmörkin um hásumar. Því var ákveðið að halda stefnumótunardaginn á höfuðborgarsvæðinu og var Hitt Húsið því vænlegur kostur.

Forseti Stúdentaráðs boðaði til rafrænnar atkvæðagreiðslu á Facebook hóp innra starfsins um dagsetningu stefnumótunardagsins og varð laugardagurinn 8. júlí fyrir valinu. Fulltrúar voru reglulega minnt á dagsetninguna og útbjó varaforseti viðburð á Facebook hópnum. Þar komu fram nauðsynlegar upplýsingar er varðaði daginn svo sem dagskrá og samgöngur í Hitt Húsið en einnig var viðburðurinn nýttur til að kynda undir stemningu í aðdraganda dagsins.



Þátttaka er alltaf mikilvægur þáttur og lagði skrifstofan áherslu á að sem flest kæmu að málefnavinnunni. Skrifstofa og stjórn Stúdentaráðs töldu því mikilvægt að halda kostnaði í lágmarki og tókst að halda ferðina án skráningargjalds fyrir þátttakendur. Var það gert til að stuðla að betri mætingu en einnig til að koma til móts við sjálfboðaliða, sem þegar helga heilum degi í sjálfboðavinnu.

Skráning á stefnumótunardaginn fór fram í gegnum Facebook viðburðinn og fundarboð sem sent var í gegnum tölvupóst á öll í innra starfinu. Skráðir þátttakendur voru 28 talsins auk 5 frá skrifstofunni. Þátttakendur á stefnumótunardeginum voru 27 talsins. Fulltrúar í innra starfi Stúdentaráðs eru um 64 talsins og því var mæting um 42% og hefði mátt vera mun betri. Þó verður að hafa á bak við eyrað að þessi dagur er haldin um hásumar og getur verið erfitt fyrir fulltrúa að mæta vegna vinnu, ferðalaga og fleira sem fylgir sumrinu.

Verkaskiptingu við undirbúning skrifstofu SHÍ var eftirfarandi: Forseti og varaforseti höfðu yfirumsjón með og sáu um að setja upp dagskrá og skipulag málefnavinnu. Hagsmunafulltrúi sá um samskipti við Hitt Húsið sem og skipulag hópeflis og skemmtunar um kvöldið. Framkvæmdarsjóri sá um að útvega veitingar og drykki fyrir ferðina á góðum díl. Í ferðina kom einnig lánasjóðsfulltrúi sem sá um kynningu á menntasjóðnum.

Dagskrá

Stefnumótunardagurinn byrjaði kl. 10:00 og hófst hann á léttum dögurði. Framkvæmdastjóri hafði náð að redda fullt af góðu súrdeigsbrauði, salötum og snúðum frá Brikk. Dögurðurinn var snæddur í glampandi sól og fór forseti stuttlega yfir dagskrána. Eftir morgunmat var farið í stuttan leik. Stemningin í hópnum var strax góð og var fólk til í daginn.

Formleg málefndagskrá hófst svo kl. 10:30 og var byrjað á að fara yfir áherslur stúdenta í nýrri stefnu Háskóla Íslands þ.e. HÍ26. Forseti Stúdentaráðs hóf liðinn á stuttri kynningu þar sem hún kynnti skýrslu sem Isabel Alejandra Diaz vann á rektorsskrifstofu sumarið 2022, sem ber titilinn *Stúdentar og HÍ26*. Stúdentaráðsliðar og varafulltrúar fengu aðgang að skýrslunni í heild á teams svæði ráðsins í aðdraganda stefnumótunardagsins. Í skýrslunni eru áherslur stúdenta fyrir hverja megináherslu HÍ26 dregnar fram. Unnið var í hópum þar sem hver hópur átti að setja þrjú verkefni innan hvers markmiðastofns í forgang.

STEFNUMÓTUNARFERÐ SHÍ
8. - 9. JÚNÍ

DAGSKRÁ:

10:00	Mæting í Hitt húsið
10:30-11:45	HÍ 26 - áherslur stúdenta
12:00-12:30	Lánasjóður 101
12:30-13:00	LÖNS
13:00-13:30	Lánasjóður 102
13:45-15:15	Nefndavinna
15:15-15:45	Kaffi&meðí
16:00-16:30	Sviðsráðs kynningar
16:30-17:15	Sviðsþjöll
17:15-18:00	Málefnaþorð - sýnileiki SHÍ
18:00	Kvöldmatur og fjör xx

Á milli dagskrárliða var alltaf gert smá svigrúm fyrir stutt hópefli. Farið var í þægilega ísbrjóta svo sem zip, zap, boing og hænuleik. Þessir stuttu leikir voru vel heppnaðir og var ávallt aðeins léttara yfir fólki eftir leik. Klukkan 12 hófst svo kynning frá lánasjóðsfulltrúa. Þar fór hann yfir þjónustu Menntasjóðsins og lýsti ferli lántaka. Í kjölfar kynningarinnar var aftur haldið út í sólina og var boðið upp á djúsa og samlokur frá Joe and the Juice. Eftir hádegismat hélt menntasjóðspemað áfram. Ákvað var að skipta fulltrúum aftur í fimm hópa og átta hóparnir að skrifa inn í svokölluð Google Jamboards hvaða upplýsingar um Menntasjóðinn þau telja gagnlegar fyrir stúdenta og hvernig best sé að miðla þeim til stúdenta.

Að lánasjóðspemanu loknu tók nefndavinna við. Þar fór fram undirbúningsvinna að framkvæmdaáætlunum fastanefnda, forsetar nefndanna sáu um borðastjórnun í flestum tilfellum en í fjarveru þeirra tók annar nefndarmeðlimur við því. Fjölskyldunefnd og lagabreytingarnefnd höfðu ekki sérstakt borð, ekki var talin þörf á borði fyrir lagabreytingarnefnd þar sem störf nefndarinnar eru afar stöðluð. Í tilfalli fjölskyldunefndar komst enginn nefndarmeðlimur á staðin og var því ákveðið að nefndin myndi leita annarra leiða til samráðs um framkvæmdaáætlun fyrir starfsárið, t.d. á facebook hóp innra starfsins. Í kjölfar þessarar vinnu kynnti hver nefnd drög að framkvæmdaáætlun og tímalínu fyrir vinnu starfsársins. Klukkan 15:15 var gert hlé að nýju og boðið upp á kaffi, bakkelsi og brauðmeti áður en haldið var áfram með dagskrána.



Þegar öll voru södd og sæl var komið að kynningum frá sviðsráðum, en sviðsráðsforsetar héldu utan um þær. Að þeim loknum tóku við málefnaþorð um sviðsráð, þar sem fulltrúar frá hverju sviði ræddu saman um málefni síns sviðs og komandi skólaár. Síðasti dagskrárliðurinn var frekar stuttur og hress þar sem fór fram fram málefnaþorð sem voru tileinkuð sýnileika Stúdentaráðs, bæði innan háskólans og utan.

Dagskránni lauk um klukkan 18 og var þá boðið upp á grillaðar bulsur og drykki. Ákveðið var svo að fara í nokkra leiki á lóðinni fyrir framan Hitt Húsið þar sem veðrið var frábært. Þar var spilað Kubb, stinger og fótbolta í glampanði sól og með skemmtilega tónlist í bakgrunn.

Framkvæmd og niðurstöður málefnavinnu

Málefnavinnunni var skipt upp í þrjá hluta, eins og áður hefur komið fram. Hér verður útlistað nánar hvað fólst í hverjum liði fyrir sig.

Fyrsti hluti

Fyrsti hlutinn snéri að því að móta áherslur Stúdentaráðs í HÍ26. Ákveðið var að skoða hvernig ráðinu þætti mikilvægt að forgangsraða verkefnum, nánar tiltekið að kanna hvaða verkefni þeim þætti mikilvægast að yrðu framkvæmd fyrir 2026, þegar ný stefna tekur við. Ákveðið var að vinna áherslur ráðsins upp úr skýrslunni *HÍ26 og stúdentar*, eins og áður hefur komið fram. Í skýrslunni eru áherslur stúdenta kjarnaðar og fylgja þeim tillögur af verkefnum og athugasemdir. Þau verkefni sem Isabel dregur fram í skýrslunni voru lögð fyrir stúdentaráðsliða og þeir beðnir um að velja þrjár áherslu sem lægi mest á og forgangsraða þeim. Áherslunum er skipt upp í verkefnastofna svo hver hópur endar með þrjár mikilvægustu áherslur öllum fjórum verkefnastofnunum. Fulltrúum var skipt upp í fimm hópa. Verkefnið var unnið í Google Jamboards. Á hverju blaði höfðu verkefni úr skýrslu Isabel verið dregin fram og þeim skipt upp í lang- og skammtíma verkefni. Hér að neðan eru niðurstöður hópanna settar fram auk samantektar á helstu atriðunum sem hægt er að draga úr niðurstöðunum.

Annar hluti

Annar hluti málefnavinnunnar snéri að nefndum SHÍ. Nefndarmeðlimir fóru á borð sinnar nefndar en öðrum þátttakendum var frjálst að velja sér borð eftir áhugasviði. Hvert borð var með borðstjóra sem leiddi vinnuna. Fengu allir borðstjórar sömu verklýsinguna til að tryggja samræmdar vinnuaðferðir. Þessi verklýsing hefur verið nýtt síðustu ár og hefur reynst vel. Hér má sjá verklýsinguna:

1. Borðstjórinn dregur fram framkvæmdaáætlun sinnar nefndar og kynnir hana létt (*ef borðmeðlimir hafa ekki nú þegar farið yfir hana*). Ef allir borðmeðlimir hafa áður farið yfir framkvæmdaáætlunina þá má sleppa þessu stigi.
2. Eftir að hafa farið yfir framkvæmdaáætlunina mun allt borðið ræða sín á milli og 'tikka við/stroka yfir' þær aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar á síðastliðnu ári. Ef búið er að tikka við/stroka yfir aðgerðirnar þá má sleppa þessu stigi og fara beint í næsta.

3. Borðstjórinn dregur fram flettistöflublað merkt sinni nefnd. Borðstjóri dreifir post-it miðum á hvern og einn borðmeðlim (ásamt því að taka nokkra fyrir sig). Borðstjórinn dregur fram annað blað með nokkrum litakóðuðum spurningum á:
 - a. Hvað getur þessi nefnd framkvæmt á komandi ári?
 - b. Er hægt að bæta aðgerðirnar sem standa eftir svo þær verði framkvæmdar á komandi ári?
 - c. Er eitthvað sem er á framkvæmdaáætlun þessarar nefndar sem á ekki lengur við?

Nú tekur við einstaklingshugmyndavinna. Hver og einn hópmeðlimur á að svara spurningunum á post-it miðana (*ath! passa þarf að hafa ekki of langar setningar á post-it miðunum*). Þegar fólk er búíð að skrifa sínar hugmyndir á post-it miðana má setja þá á flettistöflublaðið.

4. Þegar hver og einn hópmeðlimur er búinn að svara spurningunni, biður hópstjórinn alla um að deila sínum hugmyndum svo umræða skapist. Hópurinn getur þá farið að bæta við post-it miðum (t.d. ef einhver möguleg aðgerð poppar upp í samræðunum) eða tekið post-it miða af flettistöflublaðinu (t.d. ef hópurinn heldur að einhver aðgerð sé ekki geranleg eða að það sé ókostur að fjarlægja ákveðna aðgerð af framkvæmdaáætlun nefndarinnar). Ef það er eitthvað sem er óskiljanlegt, þarf hópurinn að leiðrétta það svo allar hinar nefndirnar skilji hvaða þælingar hópurinn er að setja fram.
5. Hver og einn hópur raðar sínu flettistöflublaði á borðið sitt ásamt framkvæmdaáætluninni. Látið leiðandann (aðilinn sem er með yfirumsjón með málefnavinnunni) vita að borðið sé tilbúið.

Nú tekur við „Silent debate,“ sem var með eftirfarandi verklýsingu:

1. Hvert borð á nú að hafa myndað „nýja“ framkvæmdaáætlun og raðað henni á sitt borð.
2. Hver og einn þátttakandi (óháð nefnd) fer um salinn og skoðar allar framkvæmdaáætlanirnar. Þátttakendur fá tækifæri til að bæta við athugasemdum við allar framkvæmdaáætlanir. Þátttakendur fá nokkra post-it miða og penna og setja sínar athugasemdir ofan á flettistöflublaðið. Í miðjunni á salnum eru síðan auka post-it miðar eða pennar. (*ath. hér er engin röðun á hvert fólk fer, fólk fer um og skrifar niður athugasemdir eða ekki*).
3. Það er hægt að kasta eftirfarandi spurningum fram svo fólk fái hugmyndir að athugasemdum.

- a. Hvað getur þessi nefnd framkvæmt á komandi ári?
- b. Er eitthvað sem er á framkvæmdaáætlun þessarar nefndar sem á ekki lengur við?
- c. Hvernig er mögulega hægt að vinna að þessu málefni?
- d. Hverju myndir þú breyta/bæta?
- e. Getur þessi nefnd unnið að einhverju hér í samstarfi við þig/þína nefnd/önnur samtök/aðra hópa?

Þriðji hluti

Þriðji og síðasti hluti málefnavinnunnar var vinna innan sviðanna. Markmið þeirrar vinnu var að undirbúa gerð framkvæmdaáætlunar eða stefnu fyrir sviðsráðin. Sviðsráðin og önnur í innra starfi SHÍ fá tækifæri til þess að ræða um þau verkefni sem mest brennur á, innan hvers sviðs fyrir sig. Sviðsráðin fengu Jamboard þar sem þau voru beðin um að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hvað finnst ykkur að hlutverk sviðsráðs eigi að vera?
2. Hvernig getur sviðsráð náð betur til fólksins á sviðinu?
3. Hvað gengur vel á ykkar sviði?
 - a. Hvað gengur illa á ykkar sviði?
4. Skammtímamarkmið?
 - a. Langtímamarkmið?

Matur og kaffi

Skrifstofa Stúdentaráðs sá um máltíðirnar yfir daginn og var lagt upp með að bjóða einungis upp á grænmetisfæði. Í morgunmat var boðið upp á bakkelsi og brauð með salötum frá Brikk. Grænmetisætur gátu ekki fengið sér af sumum salötunum og var það eina undantekningin á annars vel grænmetuðum degi. Bakkelsið fékkst frítt frá Brikk (afgangar frá deginum áður). Í hádegismatinn voru í boði samlokur og djúsar frá samstarfsaðilanum okkar JOE. Þetta var hluti af samningi sem gildir út starfsárið 23/24. Samlokunum var skipt ca. 60% grænmetis (með mozzarella) og 40% vegan = 40 samlokur & djúsar allt í allt. Í kaffinu var svo boðið upp á bakkelsi og brauð frá Brikk áfram. Í kvöldmatinn voru grillaðar naturlí grænmetispylsur sem voru keyptar í Krónunni. Með því var allt það helsta eins og t.d. ein dolla af kartöflusalati sem kláraðist með pylsunum - greinilega "must" fyrir næsta ár. Við fengum að gjöf nokkra nýja drykki frá Ölgerðinni í smakk. Við fengum 2 kassa af Orku, 2 kassa af mist og 1 kassa af Kristal

með kólasumarbragði. Við keyptum malað kaffi frá Merrild og passað var að alltaf væri heitt á könnunni yfir daginn.

Kostnaður

Við keyptum mat fyrir $13.535 + 3.633 = 17.168$ kr.

Við keyptum drykki fyrir 7.248 kr.

Úrvinnsla

Forseti og varaforseti unnu niðurstöður stefnumótunar er varðaði áherslu stúdentaráða í HÍ26. Varaforseti og lánasjóðsfulltrúi tóku saman niðurstöður umræðu um Menntasjóðinn. Varaforseti tók plakötin sem nefndirnar höfðu unnið og færði þær upplýsingar í skjal sem síðan var deilt með forsetum nefndanna. Þetta var gert til að auðvelda þeim að nýta vinnuna úr stefnumótunarferðinni sem grunn að eigin framkvæmdaáætlunum. Framkvæmdaáætlanir þeirra fastanefnda Stúdentaráðs sem voru til umræðu á stefnumótunardeginum voru svo kynntar á öðrum og þriðja Stúdentaráðsfundi starfsársins. Sviðsráðsforsetar tóku sjálfir saman niðurstöður umræðna um málefni síns sviðs. Niðurstöður umræðu um sýnileika SHÍ hafa verið nýttar á skrifstofunni og koma til með að nýtast áfram í hugmyndavinnu út starfsárið.

Athugasemdir

Hægt væri að skoða að halda stefnumótunarferðina fyrr á næsta starfsári til að stuðla að betri þátttöku. Fráfarandi skrifstofa gæti þá tekið þátt í undirbúningi fyrir ferðina á *handover* tímabili. Mikilvægt er að gera ráðinu grein fyrir því fyrir hvaða fulltrúa stefnumótunarferðin er ætluð og ítreka mikilvægi þess að mæta og taka virkan þátt. Ekki síður er mikilvægt að bjóða sjálfboðaliðum upp á skemmtidagskrá til móts við málefnavinnuna.

6.2 KANNANIR STÚDENTARÁÐS

Árlega sendir Stúdentaráð út könnun til allra nemenda skólans og verður nýtt viðfangsefni fyrir valinu hverju sinni. Á seinasta starfsári sendi ráðið út könnun um fjárhagsstöðu stúdenta í námi. Á fundi Stúdentaráðs í september kynnti Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs 2022-2023, niðurstöður þeirrar könnunar, eru þær einnig aðgengilegar [hér](#). Lánasjóðsfulltrúi vann erindi um fjárhagsstöðu stúdenta upp úr niðurstöðum þeirrar könnunar sem fjallað er nánar um í kafla 6.4. Mikil umræða hefur verið um takmarkaða mætingu nemenda í skólann síðustu misseri og hefur það m.a. sérst á sölutölum í Hámu, sem ekki hafa náð sama fjölda eftir að samkomutakmörkunum vegna Covid faraldursins var aflétt. Sá Stúdentaráð því ríka ástæðu til að kanna hvaða þættir hefðu áhrif á ákvörðun nemenda um að mæta í skólann og var það gert. Þar að auki sendi Stúdentaráð könnun LÍS um líf skjör áfram á alla nemendur HÍ og hvatti nemendur til að svara henni á samfélagsmiðum ráðsins.

6.2.1 KÖNNUN UM MÆTINGU Í SKÓLANN

Könnun Stúdentaráðs um mætingu stúdenta í skólann var send út á alla nemendur Háskóla Íslands þann 8. apríl 2024. Nemendur fengu könnunina senda á HÍ netföng sín og var hún send á 14206 manns. Könnunin stóð opin til og með 2. maí 2023 og bárust 729 svör. Könnunin var send út á íslensku og ensku. Svarendur við íslensku könnuninni voru 594 (81,5%) og svarendur við ensku könnuninni voru 135 (18,5%). Spurningarnar voru 27 talsins en einnig voru 4 opnar spurningar í lok könnunar. Spurt var um persónuhagi, þátttöku í félagslífi, ferðamáta, mætingu í skólann, aðstöðu í byggingum og að lokum voru nemendur beðnir um að gefa dæmi um traust til kennara og virkni í tímum. Stúdentaráð ítrekaði könnunina með fjölpóst til nemenda þann 19. apríl og hvatti til þátttöku ásamt því að deila könnuninni á sínum samfélagsmiðlum.

Svör bárust frá nemendum af öllum sviðum skólans. Miðað við að úrtakið sé öll þau sem skráð eru í nám við Háskóla Íslands var svarhlutfallið 5,1%. Hins vegar má gera ráð fyrir að ákveðið hlutfall nemenda í þessum hópi stundi ekki lengur nám við Háskóla Íslands. Reynslan hefur sýnt að um það bil 30% þeirra sem skráðir eru í Háskóla Íslands samkvæmt nemendaskrá á þessum tíma eru ekki virkir nemendur við skólann. Hins vegar er ekki hægt að sjá fjölda virkra nemenda fyrr en vorprófum lýkur. Ef miðað er við að 30% úrtaksins séu ekki lengur nemendur við Háskólans má gera ráð fyrir að raunverulegt svarhlutfall sé um 7,3%. Vinnsla á niðurstöðum dróst fram yfir enda starfsárs en Niðurstöðurnar verða birtar á student.is og kynntar fyrir næsta Stúdentaráði, líkt og gert var á síðasta starfsári.

6.3 VIÐBURÐIR OG SÝNILEIKI



1 - OKTÓBERFEST SHÍ

Októberfest SHÍ var haldin í 19. skiptið dagana **7.-9. september 2023** með metaðsökn

2 - Visindaferðir SHÍ

Fimm föstudaga í röð, frá **22. september til 20. október**, bauð Stúdentaráð hverju fræðasviði fyrir sig í visindaferð á Stúdentakjallaranum

3 - Voffadagar

2. og 3. nóvember stóð Stúdentaráð, ásamt sálfræðiteymi HÍ, fyrir geðheilbrigðisdögum undir yfirskriftinni voffadagar

4 - Fyndnasti háskólaneminn

Árleg uppistandkeppni Stúdentaráðs, fyndnasti háskólaneminn, fór fram þann **22. febrúar**

5 - Antibugunarvikan

Í prófatímabilum haust- og vorannar var varningi dreift til bugaðra stúdenta sem sátu við lærdóm í skólanum með miklum og goðum viðtökum

6.3.1 GLEÐIGANGAN

Við upphaf starfsársins bar S. Maggi Snorrason, fulltrúi frá Q-félaginu upp þá hugmynd á fulltrúaráðsfundi LÍS að öllum stúdentum yrði boðið að ganga með Q-félaginu í gleðigöngunni þetta árið. Fékk sú hugmynd góðar undirtektir og voru þau félög sem tóku undir hugmyndina beðin um að lofa virkri þátttöku í skipulagi og undirbúningi fyrir gönguna, sem SHÍ gerði. Gangan var auglýst á miðlum ráðsins og öllum stúdentum boðið að taka þátt.



Nafn Q-félagsins var haft í sérstöku fyrirrúmi í öllum auglýsingum ráðsins á viðburðinum og leit Stúdentaráð á þátttöku sína sem tækifæri til að vekja sérstaka athygli á Q-félagi hinsegin stúdenta. Miðlar Q-félagsins voru alltaf merktir í færslur ráðsins og leitast við ýtrasta samráðs við stjórn félagsins í allri umfjöllun ráðsins um samstarfið. Stúdentaráð hýsti skreytingar og skilti á skrifstofu sinni og fékk leyfi hjá háskólanum til að geyma vagn yfir nóttu á bílastæðum skólans. Þar að auki var undirbúningur við að blása blöðrur og skreyta vagninn hýst í háskólanum.

Gangan var eins konar gjörningur sem bar heitið *Skjaldborgin*, markmiðið var að vekja athygli á mikilvægi virkrar réttindabaráttu stuðningsmanna, eða „allaies.“ Gangan sjálf gekk ljómandi vel og voru allir aðilar sáttir við útkomuna.

6.3.2 OKTÓBERFEST SHÍ

Októberfest SHÍ fór fram í 19. sinn dagana 7.-9. september 2023. Hátíðin er haldin af stúdentum fyrir stúdenta og því er öllum stúdentum gert kleift að kaupa sér miða óháð aldri, önnur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Hátíðin var haldin á sama tíma og nýnemavika Háskóla Íslands svo nóg var um að vera í skólanum öllum stundum.

Í þessari skýrslu verður farið yfir hina ýmsu þætti sem skipta máli við framkvæmd



slíkrar hátíðar og leitast við að gefa góð ráð fyrir næstu skrifstofu Stúdentaráðs. Farið verður yfir hvað gekk vel og hvað hefði mátt ganga betur. Ótal ólík atriði þurfa að ganga upp til að Októberfest verði að hinn mögnuðu hátíð sem stúdentar vita að hún getur verið og hér gerum við okkar besta til að gera hátíðinni í ár góð skil.

Markaðssetning

Líkt og undanfarin ár var auglýst eftir samskiptafulltrúa Októberfest, alls sóttu 8 einstaklingar um stöðuna og voru fjögur þeirra boðuð í viðtal. Viðtölin fóru fram dagana 19. og 20. júlí. Ráðningarnefndin samanstóð af forseta stúdentaráðs, starfsmanni frá starfsmannasviði HÍ og fulltrúa beggja fylkinga eins og lög SHÍ kveða á um. Skarphéðinn Finnbogason var ráðinn í stöðuna, en hann gegndi hlutverkinu einnig árið áður, og hóf hann störf í byrjun ágúst.

Verkefni samskiptafulltrúa felast einkum í markaðssetningu hátíðarinnar, vinnslu markaðsefnis og samskiptum við verktaka. Samskiptafulltrúi skilaði skýrslu um sín störf en hana má nálgast á skrifstofu Stúdentaráðs.

Fyrir næstu hátíð er lagt til að starfsheiti samskiptafulltrúa verði breytt í kynningarfulltrúa enda teljum við það ná betur utan um störf þessa einstaklings. Einnig leggjum við til að endurskoðað verði hvernig starfshlutfalli samskiptafulltrúa er háttað, en það er ákvarðað í samning við Paxal. Að lokum leggjum við til að í starfsauglýsingu verði minnst á að góð íslenskukunnátta sé nauðsynleg.

Samskiptafulltrúi fékk grafískan hönnuð, Ásgrím Gunnarsson, til liðs við sig við hönnun auglýsingaefnis og vorum við afar sátt með útkomuna. Ásgrímur hannaði grunn að auglýsingum fyrir instagram, covermynd fyrir facebook og bjórkortin ásamt öðru tilfallandi. Greiðsla til hans féll utan greiðslu til samskiptafulltrúa.

Hátíðin er enn að ná sér á strik eftir heimsfaraldur, lækkun meðalaldurs stúdenta hefur líka breytt áherslum í auglýsingum. Líkt og áður var mesta áherslan lögð á auglýsingar á samfélagsmiðlum; Facebook, Instagram og Tiktok. Í ár var sérstök áhersla lögð á tiktok og *reels* á Instagram. Fylgjendafjöldi SHÍ á Instagram og Tiktok margfaldaðist á þessu tímabili.

Útbúnir voru likea&deila hópar á instagram, annars vegar með meðlimum úr innra starfi SHÍ og hins vegar með nemendafélögum á hverju sviði. Þetta reyndist vel og hjálpaði okkur að deila auglýsingaefni sem víðast. Plaköt voru prentuð og þeim dreift í byggingar Háskólans en einnig var auglýst á útvarpsstöðinni FM957.

Stúdentaráð hefur alltaf lagt áherslu á að Októberfest sé hátíð fyrir alla stúdenta, óháð því við hvaða háskóla þeir stunda nám. Sérstakt samstarf var haft við SFHR, (Stúdentafélag



Háskólans í Reykjavík) og SLHÍ (Stúdentaráð Listaháskóla Íslands). Hátíðin var einnig auglýst á fulltrúaráðsfundi LÍS þar sem koma saman fulltrúar frá öllum háskólum landsins.

Samstarf við SLHÍ fól í sér að fulltrúi SLHÍ fékk armbönd og Tix skanna til að afhenda stúdentum við LHÍ á fimmtudeginum (7. sept) til að minnka álag miðasölugámsins um kvöldið. Eftir Októberfest 2022 var tekin ákvörðun að frekari miðasala eða viðvera í LHÍ væri óþarfi.

Samstarf SFHR fól í sér að 2-3 úr stjórn SFHR sátu í Sólinni í a.m.k. klukkustund í hádeginu á þriðjudeginum og miðvikudeginum (5. og 6. sept) en eftir þörfum á fimmtudeginum (þangað til að röðin kláraðist). Þau fengu posa, armbönd og Tix skanna bæði til að selja miða og afhenda miða sem höfðu verið keyptir á Tix. Árið 2022 var samstarfið óljóst sem vakti ekki mikla lukka SFHR megin, en í ár var það mjög afmarkað og skýrt og ánægja ríkti með samstarfið. Fyrir þetta fengu þau þrjá miða og bjórkort.

Í Háskólanum hófst miðasala ekki fyrr en á mánudeginum (4. sept) en á fimmtudeginum og föstudeginum vikuna á undan var viðvera á Háskólatorgi þar sem fólk var að peppa Októberfest og benda á miðasölu á netinu.

Hver skanni var með séraðgangi til að geta rakið birgðastöðu hvernar miðasölu. Með þessu móti var í lagi að byrja afhendingu á miðum, sem keyptir voru á tix, snemma.

Tímasetning

Íslenska haustveðrið er óútreiknanlegt og því öruggara að halda hátíðina fyrr en síðar, lagði Paxal ríka áherslu á það. Veðrið var að mestu leyti til friðs en þó rigndi talsvert dagana fyrir hátíð sem og bæði fimmtudag og föstudag. Því var einkar ánægjulegt að einu tjaldi hafi verið bætt við svo nóg pláss var fyrir alla gesti innantjalds.

Í ár var hátíðin haldin á sama tíma og Nýnemadagar Háskóla Íslands fóru fram. Það varð til þess að viðburðirnir blönduðust dálítið saman. Markaðs- og samskiptadeild HÍ (Mark&Sam) sér um skipulagningu Nýnemadaga og leitar oft til Stúdentaráðsliða varðandi kynningar fyrir nemendum. Bæði skrifstofa og Stúdentaráðsliðar voru afar uppteknir þessa viku við undirbúning hátíðarinnar. Stúdentaráð mannaði þó upplýsingaborð alla vikuna, þar sem tvær flugur voru slegnar í einu höggi og bæði miðasala og upplýsingagjöf til nýnema fóru fram.

Þetta verður ekki vafatriði á næsta ári þar sem dagsetningar fyrir Nýnemadaga og Októberfest hafa nú þegar verið negldar niður og lenda á sittvorri vikunni. Nýnemadagar verða 26. - 30. ágúst og útlit er fyrir að Októberfest verði haldin 5. -7. september.



Hátíðarsvæðið

Uppsetning á hátíðarsvæðinu var svipuð og hún hefur verið undanfarin ár. Tvö stór tónleikatjöld voru sett upp og á milli þeirra Símatjaldið þar sem fram fór samsöngur, Silent Diskó, drykkjukeppnir og fleira. Stóra nýjungin í ár var Sirkustjaldið sem sett var upp næst inngangi hátíðarsvæðisins. Þar fóru fram nokkrir tónleikar ásamt undankvöld Ölympíuleika SHÍ. Þar voru borð og bekkir ásamt þar svo fólk gat sest niður og notið matar síns í rólegheitum. Tjaldið reyndist bráðnauðsynlegt þar sem mikið rigndi fyrstu tvo daga hátíðarinnar og vonum við að það sé komið til að vera.

Í ár boðuðum við endurkomu fallturnsins á Októberfest og mæltist það vel fyrir. Röð var í turninn alla helgina og skemmtu gestir sér konunglega í tækinu. Upphaflega fékk skrifstofa þær upplýsingar að hver ferð myndi kosta 1000 kr. en þegar að hátíðinni kom í ljós að verðið

var 1500 kr. Mælst er til þess að verðinu sé haldið í lágmarki og mikilvægt er að skýrar upplýsingar um verð berist fyrir hátíðina.

Vegna framkvæmda sem höfðu verið á svæðinu mánuðina á undan, og höfðu dregist verulega á langinn, var undirlagið á hátíðarsvæðinu afar viðkvæmt. Því þurfti að fjárfesta í mun meira gervigrasi og gúmmímottum en áætlað var.

Fjölmiðlar

Vel gekk að koma hátíðinni á framfæri hjá fjölmiðlum landsins. Forseti Stúdentaráðs og samskiptafultrúi sáu um samskipti við fjölmiðla varðandi hátíðina. Þau fóru í útvarpsviðtal í *Veisluna* á FM957 og í *Bítið á Bylgjunni* í aðdraganda hátíðarinnar. Á opunarkvöldi hátíðarinnar, fimmtudaginn 7. september, voru bæði [kvöldfréttir RÚV](#) og Stöðvar 2 með beina útsendingu frá hátíðarsvæðinu í, þar sem rætt var við forseta SHÍ og heppnaðist það vel. Einnig fór forseti í [viðtal í þættinum Hljóðvegur 1](#) á Rás 2 á laugardeginum. Viðtöl voru birt á vefsíðum [Vísis](#), [Mbl.is](#), [RÚV](#) en einnig birtist frétt um Októberfest á forsíðu Morgunblaðsins. Fjölmiðlaumfjöllun um hátíðina í ár var afar jákvæð og er það mikið gleðiefni.



Miðasala

Miðasala hófst á mánudeginum 4. sept í byggingum Háskólans. Miðasala innan Háskólans dróst verulega saman frá fyrra ári eða um 65-70%. Hins vegar jókst miðasala á netinu á móti svo það er ekki hægt að benda á að eitthvað hafi verið rangt gert í Háskólanum heldur er neytendahegðunin einfaldlega að færast í meira magni á netið. Miðasala fór fram á: Háskólatorgi, HR, VR II, og Stakkahlíð en þetta eru færri staðir en 2022. Var það gert til að einfalda störf sjálfbóðaliða og til að miðstýra betur miðasölu. Svo voru sérstakar viðverur á nýnemakynningum sviðanna þar sem fulltrúar SHÍ (yfirleitt sviðsráðsforsetar) vöktu athygli á Októberfest. Dagspassar fyrir föstudaginn voru seldir í hádeginu á Háskólatorgi á föstudeginum og gekk það vel. Við mælum með því aftur ef það er ekki uppselt.

Miðasala hófst á tix.is þann 1. ágúst. Miðar voru þá seldir á forsöluverði, til að hvetja stúdenta til að tryggja sér miða sem fyrst. Miðasala innan háskólans hófst á Háskólatorgi fimmtudaginn 31. ágúst og stóð yfir fram yfir föstudag. Lögð var sérstök áhersla á að koma í veg fyrir myndun raða við miðasölu í byggingum háskólans. Í miðasölu var ávallt spurt um skilríki. Háskólanemar undir tvítugu fengu að kaupa miða á hátíðina en fengu sérmerkt armband sem sýndi að þau hefðu ekki náð áfengiskaupaaldri. Þau sem ekki höfðu náð 20 ára aldri og voru ekki háskólanemar gátu ekki keypt miða.

Það seldist upp á hátíðina á föstudeginum.

Sjálfbóðaliðar

Útbúið var skjal þar sem fulltrúar SHÍ gátu skráð sig á vaktir. Til að byrja með var hámark á vöktum sem hægt var að skrá sig á svo að öll fengju tækifæri á að skrá sig á eitthvað. Síðan var opið fyrir eins margar vaktir og fólk vildi. Síðan var mætingin á vaktirnar tekin niður og duglegasta fólkið fékk miða og bjórkort. Síðan var hægt að fá miða eða bjórkort. Við mælum með að setja fyrirfram skilyrði fyrir því að fá miða til að minnka óvissu með sjálfbóðaliða (þ.e. hvort þau eigi að kaupa sér miða á hátíðina eða fái frá SHÍ). Til dæmis væri hægt að segja að öll sem taki bæði uppsetningu og niðurrif fá frían miða - eða 5 tímar í miðasölu + niðurrif/uppsetning = miði. Þetta eyðir óvissunni og hvetur fólk til að mæta í uppsetningu og niðurrif sem eru mjög mikilvægir þættir í undirbúningnum.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Samstarfsaðilar

Hátíðin í ár var haldin í samstarfi við Símann, Tuborg og Landsbankann. Síminn gaf nokkra miða í instagram-leik ásamt því að faldir voru miðar á háskólasvæðinu (og Stakkahlíð) í símabréfum. Úrslit Ölympíuleikana fóru fram í Símatjaldinu og sponsaði Síminn vinninga fyrir vinningsliðið. Red Bull gaf miða í happdrættinu sínu í Kick-off partyinu. Aukakrónur mættu á svæðið með lukkuhjól í Sirkustjaldinu. Með leyfi frá Paxal voru bjórkort veitt til vinninga í nýnemamóti SHÍ.

Nágrannaganga

Líkt og undanfarin ár gekk SHÍ í hús við Oddagötu, Aragötu, Bjarkargötu, Tjarnargötu, Fjólugötu, Smáragötu og Sóleyjargötu og miði með eftirfarandi upplýsingum settur inn um lúguna.

Kæru nágrannar

Októberfest Stúdentaráðs Háskóla Íslands fer fram 7. - 9. september á lóðinni fyrir framan Aðalbyggingu Háskólans. Hátíðinni mun óhjákvæmilega fylgja hávaði sem gæti borist til nærliggjandi húsa. Við í Stúdentaráði viljum því biðjast fyrirfram afsökunar á þeim óþægindum sem það kann að valda og bendum á að hafa samband við okkur í netfangið shi@hi.is ef þið viljið koma athugasemdum á framfæri.

Hátíðin mun standa yfir á þessum tímum:

Fimmtudagurinn 7. september - 18:30-23:30

Föstudagurinn 8. september - 18:30-23:30

Laugardagurinn 9. september - 18:30-23:30

Okkar allra bestu kveðjur,

Stúdentaráð Háskóla Íslands

Alls var gengið í um 140 hús í nágrenninu sem er meira en tilgreint er í samningi við HÍ. Við gengum í hús á miðvikudeginum fyrir hátíð. Félagsstofnun stúdenta auglýstu í tölvupósti til íbúa stúdentagarða í nágrenni við svæðið að hátíðin væri að fara í gang og að allt ónæði væri afsakað fyrirfram. Aðeins barst ein kvörtun vegna hávaða, það var frá íbúa á stúdentagörðum, sem tókst ekki að loka glugga í íbúð sinni, og tók FS við þeirri kvörtun.

Á næsta ári þarf að taka fram að utan þessa tíma geti hávaði einnig borist frá svæðinu vegna prófunar á hljóðkerfinu.



Öryggismál

Fyrir hendi liggur viðbragðsáætlun um ofbeldi eða áreitni á Októberfest. Markmið viðbragðsáætlunarinnar eru eftirfarandi:

Með öllu er óheimilt að beita ofbeldi eða hvers lags áreitni á Októberfest SHÍ og er slíkt ekki liðið meðal gesta hátíðarinnar.

Markmið viðbragða sem hér er lýst er að tryggja að úrræði séu til staðar ef upp kemur aðkallandi ógn eða ofbeldi og bregðast þarf skjótt við, með öryggi og velferð hátíðargesta að leiðarljósi.

Viðbrögðin eru sett fram í samræmi við [siða- og jafnréttisreglur Stúdentaráðs](#) sem og [viðbrögð við ofbeldi og hótunum á vettvangi HÍ](#) ásamt [verklagsreglum um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskóla Íslands](#).

Stúdentaráð hefur ávallt lagt áherslu á góða öryggisgæslu og var hátíðin í ár engin undantekning. Leitað var á gestum við inngang og máttu gestirvelja hvaða starfsmaður leitaði á þeim. Líkt og í fyrra var aukin öryggisgæsla við kamra hátíðarsvæðisins og þeir voru ekki kynjaðir.

Inni á svæðinu voru plaköt frá UN Women. Einnig útbjó skrifstofa SHÍ öryggisplakat, sem má sjá hér að neðan. Plakatið var prentað bæði á íslensku og ensku og hengt inn á alla kamra.

Októberfest SHÍ á að vera öruggt rými fyrir öll.

Hverslags ofbeldi eða áreitni er ekki liðin.

Hér er ekkert umburðarlyndi fyrir hómófóbíu, transfóbí, hinsegin fóbíu, rasisma, abelisma, sexisma eða líkamssmánun.

Með því að mæta á Októberfest þá samþykkir þú að fylgja þessum reglum og taka ábyrgð á eigin hegðun, orðum og gjörðum.

Ef þú brýtur þessar reglur getur öryggisgæsla fjarlægð þig af hátíðinni.

Ef þú verður fyrir eða verður vitni að óviðeigandi hegðun, vinsamlegast láttu starfsfólk vita.

Góða skemmtun!



Októberfest SHÍ is a safe space for all.

Violence or harassment in any form is not tolerated.

There is zero tolerance for homophobia, transphobia, queerphobia, racism, ableism, sexism or body shaming.

By attending Októberfest, you agree to follow these rules and take responsibility for your own behavior, words and actions.

If you break these rules, security may remove you from the festival.

If you experience or witness inappropriate behavior, please report it at the bar.

Have fun!



Í sjúkratjaldi var boðið upp á lækniþjónustu en að auki var þar hægt að leita aðstoðar ef fólk hafði orðið fyrir ofbeldi eða áreitni, eða vantaði rólegan stað til að slaka á. Brýnt var fyrir barþjónum að grípa strax inn í ef grunur var um byrlun eða álíka.

Ein líkamsárás var tilkynnt á Októberfest í ár og hefur hún verið kærð til lögreglu.

Aðgengismál

Það hefur verið yfirlýst markmið Stúdentaráðs að tryggja aðgengi að Októberfest fyrir öll. Við lögðum sérstaka áherslu á gott aðgengi fyrir hjólastóla frá upphafi. Til þess þarf undirlag að vera nógu gott til að fólk í hjólastól, og aðstoðarfólk þess, lendi ekki í vandræðum með að rúlla innan svæðis. Einnig lögðum við áherslu á að pallar fyrir hjólastóla inni í tjöldunum væru vel staðsettir og að þar mættu fleiri en einn aðstoðarmaður fylgja hverjum stól. Undirlag hátíðarsvæðisins var illa farið eftir framkvæmdir sem höfðu staðið yfir mánuðina á undan. Því

þurfti að leggja út aukinn kostnað til kaupa á gervigrasi og gúmmímottum til að hægt væri að ganga um svæðið, eins og áður hefur komið fram.

Settir voru upp veglegir pallar í miðju beggja stóru hátíðartjaldanna, fyrir aftan ljósamennina. Þeir reyndust vel; auðvelt var að komast upp á þá, þeir voru vel afgirtir og útsýnið yfir sviðið var gott. Því miður komu pallarnir seint upp og gátum við því ekki auglýst aðgengilega hátíð eins vel og óskandi var.

Stóra áskorunin í aðgengismálum í ár reyndist vera að koma upplýsingum til gæslunnar. Ljóst er að á næsta ári þurfi að fræða gæsluna sérstaklega um mikilvægi þess að vel sé hugað að aðgengi og upplifunum fatlaðra. Einnig þarf að setja enn skýrari reglur um hver mega vera uppi á pöllunum og hve mörg mega vera þar í einu. Í ár kom ítrekað upp ágreiningur við starfsmenn gæslunnar sem neituðu að hleypa fólki upp á pallana. Auðveldlega hefði verið hægt að koma í veg fyrir ágreininginn með skýrum reglum frá upphafi og góður upplýsingaflæði.



Upp kom sú hugmynd að fólk sem þyrfti sérstakt aðgengi, gæti skráð það við miðakaup á hátíðina og fengið þá sérstakan aðgangspassa. Þetta gæti verið liður í að einfalda starf gæslunnar og væri gott að skoða fyrir næsta ár.

Umhverfismál

Að gera tónlistarhátíð umhverfisvæna er stórt og erfitt verkefni sem taka verður í mörgum smáum skrefum. Háleitar hugmyndir hafa verið uppi um hvað gera mætti betur. Sumt tókst en annað ekki og margt er nú þegar komið í góðan farveg og verður vonandi hrint í framkvæmd strax á næsta ári.

Miklar framfarir urðu í orkumálum hátíðarinnar, en vel tókst til að takmarka notkun á bensíndælu til að keyra rafmagn fyrir sviðin.

Þrátt fyrir miklar tilraunir tokst ekki að koma rennandi vatni inn á svæðið í ár og því var einungis boðið upp á vatn í flöskum. Nauðsynlegt er að vatn sé aðgengilegt hátíðargestum á öllum stundum, án endurgjalds. Ekki náðust samningar um framleiðslu fjölnota glasa en hugmyndin er komin langt á veg og vonandi næst að ýta henni í framkvæmd fyrir næstu hátíð.

Matarvagnar voru hvattir til að bjóða upp á vegan rétti með lægra kolefnisfótspor og/eða gefa aukaafslátt af þeim réttum. Hvatt er til þess að slíkt verði haft að leiðarljósi við val matarvagna á næsta ári. Þessu þarf að huga að snemma sumars.

Óskað var eftir betri flokkunartunnum svo unnt væri að flokka úrgang frá hátíðinni betur en því miður tókst ekki að verða við því í ár. Þetta er þó mikilvægt áherslumál fyrir næsta ár.

Frágangur

Á föstudag- og laugardagsmorgninum sáu hópar sjálfboðaliða úr röðum skrifstofu SHÍ um að tína upp rusl á hátíðarsvæðinu. Það gekk vel og virtist einkar vel gengið um hátíðina í ár. Þó komu upp vandræði með það rusl sem mest var af, lummur.

Á sunnudeginum hjálpaði hópur stúdentaráðsliða til við að taka niður grindverk og ganga frá gólfum. Eiga þau miklar þakkir skilið fyrir það og gæti þessi hátíð aldrei orðið að veruleika ef ekki væri fyrir óeigingjarnt framlag sjálfboðaliða.



Kick-off vikan

Við ákváðum að endurtaka vel heppnaðan leik síðasta árs og halda Kick-off viku SHÍ hátíðlega til að hita upp fyrir Októberfesthelgina. Vikan var stútfull af skemmtilegum viðburðum og var það markmið okkar að hafa alltaf nóg um að vera.

	Dagur	Kvöld
Mánudagur	Síminn með viðveru fyrir utan HT	FIFA kvöld á Kjallaranum (MOWO)
Þriðjudagur	Katrín Myrra með tónleika á HT	Smitten-Laug SHÍ
Miðvikudagur	Uppistand með Dóra DNA á Stúdentakjallaranum í boði Símansvið Red Bull og Síminn faldi miða á háskólasvæðinu	Kick-off party á Kjallaranum í samstarfi
Fimmtudagur	Nýnema fótboltamót Félagslífs- og menningarnefndar	Bekkjarsöngur Símans
Föstudagur	Tónleikar í Bóksölu stúdenta með GDRN og Magnúsi Jóhanni	Undanúrslit Ölympíuleika
Laugardagur	Fjölskylduskemmtun í íþróttahúsinu	Úrslit Ölympíuleika

Á heildina litið gengu þessi viðburðir vel. Vel var hugað að fjölda á Smitten lauginni svo ekki myndaðist sami troðningur og í fyrra, að okkar mati nánast of vel. Staðurinn var samt fullur og öll skemmtu sér vel.

- Tónleikar á HT eru ekki málið, hvorki fyrir gesti né flytjendur. Ef þetta á að endurtaka sig mælum við með því að tónlistin verði 'dinner músík' víbrur.
- Uppistand með Dóra DNA var vel sótt og góð viðbót í vikuna. Það var gaman að hafa eitthvað svona stórt að degi til.
- Kick-off party á Kjallaranum var vel sótt, sérstaklega meðal alþjóðanema - mælum með að auglýsa til þeirra sérstaklega í gegnum alþjóðafulltrúa. Það var frítt Vodka í Red fyrir fyrstu 50 sem mættu og öll sem mættu voru skráð í happdrætti þar í vinning var í boði Októberfestarband.
- Nýnemamótið heppnaðist afar vel en tók langan tíma þar sem fjöldi þátttakenda var svo mikill, spurning hvort ekki sé hægt að haga skipulagi þannig á næsta ári að komið verði í veg fyrir að það dragist á langinn.
- Tónleikar í Bóksölu stúdenta gengu vel, þar var fámennt en góðmennt. Vegna veikinda varð að færa þá frá fimmtudegi til föstudags og því var færri fólk á Háskólasvæðinu.
- Vegna velgengni Ölympíuleikanna í fyrra var í ár ákveðið að dreifa keppninni á tvö kvöld, föstudags- og laugardagskvöld. Var þetta einni liður í því að fá fólk fyrr inn á hátíðarsvæðið. Undanúrslit Ölympíuleikanna fóru fram á föstudagskvöldi og úrslitin á laugardagskvöldinu. Skipulag keppnanna var í höndum Félagslífs- og menningarnefndar og eiga þau hrós skilið fyrir sín störf. Alls voru 19 lið skráð til leiks. Á laugardagskvöldinu voru 6 lið eftir sem kepptu til úrslita.

Kvartanir

Utan einnar hávaðakvörtunar bárust engar kvartanir í ár.

6.3.3 NÝNEMADAGAR

Nýnemadagar fóru fram 4.-8. sptember 2023. SHÍ sá um að manna upplýsingaborð á Háskólatorgi, en þar fór einnig fram miðasala og afhending armbanda fyrir Októberfest. Þar að auki stóð Félagslífs- og menningarnefnd fyrir nýnema-fótboltamóti fyrir utan Aðalbygginguna.

6.3.4 VÍSINDAFERÐIR SHÍ

Ákveðið var að halda áfram þeirri hefð sem myndast hefur undanfarin ár að bjóða nemendafélögum í vísindaferð í Stúdentaráð til að auka sýnileika SHÍ. Félagslífs- og

menningarnefnd ásamt starfsfólki skrifstofu Stúdentaráðs og fulltrúum frá hverju sviðsráði sáu um skipulagningu vísindaferðanna í ár. Undirbúningur hófst strax um sumarið þegar fimm föstudagskvöld voru tekin frá á Stúdentakjallaranum en það liggur beinast við að halda vísóin þar, á uppáhaldsstað okkar og stúdenta. Ákveðið var að halda fimm vísó, eitt fyrir hvert fræðasvið. Í lok júlí var hverju sviði úthlutað dagsetning og í kjölfarið var haft samband við nemendafélögin og þau beðin að taka sinn dag frá. Dagskrá nemendafélaganna fyllist fljótt og því mælum við með því að hafa samband við þau eins fljótt og auðið er.



Vísóin voru haldin í samstarfi við nokkra ólíka samstarfsaðila Stúdentaráðs og þótti okkur það afar hentugt fyrirkomulag. Þessir samstarfsaðilar voru Félagsstofnun Stúdenta, Landsbankinn (Aukakrónur), Orkusalan og Ölgerðin (Red Bull).

Verkaskipting var þannig að skrifstofa sá um allt skipulag, til dæmis bókun á Stúdentakjallaranum, vinnslu auglýsingaefnis, útbúa Kahoot, samskipti við samstarfsaðila og utanumhald um skráningu. Félagslífs- og menningarnefnd útveguðu vinninga fyrir þær keppnir sem haldnar voru og sáu um utanumhald dagskrár á vísóunum sjálfum. Sviðsráð á hverju sviði útbjuggu kynningu fyrir sitt svið og voru okkur innan handar á vísóunum.

Auglýsingar

Viku fyrir hverja vísindaferð kom viðburður á facebook og hófst skráning þriðjudeginum fyrir hvert vísó, okkur fannst þetta fyrirkomulag mjög fínt. Við miðaðum við 150 sæti fyrir hvert vísó (í samráði við starfsfólk kjallarans). Facebook viðburðina fyrir hvert svið fyrir sig má finna hér: [VÍSÓ - MVS](#), [VÍSÓ - VON](#), [VÍSÓ - HUGS](#), [VÍSÓ - HVS](#), [VÍSÓ - FVS](#). Að meðaltali voru um 100 skráningar á hvert vísó. Við bjuggum til auglýsingar sem við báðum svo nemendafélögin um að deila áfram. Til þessa nýttum við instagram hópa fyrir hvert svið og reyndist það vel.

Veitingar

Frítt áfengi (Carlsberg) var í boði á hverju einasta vísó sem samstarfsaðilarnir okkar sköfðu. Við höfðum til umráða 10 kúta og því var viðmiðið að bjóða upp á 100 bjóra fyrir hvert vísó. Eins og gefur að skilja er mætingin misjöfn milli sviða og fjöldi bjóra dreifðist því á kvöldin fimm í samræmi við það. Mikilvægt var að vera í góðu samtali við starfsfólk Stúdentakjallarans um fyrirkomulagið svo þau væru með allt á hreinu. Ákveðið var að sleppa því að bjóða upp á aðrar veitingar enda byrjuðu vísóin kl 17:00 og voru til ca. 18:30 en annars var eldhúsið opið og fólk gat keypt sér sjálft mat. Það eina óáfenga sem við buðum upp á sem var óáfengt var Red Bull við innganginn en það væri hægt

Samstarfsaðilar

Vísindaferðir ársins 2022 voru allar kostaðar af einum og sama þáverandi samstarfsaðila en þar sem við vorum ekki í samstarfi við þann aðila í ár buðum við hinum samstarfsaðilum okkar að kosta eina vísindaferð hver. Heppilega tóku þau öll vel í það og því voru kvöldin röðuð niður á samstarfsaðila og við útbjuggum markaðsefni sérstaklega fyrir hverja vísindaferð þar sem þær voru ekki kostaðar af sama aðila. Það sem fólst í því að kosta vísindaferðina var að kosta tvo kúta af Carlsberg (100 bjórar) og helst græja vinning fyrir kahoot og happdrætti. Það var mikilvægt að deila stemningunni á miðlunum okkar og láta fél- og menn nefna það af og til þegar að dagskrárliðir voru kynntir.

Viðburðurinn

Vísóin gengu almennt mjög vel, mæting var smá misjöfn eftir sviðum. Kjallarinn hefur sína kosti og galla; fengum bara að taka frá gryfjuna og því var stundum mikið af fólki sem var ekki að mæta í vísó á staðnum sem hafði áhrif á t.d kynningarnar frá skrifstofu og sviðsráðum. Það voru alltaf 2-3 á staðnum frá skrifstofu sem voru við inngang að taka á móti fólki og almennt utanumhald ásamt því að halda kynningu, yfirleitt var allt sviðsráðið á staðnum og 2-3 frá fél- og menn. Við byrjuðum viðburðina á að hafa chug keppni sem virkaði vel til að peppa lýðinn áður en kynningarnar voru. Kahoot virkar einnig alltaf vel í svona aðstæðum. Hér má sjá dagskrána, sem átti það þó til að raskast:



16:30-17:00	2 mætt niður, byrja að stimpla (kannski 1 frá sviðsráði + einn frá skrifstofu)
17:00-17:30	Opna kút + Rakel Anna býður öll velkomin
17:30-17:45	Kynning á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs
17:45-17:55	Sviðsráðskynning
17:55-18:05	Kahoot
18:10-18:30	Beerpong
18:30-18:40	Happdrætti

Vinningar:

Félagslífs- og menningarnefnd stóð sig vel í að afla vinninga fyrir hinar ýmsu keppnir kvöldsins og hér má sjá yfirlit yfir alla vinningana:

BBP	Peysa + 7 gjafabréf
Elding	Hvalaskoðun fyrir 2
Vök Bath	2x gjafabréf fyrir 2
Joe	20 gjafabréf
Dominos	5 gjafabréf
Orkusalan	3x kaffibolli 3x kaffikort 3xbolir 1x peysa
Laugarvatn fontana	1 gjafabréf
Matarkjallarinn	1 gjafabréf
Serrano	Gjafabréf
B Club	5x *Skip the line pass með tvo drykki inni*

Annað sem má hafa í huga:

Mikilvægt að fá nemendafélögin með í lið og ákveða dagsetningu í samráði við þau - best að gera það sem fyrst áður allir fimmtudagar/föstudagar fyllast af öðrum vísóum. Mikilvægt að það sé einhver einn frá skrifstofunni með yfirumsjón með undirbúningi þó ábyrgðin dreifist á skrifstofuna

6.3.5 VOFFADAGAR

Undirbúningur

Í samstarfi við sálfræðingateymi Nemendapjónustu Háskóla Íslands (NHÍ) var ákveðið að undirbúa viðburð tengdum geðheilsumálum stúdenta. Undirbúningur hófst strax í ágúst og var þá ákveðið að reglulegir fundir yrðu haldnir hvern föstudag. Undirbúningur fólst í ýmissi hugmyndavinnu, ákveða dagsetningar, bóka fyrirlestra og ákveða hvað ætti að vera í boði á dögum. Fallist var á nafnið Voff-dagar, þar sem voff stendur fyrir vellíðan og fleira flott. Verkaskipting milli skrifstofunnar og sálfræðingateymisins var mjög góð og sáu sálfræðingar um að bóka fyrirlesara. Skrifstofan sá um bókun Litla-Torgs, bókun Stúdentakjallarans, markaðsefni, samskipti við nemendafélög, umsjónarmann fasteigna o.fl.

Voffar

Frá upphafi skipulagningar var sú hugmynd höfð á lofti að hundar myndu mæta á staðinn til þess að veita nemendum ánægju og vellíðan. Haft var samband við Rauða Krossinn en hann heldur úti svokölluðu vinaverkefni þar sem hundar fara á elliheimili og geta íbúar klappað þeim og notið þess að eyða tíma með þeim. Rauði Krossinn tók vel í þessa hugmynd og var ákveðið að nokkrir hundar kæmu í heimsókn til okkar. Fengið var leyfi frá umsjónarmanni fasteigna og var það frekar auðvelt þar sem hundarnir myndu aðeins vera inni á Litla torgi en ekki í kringum matsöluna Hámu. Hundar komu bæði á fimmtudegi og föstudegi og var hver hundur klukkutíma í senn svo álagið yrði ekki of mikið á þá. Þeir stóðu sig eins og hetjur og hefur komið upp sú hugmynd að endurtaka leikinn með þeim á komandi prófatímabili á vori.

Framkvæmd

Tveimur vikum fyrir dagana var settur í loftið event á facebook ásamt því að dagskráin var auglýst á Instagram SHÍ. Viðburðinum var deilt inn á facebook síðu þar sem fulltrúar allra nemendafélögum HÍ eru sem og á facebook hóp innra starfs stúdentaráðs, þar sem fólk var hvatt til að deila viðburðinum áfram. Einnig voru settar myndir á upplýsingaskjái í HÍ.Facebook viðburðurinn náði góðri dreifingu og melduðu sig um 100 manns.

Fimmtudaginn 2. nóvember hófust fyrstu Voffdagarnir. Í hádeginu á fimmtudeginum voru Hugrún geðfræðslufélag og Ástráður með bása á HT. Áttu básarnir að virka sem upphitun fyrir fyrirlestrana eftir hádegi. Hugrún og Ástráður voru bæði til í að vera með og gekk viðvera þeirra

á Háskólatorgi vel. Hagsmunafulltrúi sá um að setja upp á Litla torgi svo sem að tengja tölvu og slíkt. Forseti SHÍ setti svo daganna og hófst dagskráin á kynningu frá sálfræðingum NHÍ. Á fimmtudeginum voru fjórar kynningar, frá vinaverkefni Rauða Krossins, Ragnari Pétri sálfræðing og prófessor við Sálfræðideild HÍ, Guðbjörgu Daníelsdóttur frá Núvitundarsetrinu og Áslaugu Kristjánsdóttur, kynlífsráðgjafa. Hver kynning fékk hálf tíma tímaslott en gert var ráð fyrir um 20 mínútna kynningu og 10 mínútur í umræður. Kynningar gengu smurt fyrir sig og náðu flest að halda sér innan tímamarka.

Á fimmtudagskvöldinu héldum við Geðveikt Pubquiz með Hugrónu geðfræðslufélagi. Við fengum frían kút frá Stúdentakjallaranum. Kúturinn nýttist vel og fengu þau sem tóku þátt í Pubquizinu frían bjór. Þó mæting á viðburðinn hafi ekki verið mikil, þá er sem betur fer alltaf nóg af fólki á kjallaranum og var hægt að lokka mörg til þess að taka þátt. Viðburðurinn heppnaðist vel og hafði Axel, forseti Hugróunar undirbúið skemmtilegt pubquiz með allskonar spurningum tengdum geðheilsu.

Á föstudeginum var dagskráin fyrir hádegi, þá voru fjórar kynningar. Sú fyrsta frá hugleiðsluhópi háskólans, þar sem José M. Tirado kynnti starfsemi hópsins, svo kom Þórður og kynnti þjónustu sálfræðiráðgjafar háskólanema, þá fjallaði Urður Njarðvík prófessor í barnasálfræði og um hvernig foreldrar í námi geta fengið meiri tíma til að læra. Síðasta kynning daganna kom svo frá Kvíðakastinu, sem er hlaðvarp sem fjallar um geðheilbrigði og fjölluðu þau um námskvíða.

Ígrundun

Þrátt fyrir góða dreifingu var mæting fremur dræm. Hún var ágæt á fimmtudeginum og komu nokkrir stúdentar einnig bara til þess að klappa voffunum, sem er vel. Þeir voru mjög vinsælir og stóðu sig eins og hetjur. En það drógst úr mætingu þar sem eftir leið á daginn. Mæting á föstudeginum var slæm. Það mætti því skoða aðeins betur skipulag á dögnum, eflaust henta aðrir dagar betur. Það hefði t.d. mátt búast við því að mæting yrði léleg á föstudeginum þar sem háskólinn er iðulega tómlegri á föstudögum heldur en ella, þá sérstaklega fyrir hádegi. Mögulega væri sniðugra að hafa dagskrá á miðvikudegi og fimmtudegi. Einnig væri sniðugt að lengra væri milli fyrirlestra og sérstakir fyrirlestrar væru auglýstir betur einir og sér, svo áhugasöm gætu mætt á einn og einn fyrirlestur í stað þéttar dagskrá. Það veitir nemendum einnig tækifæri að koma til þess að kíkja betur á hunda milli fyrirlestra.

Svo mætti líka velja þeirri hugmynd upp hvort of mikil áhersla hafi verið lögð á fyrirlestra í ár. Eflaust væri betra að hafa meira um mismunandi uppákomur um háskólasvæðið t.d. með pop up skynjunarherbergi, jafnvel geðheilsutorg eins og alþjóðatorg á alþjóðadögum, jafnvel einhvern mat eða varning til þess að gefa og hafa svo kannski bara 2-3 „keynote“ fyrirlesara. Einnig kom upp sú hugmynd að hafa einskonar pallborð eða kappræður um áhugavert efni tengt geðheilsu t.d. hugvíkkandi efni.

Varðandi markaðsmál, þá væri sterkur leikur ef hægt væri að koma upp samstarfi milli Voff teymisins og markaðs og samskiptasviði Háskólans. Slíkt samstarf gæti leitt það af sér að viðburðurinn næði til fleira fólks en bara innan Háskólans. Sumir af þessum fyrirlestrum sem tóku þátt í ár áttu vel erindi við fleiri en bara stúdenta innan skólans. Einnig gæti það verið gagnlegt að vera með streymi eða upptökur á fyrirlestrum til þess að fólk gæti notið fyrirlestrana hvar sem er.

Fjárhagsáætlun

Í undirbúningi kom í ljós að okkur langaði að bóka fyrirlesara eða skemmtiatriði sem myndu kosta pening. Því var haft samband við hann Róbert H. Haraldsson, þáverandi sviðsstjóra Kennslusviðs og honum var send gróf tillaga að fjárhagsáætlun. Áætlað var að við myndum þurfa 200.000kr, þar af 40 þúsund á fyrirlesara og sama í skemmtiatriði. Róbert tók vel í þetta og var okkur lofað þessi peningur. Á endanum þurfti þó einungis að borga tveimur fyrirlesurum þ.e. Áslaugu og Kvíðakastinu, en ákveðið var einnig að greiða Hugrónu fyrir undirbúning og skipulag Pubquizins. Því var einungis notað 120.000kr.

6.3.6 HÁTÍÐARHÖLD 1. DESEMBER

Árum saman hafa stúdentar haldi upp á 1. desember, fullveldisdaginn. Venju samkvæmt gengu stúdentar að leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallakirkjugarði og lögðu þar blómsveig ásamt Jóni Atla Benediktssyni rektor, öðru starfsfólki og stúdentum. Forseti ráðsins flutti hugvekju til stúdenta í tilefni dagsins sem finna má í heild sinni [hér](#). Stúdentaráð bauð stúdentum svo upp á heitt kakó og smákökur á Háskólatorgi. Samkvæmt venju fékk stjórn Stúdentaráðs einnig heimboð á Bessastaði í tilefni dagsins.



6.3.7 ANTI-BUGUNARVIKUR SHÍ

Antibugunarvika SHÍ er skemmtileg nýjung sem haldin var tvisvar sinnum á starfsárinu, annars vegar í miðjum jólaprófunum (vikuna 27. nóv – 1. des) og hins vegar í miðjum vorprófum (22. – 26. apríl). Tilgangur og markmið Antibugunarvikunar er að léttu buguðum stúdentum lundina á erfiðum og kvíðavaldandi próftímum. Hugmyndafræðin er því sennilegast ekkert nýtt á nálinni í sjálfu sér en hún hefur líklegast aldrei verið sett upp í sama form og Antibugunarvika SHÍ. Verkefnið var hugarfóstur framkvæmdastjóra að mestu leyti sem fékk þó dyggan stuðning hagsmunafulltrúa og varaforseta við skipulagningu og framkvæmd.

Það sem gerir Antibugunarviku SHÍ einstaklega vel heppnað fyrirbæri er sameiginlegur ávinningur þriggja aðila; SHÍ, samstarfsaðila SHÍ og stúdenta. SHÍ fær tækifæri til að gera vel við sína samstarfsaðila sem eykur traust þar á milli og almenna ánægju með samstarfið, samstarfsaðilarnir fá óformlega að auglýsa vörur sínar til stúdenta á örvæntingafullum tíma og stúdentar njóta góðs af því að fá vörur sem *antibuga* þau við lærdóminn.

Antibugunarvika SHÍ (jólapróf)

- Á mánudeginum mætti Orkusalan og dreifði Jólaöl og miðum á Stuðsvellið. Það var ágætlega heppnað og þau fengu gott tækifæri til að sýna stuðning sinn við stúdenta í verki á miðlunum sínum.

- Á þriðjudeginum dreifðum við Joe & the Juice gjafabréfum og einblöðungum. Eins og gefur að skilja fengum við takmarkað magn af gjafabréfum og því þurftum við að velja dreifinguna vandlega.
- Á miðvikudeginum dreifðum við Red Bull. Vængjateymið frá Red Bull fór um allt háskólasvæðið og dreifði til nemenda sem voru við lærdóm þar en framkvæmdastjóri og hagsmunafulltrúi fóru í aðrar byggingar á Reykjavíkursvæðinu.
- Á fimmtudeginum dreifðum við Orku og Mist frá Ölgerðinni.
- Á föstudeginum fengum við Landsbankann til að kosta kaffi og nammi á Háskólatorgi í tilefni af hátíðardegi stúdenta 1. desember. Það gekk ótrúlega vel og við þurftum að panta miklu meira kakó en við gerðum ráð fyrir daginn áður þegar við pöntuðum hjá Hámu. Háma á hrós skilið fyrir að redda meira kakói og kaffi fyrir okkur í miðju hádegishléi þar sem fullt var að gera hjá þeim.

Antibugunarvika SHÍ (vorpóf)


- Á mánudeginum (Orkudagurinn) dreifðum við Orkusöluópal og -buffum ásamt Egils Orku og snakki frá Lay's Max frá Ölgerðinni.
- Á þriðjudeginum (ÞriðJOEdagur) dreifðum við Joe & the Juice gjafabréfum og einblöðungum ásamt Collab og Mist frá Ölgerðinni. Við fórum sérstaklega í Haga þar sem lyfjafræðin er til náms eftir að nemendur þar höfðu beðið um það á miðlunum okkar. Við fórum einnig í Tæknisetrið í Hafnarfirði þar sem tæknifræðin stundar nám, stúdentum þar til mikillar ánægju.
- Á miðvikudeginum (Miðvææængjadagur) dreifðum við Red Bull venjulegum, sykurlausum og Juneberry. Við höfðum mikið af vörinni og gátum því dreift til allra bygginga.
- Fimmtudagurinn var sumardagurinn fyrsti og því var engin formleg dagskrá. Hins vegar atvikaðist það svo að framkvæmdastjóri var á svæðinu þann dag og antibugaði því stúdenta á Háskólatorgi með snakki, súkkulaði (frá Landsbankanum) og Red Bull.
- Á föstudeginum (Bæjarinz Buzzari) mættu Bæjarins Beztu pylsur á svæðið og buðu til pylsuveislu. Framkvæmdastjóri reddaði pílum og píluspjaldi til að hafa Píluleik SHÍ í gangi samtímis – viðburðurinn hlaut því nafnið *Pílsuveisla SHÍ*. Með pylsunum voru í boði drykkir frá Ölgerðinni: Pepsi Max, Brío 0,0% og Tuborg 2,25%. Veðrið lék við okkur og við gátum verið úti í sólinni. Í píluleiknum var hægt að vinna varning frá Red Bull og Brío frá Ölgerðinni með því að hitta í *Red Bullseye*. Þau sem hittu í Græna bullseye fengu gjafabréf á Bæjarins beztu pylsur.

- Í þessari viku var einnig í gangi instagram gjafaleikur fyrir alla daga vikunnar. Þátttakan var mikil en það voru um 1.400 ummæli skrifuð við myndina.

Í vikunni buðum við líka stúdentum upp á að kíkja á skrifstofuna og ná í snarl og drykki sem höfðu verið afgangsgætur eftir hvern dag. Frábært verkefni sem jók líklegast álit SHÍ til stúdenta og samstarfsaðila.

6.3.8 STÚDENTARÁÐ Í SAMFÉLAGSLEGGRI UMRÆÐU


Stórt hlutfall íslensks samfélags eru háskólanemar er þrátt fyrir það fær málaflokkurinn takmarkaða umfjöllun í fjölmiðlum, a.m.k. ekki í samræmi við fjölda stúdenta. Í ár var lögð áhersla á að koma málefnum stúdenta reglulega í samfélagslega umræðu og tókst það með ágætum. Við upphaf árs skrifaði forseti ásamt forseta LÍS [grein um samráðsleysi við stúdenta](#) í samhengi við endurskoðun á lögum um MSNM. Að venju fékk Októberfest töluverða umfjöllun í fjölmiðlum og nýtti forseti þá iðulega tækifærið til að koma að stóru málefnum sem voru á döfnni þá stundina. [Gleðifréttir bárust frá Stjórnarráðinu](#) í september, þegar tilkynnt var um að skrásetningargjaldið við opinbera háskóla yrði ekki




hækkað. [Stúdentaráð skrifaði því um aðdraganda málsins](#) og hlaut það töluverða umfjöllun, bæði í [útlagsfréttum](#), á [RÚV](#), [Vísí](#) og [Viðskiptablaðinu](#). Skrásetningagjaldamálið var fyrirferðamikilið í fjölmiðlum í október. Mbl.is greindi fyrst frá því að [boðað væri til blaðamannafundar](#). Vísir greindi einnig frá því og birti viðtal sem tekið var eftir [blaðamannafundinn](#). RÚV var með [fréttainnslag í kvöldfréttum](#) um málið og var það fyrsta frétt. Rákel Anna skrifaði [skoðanapistil](#) á Vísí þar sem málið var útskýrt frekar. Eftir útkomu skýrslu um endurskoðun laga um MSNM fór forseti í [viðtal hjá Speglinum á RÚV](#) þar sem farið var yfir fyrstu viðbrögð við skýrslunni. Mánudaginn 12. febrúar hrinti Stúdentaráð af stað herferð undir yfirskriftinni *Léleg námslán eru pólitísk ákvörðun*. Var reistur stigi á Háskólatorgi til að vekja athygli á háum vöxtum námslána og stúdentum boðið upp á kaffi og súkkulaði til að vekja athygli á herferðinni. Forseti skrifaði [pistil á Vísí](#) og lánasjóðsfulltrúi skrifaði grein í Morgunblaðið, sem birt var á Facebook síðu ráðsins. Einnig tóku kjörnir fulltrúar skrifstofu upp stutt myndbönd sem náðu góðri dreifingu, bæði á Instagram og TikTok. Plaköt voru hengd upp

Í flestum byggingum skólans með góðri hjálp frá sjálfboðaliðum, myndum dreift á netinu og greitt var fyrir birtingu auglýsinga á strætóskýlum og öðrum auglýsingaskjám. Í kjölfar umsagnar SHÍ um frumvarp um breytingar á lögum um MSNM fóru forseti og lánasjóðsfulltrúi í morgunútvarp Rásar 1 til að vekja frekari athygli á málinu, hægt er að hlusta á viðtalið [hér](#). Einnig skrifaði lánasjóðsfulltrúi [skoðanagrein á Vísi](#).

ÁHORF Á TIKTOK MYNDBÖND SHÍ



ÁHORF Á INSTAGRAM MYNDBÖND SHÍ



Dökkbláu súlurnar sýna áhorf á myndbönd tengd viðburðum og þær appelsínugulu sýna áhorf á pólitísk myndbönd.

6.4 MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA



1 - Vinnustofa

Þann **4. október** var haldin vinnustofa um lög og úthlutunarreglur Menntasjóðsins og forgangsatíði við endurskoðunina

2 - Erindi um fjárhagsstöðu stúdenta

Í kjölfar vinnustofunnar sendi Stúdentaráð erindi á ráðuneytið um fjárhagsstöðu stúdenta, þann **19. október**

3 - Könnun og skýrsla

Stúdentaráð tók þátt í mótun á könnun um fækkun lántakenda sem lögð var fyrir úrtak stúdenta í **október**

4 - Samandregnar kröfur

Við undirbúning lagabreytingafrumvarps voru stúdentar beðnir um að draga saman kröfur og voru þær sendar á ráðuneytið **30. janúar**

5 - Umsögn

Þann **14. mars** birtist frumvarp um breytingar á lögum um MSNM í samráðsgátt stjórnvalda og skrifaði Stúdentaráð umsögn við því

Hér að ofan má sjá helstu vendingar í menntasjóðsmálum á starfsárinu. Óhætt er að segja að umræða um námslánakerfið hafi verið fyrirferðarmikil þetta starfsárið, en skv. bráðabirgðaákvæði laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 átti að kynna endurskoðun á lögum eigi síðar en á haustþingi 2023. Undangengið starfsár hafði Stúdentaráð samþykkt [stefnu ráðsins í tengslum við þessa endurskoðun](#), dags. 22. nóvember 2022. Þar er að finna ítarlega umfjöllun um námslánakerfið eftir þær grundvallarbreytingar sem gerðar voru á því 2020, auk mörkunar á áherslum SHÍ við endurskoðunina og tillögum að greiningum og gagnaöflun sem eðlilegt væri að framkvæma. Í ár miðaðist hagsmunabarátta ráðsins verulega af þessari stefnu og naut góðs af þeim undirstöðum sem með henni voru lagðar.

Stúdentaráð fór inn í veturinn með miklar vonir um úrbætur. Undir lok síðasta starfsárs hafði töluverð gremja myndast vegna lítils áhuga af hálfu stjórnvalda á samtali við stúdenta. Alexandra Ýr van Erven, Forseti LÍS, var endurkjörin og sáú hún og nýkjörin forseti SHÍ sér leik á borði að stikla á stóru um samráð stjórnvalda við stúdenta síðastliðið ár og var grein þess efnis birt á Vísi, sem lesa má [hér](#). Sumarið 2023 fengu stúdentahreyfingarnar loks að heyra hvernig háttá átti endurskoðun á lögum um menntasjóðinn. Í ágúst og september áttu að standa yfir skrif á skýrslu um endurskoðun laganna. Fulltrúar SHÍ óskuðu upplýsinga um það sem yrði greint í skýrslunni en ekki bárust skýr svör við því. Drög að skýrslunni áttu samkvæmt þessu plani að vera tilbúin í byrjun september og þá var áætlað að halda vinnustofu með ráðuneytinu og helstu hagaðilum. Áform voru um að kynna skýrsluna fyrir þinginu í lok október til að ná miklum og góðum umræðum um hana fyrir desember. Á vorþingi var svo stefnan að fara í lagabreytingar.

Úr varð að ráðherra gaf út skýrslu þann 15. desember 2023 og þann 14. mars birtist í samráðsgátt frumvarp um breytingar á lögum um MSNM. Bæði framangreind skýrsla og stefna Stúdentaráðs leiða í ljós verulega vankanta á námslánakerfinu, sem áriðandi er að bætt verði úr eins fljótt og auðið er, eins og stúdentahreyfingarnar hafa raunar bent á um árabíl. Stúdentar á Íslandi njóta ekki aðeins stuðnings sem er ófullnægjandi, heldur er hann ófyrirsjáanlegur og háður of íþyngjandi skilyrðum.

Einnig fjallaði árleg herferð stúdentaráðs um námslánakerfið að þessu sinni, en fjallað er um hana í kafla 6.5.

6.4.1 GAGNABEIDNI

Upplýsingar um námslánakerfið og framvindu endurskoðunar kerfisins og annarrar ákvarðanatöku innan stjórnarsýslunnar getur verið afar gagnleg fyrir hagsmunabaráttuna. Þann 11. júlí 2023 óskaði lánasjóðsfulltrúi SHÍ, Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, eftir öllum gögnum sem til eru í ráðuneytinu og tengjast endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna og ítrekaði þá beiðni síðar, en barst ekkert svar. Þann 31. ágúst kærði SHÍ því Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. 5. september varð ráðuneytið við beiðninni og var kærán því dregin til baka. Alls bárust SHÍ 28 skjöl. Þar er m.a. að finna skýrslu frá sjóðnum og Hrafnhildi Ástu Þorvaldsdóttur, framkvæmdastjóra sjóðsins ásamt kröfum stúdentahreyfinganna. Skjölin eru opinber og því getur hver sem er óskað eftir þeim.

6.4.2 SKÝRSLA UM LÖG 60/2020 UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA

Undir lok síðasta starfsárs bólaði lítið á samstarfsvilja stjórnvalda vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna, og hafði nokkur gremja myndast meðal stúdentahreyfinganna vegna þess. Alexandra Ýr van Erven, endurkjörinn forseti LÍS, og Raket Anna, nýkjörinn forseti SHÍ, sáu sér þann leik á borði að stikla á stóru um samráð stjórnvalda fram til þessa og var grein þess efnis birt á Vísi, sem lesa má hér.

Síðasta sumar fengust loks upplýsingar um áætlaða framvindu endurskoðunar á lögum um menntasjóðinn: Í ágúst og september áttu að standa yfir skrif á skýrslu um endurskoðun laganna. Fulltrúar SHÍ óskuðu upplýsinga um það sem yrði greint í skýrslunni en ekki bárust skýr svör við því. Drög að skýrslunni áttu samkvæmt þessu plani að vera tilbúin í byrjun september og þá var áætlað að halda vinnustofu. Áform voru um að kynna skýrsluna fyrir

þinginu í lok október til að ná miklum og góðum umræðum um hana fyrir desember. Á vorþingi var svo stefnan að fara í lagabreytingar.

Könnun

Stjórnvöld áformuðu að gera könnun til þess að rannsaka hvers vegna lántakendum hefur farið fækkandi á síðustu árum. Stúdentahreyfingarnar lýstu yfir áhuga á að taka þátt í mótun álíka könnunar og fengu jákvæð viðbrögð við því. Þann 12. september fékk LÍS send drög að spurningalista. Þann 14. september sótti Gísli, lánasjóðsfulltrúi SHÍ, fund í Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu ásamt fulltrúum LÍS og SÍNE, þar sem rætt var um framkvæmd könnunar sem lögð var fyrir úrtak stúdenta. Valdar niðurstöður könnunnarinnar voru kynntar á samráðsfundi stúdenta með ráðherra þann 21. nóvember.

Vinnustofa

Stúdentaráði bauðst að skipa þrjá fulltrúa á vinnustofu á vegum HVIN ráðuneytisins um endurskoðun laga um MSNM, sem þykir heldur lítið, þar sem félagið samanstendur af rúmlega 13.000 félagsmönnum. Boðið barst með tiltölulega skömmum fyrirvara og þar sem málið er flókið og krefst þess að allir fulltrúa séu vel inni í málunum var ákveðið að forseti, varaforseti, hagsmunafulltrúi og lánasjóðsfulltrúi myndu sækja vinnustofuna fyrir hönd SHÍ. Þar að auki var fyrirséð að heildarafstaða SHÍ kæmist tæplega til skila vegna eðlis samráðsformsins vinnustofu. Fulltrúar SHÍ höfðu einnig fengið það staðfest áður en vinnustofan var sótt að ráðuneytið tæki við skriflegum umsögnum sem bærust eftir vinnustofuna.

Vinnustofan var haldin þann 4. október og greindist efni hennar í lög um Menntasjóðinn, úthlutunarreglur hans og forgangsatriði. Á vinnustofuna mættu hagaðilar úr fjórum áttum: Frá stúdentum, stéttarfélögum, ráðuneytum og Menntasjóðnum. Unnið var á fjórum borðum þar sem aðilum úr öllum hópum var blandað saman og hvert borð kom sér saman um svar. Hvert svar var því samansóðið meðaltal allra og niðurstaða vinnustofunnar í heild samsuða þess alls. Við upphaf vinnustofunnar voru þátttakendum settar þrjár reglur: ekki mátti tala um upphæðir, ekki mátti biðja um meiri pening og ekki mátti rífast. Í kjölfar vinnustofunnar var tilefni talið til þess að gera fjárhagslega stöðu stúdenta og markmið námslánakerfisins að umtalsefni, til þess að greiða fyrir því að allir aðilar nálguðust endurskoðunina meðvitaðir um þá stöðu. Gísli, lánasjóðsfulltrúi SHÍ, skrifaði erindi um fjárhagsstöðu stúdenta sem samþykkt var af Stúdentaráði og send ráðuneytinu þann 19. október. Erindið er að finna í kafla 8.2.

Skýrslan

Í allt haust var óljóst hvenær von væri á skýrslunni um endurskoðun laga um menntasjóðinn, boðað var til fundar þann 7. desember þar sem farið var á hundavaði yfir efni skýrslunnar. Skýrslan var birt á vefsíðu stjórnarráðsins þann 15. desember.

Í inngangsorðum skýrslunnar kemur fram að markmið hennar hafi verið að draga saman reynsluna af framkvæmd laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 á þeim þremur árum sem liðin voru frá gildistöku þeirra, auk þess að leggja mat á hvort og þá hvaða lagabreytinga væri þörf á núverandi kerfi námslána. Skýrslan er að mörgu leyti fróðleg, en efnistöð og innihald hennar markast nokkuð af þeirri takmörkuðu reynslu sem fengist hefur af nýja kerfinu, auk þeirra áhrifa sem Covid-19 faraldurinn hafði. Af þessum sökum var frá upphafi ljóst að erfitt yrði að svara þeim spurningum sem settar voru fram í skýrslunni með afgerandi hætti.

Á meðal þeirra atriða sem dregin voru fram í skýrslunni var það, hve mikið lántökum hefur fækkað á undanförunum árum. Fram kemur að gert hafi verið ráð fyrir því, við setningu hinna nýju laga, að árið 2024 yrðu lánþegar um 10.000 talsins, en útlit er fyrir að raunverulegur fjöldi lánþega verði um þriðjungur þess. Þrátt fyrir að það sé ekki tekið fram í skýrslunni er þessi fækkun nokkurt tilefni til þess að hafa áhyggjur, vegna þess hve líklegt það er að samhliða fækkun lántaka fjölgi þeim sem vinna með námi, og því versni námsframvinda í háskólum landsins. Á hinn bóginn kann fækkun lántaka að gefa til kynna að fjárhagsstaða stúdenta fari batnandi, sem væri þá vísbending um góðar horfur í þeim efnum, en leiðir þó ekki til þess að fækkunin sem slík geti talist góð, enda um tvö aðskilin fyrirbæri að ræða. Eftir sem áður er erfitt að segja til um hvort að til framtíðar litið muni lántökum fækka, fjölga eða fjöldi þeirra standa í stað, enda gæti fækkunin skýrst af mörgum þáttum. Í skýrslunni eru settar fram vangaveltur um hugsanlegar orsakir og er þar sérstaklega nefnt aukið fjármálalæsi, óhagstæð lánakjör og þróun hagvaxtar, að þeirri forsendu gefinni að neikvæð fylgni sé milli hagvaxtar og fjölda lántaka. Þessar tilgátur eru allar nokkuð sennilegar, þótt staldra megi við að fjármálalæsi geti orsakað minni lántöku. Lántakar sem geta ávaxtað lánsfé tapa sjaldnast á því að taka námslán og því mætti tefla fram þeim mótrökum að fækkun lántaka skýrist í einhverjum tilfellum af minnkandi fjármálalæsi. Hvort sem sannara reynist er erfitt að henda reiður á áhrif þessara þátta. Stúdentaráð gagnrýndi nokkuð að öðrum hugsanlegum orsökum fækkunar lántaka hefðu ekki verið gerð skil í skýrslunni þrátt fyrir að blasa við, auk þess að hafa verið nefndar af fulltrúum stúdenta. Má þar helst nefna að menning og félagsleg viðmið á Íslandi geri ráð fyrir því að stúdentar vinni með námi, að þróun lýðfræðilegra þátta á borð

við aldursdreifingu íslenskra háskólanema dragi úr líkum á lántöku og loks að áhættufælni í viðskiptum geri fólk ólíklegra til þess að taka lán með vaxtaafleiðu og skilyrðisbundinni niðurfellingu, ólíkt því sem var þegar styrkjakerfi námslána fólst í föstum, niðurgreiddum vöxtum.

Á meðal helstu niðurstaðna skýrslunnar var að nýtt styrkjakerfi vekti ánægju. Ekki var þó greint frá því hvar sú ánægja hefði verið látin í ljós, eða af hverjum, enda hefur það sætt töluverðri gagnrýni að styrkirnir séu ekki hærri en 30% niðurfelling, ólíkt 40% í Noregi. Þá hefur verið gagnrýnt að styrkirnir séu aðeins veittir í lok náms og að stúdentar hafi ekki haft frelsi til þess að færa sig milli námsleiða án þess að tapa styrknum. Námsframvindukrafa sem er skilyrði styrksins hefur einnig sætt gagnrýni, líkt og segir í skýrslunni.

Enn fremur greinir frá því í skýrslunni að áhætta sem námsmenn bera af vaxtastigi námslána fram að útskrift sæti gagnrýni, líkt og fjármálaráðuneytið hefur bent á auk fulltrúa stúdenta. Þá segir að þungt og flókið regluverk námslána kosti um 20% af öllum framlögum ríkisins til námsaðstoðar í gegnum Menntasjóð. Af hálfu fulltrúa stúdenta hefur þessu ekki verið mótmælt, en þó verður að slá þann varnagla að ekki hefur verið gerður samanburður á milli rekstrarkostnaðar Menntasjóðsins og annarra lánastofnana eða annars konar úttekt á rekstrarkostnaði sem gæti gefið vísbendingu um þann kostnað sem raunhæft er að stefna að. Ljóst má þó telja að tækifæri séu til þess að létta á regluverkinu, ekki síst frá sjónarmiði lántaka sem er vandi á höndum að

Loks er að finna minnisblað fjármálaráðuneytisins í viðauka við skýrsluna. Þar koma fram nokkuð umfangsmiklar og harðorðar athugasemdir við framkvæmd laganna, en fulltrúar SHÍ sáu ekki tilefni til þess að láta að sér kveða að því er þær varðaði. Þó var áréttað að hvers kyns ákvarðanir um rekstrar- og fjármögnunarfyrirkomulag sjóðsins ættu að stefna að því markmiði að tryggja hagkvæman rekstur og betri nýtingu fjármuna sem skilaði sér til stúdenta.

Af skýrslunni má ráða að fulltrúar Menntasjóðsins og stúdenta hafi allir verið sammála um að styrkir eigi að vera veittir jafnóðum og einingum er lokið, að kerfið sé of flókið og að vaxtaþakið sé of hátt. Farið er yfir helstu niðurstöður skýrslunnar á heimasíðu stjórnarráðsins.

Þann 18. desember fór Rakel Anna, forseti SHÍ, í viðtal þar sem farið var yfir fyrstu viðbrögð við skýrslunni. Stefnt var að því að fara í lagabreytingar á vorþingi og sagði Háskóla,- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra á samráðsfundi við forystu stúdentahreyfinganna að hafa yrði hraðar

hendur ef það ætti fram að ganga. Óljóst var með hvaða móti samráði við undirbúning á lagabreytingum yrði háttað, en LÍS óskuðu eftir útlistun á því.

Allir aðrir fundir boðaðir af ráðuneytinu voru einungis til upplýsinga, ekki til að koma að sjónarmiðum hagaðila. Ljóst er að hér er aðeins um sýndarsamráð að ræða. Hefði Stúdentaráð ekki komið sínum sjónarmiðum að, að eigin frumkvæði, væri útkoma vinnustofunnar einu upplýsingarnar sem ráðuneytið hefði um sjónarmið Stúdentaráðs er varðar Menntasjóð námsmanna.

6.3.6. ENDURSKOÐUN LAGA UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA

Fulltrúar SHÍ, ásamt fulltrúum frá LÍS og SÍNE, sóttu fund í háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu föstudaginn 19. janúar þar sem óskað var eftir samantekt um kröfur stúdenta við vinnslu á frumvarpi. Stuðst hefur verið við plaggið sem hlaut samþykki á janúarfundi Stúdentaráðs um efni herferðar SHÍ. Eru þar þrjú punktar í fyrirrúmi: 1) Lægra vaxtaþak, 2) Norskir námsstyrkir: 25% niðurfelling eftir hverja önn og 15% við námslok, 3) lán veitt fyrir hverri einingu og 22 eininga lágmark afnumið sem skilyrði fyrir lántaka. Þar að auki hefur LÍS bætt við kröfum sem allar samræmast stefnu Stúdentaráðs varðandi endurskoðun laga MSNM. Kröfunum var skilað til ráðuneytisins þann 30. janúar og þær er að finna í ársskýrslu LÍS. Fulltrúar stúdenta lögðu mikla áherslu á að samráðsferli ráðuneytisins yrði að fela í sér samræður, þar sem stúdentar skila ekki aðeins inn kröfum heldur fá einnig að heyra afstöðu ráðuneytisins til þeirra svo að til verði samtal um þær áherslur.

Mánudaginn 26. febrúar voru fulltrúar SHÍ, LÍS og SÍNE boðaðir á fund þar sem fyrirætlaðar breytingar á sjóðnum voru kynntar, en þó var óskað eftir fullum trúnaði. Fundurinn var kynntur sem samráðsfundur en öllum spurningum sem fulltrúar stúdenta báru upp á fundinum var beint til ráðherra, svo augljóst var að ekki yrði nokkurt rými fyrir stúdenta til að hafa áhrif á tillögurnar. Í kjölfarið sendi SHÍ athugasemdir um breytingarnar í tölvupósti á ráðuneytið, en þar var lögð sérstök áhersla á að fulltrúar stúdenta vildu fá nýtt bráðabirgðaákvæði um endurskoðun inn í löginn. Sú krafa ber auðvitað skýr merki þess að þær tillögur sem ráðuneytið bar fram hafi valdið gífurlegum vonbrigðum.

Þann 14. mars birtist í samráðsgátt stjórnvalda frumvarp til laga um breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna. Óvenjulega stuttur frestur var gefinn til umsagnar, aðeins ein vika. Skrifstofa SHÍ þurfti því að hafa hraðar hendur við undirbúning viðbragða og voru þau borin

undir stúdentaráð í rafrænni atkvæðagreiðslu miðvikudaginn 20. mars. Í ljósi þess að breytingarnar sem lagðar voru til í samráðsgátt voru umfangsminni en stúdentaráð hefur ítrekað óskað eftir vann skrifstofa bæði yfirlýsingu og umsögn í sitthvoru lagi. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að umsögnin var hnitmiðuð og sneri aðeins að þeim breytingum sem lagðar voru til í frumvarpinu. Þó var rík ástæða til að fjalla frekar um þá þætti sem ekki voru teknir fyrir í frumvarpinu og því var yfirlýsingin einnig gerð, til þess að vekja frekari athygli á því að Stúdentaráð teldi þetta ekki fullnægjandi endurskoðun á lögunum um MSNM. Þar gafst líka færi á að tala um ferlið í heild sinni, gagnrýna samráðið ofl. sem vilji var til að koma á framfæri, en ekki var rými fyrir í umsögn. Umsögnina og yfirlýsinguna er að finna í köflum 8.10 og 8.11.

6.4.4 ÚTHLUTUNARREGLUR MENNTASJÓÐS NÁMSMANNA

Árlega setur ráðherra úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna, þar sem lög um sjóðinn eru nánar útfærð, kveðið á um fjárhæð námslána, skilyrði lántöku og fleira. Segja má að í úthlutunarreglunum komi fram allar helstu reglur er varða ívilnanir til lántaka sem eru í námi og virkri lántöku, en að í lögunum komi fram greiðsluskilmálar og annað sem snertir kjör lántaka eftir að afborganir hefjast. Þegar úthlutunarreglurnar eru settar komast því vafalítið fáar ákvarðanir nálægt því að skipta jafn miklu máli fyrir kjör stúdenta sem eru lántakar. Vel þessa vitandi er það hlutverk lánasjóðsfulltrúa ár hvert að beita sínum kröftum til þess að gera líklegra að úthlutunarreglur næsta árs verði kjarabót. Í stuttu máli sagt er markmiðið hér ekki annað en að sannfæra ráðherra um að taka slíka ákvörðun, en að þeim málalýktum liggur ekki stikuð leið.

Á liðnum vetri lagði Gísli, lánasjóðsfulltrúi SHÍ, mesta áherslu á að vekja athygli á slæmri fjárhagsstöðu stúdenta, hárrí atvinnuþátttöku og því að ríkissjóði væri ekki endilega hagfelld að gjalda fyrir litla lántöku með lágri námsframvindu í háskólum landsins vegna mikillar atvinnuþátttöku. Með þessu var ætlunin að ýta undir eftirspurn eftir aðgerðum í þágu námslánakerfisins og sannfæra stjórnvöld um að til staðar væru vandamál sem hægt væri að leysa með auðveldum hætti, þannig að menntakerfið eflidist og samfélagið allt nyti góðs af. Í raun þjónaði öll opinber umræða og erindi til stjórnvalda þessu markmiði. Því til viðbótar var nokkur vinna unnin innan stjórnar Menntasjóðs námsmanna, sem gerir árlega tillögur til ráðherra um úthlutunarreglur næsta skólaárs. Ekki er hægt að gera hér grein fyrir því sem fram fór á þeim vettvangi, en sem fyrr var almenn áhersla lögð á að fjárhagsstaða stúdenta væri slæm og úr því þyrfti að bæta. Ráðherra gaf út úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2024-2025 þann 26. mars 2024, sem eru að mestu leyti sama efnis og úthlutunarreglur ársins á undan, en víkja



Stúdentaráð Háskóla Íslands


þaðan að nokkru leyti. Þar hæst hækkun frítekjumarksins úr 1.6 milljónum í 2.2 milljónir og umtalsverð hækkun skólagjaldaláns. Mikið fagnaðarefni er að heilt yfir virðist hér um að ræða mestu kjarabót sem orðið hefur á einu ári að minnsta kosti frá árinu 2010, þegar grunnframfærslan hækkaði um h.u.b. 25.000 krónur á núvirtu verðlagi eftir mikla lækkun árið 2009.

6.5 HERFERÐ STÚDENTARÁÐS – LÉLEG NÁMSLÁN ERU PÓLÍTÍSK ÁKVÖRÐUN

LÉLEG NÁMSLÁN ERU PÓLÍTÍSK ÁKVÖRÐUN


Árlega fer SHÍ í herferð og þetta árið lá beinast við að einblína á menntasjóðinn í ljósi yfirvofandi endurskoðunar og meðfylgjandi lagabreytinga. Var herferð síðasta árs höfð til fyrirmyndar, bæði hvað varðar skýr og hnitmiðuð skilaboð, lengd herferðarinnar og notkun ólíkra miðla.

Herferðin var til umræðu á fundi Stúdentaráðs í desember og hugmyndir kjörinna fulltrúa á skrifstofu kynnt, þar bárust margar gagnlegar athugasemdir og var lagt upp úr virku samtali við stúdentaráðsliða við vinnslu herferðarinnar. Borin var upp sú einfalda tillaga að herferð ráðsins þetta starfsárið myndi snúa að umfjöllun um úrbætur á MSNM og þær úrbætur sem nú er tækifæri til að ráðast í. Tillagan var samþykkt einróma með 12 atkvæðum og skrifstofu Stúdentaráðs falið að útfæra og vinna herferðina nánar. Segir í fundargerð: *Umræðurnar einkenndust af því að stúdentaráðsliðar voru samþykkir að MSNM væri gott herferðarefni en að það þyrfti markvissan pól til þess að herferðin myndi skila árangri.* Forseti hafði þá þegar átt fyrsta fund með auglýsingastofunni Aton JL til að leggja línurnar fyrir herferðina, en hluti af samningi Stúdentaráðs við Landsbankann felst í því að bankinn greiðir fyrir vinnu auglýsingastofunnar við herferð.



Á janúarfundi ráðsins var ítarleg lendingarsíða herferðarinnar borin upp til samþykktar. Nokkrar umræður sköpuðust á fundinum þar sem nokkrir stúdentaráðsfulltrúar viðruðu áhyggjur sínar um að tillagðar kröfur Stúdentaráðs væru ekki til þess fallnar að ráðuneytið myndi verða við þeim. Fulltrúi Vöku tjáði sömuleiðis á fundinum að afstaða hans, og líklegast flestra í Vöku, væri að þau væru ósammála áhersluatriðunum og að tillagðar breytingar séu í andstöðu við markmið laganna. Hægt er að lesa frekar um umræðurnar í fundargerð. 11 stúdentaráðsliðar greiddu atkvæði með og tveir sátu hjá.

Yfirheiti herferðarinnar var *Léleg námslán eru pólitísk ákvörðun*. Unnið var með þrjár kröfur; lægri vexti, hærri styrki og lán fyrir hverri einingu. Herferðin sjálf, landingarsíða samtengd heimasíðu Stúdentaráðs, var sett í loftið snemma morguns mánudaginn 12. febrúar þar sem inntak herferðarinnar var kjarnað í stuttu máli í samhengi við slagorðin, ásamt því að settir voru upp sérstakir „spurt & svarað“ flekar á student.is þar sem farið var dýpra ofan í ákveðin atriði. Fréttatilkynning sem sneri að inntaki herferðarinnar var send út snemma sama dag og leitast var við að fá fjölmiðlaumfjöllun um efnið. Einnig var sendur fjöldapóstur á alla nemendur til að auglýsa kröfur Stúdentaráðs í málefnum námslána. Reistur var stigi á Háskólatorgi til að vekja athygli á háum vöxtum námslána og stúdentum boðið upp á kaffi og súkkulaði í tilefni herferðarinnar. Rakel Anna skrifaði [pistil á vísí](#) og Gísli skrifaði grein í morgunblaðið, sem birt var á Facebook-síðu Stúdentaráðs. Kjörnir fulltrúar skrifstofu tóku upp stutt myndbönd í upptökuveri Háskólans í Setbergi sem náðu góðri dreifingu á samfélagsmiðlum ráðsins, sérstaklega á Instagram og TikTok. Plaköt voru hengd upp í flestum byggingum skólans með góðri hjálp frá sjálfboðaliðum innan Stúdentaráðs, myndum var dreft á netinu og greitt var fyrir birtingu auglýsinga á strætóskýlum og öðrum auglýsingaskjám við helstu umferðaræðar borgarinnar.



LÆKKUM VAXTA- ÞAKIÐ

LÉLEG
NÁMSLÁN
ERU PÓLÍTÍSK
ÁKVÖRDUN

STUDENT.IS

VEITUM 40% NIÐUR- FELLINGU EFTIR HVERJA ÖNN

LÉLEG
NÁMSLÁN
ERU PÓLÍTÍSK
ÁKVÖRDUN

STUDENT.IS

LÁNUM FYRIR HVERRI EINGU

LÉLEG
NÁMSLÁN
ERU PÓLÍTÍSK
ÁKVÖRDUN

STUDENT.IS

LÆKKUM VAXTA- ÞAKIÐ

LÉLEG
NÁMSLÁN
ERU PÓLÍTÍSK
ÁKVÖRDUN

STUDENT.IS

Menntakerfið, tækifæri og hagsæld

Óflugt menntakerfi er grundvallarforsenda framþróunar og velsældar í hverju samfélagi. Flestum eða öllum nútíma-samfélögum er ljóst að til þess að fólk geti þroskast, lært og gefið af sér til samfélagsins er ríkulegt aðgengi að haldgóðri menntun nauðsynlegt skilyrði. Í hvert sinn sem þú ert samfélagsins fær ekki menntun við sitt hæfi vegna

hindrana af einhverju tagi er því ekki aðeins um misskiptingu að ræða heldur missir allt samfélagið af því sem þú ert hefði annars haft fram að færa. Ísland hefur sem betur fer lagt nokkuð á sig til að koma í veg fyrir þetta, enda værum við annars illa sett. Heilbrigðisstarfsfólk væri enn færra, hugvit og verðmætasköpun legðu þá lítið af mörkum til hagsvaxtar og við ættum erfitt með að aðlagast hröðum tækniframförum og þróun í heiminum, svo fáein dæmi séu nefnd.

Lágt menntunarstig, enda dýrt að vera stúdent

Ef til vill er það býsna útbreidd skoðun að við stöndum okkur ágætlega í þessum efnun, hér sé ekkert mál að mennta sig, þekking sé mikil og við stöndum vel á pari við samanburðarþjóðir, en því miður er þetta ekki rétt. Íslendingar eru menntaðir nokkuð, en ekki mikið: Við erum á meðal allra minnst menntuðu þjóða í OECD og stöndum öðrum Norðurlandþjóðum mikið aftar. Þessi staða er snjóhengja sem mun falla á okkur í framtíðinni og er að stórum hluta til komin einmitt vegna þess að það er töluvert mál að ganga menntaveginum. Íslenskir stúdentar geta átt von á því að eiga í meiri fjárhagslegum erfiðleikum en evrópskir, einkum ef þeir reida sig á námslán. 31% íslenskra stúdenta glúmir við alvarleg fjárhagsvandráði, nokkuð sem eingöngu Georgía og Tyrkland geta „toppað“ í evrópskum samanburði.

Við verðum að spyrja okkur hvers vegna við höfum ekki getað gert betur en raun ber vitni – hvers vegna fólk langar ekki í háskólanám eða hefur ekki kost á því. Að mínum dómi er hluti svarsins augljós: Annars vegar hefur of margt fólk ekki efni á því að fara í nám og hins vegar ákveður of margt fólk að sleppa því, vegna þess að það er of dýrt. Sú staða er ólíðandi vegna þess að þetta fólk hefði getað orðið sérfræðingarnir sem okkur vantar í dag. Við þetta bætist að skortur á stuðningi við námsmenn hefur leitt af sér háa atvinnuþátttöku stúdenta, sem flengjast af þeim sökum í námi og eru ólíklegri til þess að ljúka því. 72% allra íslenskra stúdenta vinna með



Gísli Laufeyjarson
Höskuldsson

námi, að sumarvinnu frátalinni, sem er með því allra mesta sem gerist í Evrópu.

Hafi ráðamenn sannarlega vilja til þess að á Íslandi höfum við öll jöfn tækifæri til náms yrði líklega engin ein aðgerð jafn árangursrík og að bæta námslánakerfið. Stúdentar hafa hartnær frá því að heimur skapaðist

» Prátt fyrir mikilvægi menntunar í nútímasamfélagi er menntunarstig lágt á Íslandi. Orsök þess er meðal annars fjárhagslegar hindranir námsmanna.

bent á að námslánin dugi ekki til framfærslu og við þekkjum öll napurlegar sögur þeirra sem greiða af námslánum, en samt hefur ekki verið gripið til almennilegra aðgerða sem stemma stigu við vandamálinu. Þangað til að það gerist verður háskólanám áfram þéttskipað af hindrunum og við missum af menntuðu fólki sem við getum ekki verið án til frambúðar. Til samanburðar eru aðgerðir til hagræðingar á háskólastigi lítið haldreiði. Rétt er þó í sambengi við hagræðingu að benda hér á að sómasamlegt námslánakerfi myndi draga úr atvinnuþátttöku, þar með auka námsárangur og bæta námsframvindu stúdenta. Þannig myndu ríkissjóði sparast milljarðar í tilkostnað á hverju ári. Þetta segi ég ekki út í loftið heldur eru þessi áhrif marggreind og hafa sýnt sig í öðrum OECD-löndum.

Ráðamönnum er frjálst að gera námslán þannig úr garði að hægt sé að þrífast á þeim. Þeir geta sömuleiðis hæglega séð til þess að námslán beri ekki sömu vexti og búðalán, að hvatatengdir styrkir séu a.m.k. sambærilegir við það sem er annars staðar á Norðurlöndum og að námslán séu veitt í samræmi við loknar námseiningar. Sú ákvörðun hefur verið tekin að skera við nögl í menntakerfinu og við hin, þjóðin og atvinnulífið, gjöldum fyrir missi tækifæra og lágt menntunarstig.

Ráðuneyti Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur endurskoðar nú lög um Menntasjóð námsmanna og nýtt breytingafrumvarp er væntanlegt í vor. Vonandi felur breytingin í sér að almennilega sé staðið að því að veita öllum tækifæri til náms – við höfum ekki efni á öðru.

6.6 FJÁRMÖGNUN HÁSKÓLASTIGSINS

Kerfið sem ákvarðar hve miklum fjármunum ríkisins er varið í háskólana og hvernig því er skipt milli háskólanna kallast reiknilíkan eða fjármögnunarlíkan. Í dágóðan tíma hefur staðið til að endurskoða líkanið, en það hafði ekki verið gert í um aldarfjórðung, þar til í vetur. Stúdentahreyfingarnar hafa um árabil kallað eftir endurskoðun á þessu fyrirkomulagi sem á köflum er flókið og óskýrt. Breytingar á reglum um fjárframlög til háskóla voru kynntar á blaðamannafundi þann 18. september og í kjölfarið settar í samráðsgátt. Stúdentaráð skrifaði umsögn og bindur vonir við að eftir breytingarnar verði kerfið betur í stakk búið til að útskrifa nemendur með alhliða þroska sem gagnast bæði við rannsóknir og eflingu atvinnulífsins. Til þess þurfi þó að líta gætilega til allra þátta, enda vandasamt verk að búa til hvata sem hafa tilætluð áhrif. Stefna stjórnvalda er að prufukeyra nýtt reiknilíkan samhliða fjárveitingum á grundvelli eldra kerfis með fjárlögum næsta árs. Við lok starfsárs er enn óljóst hvernig fjárveitingum verður háttað á næstu árum og hvaða útkomu það mun skila til lengri tíma.

Þetta voru þó ekki einu vendingarnar sem urðu á starfsárinu er varða fjármögnun háskólastigsins en öllum að óvörum kynnti ráðherra að sjálfstætt starfandi háskólum landsins, sem eru þrír talsins, byðist að fá fulla fjármögnun skv. nýkynntu reiknilíkani, að niðurfelldum skólagjöldum. Setti það alla þá vinnu sem unnin hafði verið af hendi áður en þessar upplýsingar komu fram á sjónarsviðið í annað ljós.

6.6.1 ENDURSKOÐUN Á REIKNILÍKANI HÁSKÓLANNA

Vinnustofur

Fjallað er almennt um kosti og galla vinnustofurfyrirkomulagsins í kafla 5.2. um samstarf við stjórnvöld. Ráðuneytið hélt þrjár vinnustofur sem sneru að endurskoðun reiknilíkansis á síðasta almannaksári. Sú fyrsta var haldin þann 19. maí 2023. Fulltrúar SHÍ þar voru Rebekka Karlsdóttir, þáverandi forseti Stúdentaráðs og Dagmar Óladóttir, varaforseti SHÍ 2023-2024. Þar voru til umræðu ýmsir mælikvarðar tengdir fjárveitingu háskóla, kosti þeirra og galla og voru stúdentar beðnir um að taka afstöðu til þeirra og forgangsraða. Vinnustofan var opnuð með innleggi um helstu breytur að mælikvarða í reiknilíkunum í nágrannalöndum okkar og sérstaklega var fjallað um finnska kerfið sem mögulega fyrirmynd.

Önnur vinnustofan var þann 30. maí 2023. Þar áttu stúdentar aðeins einn fulltrúa, Alexöndru Ýr van Erven, forseta LÍS. Á vinnustofunni voru reikniflokkar til umræðu, en fyrirhugað var að fækka reikniflokkunum úr 16 í fjóra, og skipta námsbrautum niður í reikniflokka eftir þörf fyrir

námsaðstöðu. Einn flokkurinn er þá fyrir bóklegt nám, annar fyrir bóklegt og verknám, sá þriðji fyrir bóklegt, verknám og sérhæfða aðstöðu og sá fjórði væri fyrir annað sem fellur ekki þarna undir, t.d. búvísindi, listnám og tannlæknanám.

Síðasta vinnustofan, sem haldin var þann 1. september 2023, var haldin eftir fyrirspurnir stúdentahreyfinganna. Þar voru samfélagslegar áherslur til umræðu. Fulltrúar stúdenta voru þar fimm, þar af fjórir frá SHÍ, allir kjörnir fulltrúar á réttindaskrifstofu SHÍ: Dagmar Óladóttir, Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, Raket Anna Boulter og Rannveig Klara Guðmundsdóttir. Tekin var ákvörðun um að vinna ekki verkefni sem sett voru fyrir á þeirri vinnustofu heldur skila inn skriflegu svari sem er að finna í ársskýrslu LÍS. Alexandra Ýr van Erven, forseti LÍS, fimmti fulltrúinn á vinnustofunni, sá að mestu leyti um skrif á svarinu og bar það undir fulltrúaráð LÍS.

Á fulltrúaráðsfundi LÍS þann 5. september var fjallað um fjármögnunarlíkan háskólanna, Daði Már Kristófersson kynnti þar fyrirkomulagið sem hefur verið við lýði og velti upp möguleikum sem búa í væntanlegum breytingum á því.

Viðbrögð SHÍ

Á samráðsfundi stúdentahreyfinganna með ráðherra voru drög að nýju reiknilíkani kynnt, staðfest áform voru síðan birt á blaðamannafundi þann 18. september. Þann 11. október birtust reglur um fjárframlög til háskóla í samráðsgátt stjórnvalda. Skrifstofa vann [umsögn](#) sem borin var undir stúdentaráð í rafrænni atkvæðagreiðslu þann 5. nóvember og hana er að finna í kafla 8.4.

Á fund Stúdentaráðs í janúar kom Guðmundur Ragnar Jónsson, framkvæmdastjóri miðlægar stjórnsýslu HÍ, kynnti nýtt reiknilíkan og bar það saman við þá fjármögnunaraðferð sem áður var við lýði. Einnig kynnti hann fyrir ráðinu hvernig fjármunum er skipt innan skólans, en til þess styðst skólinn við svokallað deililíkan. Forseti hafði fundað með honum við vinnslu á umsögn Stúdentaráðs.

6.6.2 NIÐURLÖGD SKÓLAGJÖLD SJÁLFSTÆÐRA HÁSKÓLA

Þann 13. febrúar bauð Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sjálfstætt starfandi háskólum landsins að leggja niður skólagjöld en fá í staðinn óskert framlög frá ríkinu. Listaháskóli Íslands og Bifröst þáðu tilboðið og verða skólagjöld þar lögð niður frá og með næsta hausti en Háskólinn í Reykjavík hafnaði

tilboðinu. Á stúdentaráðsfundi þann 5. Mars samþykkti Stúdentaráð yfirlýsingu vegna þessara breytingar á fjárframlagi ríkissins til háskólastigsins. Settu þessar breytingar nýjan svip á allt það ferli sem fram hafði farið um breytingar á reiknilíkaninu. Innan Háskóla Íslands myndaðist mikil óánægja um meðferð þessa máls, m.a. vegna þess að ráðherra upplýsti rektor HÍ ekki um fyrirhugaðar breytingar, heldur frétti hann fyrst af breytingunum í fjölmiðlum. Verða það að teljast einkennileg vinnubrögð, enda hafa breytingarnar varanleg áhrif á fjármögnun HÍ til frambúðar. Engar af stúdentahreyfingunum, hvorki úr opinberum né sjálfstætt reknu, höfðu heyrt af málinu fyrr en tilkynnt var um það í fjölmiðlum.

SHÍ skrifaði yfirlýsingu í kjölfar þessarar tilkynningar ráðherra og er yfirlýsinguna að finna í kafla 8.9.

6.6.2 HAPPRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Vart er hægt að taka fjármögnun Háskóla Íslands fyrir án þess að minnast á einn hornstólpa þess, Happraætti Háskóla Íslands. Í febrúar bars forseta Stúdentaráðs boð á fund til að ræða Happraætti Háskóla Íslands (hér eftir HHÍ). Fundurinn fór fram þann 1. mars og hann sátu, ásamt forseta, Alma Hafsteinsdóttir, formaður félags áhugamanna um spilafíkn (hér eftir SÁS) og Tryggvi Rúnari Brynjarsson, doktorsnema í sagnfræði. Markmið fundarins var að hvetja Stúdentaráð til að taka virkari þátt í að stuðla að betra umhverfi fyrir spilafíkla héraendis. Er það margþátta barátta, sem felur m.a. í sér að takmarka verulega eða alveg aðgang að spilakössum eins og þeim sem HHÍ heldur úti. Ekki síður felur það í sér aukið rými fyrir rannsóknir á spilafíkn, en fræðipækking og rannsóknir sem gerðar hafa verið héraendis á spilafíkn eru af skornum skammti, ekki af ástæðulausu. Þegar spilakassar eru ómissandi þáttur í fjármögnun stærstu opinberu rannsóknarstofnun landsins er ómögulegt fyrir starfsfólk stofnunarinnar að stunda óháðar rannsóknir á spilafíkn. Launþegi er ekki ákjósanlegasti rannsakandi vinnuveitenda síns, ef niðurstaðan gæti komið niður á afkomu launþegans sjálfs. Eins er Háskóli Íslands ekki í góðri stöðu til að rannsaka spilafíkn, ef möguleg niðurstaða gæti leitt það í ljós að draga þurfi úr framboði á ávanabindandi fjármögnunaraðferð samhliða því að þrengja löggjöf og þar með minnka tekjur Háskóla Íslands. Með þessari tilhögun er þannig vegið að akademísku frelsi innan HÍ. Gera má ráð fyrir að þetta hafi áhrif á bæði starfsfólk og nemendur í hinum ýmsu deildum, t.a.m. félagsfræði, félagsráðgjöf, sálfræði og lögfræði. Þá má jafnvel ímynda sér að taki nemendi í ritlist upp á að skrifa verk um spilafíkn yrði að taka fram að byggingin sem hafi hýst höfundin á meðan á skrifum stóð hafi alfarið verið fjármögnuð af gróða úr spilakassa.

Á starfsárinu gafst ekki tími til að leggjast að fullum þunga í baráttu fyrir afnámi á notkun spilakassa innan HHÍ og var ekkert því tengt borið undir ráðið. Fulltrúar stúdenta í háskólaráði tjáðu sig um málið í vetur og lögðu fram bókun sem hægt er að lesa í eftirfarandi [fundargerð](#).

6.7 SKRÁSETNINGARGJALD VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS



1 - Skrásetningargjaldið ekki hækkað

Þann **20. september** barst tilkynning um að skrásetningargjaldið við opinbera háskóla yrði ekki hækkað, þrátt fyrir óskir rektors í upphafi árs 2023

2 - Úrskurður

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema úrskurðaði þann **5. október** um ólögmæti skrásetningargjaldsins

3 - Krafa um endurgreiðslu

Þann **26. október** sendi Stúdentaráð frá sér erindi þar sem krafist var endurgreiðslu ólögmætra skrásetningargjalda

4 - Bréf til UA

Stúdentaráð sendi hvatningu til umboðsmanns alþingis til frumkvæðisathugunar á skrásetningargjaldinu, sem samþykkt var á stúdentaráðsfundi þann **13. desember**

5 - Háskólaráðas úrskurðar

Á fundi háskólaráðs þann **4. apríl** hafnaði ráðið kröfu nemenda um endurgreiðslu á skrásetningargjaldi

Um árabíl hefur Stúdentaráð dregið lögmæti skrásetningargjaldanna í efa. Vinna við að láta reyna á lögmæti gjaldsins hófst eftir að rektor fór á leit við ráðherra snemma árs 2020 um að hækka lögbundið hámark skrásetningargjaldanna úr 75.000 kr. í 104.000, sem ekki fékkst og aftur sóttist rektor eftir að hámarkið yrði hækkað í 95.000 kr. í lok árs 2022. Í september 2023 hafnaði ráðherra þeirri beiðni m.a. á þeim grundvelli að ófullnægandi útskýringar sem liggja að baki gjaldinu, eins og hún útskýrði í [viðtali á Bylgjunni](#).

Haustið 2021 kærði Jessý Jónsdóttir, þáverandi hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs, gjaldið. Háskólaráð hefur síðan þá tekið málið fyrir í þrígang og í öll skiptin synjað kröfu kæranda um endurgreiðslu. Áfrýjunarnefnd kærumála háskólanema hefur í tvígang úrskurðað um málið, seinni úrskurðurinn barst í október 2023 og ákvað stúdentaráð í kjölfar hans, á aukafundi ráðsins, að krefja háskólann um endurgreiðslu skrásetningargjaldsins. Blés ráðið til blaðamannafundar vegna þess og hlaut málið töluverða umfjöllun í fjölmiðlum. Um seinni úrskurðinn og viðbrögð ráðsins við honum verður fjallað nokkuð ítarlega hér að neðan. Á starfsárinu sendi Stúdentaráð málið einnig til umboðsmanns Alþingis og hvatti hann til að *taka málið upp að eigin frumkvæði/frumkvæðisathugunar*, sem hann kvaðst ekki geta gert að svo stöddu. Stúdentaráð hefur allt frá upphafi þessa máls lagt áherslu á að fjárframlög ríkisins til háskóla þurfi að hækka og að ekki sé rétt að sækja það fé sem upp á vantar í vasa stúdenta.

6.7.1 SKRÁSETNINGARGJALDIÐ EKKI HÆKKAÐ

[Gleðifréttir bárust frá Stjórnarráðinu](#) þann 20. september þegar tilkynnt var formlega um að skrásetningargjaldið við opinbera háskóla yrði ekki hækkað. [Stúdentaráð skrifaði því um aðdraganda málsins](#) og hlaut það töluverða umfjöllun, bæði í [morgunfréttum RÚV](#) á [RÚV](#), [Vísí](#) og [Viðskiptablaðinu](#).

6.7.2 SKRÁSETNINGARGJALDIÐ VIÐ HÍ ÚRSKURÐAÐ ÓLÖGMÆTT

Kæra (4/2022) barst áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema þann 17. nóvember 2022 og nefndin skilaði úrskurði þann 5. október 2023. Áfrýjunarnefndin felldi þar með úr gildi ákvörðun háskólaráðs, sem hafnaði endurgreiðslu skrásetningargjalds til Jessýjar Jónsdóttur, nemanda. Áfrýjunarnefndin telur framkvæmdina ekki eiga sér lagastoð. Enn fremur segir í úrskurðinum að „grundvöllur fyrir innheimtu skrásetningargjalds HÍ, eins og hann liggur fyrir í dag, sé ekki fullnægjandi og brjóti þannig gegn lögmætisreglu stjórnarsýsluréttarins“.

Skrifstofa fékk úrskurðinn í hendurnar frá kæranda 6. október. Ekki tókst að funda um málið með kæranda fyrr en 16. október. Var þá of seint að taka málið fyrir á Stúdentaráðsfundi 19. október, þar sem sá fundur hafði þegar verið boðaður og útlit var fyrir þetta dagskrá. Að höfðu samráði við meðlimi stjórnar SHÍ, þó utan hefðbundins stjórnarfundar, óskaði forseti eftir minnisblaði frá Jónu Þórey Pétursdóttur á lögfræðistofunni Rétti, þann 17. október. Samið var um hámarkskostnað 220.000 kr. og var ljóst að Jóna Þórey gæti unnið málið á sem skemmstum tíma, þar sem hún þekkti vel til málsins eftir að hafa gengt embætti forseta Stúdentaráðs 2019-2020. Einnig veitt Jóna Þórey ráðinu góðan afslátt á sinni vinnu og því fékkst minnisblaðið á hagstæðara verði en annars hefði mátt ætla. Fjárútlátin rúmuðust innan fjárhagsáætlunar sem hafði legið fyrir í fundargögnum frá 13. október. Minnisblaðið var hluti af forsendum fyrir umræðu ráðsins um lagalega möguleika SHÍ, sérstaklega þar sem úrskurðurinn varðaði einstakling. Minnisblaðið var afhent skrifstofu föstudaginn 20. október.

Skrifstofa ákvað að vinna kröfu sem berast þurfti háskólanum fyrir næsta háskólaráðsfund, þann 2. Nóvember, en fundardagskrá fyrir fundina er iðulega birt 6 dögum fyrr. Þann 23. október var auka Stúdentaráðsfundur um málið boðaður og hann haldinn 26. október. Fjallað er nánar um tilurð fundarins í kafla 7.8. Á fundinum samþykkti ráðið [erindi](#) þar sem endurgreiðslu ólögmætra skrásetningargjalda er krafist. Þess er krafist að Háskóli Íslands endurgreiði öllum þeim sem greitt hafa skrásetningargjöld við skólann síðan árið 2014.

Í kjölfar þess að erindið var sent á Háskóla Íslands blés Stúdentaráð til blaðamannafundar um málið, föstudagsmorguninn 27. október.

Afstaða Stúdentaráðs

Úrskurður áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema í máli nr. 4/2022 frá 5. október 2023 felur í sér að úrskurður háskólaráðs frá 3. nóvember 2022, um höfnun á endurgreiðslu skrásetningargjalds til kæranda málsins, var felldur úr gildi. Úrskurðurinn er byggður á þeirri niðurstöðu áfrýjunarnefndar að ekki liggja nægjanlega traustir útreikningar eða kostnaðaráætlanir fyrir við ákvörðun skrásetningargjaldsins. Þar sem skrásetningargjöld við opinbera háskóla teljast til þjónustugjalda er nauðsynlegt að fjárhæð gjaldsins byggi á traustum útreikningum eða fullnægjandi áætlunum. Þetta hafi skort og því telst Háskóli Íslands hafa brotið gegn lögumreglu stjórnisýsluréttar.

Stúdentar eiga ekki að fjármagna Háskólann

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur um árabil bent á afleiðingar þess að opinber háskólamenntun á Íslandi sé undirfjármögnuð og að afleiðingar þess bitni helst á stúdentum. Þykir okkur bæði sorglegt, ófaglegt og óásættanlegt að Háskóli Íslands seilist í vasa stúdenta til að afla fjár til að brúa það bil sem vanfjármögnun opinberu háskólanna leiðir af sér. Það á að vera á ábyrgð stjórnvalda að styrkja opinbera háskólamenntun, ekki stúdenta.

Stúdentar eru almennt tekjulítill hópur sem stendur fjárhagslega höllum fæti. Okkur þykir óásættanlegt að verið sé að krefja stúdenta um ólöglegar og íþyngjandi greiðslur. Könnun Stúdentaráðs, sem lögð var fyrir nemendum í apríl síðastliðnum, sýna sláandi [niðurstöður um fjárhagsstöðu stúdenta](#). Staðan er verulega slæm, námslán grípa ekki þau sem þurfa á þeim að halda og of margir stúdentar neyðast til að vinna með námi til að eiga möguleika á að ná endum saman. Í augum margra er 75.000 kr ekki há upphæð en fyrir stúdenta skiptir hver króna máli, sérstaklega þegar hún hefur verið innheimt ólöglega og er innheimt árlega, svo fljótlega safnast þetta upp og getur haft verulega þýðingu fyrir fjárhag stúdents.

Oft ber Ísland sig saman við önnur Norðurlönd. Þegar kemur að stuðningi við opinbera háskólamenntun erum við eftirbátur þeirra þjóða sem við viljum bera okkur saman við. Stuðningur við nemendur hér á landi er umtalsvert minni en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Forsenda samkeppnishæfni háskólamenntunar og samkeppnishæfni

Íslenskra stúdenta við opinbera háskóla gagnvart nemendum annarra Norðurlanda er raunverulegur og fullnægjandi stuðningur hins opinbera.

Stúdentaráð hefur krafist þess að Háskóli Íslands endurgreiði skrásetningargjöld sem hafa verið innheimt á ólöglegan hátt. Það gengur ekki að stúdentar séu látnir halda uppi fjármögnun opinberra háskóla. Við leggjum þunga áherslu á að grundvallarvandinn sem háskólastigið á Íslandi glímir við í dag sé alvarleg vanfjármögnun sem hefur valdið því að ráðist er í þessa ólögmætu gjaldtöku en á því bera stjórnvöld alla ábyrgð.

Næstu skref

Á stúdentaráðsfundi þann 15. janúar 2024 ályktaði ráðið að skrifstofa ráðsins skuli beita kröftum sínum eftir tilefni og föngum, í samræmi við lög og verklagsreglur, til þess að vinna að framgangi hvers lags málareksturs er miðar að því að reyna á lögmæti skrásetningargjalda Háskóla Íslands. Við þessa vinnu skal skrifstofan hafa að leiðarljósi virka upplýsingagjöf og samráð við stúdentaráð, stjórn þess og fylkingar.

Samráð við háskólann

Reglulegum samráðsfundi forseta Stúdentaráðs með rektor var aflýst í kjölfar þess að forseti óskaði eftir að ræða lögmæti skrásetningargjaldsins á fundinum. Rektor vildi frekar að fulltrúar Stúdentaráðs funduðu með Magnúsi Jökli Sigurjónssyni og Ara Karlssyni um málið. Fór sá fundur fram miðvikudaginn 8. nóvember 2023 og sótti hann, fyrir hönd Stúdentaráðs, Rakel Anna Boulter, Siguður Helgi Birgisson og Gísli Laufeyjarson Höskuldsson. Á fundinum reifuðu þeir afstöðu skólans, sem í grófum dráttum er sú að ekkert athugavert væri við þessa framkvæmd en að rökstuðning vantaði og hans væri nú aflað. Háskólaráð hefur enn ekki tekið kröfu Stúdentaráðs fyrir, en kröfu Jessýar Jónsdóttur um endurgreiðslu var hafnað á fundi háskólaráðs þann 4. apríl 2024, eins og fram kemur í [fundargerð ráðsins](#).

6.7.3 HVATNING TIL FRUMKVÆÐISATHUGUNAR Á SKRÁSETNINGARGJALDINU SEND Á UMBOÐSMANN ALÞINGIS

Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, Lánasjóðsfulltrúi SHÍ, skrifaði hvatningu til umboðsmanns alþingis til frumkvæðisathugunar á skrásetningargjaldinu. Bréfið var sett sérstaklega snemma í fundargögn fyrir Stúdentaráðsfund þann 13. desember, til þess að stúdentaráðsliðum gæfist rúmur tími til að kynna sér efni bréfsins, með tilliti til þess að lok nóvember og byrjun desembermánaðar er háannatími hjá stúdentum. Erindið hlaut einróma samþykki

Stúdentaráðs, með 13 greiddum atkvæðum og var sent á umboðsmann Alþingis þann 3. janúar 2024.

6.8 GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Geðheilbrigðisþjónusta við háskólans hefur aukist gríðarlega á síðustu árum, m.a. með sérstökum aukastyrk sem barst frá stjórnvöldum á vormánuðum 2021 og fjallað var ítarlega um í ársskýrslu þess starfsárs. Á liðnu starfsári rann sá tími upp að styrkurinn kláraðist. Einn sálfræðingur var tímabundið ráðinn í hálfstarf á menntavísindasvið og var fyrirséð að sá samningur rynni út þegar styrkurinn kláraðist. Við háskólann hefur þar að auki ríkt ráðningabann um nokkurt skeið og því var ljóst þegar einn sálfræðinganna þriggja fastráðnu sagði upp, að ekki yrði ráðið í hennar stað. Við upphaf árs 2024 var því ljóst að sálfræðiþjónusta við Háskóla Íslands myndi rýrna um helming á vorönn. Frá 1. apríl 2024 hafa því aðeins verið tveir starfandi sálfræðingar, í 50% starfshlutfalli hvor, við Háskóla Íslands.

6.8.1 YFIRLÝSING UM STÖÐU GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTU VIÐ HÍ

Skrifstofa var í góðu samtali við sálfræðingana og fannst báðum aðilum rík ástæða til að bregðast við þessum aðstæðum. Skrifstofa vann yfirlýsingu og bar hana undir Stúdentaráð þann 7. febrúar, hana er að finna í kafla 8.8. Sá varaforseti sá mest megnis um að safna gögnum og útbúa yfirlýsinguna, ásamt hagsmunafulltrúa og forseta. Þar er það farið yfir stöðu geðheilbrigðisþjónustu við háskólann, kemur m.a. fram að sú þjónusta sem Sálfræðiþjónust HÍ hefur boðið upp á hefur verið vel sótt, en þau fengu um 400 nýjar beiðnir árlega síðustu tvö ár, þar fyrir utan eru hópmeðferðirnar sem boðið er upp á einnig vel sóttar. Farið var yfir hlutfall nemenda á sálfræðinga og það borið saman við aðra skóla, héraendis og erlendis. Einnig var farið yfir aða aðgerða þyrfti að grípa til að bæta úr stöðunni. Sérstaklega mikilvægt er að gæta sérstaklega að þessu við breytingar á fjármögnunarfyrirkomulagi skólans, en nýtt reiknilíkan leggur mikla áherslu á að nemendur fari hratt í gegn um námið.

Yfirlýsingin var í kjölfarið send á Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið sem og Háskóla Íslands. Málið var rætt á samráðsfundi við ráðherra og sótti varaforseti sérstakan fund um málið með fulltrúum frá ráðuneytinu. Svörin frá ráðuneytinu voru þau að skólarnir fengju til sín fjármagn sem þeim væri svo í sjálfsvald sett hvernig ætti að deila innanhúss. Ekki væri áhugi til að veita aukarlegs eyrnamerks fjármagns umfram það. Styrkurinn sem síðast barst hafi verið algjör undantekning

Forseti ræddi efni erindisins við rektor á reglulegum samráðsfundum þeirra og tók rektor undir áhyggjur stúdenta. Hann tók sérstaklega undir að vert væri að skoða þetta í samhengi við nýja reiknilíkanið. Nemendaráðgjör HÍ fellur undir Kennslusvið, en sú deild fór langt fram úr sinni áætlun á síðasta skólaári. Rektor hefur sett það í hendur Kristins Andersen, sviðsstjóra Kennslusviðs, að leita leiða til að fjármagan fleiri sálfræðing. Forseti óskaði eftir því að málið yrði tekið upp á háskólaráðsfundi í mars en ekki var hægt að verða við þeirri bón vegna þéttar dagskrár fundarins og lítils fyrirvara. Málið hefur ekki verið tekið upp á fundum síðan þá. Sérstaklega mikilvægt er að næsta Stúdentaráðs fylgi þessu máli vel eftir.

6.8.2 GEÐHEILBRIGÐISHÓPUR HÍ

Geðheilbrigðishópur innan Háskóla Íslands var settur á fót 2018. Í honum sitja nú tveir sálfræðingar sem starfa við Háskólann (sálfræðingarnir voru fjórir við upphaf árs), deildarstjóri nemendaráðgjafar, sviðsstjóri kennslusviðs, prófessor í geðlæknisfræði, forstöðumaður Sálfræðideildar og forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Hópurinn hefur það hlutverk að sjá um fyrirkomulag og útfærslu geðheilbrigðisþjónustunnar sem Háskóli Íslands veitir.

Hópurinn fundaði einu sinni á liðnu starfsári, snemma á vorönn, í tilefni af fyrirséðum niðurskurði á þjónustu. Allir fundargestir voru sammála um að málefnið væri brýnt og bregðast þyrfti við sem allra fyrst. Niðurstaða fundarins var að Svandís Sturludóttir, deildarstjóri nemendaráðgjafar HÍ, sendi erindi á forseta allra fræðasviðanna til að vekja athygli þeirra á stöðunni, beinum áhrifum hennar á nemendur og þar með sviðin. Þá var vinnsla við erindi Stúdentaráðs þegar hafin og fékk hópurinn að lesa yfir erindi ráðsins.

6.9 HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ Á STAÐNUM

Eðli málsins samkvæmt hafði heimsfaraldurinn veruleg áhrif á háskólasamfélagið allt, eins og fjallað er um í síðustu ársskýrslum Stúdentaráðs. Tæpum tveimur árum eftir að öllum takmörkunum var aflétt ber háskólasvæðið enn þess merki. Fyrirséð var að það gæti tekið einhvern tíma að hlutir færu aftur í samt horf. Tíminn líður hratt, stúdentar stoppa flestir stutt við í háskólanum og því má ætla að brátt hafi stærsti hluti nemenda ekki upplifað háskólasvæðið og félagslíf stúdenta í þeirri mynd sem var fyrir covid. Á síðastliðnu starfsári hefur orðið ljóst að háskólasvæðið hefur ekki leitað ósjálfrátt í sama horf og fyrir covid. Félagsstofnun Stúdenta þurfti að loka þremur sölustöðum Hámu á árinu vegna þessa, brást SHÍ við því og úr var að Eirbergi var haldið opið út skólaárið með styrkjum frá HÍ. Fjallað er nánar um það í kafla 5.4 um samstarf við FS.

Áætla má mætingu á háskólasvæðið eftir ýmsum þáttum en hún er ekki mæld með eiginlegum hætti, svo sem með teljurum við inngang. Það væri auðvitað flókið í framkvæmd vegna fjölda bygginga ofl. en þó væri áhugavert að skoða hvaða gagnsemi þær nákvæmu upplýsingar hefðu. Þeir þættir sem þó gefa einhverja mynd af fjölda fólks á svæðinu eru sölutölur Hámu og fjöldi afgreiðslna þar og fjöldi bíla á bílastæðum háskólans. Einnig er mæting skráð í einstaka námskeiðum en þeim upplýsingum er hvergi safnað saman fyrir allan skólann.

Afleiðingar þess að færri séu á háskólasvæðinu eru margvíslegar, en m.a. má gera ráð fyrir að breytingarnar hafi rík áhrif á tengslamyndun stúdenta, virka þátttöku í náminu og andlega líðan, eins og kannanir í covid sýndu fram á. Það er því rík ástæða til að kanna nánar hver orsök þessarar þróunnar sé og þarf háskólinn þá að setja sér skýra stefnu um áframhaldandi þróun, sérstaklega ef áhugi er fyrir því að snúa þessari þróun við, eða ná stjórn á henni, að því móti sem hægt er.

Á samráðsfundi Stúdentaráðs með hagsmunafélögunum í fyrra var mæting og þátttaka til umræðu og mátti þar heyra að staðan var mjög misjöfn á milli nemendafélaganna og ólíkar áskoranirnar sem þau stóðu frammi fyrir. Í kjölfar fundarins sendi varaforseti því könnun á nemendafélögin til að kortleggja stöðuna betur, enn hefur ekki verið unnin niðurstaða upp úr þeim svörum, en beina þau öll í áttina að því að nemendur þurfi aukinn hvata til að mæta á staðinn.

6.9.1 HÓPUR UM STEMNINGU Á HÁSKÓLASVÆÐINU

Þann 21. febrúar 2024 sendi forseti Stúdentaráðs póst á dreifðan hóp innan háskólans og kallaði í kjölfarið til fundar þar sem umfjöllunarefnið var stemning á háskólasvæðinu. Póstur fór á Félagsstofnun stúdenta, Félag háskólakennara, Markaðs og samskiptasvið HÍ, Kennsluvið HÍ, Rektorsskrifstofu og önnur sem hafa komið að máli við fulltrúa stúdenta eða sýnt þessu máli sérstakan áhuga.

Fundurinn fór fram þann 20. mars 2024. Umræðuefni fundarins var hver birtingarmynd vandamálsins væri, hver orsökina væri og hverjar væru mögulegar afleiðingar þess. Þá var því velt upp hvað hægt væri að gera, fyrst öllum aðilum þótti ljóst að hlutirnir færu ekki aftur í sitt gamla horf verði ekkert aðhafst.

Ekki var skýr verkáætlun mótuð en eftirfarandi hugmyndir voru viðraðar og hafa nokkrar þegar verið settar í ferli en öðrum á enn eftir að finna farveg:

Kanna ástandið: SHÍ vann könnun þar sem leitast var við að svara spurningunni „Hvað fær nemendur til að mæta í skólann?“ Könnunin hefur þegar verið unnin og eru niðurstöður hennar að finna í kafla 6.2.1. Rík ástæða er til að kanna umhverfi og líðan kennara og starfsfólks í tengslum við þetta viðfangsefni.

Auglýsingaherferð: FS og Markaðs- og samskiptadeild háskólans hafa lengi haft uppi hugmyndir um að útbúa auglýsingar til að kynna háskólasvæðið og þar með samheldni háskólasamfélagsins. Háskólasvæðið við Háskóla Íslands er einstakt á landsvísu og ætti það að vera stór áhrifaþáttur í ákvörðun nýstúdentna við val á háskóla.

Ímyndarherferð: Að sporna gegn hugmyndum um að allt háskólanám sé hægt að sækja heimanfrá. Mikilvægt er að sá möguleiki bjóðist, en það má ekki vera á kostnað námsframboðs með virkri viðveru.

Bætt námsaðstaða í skólanum, þarna geta úrbæturnar verið bæði stórar og smáar

- Bæta rými sem þegar eru til staðar. T.a.m. er ljómandi rúmgóð og björt námsaðsta á Háskólatorgi en vegna þess hve erfitt er að hlaða raftæki þar og vegna kulda á veturna eru færri nemendur þar en möguleiki væri á.
- Námsaðstöður sem nemendafélög hafa fyrir sig eru betur nýtt en önnur. Sviðsráð gætu átt í betra samráði við umsjónamann tilheyrandi bygginga fyrir það svið. Einnig þarf að gæta jafnræðis nemendafélaga, en töluverður munur er á aðstöðum nemenda milli námsbrauta og ákveðin hópur nemenda hefur ekkert skilgreint rými.

Aukinn fræðileg umræða á óformlegri vettvangi:

- Hvetja kennara til að fara með nemendur sína á kaffihús til að spjalla um námsefnið. Til eru háskólar erlendis þar sem fjármagn er frátekið sérstaklega fyrir þessháttar viðburði.
- Þónokkuð er um viðburði í háskólanum, en þeir eru misvel sóttir, því miður. Kannski þarf að endurskoða hvernig staðið er að slíkum viðburðum. Eru þeir ekki næginlega vel auglýstir eða eru viðburðirnir ekki nógu miðaðir að þáttakendum?

- Halda ætti fleiri umræðuþing um málefni líðandi stundar. Sumstaðar í háskólum erlendis tíðkast að hafa einkonar kappræður, þar sem fulltrúar tveggja andstæðra afstæðna mætast, hvor um sig flytur framsögu og svo er spurningum úr sal svarað.

Skipulögð myndun hópa:

- Í ákveðnum námsbrautum Hugvísindasviðs hafa verið settir af stað svokallaðir mentor-hópar fyrir nýnema, eins og SHÍ heldur utan um fyrir alþjóðanema. Hægt væri að taka þetta upp í fleiri námsbrautum.
- Námsbrautir geta tekið þátt í að efla nemendafélög og hvetja til þátttöku í þeim. Stúdentaráð hefur lagt upp úr því að hvetja nemendafélög til þess að hópa sig saman fyrir stóra viðburði, eins og Októberfest. Hægt væri að hafa fleiri viðburði þar sem nemendafélögin keppa hvort á móti öðru, eins og nýnemamót og Ölympíulieikar SHÍ.

Fleiri skemmtilegir viðburðir hjá SHÍ á skólatíma:

- Hægt væri að fjölga skemmtilegum uppákomum eins og anti-bugunarvikunni, sem Stúdentaráð hefur staðið fyrir tvívegis í vetur, í prófatíð í bæði skiptin, til þess að gleðja stúdenta sem eru við lærdóm í byggingum skólans og þar með hvetja nemendur til að mæta í skólann.

Að lokum **bar fjármögnun háskólans** að sjálfsögðu á góma, öll vötn renna til Dýrafjarðar og í þessu tilfalli er það fjármögnun háskóla Íslands. ***

Ef ekki verður brugðist hratt við þessu ástandi er hætta á að snjóboltaáhrif verði í þjónustu sem býðst á háskólasvæðinu. Þetta er því rétti tíminn til að framkvæma auglýsingaherferð um háskólasvæðið og háskólasamfélagið. Helst þyrfti auglýsingin að vera unnin í haust til að hægt væri að setja hana í loftið um næstu áramót, þá strax fara nemendur að velja á milli skóla.

Í framhaldinu þarf svo að hvetja til þess að aukin þjónusta komi inn á svæðið, eins og Stúdentaráð hefur talað fyrir um árabíl t.d. lágvöruverslun, heilbrigðisþjónusta, apótek, dósamóttaka og vínbúð.

6.9.2 TILLÖGUR STÚDENTARÁÐSLIDA UM AÐBÚNAÐ Í HÁSKÓLABYGGINGUM

Fjölmargar tillögur bárust er varða aðstöðu nemenda á háskólasvæðinu, eins og eðlilegt er. Tillögurnar komu undir lok starfsársins, á febrúar og mars fundi Stúdentaráðs svo takmarkað hefur náðst að koma þeim í skýran farveg. Hægt er að lesa tillögurnar í heild sinni í tilheyrandi fundargerðum. Mikilvægt er að þessum tillögum verði fylgt eftir á viðeigandi stöðum, mikið af þeim geta sviðsráð unnið áfram en öðrum þarf að finna annan farveg.

Á febrúar fundinum barst tillaga frá Elísabetu Söru Gísladóttur um að koma upp sjálfssala á Háskólatorgi. Dagbjört Ósk Jóhannadóttir lagði fram tillögu um að þrýst yrði áfram á hreiður í Sögu, en bæði tillöguberi og Rannveig Klara Guðmundsdóttir höfðu lagt mikla áherslu á þetta á þartilgerðum fundum, án tilætlaðs árangurs. Einnig bættist við tillaga á fundinum frá Guðna Thoracius um aðgengi að Árnagarði, en sú bygging er ekki aðgengileg með aðgangskorti nemenda, ólíkt öðrum byggingum. Allar tillögurnar hlutu samþykki.

Á mars fundi Stúdentaráðs barst tillaga frá Guðna Thorlacius um að frískáp verði komið fyrir á háskólasvæðinu, einnig lögðu Arna Dís Heiðarsdóttir, Emilía Björt Írisardóttir og Ólöf Soffía Eðvaldsdóttir fram tillögu um bættu nemendaaðstöðu fyrir nemendafélg á félagsvísindasviði og bættan aðbúnað í Odda og Eiður Snær Unnarsson lagði fram tillögu um aðgangskort að byggingum HÍ. Hlutu allar tillögurnar samþykki.

6.9.3 LOKUN SÖLUSTAÐA HÁMU

FS hefur síðastliðin ár verið í mikilli uppbyggingu. Þegar fjöldatakmörkanir vegna Covid faraldursins takmörkuðu umferð um háskólasvæðið tók FS ákvörðun um að halda sölustöðum Hámu opnum, þrátt fyrir að fyrirséð væri að það skilaði ekki hagnaði. Eftir að fjöldatakmarkunum var aflétt hefur fjöldi afgreiðslna þó aldrei náð sömu hæðum og var fyrir faraldurinn. FS hefur haldið í vonina um að háskólasamfélagið myndi taka við sér en eftir þrjár annir og engin tákni á lofti um breytingar sá FS sér ekki annarra kosta vöð en að draga saman þjónustu.

Málið var til umræðu undir lokuðum fundarlið á fundi ráðsins þann 14. nóvember, þar sem ráðinu var tilkynnt um fyrirséðar lokanir í Háskólabíói, Eirbergi og Odda.

28. nóvember var tilkynnt um að Háma í Háskólabíói myndi loka um áramót og Háma í Eirbergi og Háma í Odda myndu loka 1. mars 2024. Í kjölfar þessarar tilkynningar sendi SHÍ erindi til

Háskóla Íslands vegna skerðingar á þjónustu FS þar sem hvatt var til að háskólinn tæki vikan þátt í að veita þjónustu á háskólasvæðinu. Háskólinn varð við þessari bón Stúdentaráðs og veitti Hámu í Eibergi styrk til að halda henni opinni út skólaárið. Þessi aðgerð háskólans er auðvitað aðeins til bráðabyrgða, ljóst er að viðvera nemenda á háskólasvæðinu verður að aukast til muna svo hægt sé að snúa þessari þróun við.

6.9.4 FLUTNINGUR MENNTAVÍSINDASVIÐS Í SÖGU

Flutningur Menntavísindasviðs í endurnýjað húsæði Hótel Sögu átti að verða að veruleika haustið 2024. Í vetur hafa verið blikur á lofti um að flutningnum seinki að hluta, en kennslustofur á að setja í forgang. Rannveig Klara, hagsmunafulltrúi SHÍ 2023-2024 og nemendi á Menntavísindasviði, hefur setið í miðlægum starfshópi um flutninginn þar sem gefist hefur færi á að koma sjónarhóli nemenda á framfæri. Einnig hafa fulltrúar sviðsráðs á Menntavísindasviði setið í starfshópi innan sviðsins um flutninginn. Lögð hefur verið sérstök áhersla á nemendarymi til lærdóms og samsetu, auk rýmis fyrir foreldra, en hátt hlutfall nemenda á Menntavísindasviði eru foreldrar, sérstaklega í ljósi þess að sviðið býður upp á gott úrval af fjarnámi. Því er sérstaklega mikilvægt að aðstan sé viðunandi þegar nemendur þurfa að sækja staðlotur. Mikil spenna er í loftinu vegna flutninganna, sem kemur til með að sameina háskólasamfélagið betur á einum stað.

6.9.5 KENNSLUDAGAR

Dagana 11. – 15. mars stóð Kennsluakademía opinberu háskólanna í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri fyrir Kennsludögum og tók Stúdentaráð þátt í að undirbúa og auglýsa hluta af viðburðunum. Peter Felten, prófessor í sagnfræði, framkvæmdastjóri miðstöðvar um virkni í námi og kennslu sem og aðstoðarforstöðumaður kennslumiðstöðvar við Elon háskóla í Bandaríkjunum heimsótti HÍ á kennsludögum. Þann 13. mars flutti hann fyrirlestur um mikilvægi tengsla í menntun og því fylgdi pallbor, að fyrirlestrinum loknum voru pallborðsumræður um mikilvægi tengsla í menntun í íslensku háskólakerfi sem Rakel Anna Boulter tók þátt í fyrir hönd Stúdentaráðs. Föstudaginn 15. mars var haldið utan um kennslukaffi í Bóksölu stúdenta, þar sem nemendur og kennarar komu saman að ræða um góða kennslu. Því miður var heldur dræm mæting á þann viðburð.

6.10 SKIPULAGS- OG SAMGÖNGUMÁL

6.10.1 AÐGENGI FYRIR FATLAÐA Á HÁSKÓLASVÆÐINU

Hagsmunafulltrúi SHÍ ásamt jafnréttisnefnd SHÍ hófu úttekt á aðgengismálum í byggingum Háskóla Íslands og umhverfi skólans í haust og var áætlað að fullklára þær niðurstöður á starfsárinu, það tókst því miður ekki. Til er forvinna sem hægt væri að vinna áfram og væri þá tilvalið fyrir Stúdentaráð að útbúa einskonar gátlista yfir atriði sem háskólinn á eftir að bæta í aðgengismálum.

Í vetur hafa komið upp vandamál tengdum aðgangsstýringarhliðum, sem sett hafa verið upp við bílastæði háskólans við Öskju. Til að komast inn um þau þarf að hafa háskólakort sem ekki er tryggt að astoðafólk hreyfihamlaðra hafi, hliðið hefur því heft aðgengi fatlaðra að byggingunni. Skrifstofan hefur gagnrýnt aðgerðarleysi skólans í þessum málefnum og virtist skólinn allur að vilja gerður til að bæta úr þessu með einhverju móti. Þó hefur lítið átt sér stað í þeim efnum. Sérstaklega mikilvægt er að huga að þessu ef setja á upp fleiri álíka hlið þegar lögð verður gjaldskylda á fleiri bílastæði háskólans!

6.10.2 BÍLASTÆÐAGJÖLD VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Á reglulegum samráðsfundum forseta með rektor í vetur hefur verið ítrekað verið spurst fyrir um stöðu mála í skipulags- og bílastæðamálum. Fyrirséð hefur verið um þónokkurt skeið að bílastæðagjald verði ekki sett á fyrir en umhverfispassi býðst stúdentum á viðráðanlegu verði. Gengið hefur verið út frá því að gjaldtaka á bílastæðum hefjist haustið 2024, að því gefnu að U-passi bjóðist stúdentum samhliða.

Ferðavenjukönnun

Skrifstofan las yfir ferðavenjukönnun framkvæmda- og tæknisviðs sem lögð verður fyrir úrtak nemenda og starfsfólks á næstunni. Forseti lagði áherslu á að könnunin væri skýrt fram sett og að með henni fylgdu miklar og góðar upplýsingar til að koma í veg fyrir hvers kyns misskilning. Um miðja haustönn lagði Framkvæmda- og tæknisvið téða könnun fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Von var á frumniðurstöðum á spurningum sem tengjast U-passa og verð á honum í byrjun janúar, en áður var áætlað að niðurstöður myndu berast töluvert fyrir.

Fjallað var um málið á háskólaráðsfundi 11. janúar. Í samskiptum skrifstofu SHÍ við Framkvæmda- og tæknisvið í desember kom fram að “Sviðsmyndir um upphæðir bæði hvað varða bílastæði og U-passa munu ekki liggja fyrir 11. janúar í það minnsta.”

A og B leiðir kynntar á Háskólaþingi

Háskólaþing, sem áður var áætlað í nóvember en var frestað, verður þess í stað haldið 17. janúar. Á Háskólaþinginu verður Þróunaráætlun háskólasvæðisins kynnt og erindi haldið um rekstur bílastæða, U-passa og samgöngusamningar. Ástæða frestunarinnar var einmitt sú að ónægar upplýsingar vou til grundvallar ákvörðunar um skipulagsmál. Stúdentaráð skiptar 10 fulltrúa á Háskólaþing, en þar sitja jafnframt kjörnir fulltrúar úr röðum akademískra starfsmanna og starfsmanna við stjórnsýslu skólans. Háskólaþingið leggur fram bókanir sem fara til Háskólaráðs en það er háskólaráð sem tekur allar ákvarðanir. Næsti fundur háskólaráðs, eftir háskólaþing, verður 1. febrúar.

Háskólaþing fór fram 17. janúar og voru þar annars vegar kynnt drög að Þróunaráætlun fyrir svæði Háskóla Íslands og síðan samgöngu- og bílastæðamál. Töluvert meiri umræður voru um seinni dagskrárlíðinn, þar sem kynntar voru tvær leiðir: A og B.

A) Að innleidd verði gjaldtaka af bílastæðum, gerður samningur við Strætó um U-passa fyrir nemendur og starfsfólk og breyttur samgöngusamningur fyrir starfsfólk.

B) Að innleidd verði gjaldtaka af bílastæðum með undanþágu fyrir nemendur og starfsfólk á völdum svæðum. Þetta felur í sér að nemendur og starfsfólk geti skráð bifreið sína á lista og greiði hóflegt bílastæðagjald, líkt og áformað er hjá Landspítalanum.

Á þinginu vakti forseti stúdentaráðs máls á því að engin umræða hafi verið um leið b á neinu stigi þar sem stúdentar eiga fulltrúa, hvorki í bílastæðahóp né háskólaráði. Í ofanálag voru engin fundargögn fyrir þennan lið svo þeim tæplega hundrað þingfulltrúum sem sátu þingið gafst engin kostur til að undirbúa sig fyrir umræður um þessar tillögur.

Þinginu var ekki ætlað að kjósa milli leiðanna tveggja, þær voru aðeins teknar til umræðu og var salurinn nær einróma sammála um að leið A væri betri kosturinn. Forseti Stúdentaráðs lagði ríka áherslu á að vanda yrði til verka við innleiðingu t.a.m. til að tryggja að breytingarnar hafi ekki neikvæð áhrif á mætingu nemenda.

Til rökstuðnings við leið B minntust fulltrúar háskólans á að Landspítalinn væri þegar með slíkt fyrirkomulag, forseti spurðist því fyrir um hvernig það reyndist spítalanum. Fulltrúi spítalans sagði þetta aðeins tímabundið ástand.

Afstaða Stúdentaráðs

Málið var til umræðu á fundi stúdentaráðs 5. mars, þangað kom Kristinn Jóhannesson frá framkvæmda- og tæknisviði og kynnti leiðir A og B sem kynntar voru á háskólaþingi fyrr um vorið. Þá hafði háskólaráð enn ekki tekið ákvörðun um málið en kom þó fram á fundinum að ekki hefði verið raunhæft fyrir háskólann að fara leið A á þessu ári. Þetta kom fulltrúum Stúdentaráðs á óvart, enda hafði þetta ekki komið fram á háskólaþinginu né í samtali forseta við rektor.

Á fundinum var borin upp tillaga um að Stúdentaráð beitti sér fyrir upptöku leiðar B í bílastæðamálum ásamt þess að krefjast U-passa. Var Júlíus Viggó Ólafsson tillöguberi og sköpuðust miklar umræður um tillöguna, sem hægt er að lesa í fundargerð fundarins. Tillögunni var þó á endanum vísað frá vegna afstöðu meirihluta ráðsins um að afstaða ráðsins til þessa máls hefði þegar verið gerð skýr á fundi ráðsins þann 14. febrúar á síðasta starfsári, sem meirihluti vildi ekki víkja frá. Afstaðan sem þar er vísað til er aðgengileg í [fundargerð](#) þess fundar. Í meginráttum er þar kveðið á um að ráðið beiti sér fyrir samgöngukorti fyrir stúdenta á viðráðanlegu verði áður eða samhliða gjaldskyldu á bílastæðum háskólans.

Ákvörðun háskólaráðs

Á háskólaráðsfundi þann 7. mars var tekin ákvörðun um að hefja gjaldtöku á bílastæðum við Háskóla Íslands 1. september 2024. Stúdentar og starfsfólk mun þá geta skráð sína bíla og til að fá undantekningu á gjaldskyldunni, greiði þau um 1.500 kr mánaðarlega. Stefna Stúdentaráðs í skipulags- og samgöngumálum er mjög skýr varðandi það að Háskóli Íslands verði, ásamt öðrum hagaðilum Vatnsmýrarsvæðisins, að stuðla að breyttum ferðavenjum og sporna gegn auknum umferðarpunga á svæðinu. Jafnframt felst krafa Stúdentaráðs í því að samhliða þeirri þróun verði stúdentum tryggt aðgengi að umhverfisvænum fararmátum með U-passa, samgöngukorti að evrópskri fyrirmynd. Í ljósi ákvörðunar háskólaráðs sem fer gegn þessum forsendum kusu fulltrúar stúdenta í Háskólaráði á móti tillögunni og lögðu fram bókun sem hægt er að finna [hér](#). Forseti ræddi við Vísi í kjölfar ákvörðunarinnar sem hægt er að sjá [hér](#) og var því sjónvarpað í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Mikilvægt er að almenningssamgöngur og vistvænir samgöngukostir séu efldir þannig að stúdentar og starfsfólk Háskóla Íslands geti ferðast með umhverfisvænum hætti. Það verður að vera raunhæfur valkostur fyrir stúdenta sem búsettir eru víða á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi sveitarfélögum að komast á milli staða á skilvirkan máta, hratt og örugglega án óþarfa kostnaðar fyrir fólk og umhverfið. Þá er ítrekuð afstaða Stúdentaráðs um að þjónusta næturstrætó sé sérstaklega mikilvæg ungu fólki á grundvelli umhverfis-, öryggis-, menningar- og jafnréttissjónarmiða.

Stúdentaráð vísar einnig í [ítarlegra erindi](#) frá fulltrúum stúdenta í háskólaráði til fulltrúa í háskólaráði vegna tillögu að fyrirkomulagi reksturs bílastæða HÍ.

6.10.3 UPPBYGGING STÚDENTAGARÐA

Þann 10. maí 2023 fór fram hátíðleg vígsla stúdentagarða FS á Sögu, nú hafa allar 111 íbúðir Sögu verði teknar í notkun ásamt sameiginlegum setustofum íbúa. Á haustmisseri voru tíu einstaklingsíbúðir teknar í notkun í nýju húsi á Skuggagörðum við Lindargötu. Þann 15. nóvember 2023 var nýjum samkomusal á Lindargötu fagnað á opnunarathöfn og hlaut salurinn nafnið Skuggagil. Íbúðum þar sem gæludýr eru leyfð hefur fjölgað um rúman helming, fjölgaði þeim úr 38 í 82 á árinu. Á síðustu þremur árum hefur leigueiningum FS á háskólasvæðinu fjölgað um 433 einingar. Næstu verkefni hjá FS eru bygging samkomusalar á Eggertsgötu, bygging nýs húss við Vatnsstíg og en er vonast eftir að FS fái að byggja þriggja herbergja íbúðir í Skerjafirði.

6.10.4 UMFERÐIN OG OKKAR DAGLEGA LÍF

Á haustmánuðum fékk Stúdentaráð boð um að taka þátt í undirbúningi og skipulagi á viðburðakeðju sem beta titillinn *Umferðin og okkar daglega líf*. Viðburðirnir voru á vegum Vísindagarða HÍ og tókst vel til að virkja aðra hagaðila í vatnsmýrinni. Viðburðurinn var sá fyrsti í þriggja viðburðaröð, en meginmarkmið viðburðanna er að efla til samtals um samgöngur og horfa til framtíðar og fjölbreyttra lausna. Á þessum fyrsta fundi var sýn stúdenta í forgrunni og flutti Rakel Anna, forseti Stúdentaráðs, þar erindi. Ásamt henni voru Ragnheiður Einarsdóttir, frá Strætó, Þorsteinn M. Hermannsson, frá Betri samgöngum, Einar Sveinbjörnsson, frá Veðurvaktinni og Búi Bjarnar, sem heldur úti Hjólavarpinu. Öll fluttu þau erindi og tóku þá við umræður. Fundarstjórinn var ekki á verri endanum, en það var enginn

annar en Gísli Marteinn Baldvinsson. Erindið sem Rakel Anna flutti á fundinum er hægt að nálgast [á student.is](http://student.is).

6.10.5 STÚDENTAFLÁTTUR HJÁ HOPP

Eftir fyrirspurnir Stúdentaráðs hefur rafskútuleigan Hopp boðið stúdentum upp á 10% afslátt, leggi þeir rafskútum eða rafbílum á sérmerkt stæði við Háskóla Íslands: hjá Háskólatorgi og Öskju. Skrifstofa óskaði einnig eftir því að sett yrðu upp álíka stæði hjá Stakkahlíð en vegna þess hve stutt var í að Menntavísindasvið myndi flytja í Sögu var ákveðið að mála ekki sérstök afsláttarstæði þar. Þegar Saga verður tekin í notkun, vonandi haustið 2024, er full ástæða til að ræða aftur við Hopp og framkvæmda- og tæknisvið og fá sambærileg afsláttasvæði þar. Afslátturinn var auglýstur á samfélagsmiðlum Hopp og SHÍ. Einnig hefur sérstökum hopp stæðum fyrir hopp bíla verið komið fyrir í nágrenni við háskólabyggingar.

6.11 STÚDENTARÁÐ FYRIR FRÍÐI Í PALESTÍNU

6.11.1 YFIRLÝSING TIL STUÐNINGS PALESTÍNSKU ÞJÓÐARINNAR

Á Stúdentaráðsfundi þann 13. desember var lögðu þau Daníel Thor Myer, Guðni Thorlacius, Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir og Steinunn Kristín Guðnadóttir fram tillögu um að skrifstofa, í samráði við tillögubera, myndu vinna yfirlýsingu sem fordæmir stríðsrekstur Ísraels í Palestínu og að yfirlýsingunni fylgi undirskriftalisti sem sendur yrði til stúdenta. Þá var samþykkt að Stúdentaráð myndi þrýsta á Háskóla Íslands og Félagsstofnun stúdenta að sniðganga Ísrael og alþjóðleg fyrirtæki sem styðja við og hagnast á stríðsglæpum Ísraels. Einnig var sóst eftir að Háskóli Íslands lýsi yfir stuðningi við Palestínu opinberlega.

Yfirlýsing til stuðnings palestínsku þjóðarinnar var unnin og kosið var um yfirlýsinguna í rafrænna atkvæðagreiðslu. Niðurstöður voru ljósar þann 5. janúar 2024, kusu 13 með, 1 sat hjá og 3 kusu ekki. [Yfirlýsinguna er hægt að nálgast hér](#). Birtur var undirskriftarlisti þar sem nemendur við Háskóla Íslands gátu tekið undir yfirlýsingu Stúdentaráðs, hann má finna [hér](#).

Yfirlýsingin var í kjölfarið send á rektorsskrifstofu og ræddi forseti yfirlýsinguna við rektor á reglulegum samráðsfundum. Virti rektor þar þá skoðun sína að háskólinn ætti ekki að taka afstöðu í pólitískum álitamálum líðandi stundar. Hann vísaði í frétt sem Júlíus Jóhannesson tók við hann fyrir stúdentafréttir, sem er að finna [hér](#).

6.11.2 STÚDENTARÁÐ HVETUR TIL SNIDGÖNGU Á RAPYD

Stúdentaráð sendi póst á Háskóli Íslands og hvatti til þess að skólinn myndi leita leiða til að skipta út greiðslukerfi við innheimtu skrásetningargjalda. Háskóli Íslands brást við þeim þrýstingi frá Stúdentaráði og fundu leið þar sem stúdentar geta valið milli þess að millifæra gjaldið á bankareikning Háskóla Íslands eða staðgreiða það með reiðufé á þjónustuborðinu á Háskólatorgi. Stúdentaráð auglýsti þá leið á sínum miðlum og hvatti stúdenta þar með til að velja þá leið frekar en greiðslukerfi Rapyd.

7 STÚDENTARÁÐSFUNDIR

Dagsetningar fyrir stúdentaráðsfundi vetrarins, með fyrirvara um breytingar, voru birtar í september og uppfærðar dagsetningar birtar í janúar. Mælst er til þess að því fyrirkomulagi verið haldið áfram. Fundargerðir allra fundanna er að finna á student.is.

7.1 KJÖRFUNDUR 19. APRÍL 2023

Á fundinum voru fjórir fulltrúar kjörnir á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs, varafulltrúa Stúdentaráðsliða og fjórir fulltrúar í sviðsráð hvers fræðasviðs. Forsetar nefnda ásamt fjórum fulltrúum í fjármála- og atvinnulífsnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd og lagabreytinganefnd voru einnig kjörin. Þar að auki voru tveir fulltrúar kjörnir í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd og fimm fulltrúar í jafnréttisnefnd, einn frá hverju fræðasviði. Þá voru 10 fulltrúar stúdenta á háskólaþing kjörnir.

Í lögum Stúdentaráðs segir að skipa skuli fulltrúa á háskólaþing og fulltrúa í sviðsráðum fræðasviðanna í hlutfalli við niðurstöður kosninga. Var þá stuðst við heildarniðurstöður kosninga, þ.e. samanlögð atkvæði á öllum fræðasviðum sem renna til hvorrar fylkingar fyrir sig.

Sömuleiðis segir í verklagsreglum Stúdentaráðs 2022-2023 að: *Forsæti í nefndum skiptist í hlutfalli við atkvæðafjölda á bak við kjörna fulltrúa í Stúdentaráðskosningum, að undanskildri kennslumálanefnd. Sú fylking sem er atkvæðahæst fær að velja sér forsæti í nefnd fyrst og þar á eftir sú næst-atkvæðahæsta, o.s.frv.* Forsætum nefnda voru því skipt með þessu móti. Fundargerð er að finna [hér](#).

7.2 SKIPTAFUNDUR 23. MAÍ 2023

Á skiptafundi tók nýkjörið Stúdentaráð 2023-2024 við. Á fundinum barst tillaga um að endurskoða lög um Stúdentasjóð í sumar með fulltrúum úr fráfarandi sjóðsstjórn. Fundargerð er að finna [hér](#).

7.3 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 21. JÚNÍ 2023

Á fundinn kom Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektror kennslu og þróunar og kynnti stefnu háskólans: HÍ26. Einnig fóru fram umræður um lækkun kosningaaldurs og hélt Sigurður Helgi Birgisson frá LUF framsögu um málið og tók svo þátt í umræðum. Fundargerð er að finna [hér](#).



7.4 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 22. ÁGÚST 2023

Á fundinn kom Guðný Benediktsdóttir og kynnti notendamiðaða stafræna þjónustu. Skipan fulltrúa í nefndir háskólaráðs voru teknar fyrir ásamt framkvæmdaáætlunum alþjóðanefndar, félagslífs- og menningarnefndar, jafnréttisnefndar og umhverfis- og samgöngunefndar. Fundargerð er að finna [hér](#).

7.5 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 20. SEPTEMBER 2023

Á fundinum voru framkvæmdaáætlanir nefnda teknar fyrir og lagður var grunnur fyrir komandi vinnu í menntasjóðsmálum með upplýsingum frá lánasjóðsfulltrúa. Auk þess kynnti Katrín Björk Kristjánsdóttir, fyrrum hagsmunafulltrúi SHÍ, niðurstöður könnunar um fjárhagsstöðu stúdenta. Fundargerð er að finna [hér](#).

7.6 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 9. OKTÓBER 2023 - LAGABREYTINGAFUNDUR

Fundurinn var aukafundur vegna lagabreytinga og voru þær því einungis til umræðu, ein lagabreyting barst um lög Stúdentaráðs en lög Stúdentasjóðs voru öll endurskoðuð. Fundargerð er að finna [hér](#).

7.7 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 19. OKTÓBER 2023

Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri FS, kom á fundinn og kynnti ársskýrslu FS. Ásamt henni komu þau Pétur Marteinn Urbancic Tómasson og Brynhildur Bolladóttir, en þau eru tvö af þremur fulltrúum stúdentaráðs sem sitja í stjórn FS. Þriðju fulltrúi stúdenta í stjórninni komst ekki, en það er Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir og er hún stjórnarformaður. Þar að auki var fjárhagsáætlun SHÍ fyrir starfsárið 2023-2024 samþykkt auk framkvæmdaáætlunar lagabreytingar- og fjölskyldunefndar. Þá var skýrsla stefnumótunardags kynnt og sagt frá áherslum SHÍ í HÍ26, sem unnar voru á stefnumótunardeginum. Á fundinum voru alls þrjár tillögur teknar fyrir, Stúdentaráð samþykkti að óska eftir auknu gagnsæi í rekstri FS og að berjast fyrir reglugerðarbreytingu varðandi kynjamerkingar salerna. Tillögu um sjötta nefndarmeðlim í fjármála- og atvinnulífsnefnd var vísað frá. Fundargerð er að finna [hér](#).

7.8 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 26. OKTÓBER 2023 – AUKAFUNDUR

Þann 23. október var boðað til auka Stúdentaráðsfundar til að bregðast við úrskurði áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema um lögmati skrásetningagjaldsins. Skv. lögum Stúdentaráð er heimilt að boða til fundar með skemmri fyrirvar ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að tilgreina ástæðu þess. Í fundarboði var hún tilgreind á eftirfarandi máta: Ástæða

Þess að boðað er til auka Stúdentaráðsfundar er úrskurður áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema um lögmati skrásetningargjaldanna (úrskurðurinn er á heimasvæði ráðsins á Teams). Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að **skrásetningargjaldið eigi sér ekki fullnægjandi lagastoð**. Því verður erindi borið undir Stúdentaráð á fundinum, þar sem Stúdentaráð myndi krefjast endurgreiðslu á skrásetningargjaldinu í ljósi þessa úrskurðar. Erindið yrði svo sent á háskólann, ef samþykkt. Erindið er ekki tilbúið og mun því ekki koma í fundargögn fyrr en á miðvikudaginn.

Á fundinum var fjallað um aðdraganda skrásetningagjaldamálsins og [krafa um endurgreiðslu ólögmetra skrásetningargjalda](#) samþykkt og send á háskólann samdægurs. Var sá fundarliður lokaður, en skv. lögum ráðsins getur meirihluti ráðsins ákveðið að loka fundi eða einstaka dagskrárlíðum fundar þegar slíkt telst nauðsynlegt til varnar viðkvæmum persónulegum hagsmunum einstaklinga sem mál varðar, til varnar trúnaðarupplýsingum eða ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi friði á fundinum. Ítarlega er fjallað um málið í kafla 6.7 um skrásetningagjaldið. Fundargerð er að finna [hér](#).

7.9 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 14. NÓVEMBER 2023

Þar voru heilar þrjár fundargerðir samþykktar. Kjör um síðustu tilnefninga í sviðsráð Stúdentaráðs fór fram og er sviðsráð á Hugvísindasviði nú fullskipað. Fór einnig fram vanabundin upplýsingagjöf, umræður um ólögmati skrásetningargjaldanna og fjallaði Raket Anna um tímalínu samgöngumála við háskólann. Þá voru tvær tillögur teknar fyrir, sú fyrri, um úttekt á vinnubrögðum skrifstofu SHÍ, var felld. Seinni tillagan, um viðbót við framkvæmdaáætlun Umhverfis- og samgöngunefndar, hlaut samþykki. Fundargerð er að finna [hér](#).

7.10 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 13. DESEMBER 2023

Til umræðu á fundinum hlaut samþykki erindi SHÍ til umboðsmanns Alþingis um ólögmati skrásetningargjalda við HÍ, sem þegar hefur verið sent. Einnig var tekin fyrir og samþykkt lagabreyting; viðbót við aðra grein á lögum SHÍ. Einnig var fjallað um efni herferðar Stúdentaráðs og kosið um að herferð þessa ráðs muni snúa að Menntasjóði námsmanna. Skýrslur eftir Októberfest og voffadaga voru kynntar og verða birtar með ársskýrslunni í lok starfsárs. Verklagsreglur og Siða og jafnréttisreglur SHÍ hlutu samþykki. Farið var yfir tímalínu baráttu stúdenta er varða húsnæðismál og tillaga um yfirlýsingu og baráttu SHÍ varðandi Palestínu og Ísrael hlaut samþykki. Fundargerð er að finna [hér](#).



7.11 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 26. JANÚAR 2024

Á fundinn voru kynningar frá Guðmundi R. um nýtt fjármögnunarlíkan og Alexöndru Ýr van Erven, forseta LÍS. Gísli lánasþjóðsfulltrúi kynnti skýrslu um MSNM og Guðmundur framkvæmdarstjóri kynnti fjárhag ráðsins. Tillaga um næstu skref í skrásetningagjaldamálinu hlaut samþykki ráðsins og umræður um skipulags- og samgöngumál og efni herferðar SHÍ fóru fram. Fundargerð er að finna [hér](#).

7.12 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 26. FEBRÚAR 2024

Á fundinn voru tvær kynningar, annars vegar Juan Camilo Roman, verkefnisstjóri Sprettis og fjölmenningarfulltrúi HÍ og hins vegar Maggi Snorrason, sem kynnti Q-félag hinsegin stúdenta. Stúdentaráð ályktaði um geðheilbrigðisþjónustu við Háskólann og harmaði þann samdrátt sem fyrirséður er í þeim málaflokki. Ráðið tók fyrir tillögur um sjálfsala á Háskólatorgi, aðstöðu í Sögu fyrir stúdenta með börn, staðlotur á Menntavísindasviði og sjálfssala og lengdan opnunartíma í Árnagarði, allar hlutu þær samþykki. Einnig tók ráðið ákvörðun um fyrirkomulag skipunar þingfulltrúa á landsþing LÍS og átti í umræðum um skipulags og samgöngumál í framhaldi af háskólaþingi 17. janúar sl. Fundargerð er að finna [hér](#).

7.13 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 26. MARS 2024

Á fundinum voru alls 8 innsendar tillögur frá stúdentaráðsliðum, sem er ánægjulegt en þar sem þetta var 11 fundur ráðsins hefði verið æskilegra hefur stúdentaráðsliðar dreift tillögum sínum betur yfir starfsárið. Tillögurnar sem hlutu samþykki voru tillaga fulltrúa Röskvu um frískáp, tillaga fulltrúa Röskvu um aðstöðu nemendafélaga á FVS, tillaga fulltrúa Vöku um aðgang að byggingum HÍ, tillaga fulltrúa Röskvu um endurnýjun á aðbúnaði í Odda og tillaga fulltrúa Röskvu um að SHÍ taki undir ályktun um endurtektarpróf á Heilbrigðisvísindasviði. Tillögurnar sem voru felldar voru tillaga fulltrúa Vöku um að Stúdentaráð falli frá íþyngjandi rekstrarkröfum á Félagsstofnun stúdenta í ljósi rekstrarstöðu Hámu og tillaga fulltrúa Vöku um áheyrnarfulltrúa allra fylkinga í stjórn Félagsstofnunar stúdenta. Einni tillögu var vísað frá, var það tillaga fulltrúa Vöku um að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir upptöku „Leiðar B“ í bílastæðamálum. Einnig bar skrifstofa upp [yfirlýsingu SHÍ vegna breytingar á fjárframlagi ríkisins til háskólastigsins](#), sem hlaut samþykki.

Að vanda voru lagabreytingar teknar fyrir á mars fundi ráðsins, það var því fyrirséð að fundardagskrá yrði þétt. Aðeins bárust tvær lagabreytingatillögur, önnur fjölgaði óháðum fulltrúum í alþjóðanefnd í þrjá og fækkaði sömuleiðis fulltrúum fylkinga úr tveimur í einn, sú

tillaga hlaut samþykki. Hin hafði það markmið að setja takmörk á tímarn sem fylkingarnar hafa til að manna sín sæti í sviðsráðum, sú lagabreytingatillaga var felld.

7.14 KJÖRFUNDUR 16. APRÍL 2024

Forseti boðaði nýkjörið Stúdentaráð 2024-2025 á kjörfund þar sem hefðbundin kjörfundarstörf fóru fram.

Á fundinum voru fjórir fulltrúar kjörnir á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs, varafulltrúa Stúdentaráðsliða og fjórir fulltrúar í sviðsráð hvers fræðasviðs. Forsetar nefnda ásamt fjórum fulltrúum í fjármála- og atvinnulífsnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd og lagabreytinganefnd voru einnig kjörin. Þar að auki voru tveir fulltrúar kjörnir í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd og fimm fulltrúar í jafnréttisnefnd, einn frá hverju fræðasviði. Þá voru 10 fulltrúar stúdenta á háskólaþing kjörnir.

Í lögum Stúdentaráðs segir að skipa skuli fulltrúa á háskólaþing og fulltrúa í sviðsráðum fræðasviðanna í hlutfalli við niðurstöður kosninga. Ólíkt því sem gert var á kjörfundi árið áður studdist nýkjörið ráð við hlufall Stúdentaráðsliða sem hlutu kjör í Stúdentaráð og töldu þar með ekki þau atkvæði sem runnu til frambjóðanda sem ekki hlutu kjör.

Sömuleiðis segir í verklagsreglum Stúdentaráðs 2023-2024 að: *Forsæti í nefndum skiptist í hlutfalli við atkvæðafjölda á bak við kjörna fulltrúa í Stúdentaráðskosningum, að undanskildri kennslumálanefnd. Sú fylking sem er atkvæðahæst fær að velja sér forsæti í nefnd fyrst og þar á eftir sú næst-atkvæðahæsta, o.s.frv.* Forsætum nefnda var þó ekki skipt með þessu móti, þvert á reglur og venjur.

7.15 SKIPTARÁÐSFUNDUR 21. JÚNÍ 2024

Á skiptafundi tók nýkjörið Stúdentaráðs 2024-2025 við. Þar kynntir forseti einnig drög að ársskýrslu og framkvæmdastjóri drög að ársreikningi.

7.16 MÁLEFNI TEKIN FYRIR Á MILLI FUNDA

Heimilt er að bera ákvarðanir undir Stúdentaráð í rafrænni atvæðagreiðslu milli funda, leitast var við að halda slíkri ákvarðanatöku í lágmarki, þó þurfti að grípa til þess alls 8 sinnum á starfsárinu. Þegar fyrirséð var að ekki næðist að taka ákveðn málefni fyrir á fundi, hvort sem það var vegna ónægs tíma til undirbúnings eða annars, var fjallað um málið á fundi sem fram

fór áður en rafræna atkvæðagreiðslan var send út og tilkynnt um atkvæðagreiðsluna. Tókst þetta öllum tilfellum nema einu.

Í tilfelli atkvæðagreiðslu um aukin stuðning við nemendur frá Grindavík gafst ekki tími til að taka málið fyrir á fundi, enda var það afgreitt um leið og það barst skrifstofu. Skrifstofu SHÍ barst tillaga frá Steinunni Kristínu Guðnadóttur um að unnin yrði tillaga þar sem Stúdentaráð myndi kalla eftir auknum úrræðum fyrir stúdenta frá Grindavík. Varð skrifstofan við þeirri beiðni og gafst ráðinu sólarhringur til að bregðast við umsögninni og koma með athugasemdir, áður en tillagan var borin upp til samþykktar. Hún hlaut samþykki allra 17 stúdentaráðsliða.



Ekki tókst að taka fyrir skipun kjörstjórnar á nóvember fundi og því var það tekið fyrir í rafrænni atkvæðagreiðslu á milli funda þann 22.11.2023 og hlutu tilnefningar beggja fylkinga kjör.

Eftirfarandi niðurstöður eru birtar í hjá viðeigandi erindi í kaflan 8: Atkvæðagreiðslu um reglur um fjárframlög til háskóla 10.11.2023, atkvæðagreiðslu um erindi til HÍ vegna skertrar þjónustu FS 28.11.2023, atkvæðagreiðslu um yfirlýsingu til stuðnings palestínsku þjóðarinnar 04.01.2024, atkvæðagreiðslu um umsögn og yfirlýsingu um frumvarp til laga um breytingar á lögum um MSNM 20.03.2024 og atkvæðagreiðslu um ákall eftir breytingum á löggjöf um atvinnuleyfi námsmanna utan EES 03.02.2024.

8 ÚTGEFIÐ EFNI STÚDENTARÁÐS


8.1 AKADEMÍAN OG STÚDENTABLAÐIÐ

Ritstjóri á skrifstofu Stúdentaráðs hefur yfirumsjón með útgáfu Akademíunnar og Stúdentablaðsins. Akademían er gefin út í upphafi haustmisseris og miðar að því að kynna hlutverk og starfsemi Stúdentaráðs og Háskóla Íslands fyrir nýnemum. Alexander Jean Edvard Le Sage De Fontenay sá um hönnun og umbrot Akademíunnar.

Stúdentablaðið er gefið út fjórum sinnum á skólaári, eða tvisvar á hverju misseri. Í blaðinu eru umfjallanir um ýmis málefni stúdenta sem og líðandi stunda. Ritstjóri ber ábyrgð á efni og birtingu blaðsins samkvæmt lögum Stúdentaráðs. Í ár sá Margrét Lóa Stefánsdóttir um umbrot og Guðrún Sara Örnólfsdóttir útbjó myndskreytingar á forsíðu. Lesa má nánar um



Í kafla 4.7 árskýrslu ritstjóra, er fjallað nánar um tölublöðin fjögur sem gefin voru út á starfsárinu.



8.2 ERINDI UM FJÁRHAGSSTÖÐU STÚDENTA Í LJÓSI ENDURSKOÐUNAR A LÖGUM UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA 19.10.2023

Endurskoðun á lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna er komin á fullt skrið. Tilgangur þeirra laga er fjölþættur en snýr einna helst að því að koma í veg fyrir að ráðstöfunartekjur stúdenta standi í vegi fyrir því að þeir stundi nám, með tilheyrandi glötun tækifæra fyrir þá sjálfa og samfélagið allt. Stuðningskerfi fyrir háskólanema sem kemur ekki í veg fyrir að stúdentar búi almennt við bága stöðu fjárhagslega útilokar hópa fólks frá námi og bægir öðrum frá því. Afleiðingar þess eru skert þekking í landinu, ójöfnuður og vanlíðan sem ekki er ofan á bætandi.¹

Við endurskoðun laganna er því kjarnaatriði að svara þeirri spurningu, hvernig til hafi tekist við að gera fjárhagsstöðu stúdenta þolanlega. Í því skyni að styðja þessa vinnu hefur Stúdentaráð Háskóla Íslands tekið saman fáein töluleg gögn sem hafa mikla þýðingu í þessu tilliti.

Nám og störf

Grunnástæða þess að stuðningskerfi er nauðsynlegur þáttur í menntamálum hvers ríkis er sú einfalda staðreynd að tíma okkar allra eru skorður settar. Ekki þarf að rekja hér augljósar ástæður þess að fólk í 100% starfi kys sér sjaldan að vera í 100% námi samhliða, þannig að svefni, áhugamálum, félagslífi og öðru sé fórnað.

Áhrif þess að vera í hlutastarfi samhliða námi er öllu áleitnari spurning, enda mun fleiri sem búa við þá aðstöðu. Í skýrslu um rannsóknina *Social and Economic Conditions of Student Life in Europe: Eurostudent VII 2018-2021* (Eurostudent VII) kemur fram að 71% íslenskra stúdenta vinna á sama tímabili og kennsla fer fram. Í skýrslu um fyrri rannsókn sama efnis, Eurostudent VI (2018), var þessi tala 68%. Þetta rímar við niðurstöður í skýrslu um *könnun á fjárhagsstöðu stúdenta* sem Stúdentaráð Háskóla Íslands framkvæmdi vorið 2023, þar sem 69% stúdenta kváðust vinna á meðan á námi stendur.

Í Eurostudent VII er nokkuð miklu þúðri eytt í umfjöllun um áhrif starfs á nám. Störf geta verið stúdentum hagfelld samhliða námi þar sem að í vissum tilvikum byggja þau upp þekkingu og

¹ Í *Talnabrunni Landlæknis*, 6. tbl. 2023 kemur fram að yngra fólk hafi verri andlega líðan en þau sem eldri eru og njóti einnig minni velsældar. Fullyrt er að skýr tengsl séu á milli fjárhagsaðstæðna og andlegrar heilsu, streitu, svefns, einmanaleika, hamingju og velsældar.

félagslegt auðmagn (e. *capital*) auk þess að koma stúdentum rólega út á vinnumarkaðinn. Þetta er þó ekki einhlítt; annars vegar eru þessi áhrif varla eða ekki fyrir hendi þegar stúdentar hafa vinnu með takmarkaða tengingu við nám þeirra og framtíðarstörf og hins vegar hefur vinna bagaleg áhrif á námsárangur þegar starfshlutfall verður of mikið. Í könnuninni taldi innan við helmingur íslenskra stúdenta sig hafa vinnu sem tengdist náminu þeirra með einhverju móti.

Í umræddri skýrslu segir að gríðarlega mikið af rannsóknum hafi verið framkvæmdar til þess að rannsaka jafnvægi tíma stúdenta og afleiðingar þess að tíma sé varið með tilteknum hætti. Beerkens o.fl. (2011) töldu gögn frá Eistlandi sýna að tengslin milli vinnu og náms væru ekki línuleg. Þannig hefði það engin teljanleg áhrif á nám þegar unnið væri í færri en 25 klukkustundir á viku. Body o.fl. (2014) töldu aftur á móti gögn frá Frakklandi sýna að vinna í átta klukkustundir eða færri á viku hefðu engar afleiðingar, en mesti skaðinn yrði þegar unnið væri í meira en 16 klukkustundir á viku. Callender (2008) taldi gögn frá Bretlandi sýna að mestu máli skipti hvenær unnið væri. Þannig hefði vinna á kennslutíma neikvæð áhrif á námsárangur.²

Miðgildi klukkustunda sem íslenskir stúdentar eyða í vinnu á viku, óháð námshlutfalli, er 15 klukkustundir. Til samanburðar við Norðurlöndin er þetta gildi í Noregi 13, í Finnlandi 12, í Danmörku 8 og í Svíþjóð 6. Aðeins eitt land í Evrópu getur „státað“ af hærra miðgildi klukkustunda sem stúdentar í fullu námi vinna á viku hverri, þ.e. Eistland. Þetta þýðir m.ö.o. að gera má ráð fyrir því, ef gengið er út frá því að dreifing vinnustunda sé nálægt normaldreifingu, að tæpur helmingur stúdenta á Íslandi vinni yfir 16 klukkustunda viðmiðinu um alvarlega skaðsemi sem Body o.fl. (2014) settu fram. Í góðu samræmi við þetta sögðust 32,8% þeirra sem vinna á meðan á námi stendur, þ.e. 22,7% allra stúdenta, vera í 51-100% starfshlutfalli í könnun SHÍ um fjárhagsstöðu stúdenta (2023).

² Þessar tilvísanir eru á blaðsíðu 128 í Eurostudent VII og hljóða upprunalega svona: „An enormous amount of research has been conducted to untangle the time balance of students and the consequences of spending time in a certain way. [...] Beerkens et al. (2011) found in their Estonian data that the relation between work and study success is not linear: working fewer than 25 hours per week has no significant effect [...]. In the case of France, Body et al. (2014) found a lower threshold: working eight hours or fewer per week seems to be without consequences, and the most “harm” is done when working over 16 hours per week. [...] In line with this finding, for the UK, Callender (2008) shows that more than the number of hours worked, the point in time makes the difference: working during term time instead of during the lecture-free period has a negative effect on academic achievement.“

Óhætt er að segja að framanrakið dragi upp dökka mynd af árangri og nýtingu í íslenskum háskólum. Gríðarlegur fjöldi stúdenta, allt að helmingur,³ vinnur svo mikið með námi að ástæða er til að ætla að nám þeirra skili ekki jafn miklum árangri - fyrir þau sjálf og samfélagið - og ella væri. Hluti þeirra útgjalda sem fara í að mennta þennan hóp er því sokkinn kostnaður. Þegar hér verður síðar fjallað um þörf á því að auka stuðning við stúdenta verður að hafa í huga að þau útgjöld, sem kunna að hljótast af slíkum ráðstöfunum, ganga til þess að draga úr þessum kostnaði, sem til einskis verður. Þá er ástæða til þess að vekja athygli á því sem rakið er í Eurostudent VII, að Denning o.fl. (2019) töldu sig mega ráða það af gögnum frá Bandaríkjunum að möguleiki fyrsta árs nema í háskólum til þess að njóta námsstyrkja yki verulega tíðni þess að nám var klárað og frekara nám stundað. Áætluð áhrif þess, þótt aðeins sé litið til tekna, eru nægileg til þess að ríkissjóður endurheimti útgjöld sín innan tíu ára. Útgjöld til námslána eru því líkleg til þess að endurgreiða sig mörgum sinnum.⁴

Til hvers er unnið

Hvers vegna stúdentar vinna svona mikið, þrátt fyrir að það komi alvarlega niður á þeim sjálfum, er umhugsunarefni. Fullt tilefni er til þess að leita allra leiða sem námslánakerfið getur farið til þess að vinna gegn þeim vanda.

Í raun er svarið einfalt. Svo sem það er skilmerkilega sagt í Eurostudent VII leitast hver stúdent við að ná fram mestu mögulegu ánægju, bæði til skamms og langs tíma, að gefnum takmörkunum sem fjárhagur og tími setja þeim. Stúdentar sem hafa ekki efni á að stunda nám án þess að vinna, til dæmis, munu haga sínum ráðum á annan hátt en þau sem hafa meira á milli handanna.⁵ Ekkert tilefni er því til að undrast þegar niðurstöður bæði Eurostudent VII og

³ Í könnun SHÍ um fjárhagsstöðu stúdenta (2023) sögðust 49,4% stúdenta vinna í 25% starfshlutfalli eða hærra. Ef gengið er út frá því viðmiði sem Body o.fl. (2014) settu fram hefur vinna alls þessa fólks áhrif á námsárangur þeirra. Viðmið Beerkens o.fl. (2011) bendir aftur á móti til þess að þessi áhrif séu minni, en allt að einu sögðust 22,7% svarenda vera í 51-100% starfi og vinna því svo mikið að ekki er fræðilega deilt um að það hafi áhrif á námsárangur.

⁴ Í Eurostudent VII segir orðrétt: „The estimated impact on earnings alone would have been enough to fully recoup government expenditure within ten years, suggesting that public support likely pays for itself several times over.“

⁵ Þessi umfjöllun er á blaðsíðu 128 í Eurostudent VII, þar sem m.a. segir: „The choices students make depend on their circumstances. Boudon (1989), for instance, shows how students make different choices at several decision points in their studies because of differences in their assessment of the risk, costs, and benefits, depending on their economic and social background. Given budget and time constraints, each student seeks to obtain the greatest possible satisfaction. Students who could not

könnunar SHÍ um fjárhagsstöðu stúdenta benda eindregið til þess að það sé fyrst og fremst vegna fjárhagslegrar nauðsynjar sem stúdentar vinna með námi.

Því hefur stundum verið haldið fram að stuðningur við stúdenta hér á landi sé viðunandi og jafnvel hefur verið gengið svo langt að eitthvert fólk telur hann ágætan. Staðreyndin er hins vegar sú, að hvergi í Evrópu hefur mistekist eins illa að koma í veg fyrir að stúdentar þurfi að vinna með námi - að ná meginmarkmiði námslánakerfisins - og hér, hvar 72% stúdenta lýsa því í Eurostudent VII að þeir *gætu ekki* verið í háskólanámi án þess að vinna. Stjórnvöld verða að horfast í augu við þá staðreynd að þetta er vottorð, svart á hvítu, um að námslánakerfið hér á landi sé vanfjármagnað.

Hluti af því sem veldur þessari stöðu stúdenta er, sannarlega, upphæð framfærslulána hjá Menntasjóði námsmanna. Í könnun SHÍ um fjárhagsstöðu stúdenta (2023) sögðust 60% lántaka myndu hætta að vinna með námi ef námslánin væri hærrí. Málið er hins vegar flóknara en það, því að hafa verður í huga að stúdentar taka, sem fyrr segir, ákvarðanir um stöðu sína út frá háþyrðingun á nægju bæði til skamms og langs tíma. Hvort myndi stúdent frekar: a) Klára BS-gráðuna sína á þremur árum en taka námslán á 9-12% raunvöxtum eða b) vinna frekar með námi, sleppa fjárhagsáhyggjum og klára gráðuna á 4 eða jafnvel 5 árum? Hvor kosturinn er dýrari fyrir ríkissjóð?

Lán er ekki styrkur og stúdentar vita það. Jafnvel þótt að ríkið greiði niður hluta höfuðstóls lána að vissum skilyrðum uppfylltum og veiti barnastyrki er til þess að líta að lánin eru samt sem áður fjarri því að vera hagstæður kostur. Því hagstæðari sem námslánin eru, þeim mun líklegri er sá hópur sem er „of mikið“ á vinnumarkaði til þess að huga betur að náminu. Þetta virðist alveg hafa farið fram hjá íslenskum stjórnvöldum.

Fjárhagur stúdenta í stærra samhengi

Þetta erindi hefur hingað til beint sjónum að áhrifum vanfjármögnunar námslánakerfisins á námsframvindu og námsárangur í háskólum og það sett í samhengi við þann árangur sem önnur lönd hafa náð í þeim efnum. Annað atriði sem vert er að líta til er staða háskólanema í

afford to study without having a paid job, for example, will make different choices compared to students who do not need work“.

víðara samhengi, þ.e. hvort að sú bága fjárhagslega staða sem almennt blasir við stúdentum, svo sem að framan er lýst, hefur víðtækari áhrif en eingöngu á námsárangur.

Enn verða nú dregnar fram niðurstöður Eurostudent VII. Aðeins eru tvö lönd í Evrópu þar sem að hærra hlutfall stúdenta lýsir fjárhagslegum vandamálum sínum sem „alvarlegum“ eða „mjög alvarlegum“ en á Íslandi, þar sem þetta er raunveruleiki 31% stúdenta. Í niðurstöðum könnunar SHÍ um fjárhagsstöðu stúdenta (2023) kom fram að 28% foreldra í námi kváðu meðaltekjur sínar vera undir 200 þúsund krónum á mánuði, en 52% barnlausra. Það er undir framfærsluviðmiði umboðsmanns skuldara fyrir barnlausan einstakling.⁶ Þá er áhugavert að í Eurostudent VI (2018) voru bornir saman stúdentar í Evrópu eftir því hversu margir þeirra sem reiddu sig á opinberan stuðning bjuggu við alvarlegan eða mjög alvarlegan fjárhagsvanda. Þar blasti sláandi mynd við. Íslenskir stúdentar tróndu á toppnum með 63%, en næst kom Írland með 53%, svo Pólland með 47%. Í öllum öðrum löndum var þetta hlutfall lægra. Meðaltalið var 32%, helmingi lægra en á Íslandi. Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 60/2020 segir að miða skuli við að „framfærslulán nægi hverjum námsmanni til að standa straum af almennum framfærslukostnaði á Íslandi meðan á námi stendur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar námsmanns og búsetu“ en stjórnvöldum hefur bersýnilega ekki komið til hugar að taka þessu ákvæði alvarlega.

Þegar teknar eru ákvarðanir um tilhögun námslána þarf að hafa í huga að afleiðingarnar geta, að sjálfsögðu, orðið gífurlegar fyrir stúdentana sem reiða sig á lánin. Ætla má að í núverandi ástandi séu áhrif fátæktar á andlega líðan stúdenta margfalt meiri en þau þurfa að vera, auk þess sem hætta er á því að fjöldi barna alist upp við fátækt vegna þess að Ísland vanfjármagnar námslánakerfið.

Að lokum

Áratugum saman hefur Stúdentaráð Háskóla Íslands bent á að fjárfesting í stuðningi við stúdentana er allt of lítil þrátt fyrir að þess megi vænta að ríkisútgjöld til þeirra mála borgi sig margfalt til baka, jafnvel þótt aðeins sé litið til skatta sem háskólamenntað fólk greiðir og litið fram hjá öðrum ávinningi. Þetta er grundvallarvandinn við námslánakerfið á Íslandi og engar hagræðingar eða tilfærslur á styrkjaleiðum munu leysa hann.

⁶ Þetta má sjá á vefsíðu umboðsmanns skuldara: <https://www.ums.is/is/adstod-vid-greidsluvanda/framfaerslu-reiknival>



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Þess vegna ítrekar Stúdentaráð Háskóla Íslands þær úrbætur sem gerð er grein fyrir að nauðsynlegar séu í [stefnu ráðsins í tengslum við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna](#), sem fylgir þessu erindi í viðhengi. Í sama skjali er bent á ýmsar spurningar sem nauðsynlegt er að svara við endurskoðun laganna. Könnun hefur nú verið lögð fyrir stúdenta af ráðuneytinu og það er vel. Hins vegar býður það fyrirhugaðrar skýrslu að fá svör við öðrum veigamiklum spurningum og bíða stúdentar þess í eftirvæntingu.

Tilvísanir

Skýrslurnar sem tíðum hefur verið vísað til hér að framan er að finna á eftirfarandi slóðum:

Niðurstöður könnunar um fjárhagsstöðu stúdenta, vor 2023

<https://student.backend.jldevelopment.is/wp-content/uploads/2023/10/Nidurstodur-konnunar-um-fjarhagsstodu-studenta-3.pdf>

Social and Economic Conditions of Student Life in Europe: Eurostudent VII Synopsis of Indicators 2018-2021⁷

https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/EUROSTUDENT_VII_Synopsis_of_Indicators.pdf

Virðingarfyllst,

Stúdentaráð Háskóla Íslands

⁷ Könnunin var lögð fyrir stúdenta hér á landi á tímabilinu 4. apríl - 18. júní 2019. Niðurstöðurnar skekkust því ekki vegna áhrifa af Covid-19 faraldrinum.

Atkvæðagreiðsla

Kosið um erindi um fjárhagsstöðu stúdenta í ljósi endurskoðunar á lögum um Menntasjóðs námsmanna 19.10.2023

<i>Félagsvísindasvið</i>	
Arna Dís Heiðarsdóttir	Samþykkir
Daníel Hjörvar Guðmundsson	Samþykkir
Emilía Björt Írisard. Bachmann	Samþykkir
Júlíus Viggó Ólafsson	Situr hjá
Kristmundur Pétursson	Samþykkir
<i>Heilbrigðisvísindasvið</i>	
Brynja Maía Bragadóttir fyrir Sigríði Helgu Kárdal Ásgeirsd.	Samþykkir
Daníel Thor Myer	Samþykkir
Elísabet Sara Gísladóttir	Samþykkir
<i>Hugvísindasvið</i>	
Guðni Thorlacius	Samþykkir
Geir Aðalsteinsson fyrir Júlíu Karín Kjartansdóttu	Samþykkir
Steinunn Kristín Guðnadóttir	Samþykkir
<i>Menntavísindasvið</i>	
Alex Eli Schweitz Jakobsson fyrir Júlíönu Dögg Önnud. Chipa	Samþykkir
Tanja Sigmundsdóttir	Samþykkir
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir	Samþykkir
<i>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</i>	
María Rós Kaldalóns	Samþykkir
Fjóra María Sigurðardóttir fyrir Davíð Ásmundsson	Samþykkir
Eiður Snær Unnarsson	Samþykkir

16 samþykk

1 situr hjá

8.3 KRAFA UM ENDURGREIÐSLU ÓLÖGMÆTRA SKRÁSETNINGARGJALDA 26.10.2023

1.

Þann 5. október sl. lauk áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema máli nr. 4/2022 með úrskurði þar sem úrskurður háskólaráðs frá 3. nóvember 2022 um höfnun á endurgreiðslu skrásetningargjalds til kæranda málsins var felldur úr gildi að því er varðar b-lið 1. tölul., 6. tölul., 7. tölul., a- og b-liði 8. tölul., b-lið 9. tölul. og 10. tölul. í viðauka B við reglur nr. 244/2013.

Úrskurður áfrýjunarnefndarinnar byggði á þeirri niðurstöðu að ekki liggi nægjanlega traustir útreikningar fyrir, við ákvörðun fjárhæðar skrásetningargjaldsins. Nauðsyn standi til þess að fjárhæð skrásetningargjalds HÍ byggi á fullnægjandi forsendum við veitingu tiltekinna þjónustu til nemenda, annað hvort samkvæmt raunkostnaði eða traustri áætlun á þeim kostnaði. Á þetta hafi skort og því verið brotið gegn lögætisreglu stjórnsluréttar.

Lögætisreglan felur það í sér að stjórnslan er lögbundin. Stjórnvöld geta ekki gripið til íþyngjandi aðgerða gegn borgurum án þess að hafa fyrir því skýra lagastoð og aðhafast eingöngu innan þeirra marka sem slík heimild veitir þeim. Þegar ráðstöfun stjórnvalds brýtur gegn þessari reglu leiðir það sjálfkrafa til þess að hún verður virt sem ólögmæt. Í tilvikum þjónustugjalda, svo sem skrásetningargjalds samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 85/2008 um opinberra háskóla, verður við þessar kringumstæður litið svo á að innheimtan hafi öll frá öndverðu verið ólögmæt. Forsendur þessa úrskurðar eru ekki bundnar við sérgreind atvik málsins. Lög og reglur sem úrskurðurinn byggir á hafa verið óbreyttar um margra ára skeið. Með hliðsjón af því má heimfæra niðurstöðu úrskurðarins á allar þær greiðslur sem Háskóla Íslands hafa borist sem skrásetningargjöld að minnsta kosti frá og með gildistöku reglnanna þann 10. mars 2014.

Þar sem umrætt skrásetningargjald er lagt á af Háskóla Íslands gilda um innheimtu þess lög nr. 150/2019, um innheimtu opinberra skatta og gjalda, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Í 1. mgr. 8. gr. þeirra kemur skýrt fram að stjórnvöld sem innheimta gjöld „skulu endurgreiða það fé sem ofgreitt reynist lögum samkvæmt ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af því fé sem oftekið var frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram.“ Þá er áréttað í ákvæðinu að stjórnvöld skuli hafa frumkvæði að endurgreiðslu þegar þeim verður ljóst að ofgreitt hafi verið.

2.



Stúdentaráð HÍ hefur löngum dregið lögmæti skrásetningagjaldanna í efa og vakið athygli á því með ýmsu móti. Upphaf þessa máls má rekja til þess að vorið 2020 ályktaði háskólaráð að fela rektor að leita á náðir menntamálaráðherra til þess að hækka skrásetningargjaldið í 104.000 krónur. Stúdentaráð lagðist þá alfarið gegn hækkun gjaldsins og hóf vinnu við að kanna lögmæti gjaldsins og hvernig stæði á því að opinber háskólamenntun gæti mögulega verið fjármögnuð með 104.000 króna framlagi stúdenta. Þrátt fyrir að gjaldið hafi ekki verið hækkað hélt vinna SHÍ áfram.

Ísland er eftirbátur annarra Norðurlanda þegar kemur að fjármögnun opinberrar háskólamenntunnar. Þar eru hvergi innheimt skrásetningagjöld, nema fyrir stúdenta utan Evrópu. Heildartekjur Háskóla Íslands árið 2019 voru 2,9 milljónir á ársnema, meðaltalið á Norðurlöndunum er 4,2 milljónir á hvern ársnema. Heildartekjur háskóla á hvern ársnema á Norðurlöndunum er að meðaltali 4,6 milljónir króna árlega en á Íslandi aðeins 2,9 milljónir. Nemendur á Íslandi fá því um 1,7 milljón krónum minna. Í samanburði við námsmenn á Íslandi fá nemendur 21% meira í Finnlandi, 53% meira í Danmörku, 52% meira í Noregi og 76% meira í Svíþjóð.

Stúdentaráð lýsti yfir áhyggjum af fjármögnun Háskóla Íslands þegar beiðni um hækkun skrásetningargjaldsins í 95.000 kr barst á síðasta skólaári. Sú beiðni var sett fram í beinu framhaldi af umræðum um fjárlög til Háskóla Íslands á Alþingi. Það var því augljóst að háskólinn fann sig knúinn til að seilast í vasa stúdenta til að fjármagna rekstur sinn, vegna ónægilegra fjárframlaga stjórnvalda. Hækkun gjaldsins er ekkert annað en örvæntingarfull tilraun til þess að bæta upp fyrir undirfjármögnun háskólans sem staðið hefur yfir um árabil. Það er lögbundin skylda stjórnvalda að halda uppi grunnstarfsemi opinberu háskólanna með nægilegri fjárveitingu. Háskólinn reiðir sig á skrásetningargjaldið til að brúa bilið og greiða fyrir þá opinberu menntun sem stjórnvöld fela honum að veita, en eru ekki tilbúin að fjármagna. Það er óásættanlegt og stillir opinberri háskólamenntun á Íslandi skör neðar en opinberri háskólamenntun hinna Norðurlandanna.

Skrásetningargjaldið er auknar álögur á stúdenta, sem þegar eru í viðkvæmri fjárhagsstöðu. Það takmarkar þannig aðgengi að háskólamenntun og skerðir jafnrétti til náms. Það er til skammar að málaflokkur menntamála standi höllum fæti þegar hann er uppspretta framfara og samfélaginu til hagsbóta. Það er hlutverk stjórnvalda að fjármagna háskólann og svara fyrir það áralanga fjársvelli sem Háskóli Íslands hefur búið við. Háskólinn hefur reitt sig á neyðarleg úrræði til fjármögnunar, eins og happdrætti og nú er ljóst að önnur



Stúdentaráð Háskóla Íslands

fjármögnunarleið skólans, skrásetningargjöldin, hefur ekki verið lögum samkvæmt. Hér er um grafalvarlega stöðu fjármögnunar opinberrar háskólamenntunar að ræða. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra að opinber háskólamenntun sé fjármögnuð sem skyldi. Sú fjármögnun á ekki að koma úr vösum stúdenta.

3.

Með vísan til alls þess sem að framan greinir er hér með skorað á Háskóla Íslands að endurgreiða hverjum þeim, sem greitt hafa skrásetningargjald við skólann skv. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 85/2008 að liðnum 10. mars 2014 alla þá upphæð sem þau hafa greitt í þessu skyni, með vöxtum í samræmi við frumkvæðisskyldu skólans samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 150/2019 fyrir 1. desember 2023. Stúdentaráð áskilur sér allan rétt.

Virðingarfyllt,

Stúdentaráð Háskóla Íslands

Atkvæðagreiðsla

Kosið um kröfu um endurgreiðslu ólögmetra skrásetningargjalda 29.10.2023	
<i>Félagsvísindasvið</i>	
Arna Dís Heiðarsdóttir	Samþykkir
Daníel Hjörvar Guðmundsson	Samþykkir
Emilía Björt Írisard. Bachmann	Samþykkir
Júlíus Viggó Ólafsson	Samþykkir
Erla Viktoría fyrir Kristmund Pétursson	Samþykkir
<i>Heilbrigðisvísindasvið</i>	
Kristrún Vala Ólafsdóttir fyrir Sigríði Helgu Kárdal Ásgeirsdóttur (Röskva)	Samþykkir
Daníel Thor Myer	Samþykkir
Elísabet Sara Gísladóttir	[Fjarverandi]
<i>Hugvísindasvið</i>	
Guðni Thorlacius	Samþykkir
Júlía Karín Kjartandsóttir	Samþykkir
Steinunn Kristín Guðnadóttir	Samþykkir
<i>Menntavísindasvið</i>	
Alex Eli Schweitz Jakobsson fyrir Júlíönu Dögg Önnud. Chipa	Samþykkir
Tanja Sigmundsdóttir	Samþykkir
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir	Samþykkir
<i>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</i>	
María Rós Kaldalóns	Samþykkir
Davíð Ásmundsson	Samþykkir
Eiður Snær Unnarsson	Samþykkir

16 samþykk

1 fjarverandi

8.4 UMSÖGN UM REGLUR UM FJÁRFRAMLÖG TIL HÁSKÓLA 05.11.2023

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) fagnar því að drög að nýjum reglum um fjárframlög til háskóla, sem Háskóla-, vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið hefur unnið, hafi verið lögð til samráðs í Samráðsgátt stjórnvalda. Eins og bent hefur verið á hefur líkaninu ekki verið breytt heildstætt frá aldamótum og því af mörgu að taka. Í aðdraganda ferlisins hefur SHÍ sent fulltrúa á tvær vinnustofur og fundi til upplýsingar um stöðu mála í ferlinu.

Opinber háskólamenntun

Opinber og aðgengileg háskólamenntun að góðum gæðum er mikið jafnréttismál og mikilvægt að stjórnvöld standi við loforð sín og stuðli að eflingu á því sviði. Áætlað er að veita sjálfstætt reknum háskólum 75% hlutfall af því sem opinberu háskólarnir hljóta. Farið er eftir hlutfalli sem notast er við á grunnskólastigi hér á landi í stað þess að miða við háskóla á Norðurlöndunum, þar sem hlutfallið er allt frá 30% upp í 70%. Liðurinn samfélagslegt hlutverk verður ekki skertur og því er raunskerðing nær 19%. Það er afstaða Stúdentaráðs að eðlilegt væri að hlutfall sem fer til sjálfstætt reknu háskólanna væri minna, í ljósi þess að sjálfstætt starfandi háskólar hafa sértekjumöguleika, t.a.m. skólagjöld, sem opinberu háskólarnir, eins og Háskóli Íslands, hafa ekki.

Skrásetningagjöld

Það hefur um árábil, verið grunur Stúdentaráðs að skrásetningargjaldið við Háskóla Ísland þjóni hlutverki skólagjalda, til að fjármagna daglegan rekstur háskólans. Þetta hefur Stúdentaráð ítrekað bent á í því skyni að varpa ljósi á undirfjármögnun háskólans. Nýlegur úrskurður áfrýjunarnefndar kærumála háskólanema leiðir í ljós að fullnægjandi gögn liggja ekki fyrir, sem sýni í hvað skrásetningargjaldið sé nýtt. Þetta er óásættanleg leið til fjármögnunar, en ljóst er að háskólinn leitar í þessi úrræði í neyð. Stúdentaráð veltir því upp áhyggjum sínum um að háskólanum verði ekki gert kleift að leiðrétta þetta fyrirkomulag með nýju líkani.

Tekjurnar sem skrásetningargjaldið skilar háskólanum eru dregnar frá framlögum ríkisins til háskólans, að undanskildum hlutfalli sem miðast við nemendur sem ekki eru í fullu námi. Ekki er skýrt hvernig þessu verður háttað með nýju líkani en mælist Stúdentaráð eindregið til þess að þetta fyrirkomulag verði lagt af.

Stöðug fjármögnun

Í umræðum til undirbúnings nýs reiknilíkans lagið Stúdentaráð mikla áherslu á að fundin yrði fjármögnunarleið sem fæli í sér stöðuga og áreiðanlega fjármögnun háskóla. Ekki gáfust svör

í ferlinu um það hvort ætlunin væri að allt fjármagn færi í gegnum líkanið, þ.e.a.s. að ekkert fjármagn væri fast framlag í nýja reiknilíkaninu. Nú hefur verið staðfest að allt fjármagn kemur til með að fara í gegnum reiknilíkanið og ekkert fast fjármagn verður veitt. Stúdentaráð telur þetta ýta undir óstöðugan rekstrargrundvöll. Stúdentaráð fagnar því að dregið sé úr vægi stakra þátta, enda búa fleiri matsþættir til stöðugara kerfi, þar sem einn þáttur er ekki ráðandi. Það hefði þó mátt ganga lengra í þessu skyni og bæta við fleiri þáttum, svo hver þáttur væri veigaminni. Þáttur kennslu er í raun minnkaður í nýja reiknilíkaninu. Kennsla fer úr 70% (þreyttar einingar 65% + brautskráning 5%) í 65% (loknaar einingar 42% + brautskráning 18% + kennsluauki 5%). Mikilvægt er að fjármagn sé veitt til að viðhalda gæði kennslu og náms á öllum tímum en einnig svo svigrúm sé til að þróa kennsluaðferðir og námsmat.

Hvatar í kennsluhluta

Fjármögnunarlíkan er stjórnþæki stjórnvalda, þar sem gefst tækifæri til að búa til ákveðna hvata fyrir skólana eftir því hvernig upphæðir eru ákvarðaðar. Þetta nær þó aðeins að hafa takmörkuð áhrif þar sem reiknilíkanið ákvarðar þá upphæð sem hver skóli fær úthlutað en skólarnir hafa svo frjálssar hendur til að dreifa því innan skólans. Raunin er sú að þegar hvatar eru notaðir er engin leið að vita hvort þeir skili sér í þeirri hegðun sem ætlast er til. Stúdentaráð hefur bent á áhættuna sem fylgir þessum hvötum. Þegar ekki fylgir fjármagn með starfsemi sem skólinn þarf þó að sinna býr það til gat í fjármögnun opinberu háskólanna sem erfitt er að sjá hvernig á að loka. Opinberir háskólar hafa ekki heimild til að afla tekna á annan máta en með þjónustugjöldum, og mega þau ekki ná yfir rannsóknir eða kennslu. Því er engin önnur leið fyrir opinbera háskóla til að standa undir kostnaði sem hlýst af rannsóknum og kennslu en að þiggja framlög frá stjórnvöldum. Þegar það framlag býðst ekki stendur skólinn frammi fyrir þeim erfiða valmöguleika að hætta að veita þjónustuna, t.d. með aðgangsstýringu, eða að fjármagna sig með ólögumætum hætti.

Hugtakið þreyttar einingar er lagt af og í stað þess taka loknaar einingar við. Við þá breytingu hættir hið opinbera að greiða með þeim nemendum sem ekki standast námsmat. Þetta er gert með það að markmiði að búa til hvata fyrir skólana til að fá nemendur í meira mæli til að klára þau námskeið sem þeir eru skráðir í. Það er þó óvíst hvort þetta hafi tilætluð áhrif. Allt eins líklegt er að háskólarnir sjái ekki annan möguleika færán en að auka aðgangsstýringu. Getur það dregið verulega úr jöfnu aðgengi að háskólanámi, sem er einmitt sá þáttur sem ætti að vera meginmarkmið stjórnvalda með innleiðingu nýs reiknilíkans.

Þáttur brautskráningar er aukinn og hefur sú breyta það markmið að hvetja til þess að nemendur klári sitt nám, og það á tilsettum tíma. Það er þó óvíst er hvort aukin áhersla á brautskráningar skili sér í hvata fyrir háskólann til að styðja nemendur hraðar og betur í

gegnum námið. Þá er mikilvægt að líta sérstaklega til þess náms sem hefur ekki það endanlega markmið að útskrifast, það nám sem stundað er í einstaklingsbundnum, félagslegum eða faglegum tilgangi krefst sama fjármagns og skilar hugviti í samfélagið líkt og annað nám. Mikilvægt er að svigrúm sé til að bjóða upp á slíkt nám þrátt fyrir að vægi brautskráninga sé aukið. Þá eru einnig til þau námskeið sem ekki hafa það markmið að allir nemendur útskrifist, t.d. þær námsleiðir sem eru með klásus. Aðeins er komið til móts við þessa áhættuþætti að hluta til, með rannsóknar- og kennsluviðbót.

Reikniflokkar

Námsbrautum verður nú skipt upp í fjóra reikniflokka í stað sextán og fagnar Stúdentaráð þeirri einföldun. Það skýtur þó skökku við hve lág framlög fylgja hverjum ársnema í reikniflokki A. Ráðið vekur sérstaka athygli á sérstöðu Háskóla Íslands, sem býður upp á ýmsar þjóðlega mikilvægar greinar, sem gjarnan eru ekki í boði annars staðar. Hlutverk Háskóla Íslands er að reka þær greinar þrátt fyrir að ekki sé rekstrargrundvöllur fyrir þeim á hverju ári. Það er því hlutverk stjórnvalda að fjármagna þær greinar eftir því. Ef innleiðing nýja líkansins fer fram að því óbreyttu eru þessar greinar fjárhagslega háðar öðrum greinum, sem ekki er hægt að túlka á annan hátt en sem ófullnægjandi fjármögnun.

Skv. upphæðunum sem birtast í *Töflu 3 - Reikniflokkar: stuðlar og framlög 2024* í greinargerðinni er ekki útlit fyrir að sett markmið um að útgjöld á hvern ársnema héraendis nái meðaltali Norðurlandanna. Stúdentaráð vill í því ljósi vekja athygli á að ekki sé hægt að líta aðeins til nágrannalandanna þegar skoða á hlutföll í líkaninu en ekki þegar ákvarða á upphæðir, það verður að haldast í hendur þegar sömu útkomu er vænst. Stúdentaráð telur sérstaklega mikilvægt að endurskoða flokkun hjúkrunar- og ljósmóðurfræði úr c flokki í d flokk, enda er álíka mikil eða jafnvel meiri verkleg kennsla þar en í læknisfræði.

Samfélagslegt hlutverk

Vill Stúdentaráð fagna því sérstaklega að veitt verði fjármagn til þeirra skóla sem bjóða upp á nám fyrir þroskahlaða stúdenta. Ráðið hefur telur mikilvægt að boðið verði upp á fjölbreyttari valkosti í háskólanámi fyrir þann hóp. Ekki er fjallað um hvernig kostnaði sem fylgir skiptinemum verður mætt, mikilvægt er að sá þáttur sé skýrður. Einnig er mikilvægt að bæta við fjármögnun margvíslegra sérrúrræða fyrir stúdenta. Þar undir þyrfti geðheilbrigðisþjónusta einnig að falla, en Stúdentaráð telur mikilvægt að geðheilbrigðisúrræði séu aukin og öllum stúdentum aðgengileg. Þeim þáttum sem hér hafa verið nefndir verður að mæta með varanlegum fjárframlögum, ekki aðeins tímabundnum uppbótum sem hverfa eftir innleiðingu líkansins. Að lokum telur Stúdentaráð mikilvægt að skýra betur hvað átt er við með

áherslu stjórnvalda, undir liðnum *Sókn í þágu háskóla og samfélags*. Ráðið fagnar því að útfærsla þess liðs fari fram í samráði við háskólana, enda gefst þannig tækifæri til að efla lýðræðisþátttöku innan háskólans.

Atkvæðagreiðsla

Rafræn atkvæðagreiðsla - Kosið um umsögn Stúdentaráðs um "Reglur um fjárframlög til Háskóla" 10.11.2023	
<i>Félagsvísindasvið</i>	
Arna Dís Heiðarsdóttir	Samþykkir
Daníel Hjörvar Guðmundsson	Situr hjá
Emilía Björt Írisard. Bachmann	Samþykkir
Júlíus Viggó Ólafsson	Situr hjá
Kristmundur Pétursson	Samþykkir
<i>Heilbrigðisvísindasvið</i>	
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsd.	Samþykkir
Daníel Thor Myer	Samþykkir
Elísabet Sara Gísladóttir	Situr hjá
<i>Hugvísindasvið</i>	
Guðni Thorlacius	Samþykkir
Júlía Karín Kjartansdóttir	Samþykkir
Steinunn Kristín Guðnadóttir	Samþykkir
<i>Menntavísindasvið</i>	
Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa	Situr hjá
Tanja Sigmundsdóttir	Samþykkir
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir	Samþykkir
<i>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</i>	
María Rós Kaldalóns	Samþykkir
Davíð Ásmundsson	Samþykkir
Eiður Snær Unnarsson	Situr hjá

12 samþykk

5 sitja hjá

8.5 ÁKALL EFTIR AUKNUM ÚRRÆÐUM FYRIR STÚDENTA FRÁ GRINDAVÍK 22.11.2023

Iðulega er ákveðinn hópur stúdenta við Háskóla Íslands sem þarf sértæk úrræði í námi, hvort sem það er vegna námsörðugleika, tungumáls eða ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Nú horfir svo við að stúdentar frá Grindavík, stúdentar sem hafa nánar tengingar við Grindavík og stúdentar sem starfa í björgunarsveitum gætu þurft að notfæra sér slík úrræði. Þessum fordæmalausum aðstæðum fylgir eðlilega mikið álag og óöryggi, bæði í þeirra persónulega lífi og nærsamfélagi þeirra. Æskilegt væri að veita aukinn próftíma, aukið svigrúm við skil á verkefnum og að aðgangur að endurtökuprófum sé tryggður. Það fyrirkomulag sem HÍ hefur þegar lagt fram, að kennurum sé í sjálfsvald sett hvort tillit verði tekið til aðstæðna hvers nemenda fyrir sig, er ekki fullnægjandi. Stúdentaráð hvetur Háskólann til að bregðast við ákalli frá þessum hópi með skýrum og samræmdum aðgerðum. Skýrt þarf að vera hvert stúdentar geta leitað, þurfi þau að notfæra sér þessi úrræði.

Af sömu ástæðum gætu stúdentar sem reiða sig á framfærslu frá Menntasjóði Námsmanna átt von á skertu framlagi ef hægist á námsframvindu vegna ástandsins í Grindavík. Stúdentaráð hvetur til þess að komið verði til móts við þá stúdenta. Stúdentaráð hvetur sjóðinn sömuleiðis til að líta til þeirra aðgerða sem gripið var til þegar Covid faraldurinn reið yfir, t.a.m. undanþágur frá afborgunum.

Hugur okkar er hjá Grindvíkingum og sendir Stúdentaráð hlýjar kveðjur til þeirra á þessum óvissutímum.

Virðingarfyllst,

Stúdentaráð Háskóla Íslands

Atkvæðagreiðsla

Rafræn atkvæðagreiðsla - Kosið um Grindavík tillögu um Grindavík 23.11.2023		
<i>Félagsvísindasvið</i>		
Arna Dís Heiðarsdóttir		Samþykkir
Daníel Hjörvar Guðmundsson		Kaus ekki
Emilía Björt Írisard. Bachmann		Samþykkir
Júlíus Viggó Ólafsson		Samþykkir
Kristmundur Pétursson		Samþykkir
<i>Heilbrigðisvísindasvið</i>		
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsd.		Samþykkir
Daníel Thor Myer		Samþykkir
Elísabet Sara Gísladóttir		Samþykkir
<i>Hugvísindasvið</i>		
Guðni Thorlacius		Samþykkir
Júlía Karín Kjartansdóttir		Samþykkir
Steinunn Kristín Guðnadóttir		Samþykkir
<i>Menntavísindasvið</i>		
Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa		Samþykkir
Tanja Sigmundsdóttir		Samþykkir
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir		Samþykkir
<i>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</i>		
María Rós Kaldalóns		Samþykkir
Davíð Ásmundsson		Samþykkir
Eiður Snær Unnarsson		Samþykkir

16 samþykk

1 kaus ekki

8.6 ERINDI TIL HÁSKÓLA ÍSLANDS VEGNA SKERÐINGAR Á ÞJÓNUSTU FÉLAGSSTOFNUNAR STÚDENTA

Nú er svo komið að Félagssstofnun Stúdenta (FS) getur ekki lengur haldið úti veitingasölu Hámu í Odda, Háskólabíói og Eirbergi. Stúdentaráð hagnar að þá missi ákveðinn hópur stúdenta mikilvæga þjónustu í byggingum þar sem kennsla fer fram.

FS er óhagnaðardrifin sjálfseignarstofnun, sett á fót af stúdentum fyrir stúdenta og háskólasamfélagið allt. FS hefur það að markmiði að þjónusta stúdenta eins vel og unnt er, á eins lágu verði og mögulegt er. FS starfrækir m.a. 9 veitingasölustaði Hámu á víð og dreif í byggingum háskólans. Þar býðst nemendum og starfsfólki háskólans hollur matur á viðráðanlegu verði. Þar að auki fá stúdentar sérstakan afslátt af mat og kaffi í Hámu.

Hluti af sölustöðum Hámu hefur aldrei staðið undir rekstri, en þjónustu á fámennari stöðum hefur verið haldið uppi af öðrum einingum til þess að þjónusta sé stúdentum aðgengileg í sem flestum byggingum háskólans.

Í Covid faraldrinum ákvað FS að halda úti þjónustu fyrir stúdenta sem sóttu staðartíma á háskólasvæðinu þrátt fyrir taprekstur. Eftir Covid er ekki eins mikið af fólki í byggingunum háskólans og var fyrir faraldurinn. Þetta sést m.a. á sölutölum Hámu. Af tveimur slæmum kostum ákvað FS að loka þessum þremur stöðum, í stað þess að hækka vöruverð.

Hvað tekur við fyrir stúdenta?

Stúdentaráð hefur lagt ríka áherslu á að þjónusta á viðráðanlegu verði sé stúdentum aðgengileg á háskólasvæðinu. FS hefur borið þunga þessarar þjónustu frá stofnun árið 1968. Er það ekki síður ábyrgð Háskólans að tryggja álíka þjónustu, enda er blómlegt háskólasamfélag bæði hvati fyrir nemendur að velja skólann og mikilvægt fyrir starfsfólk.

Í því ljósi beinir Stúdentaráð hvatningu til HÍ til að taka virkan þátt í að veita þjónustu á háskólasvæðinu og sýna þannig í verki ábyrgð háskólans í myndun líflegs háskólasvæðis. Þetta væri hægt að gera með því að styðja við þjónustu FS með einhverju móti, háskólinn gæti einnig starfrækt slíka þjónustu eða fundið aðra aðila til að halda henni úti, en þá þarf að tryggja að þær veitingar séu á sambærilegu verði og FS býður upp á.

Við þetta má bæta að Stúdentaráð hefur lagt ríka áherslu á að FS verði tryggt rými til að starfrækja Hámu í nýbyggingum háskólans, svo sem nýju húsi heilbrigðisvísinda og Sögu.

Atkvæðagreiðsla

Rafræn atkvæðagreiðsla - Kosið um erindi til HÍ vegna skerðingar á þjónustu FS		
<i>Félagsvísindasvið</i>		
Arna Dís Heiðarsdóttir		Samþykkir
Daníel Hjörvar Guðmundsson		Kaus ekki
Emilía Björt Írisard. Bachmann		Samþykkir
Júlíus Viggó Ólafsson		Kaus ekki
Kristmundur Pétursson		Samþykkir
<i>Heilbrigðisvísindasvið</i>		
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsd.		Samþykkir
Daníel Thor Myer		Samþykkir
Elísabet Sara Gísladóttir		Samþykkir
<i>Hugvísindasvið</i>		
Guðni Thorlacius		Samþykkir
Júlía Karín Kjartansdóttir		Samþykkir
Steinunn Kristín Guðnadóttir		Samþykkir
<i>Menntavísindasvið</i>		
Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa		Kaus ekki
Tanja Sigmundsdóttir		Samþykkir
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir		Samþykkir
<i>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</i>		
María Rós Kaldalóns		Samþykkir
Davíð Ásmundsson		Samþykkir
Eiður Snær Unnarsson		Kaus ekki

13 samþykk

4 kusu ekki

8.7 YFIRLÝSING TIL STUÐNINGS PALESTÍNSKU ÞJÓÐINI 05.01.2024

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) lýsir yfir fullum stuðningi við palestínsku þjóðina og baráttu hennar fyrir tilverurétti sínum gegn [Ísraelskri nýlendustefnu og þjóðarmorði](#). Þrátt fyrir þau grimmdarverk sem voru framin í Ísrael 7. október 2023 réttlætir það ekki brot á grundvallarmannréttindum. Tryggja þarf tafarlausa mannúðaraðstoð og vopnahlé á Gaza.

SHÍ tekur undir með [yfirlýsingu starfsfólks Háskóla Íslands](#) og [yfirlýsingu Landssamtaka íslenskra stúdenta](#) um að bregðast verði við [ákalli Birzeit háskóla](#), enda beri háskólasamfélaginu öllu skylda til að gera svo og láta rödd sína heyrast.

SHÍ krefst þess að Háskólinn bregðist við stríðsglæpum Ísraelsríkis með jafn mikilli staðfestu og hann gerði [gegn Rússlandi árið 2022](#). Einnig tekur SHÍ undir með starfsfólki Háskóla Íslands um að sniðganga þurfi akademískar stofnanir í Ísrael og fyrirtæki sem styðja við stríðsrekstur Ísraelsríkis.

Rót átakanna fyrir botni miðjarðarhafsins á sér langa sögu af sívaxandi ólöglegu hernámi ísraelska stjórnvalda á palestínsku landi eins og [aðalritari Sameinuðu þjóðanna](#) bendir á. Nýlendustefna og landtaka Ísraels sem og árásir á almenna palestínska borgara fara gegn alþjóðlegum mannúðarlögum samkvæmt Sameinuðu þjóðunum¹ og [Amnesty International](#). Einnig brýtur aðskilnaðarstefna (apartheid) Ísraelsríkis bæði gegn [Genfarsáttmálanum](#) og [alþjóðlegum mannúðarlögum](#). Ekkert ríki er yfir alþjóðleg mannúðarlög hafin.

Sérstaklega mikilvægt er að mennta- og vísindastofnanir láti í sér heyra þegar mannréttindabrot eru framin og haldi staðreyndum á lofti, en falsfréttir og áróður hafa myndað klofning í alþjóðasamfélaginu. Líkt og kemur fram í yfirlýsingu frá starfsfólki Háskóla Íslands hefur vestrænt alþjóðasamfélag haldið uppi ríkjandi orðræðu sem afmennskuvæðir palestínsku þjóðina og skapar réttlætingu fyrir ítrekuðum fjöldamorðum á saklausum borgurum, þar á meðal þúsundum barna. Þar sem háskólamenntun er mikilvægur vegvísir að opnara og réttlátara samfélagi hvetja stúdentar Háskóla Íslands háskólastofnanir landsins sem og fræðasamfélagið í heild sinni til að halda staðreyndum á lofti, viðurkenna sögulegar rætur árásanna og varpa ljósi á valdaójafnvægi þjóðanna.

Fræðasamfélaginu ber að uppfylla akademískar skyldur sínar, byggja á staðreyndum, halda fjarlægð frá ríkisstyrktum áróðri og gera þá sem standa fyrir þjóðarmorði, sem og þá sem það styðja, ábyrga fyrir gjörðum sínum.²

SHÍ stendur með Palestínu í baráttunni fyrir friði og réttlæti. Að sama skapi líður SHÍ ekkert ofbeldi og tekur skýra afstöðu gegn múslimahatri, gyðingahatri og hvers kyns ofbeldi.

Atkvæðagreiðsla

Rafræn atkvæðagreiðsla - Kosið um yfirlýsingu til stuðnings palestínsku þjóðarinnar 05.01.2024		
<i>Félagsvísindasvið</i>		
Arna Dís Heiðarsdóttir		Samþykkir
Daníel Hjörvar Guðmundsson		Kaus ekki
Emilía Björt Írisard. Bachmann		Samþykkir
Júlíus Viggó Ólafsson		Situr hjá
Kristmundur Pétursson		Kaus ekki
<i>Heilbrigðisvísindasvið</i>		
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsd.		Samþykkir
Daníel Thor Myer		Samþykkir
Elísabet Sara Gísladóttir		Samþykkir
<i>Hugvísindasvið</i>		
Guðni Thorlacius		Samþykkir
Júlía Karín Kjartansdóttir		Samþykkir
Steinunn Kristín Guðnadóttir		Samþykkir
<i>Menntavísindasvið</i>		
Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa		Kaus ekki
Tanja Sigmundsdóttir		Samþykkir
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir		Samþykkir
<i>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</i>		
María Rós Kaldalóns		Samþykkir
Davíð Ásmundsson		Samþykkir
Eiður Snær Unnarsson		Kaus ekki

13 samþykk

1 situr hjá

3 kusu ekki

8.8 YFIRLÝSING UM STÖÐU GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTU VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS 07.02.2024

Staða geðheilbrigðisþjónustu við Háskóla Íslands er grafalvarleg. Ef fram fer sem horfir á næstu mánuðum, verður dregið verulega úr geðheilbrigðisþjónustu fyrir nemendur skólans. Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af ástandinu og krefst þess að ráðuneyti háskólamála ásamt skólayfirvöldum tryggi að geðheilbrigðisþjónusta í Háskóla Íslands hafi tök á að annast eftirspurn.

Eitt af markmiðum stefnu Háskóla Íslands, [HÍ26](#), er að skapa góðan vinnustað, bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Í stefnunni er tekið fram að velferð og öryggi allra á háskólasvæðinu séu höfð í fyrirrúmi og áætlanir eru uppi um að styðja betur við heilsu og velferð nemenda. Ljóst er að niðurskurður í geðheilbrigðisþjónustu rímar ekki við þessa stefnu skólans.

Þörfin er til staðar:

Skv. upplýsingum frá sviði Nemendaráðgjafar bárust Sálfræðiþjónustu Háskóla Íslands að meðaltali um 400 nýjar beiðnir á ári hverju, árin 2021-2023. Auk einkaviðtala býður sálfræðiþjónustan upp á hópmeðferðir, til dæmis sjálfstyrkingarnámskeið, meðferð við kvíða og þunglyndi ásamt núvitundarnámskeiðum. Námskeiðin hafa verið afar vel sótt og eru þátttakendur að meðaltali um 40 á hverri önn.

Íslenskir stúdentar standa verr í samanburði:

Í Háskóla Íslands störfuðu, þegar mest var, fjórir sálfræðingar, allir voru þeir í 50% starfshlutfalli og stöðugildi sálfræðinga því aðeins tvö. Síðustu ár hefur nemendafjöldi Háskóla Íslands verið um 14.000 nemendur og hlutfallið því einn sálfræðingur á hverja 7000 nemendur. Við Háskólann á Akureyri stunda um 2500 nemendur nám (þar af um 1750 í fjarnámi) og þar starfar einn sálfræðingur í hálfu starfi og hlutfallið því einn sálfræðingur á hverja 5000 nemendur. Við Háskólann í Reykjavík stunda um 4400 nemendur nám og þar starfa tveir sálfræðingar í fullu starfi og hlutfallið því einn sálfræðingur á hverja 2200 nemendur. Til samanburðar má nefna að samtök skólasálfræðinga í Bandaríkjunum (NASP) hafa það að viðmiði að hlutfallið milli sálfræðinga og nemenda sé [einn sálfræðingur á hverja 1500 nemendur](#).

Saga geðheilbrigðismála innan Háskóla Íslands:

Á síðustu árum hefur margt verið gert til að bæta geðheilbrigðisþjónustu við Háskóla Íslands. Árið 2018 var stofnaður geðheilbrigðishópur innan Háskóla Íslands en hópnum var ætlað að

útfæra og skipuleggja geðheilbrigðisþjónustu innan háskólans. Í geðheilbrigðishópnum sitja hverju sinni starfandi sálfræðingar háskólans, deildarstjóri náms- og starfsráðgjafar, sviðsstjóri kennslusviðs, prófessor í geðlæknisfræði, forstöðumaður Sálfræðiráðgjafar háskólanema, klínískur sálfræðingur og fyrrum forstöðumaður ráðgjafarinnar og forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Geðheilbrigðishópurinn kom fyrst saman haustið 2020. Á yfirstandandi skólaári hefur hópurinn ekki verið kallaður saman þrátt fyrir augljósan og aðkallandi skort á geðheilbrigðisþjónustu innan Háskóla Íslands.

Undanfarin ár hefur þörfin fyrir geðheilbrigðisþjónustu aukist og biðlistarnir lengst. Sérstaklega mikil aukningin átti sér stað árið 2020 og má að öllum líkindum tengja þá auknu aðsókn fordæmalausum samfélagsaðstæðum vegna COVID-19 faraldursins. Til að mæta aukinni þörf var fjölda sálfræðiviðtala sem stendur hverjum einstaklingi til boða fækkað, einnig þurfti að vísa um 80 einstaklingum frá en slíkt hafði aldrei áður gerst í þrjátíu ára sögu sálfræðiþjónustu innan Háskóla Íslands.

Vorið 2021 veittu stjórnvöld Háskóla Íslands 45 milljónir í styrk og voru þeir fjármunir eyrnamerkir geðheilbrigðisúrræðum. Fjárveitingin var svar við [ákalli Stúdentaráðs](#) og vegna hennar var hægt að fjölga hópmeðferðarúrræðum og ráða inn fjórða sálfræðinginn. Um einskiptis fjárveitingu var að ræða, sem nú hefur er uppurin og eru engin merki á lofti um að annar styrkur berist. Vegna samdráttar í rekstri háskólans telja stúdentar hverfandi líkur á að skólinn mun sjá af frekara fjármagni í geðheilbrigðisþjónustu. Nú er svo komið að tveimur stöðugildum sálfræðinga, sem dreift var á fjóra starfsmenn, fækkar í eitt, þar sem ekki fæst frekara fjármagn. Það verða því aðeins tveir sálfræðingar, báðir í 50% starfshlutfalli, sem þjónusta um 14.000 nemendur. Það er því ljóst að á næstu misserum mun úrræðum fyrir nemendur við Háskóla Íslands fækka verulega.

Hvað nú?

Stúdentaráð Háskóla Íslands óskar eftir því að gripið verði til tafarlausra aðgerða til að koma í veg fyrir að dregið verði úr nauðsynlegri geðheilbrigðisþjónustu fyrir stúdenta. Stjórnvöld og skólayfirvöld bera ábyrgð á að uppfylla markmið sín um heilsu og velferð stúdenta. Í nýjum reglum um fjárveitingar til háskóla er lögð áhersla á að hraða útskriftum nemenda úr háskóla, í ljósi þess er sérstaklega nauðsynlegt að hlúa að stúdentum og styðja þá í þeirri vegferð. Sérstaklega þarf að tryggja að úrræði séu til staðar, til að grípa stúdenta þegar þörfin er mest, en það er einmitt sú þjónusta sem nú situr undir höggi.

Atkvæðagreiðsla

Kosið um yfirlýsingu um stöðu geðheilbrigðisþjónustu við Háskóla Íslands 07.02.2024	
<i>Félagsvísindasvið</i>	
Arna Dís Heiðarsdóttir	Samþykkir
Daníel Hjörvar Guðmundsson	Samþykkir
Emilía Björt Írisard. Bachmann	Samþykkir
Júlíus Viggó Ólafsson	[Fjarverandi]
Kristmundur Pétursson	Samþykkir
<i>Heilbrigðisvísindasvið</i>	
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsd.	Samþykkir
Daníel Thor Myer	Samþykkir
Elísabet Sara Gísladóttir	Samþykkir
<i>Hugvísindasvið</i>	
Guðni Thorlacius	Samþykkir
Júlía Karín Kjartansdóttir	Samþykkir
Steinunn Kristín Guðnadóttir	[Fjarverandi]
<i>Menntavísindasvið</i>	
Alex Eli Schweitz Jakobsson fyrir Júlíönu Dögg Önnud. Chipa	Samþykkir
Tanja Sigmundsdóttir	Samþykkir
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir	Samþykkir
<i>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</i>	
María Rós Kaldalóns	Samþykkir
Davíð Ásmundsson	Samþykkir
Eiður Snær Unnarsson	Samþykkir

15 samþykk
2 fjarverandi

8.9 YFIRLÝSING VEGNA BREYTINGAR Á FJÁRFRAMLAGI RÍKISINS TIL HÁSKÓLASTIGSINS 05.03.2024

Þann 13. febrúar sl. bauð Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sjálfstætt starfandi háskólum landsins að leggja niður skólagjöld en fá í staðinn óskert framlög frá ríkinu. Listaháskóli Íslands og Bifröst hafa þegar tekið tilboðinu og tilkynnt að skólagjöld verði lögð niður frá og með næsta hausti en Háskólinn í Reykjavík hafnaði tilboðinu.

Stúdentaráð fagnar því að íslensk stjórnvöld bjóði loks upp á skólagjaldalaust opinbert listnám hérlendis. Það skýtur þó skökku við að ráðist sé í þessa breytingar án þess að fjármagn til háskólastigsins í heild sinni sé aukið. Ráðherra segir þessa aðgerð rúmast innan fjárlaga 2024, sem unnin voru áður en ljóst var hvaða skólar myndu þiggja tilboðið. Það er því deginum ljósara að því fleiri skólar sem fá fullt fjárframlag úr sama pottinum, því minna fær hver og einn skóli.

Fjármögnun HÍ stendur enn langt að baki fjármögnun sambærilegra háskóla á Norðurlöndunum, þegar heildartekjur háskóla á hvern ársnema eru bornar saman. Á Norðurlöndunum fylgja að meðaltali 4,6 milljónir króna hverjum nemenda árlega en á Íslandi eru það aðeins 2,9 milljónir. Tilboð ráðherra felur í sér að fleiri hópum nemenda fylgi fullt framlag, án þess að bætt sé í pottinn, sem hefur þær afleiðingar að fé sem fylgir hverjum nemanda er minna.

Við upphaf árs 2023 lýsti [Háskólaráð, Háskóli Íslands](#) og [Stúdentaráð Háskóla Íslands \(SHÍ\)](#) yfir þungum áhyggjum af fjárhagsstöðu Háskóla Íslands. Gripið var til aðhaldsaðgerða, svo sem niðurskurði í kennslu og stöðvun á nýráðningum, og enn er mikið aðhald í rekstri skólans. Niðurskurðurinn bitnar fyrst og fremst á stúdentum, með niðurskurði í bæði kennslu og stoðþjónustu, en Stúdentaráð hefur nýlega vakið athygli á því að [geðheilbrigðisþjónusta við HÍ muni dragast saman um helming](#) ef fram fer sem horfir.

Ráðherra hefur lagt sérstaka áherslu á ákveðnar námsgreinar, en jafnvel þær greinar eiga líka í fjárhagsvandræðum, svo sem heilbrigðisvísindi og STEM greinar. Enn verra ástand er í þeim greinum sem skipa ekki þennan sérstaka sess í augum stjórnvalda og er ástandið einna verst á Hugvísindasviði. Langvarandi undirfjármögnun dregur ekki aðeins úr gæðum náms,

rannsóknna og kennslu heldur gerir það einnig að verkum að skólinn fellur á alþjóðlegum matslistum sem hefur neikvæð áhrif á samkeppnishæfni skólans, innanlands sem utan.

Það er ekki óvænt að HR afþakki tilboð ráðherra háskólamála um sömu meðferð og HÍ hefur hlotið síðastliðin ár og áratugi. Full fjármögnun frá ríkinu myndi ekki duga HR, enda nægir hún Háskóla Íslands ekki, og hefur ekki gert um árabíl. Viðvarandi fjárskortur hefur aftrað skólanum frá framþróun og öll orkan hefur farið í að viðhalda starfsemi sem þegar er í boði.

Ekki er hægt að aðskilja umræðu um fjármögnun opinberra háskóla frá efasemdum stúdenta um lögmæti skrásetningargjaldsins við Háskóla Íslands, sem staðfestar voru með úrskurði áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema frá 5. október sl. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Háskóli Íslands hafi byggt á ófullnægjandi forsendum við ákvörðun fjárhæðar skrásetningargjaldsins. Úrskurður nefndarinnar styður þá niðurstöðu Stúdentaráðs að skrásetningargjaldið við Háskóla Ísland þjóni hlutverki skólagjalda og fjármagni daglegan rekstur háskólans. Vasar stúdenta eru ekki fjármögnunarsjóðir opinberrar menntunar, en ljóst er að þetta er neyðarúrræði sem háskólinn leitar í vegna langvarandi fjárskorts. Þrátt fyrir að efasemdir um lögmæti gjaldsins hafi legið fyrir um árabíl hefur rektor í tvígang óskað eftir hækkun gjaldsins. Stúdentaráð hefur þegar varpað ljósi á mikilvægi þess að háskólanum verði gert kleift að leiðrétta þetta fyrirkomulag með tilkomu nýs reiknilíkans. Nýjasta útspil ráðherra ýta undir áhyggjur Stúdentaráðs þess efnis að sú verði ekki raunin. Þar að auki eru tekjurnar sem skrásetningargjaldið skilar háskólanum dregnar frá framlögum ríkisins til háskólans, að undanskildu hlutfalli sem miðast við nemendur sem ekki eru í fullu námi. Ekki er skýrt hvernig þessu verður háttað í nýju reiknilíkani en mælist Stúdentaráð eindregið til þess að þetta fyrirkomulag verði lagt af. Í þessu samhengi er gott að minnast á að skrásetningargjöld tíðkast hvergi á Norðurlöndunum.

Með þessari ákvörðun ráðherra má leiða að því líkur að íslensk stjórnvöld ætli sér að viðhalda því ástandi sem hefur lengi ríkt innan háskólasamfélagsins, þ.e. viðvarandi undirfjármögnun opinberrar háskólamenntunnar.

Atkvæðagreiðsla

Kosið um yfirlýsingu vegna breytingar á fjárframlagi ríkisins til háskólastigsins 05.03.2024	
<i>Félagsvísindasvið</i>	
Arna Dís Heiðarsdóttir	Samþykkir
Daníel Hjörvar Guðmundsson	Samþykkir
Emilía Björt Írisard. Bachmann	Samþykkir
Júlíus Viggó Ólafsson	Fjarverandi
Kristmundur Pétursson	Samþykkir
<i>Heilbrigðisvísindasvið</i>	
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsd.	Samþykkir
Daníel Thor Myer	Samþykkir
Elísabet Sara Gísladóttir	Samþykkir
<i>Hugvísindasvið</i>	
Guðni Thorlacius	Samþykkir
Júlía Karín Kjartansdóttir	Samþykkir
Steinunn Kristín Guðnadóttir	Samþykkir
<i>Menntavísindasvið</i>	
Alex Eli Schweitz Jakobsson fyrir Júlíönu Dögg Önnud. Chipa	Samþykkir
Tanja Sigmundsdóttir	Samþykkir
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir	Samþykkir
<i>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</i>	
Fjóra María Sigurðardóttir fyrir Maríu Rós Kaldalóns	Samþykkir
Davíð Ásmundsson	Samþykkir
Eiður Snær Unnarsson	Samþykkir

16 samþykk

1 situr hjá

8.10 UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA, NR. 60/2020 (ÁBYRGÐARMENN OG NÁMSSTYRKIR), MÁL NR. S85/2024 21.03.2024

Stúdentaráð Háskóla Íslands (hér eftir „SHÍ“) hefur tekið til umsagnar ofangreint frumvarp. Endurskoðun laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna í samræmi við VIII bráðabirgðaákvæði laganna hefur staðið yfir undanfarið ár í Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu og ýmsir umræðufundir verið haldnir um málið, auk þess sem skýrsla var rituð af ráðuneytinu og lögð fyrir Alþingi, sbr. þingskjal 765, 154. löggjafarþingi. Takmarkað tillit virðist hafa verið tekið til þeirra athugasemda sem fulltrúar Stúdenta hafa lagt fram, en þó er í frumvarpinu að finna tillögur sem stefna litlum skrefum í rétta átt að mati SHÍ.

1. og 4. gr. – Afnám ábyrgðarmannakerfisins

Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 3. og 5. mgr. 11. gr. laganna falli brott. Verði frumvarpið að lögum munu því engir lántakar þurfa að afla sér ábyrgðarmanns við lántöku. Í 4. gr. er lagt til að ábyrgðir ábyrgðarmanna sem þegar hefur verið stofnað til falli niður.

Í 2. mgr. 11. gr. núgildandi laga er það gert að meginreglu, að námsmenn geti ekki hlotið námslán án þess að teljast tryggir lánþegar. 3. mgr. hefur að geyma undantekningu frá þeirri reglu sem felur í sér að „ótryggir lánþegar“ geti þó tekið námslán ef þeir leggja fram ábyrgðir sem Menntasjóður námsmanna telur viðunandi og tekur ákvæðið sem dæmi fasteignaveð, ábyrgðaryfirlýsingu fjármálastofnunar eða yfirlýsingu ábyrgðarmanns. Undantekning þessi er í samræmi við meginmarkmið laga nr. 60/2020 um jöfnun tækifæra allra til háskólanáms, en bagalegt er þó í því samhengi að ráðherra er eftirlátið óheft svigrúm til þess að skilgreina „trygga lánþega“. Eftir núgildandi úthlutunarreglum telst lántaki ekki tryggur lántaki þegar hann er á vanskilaskrá, bú hans er í gjaldþrotameðferð eða ef sjóðurinn hefur þurft að afskrifa lán gagnvart viðkomandi, sbr. 1. mgr. greinar 10.1.1 Hér er um formbundna skilgreiningu að ræða sem felur að mati SHÍ ekki í sér málefnalegt mat á væntri getu lántaka til þess að standa í skilum af greiðslum sínum í framtíðinni. Þá er óvarlegt að treysta á að þessi skilgreining verði óbreytt til frambúðar. SHÍ er ekki kunnugt um að nokkurra upplýsinga hafi verið aflað um fjölda þess fólks sem hefur á undanförunum árum verið gert skylt að afla sér tryggingar vegna stöðu þeirra sem ótryggir lántakar, en telur forsendu fyrir samþykkt þessa ákvæðis að það verði gert.

Þeir samfélagshópar sem líklegastir eru til þess að teljast ekki tryggir lántakar eru að sama skapi einna líklegastir til þess að rekast á fjárhagslegar hindranir í háskólanámi sínu og þurfa

Því að reiða sig á námslán til framfærslu. Hafi hópurinn ekki þann möguleika eru tækifæri þeirra skert auk þess sem samfélagið verður af þeirri sérfræðikunnáttu sem ella hefði getað skapast. Ábyrgðarmannakerfið kemur sér sannarlega verst fyrir fólk sem getur ekki reitt sig á fjárhagslegan stuðning fjölskyldu eða vandamanna, vegna þess að þau eru ólíklegri til þess að geta aflað sér ábyrgðarmanns. Verði frumvarp þetta að lögum er hins vegar í raun verið að ganga lengra gegn hópnum með brottfalli 3. mgr. 11. gr., því að þau sem ekki teljast tryggir lántakar eru þá með öllu útilokuð frá lántökurétti. Réttta leiðin til þess að bæta stöðu lántaka sem eiga í erfiðleikum með afborganir er, að mati SHÍ, ekki sú að gera þeim ókleift frá öndverðu að taka námslán. Í ljósi þess að tilgangur allra stuðningskerfa við námsmenn er að gera öllum kleift að stunda háskólanám, óháð fjárhagslegri stöðu, telur SHÍ þvert á móti að eðlilegra væri annars vegar að gera enga kröfu um að fjárhagsleg staða námsmanns sé traust þegar námslán eru tekin og hins vegar að ríkissjóður bæri hallann af afföllum sem hljóttast af vanskilum lántaka. Hvað sem því líður telur SHÍ að niðurfelling ábyrgðarmannakerfisins gefi ekki ástæðu til þess að útiloka lántaka frá því að leggja fram annars konar ábyrgðir en ábyrgðarmenn, svo sem fasteignaveð.

Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi að Menntasjóður námsmanna hefur sterka stöðu sem kröfuhafi, enda gilda ýmsar sérreglur um heimildir hans til innheimtu og meðferð við gjaldþrotaskipti og greiðsluaðlögun. Þannig er sjóðnum heimilt að gjaldfella námslán í heild sinni ef veruleg vanskil verða, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 60/2020 og ef námslán hafa ekki verið að fullu greidd á því ári þegar lánþegi nær 66 ára aldri, sbr. 3. mgr. 20. gr. Gjaldfallnar endurgreiðslur eru aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar ef um vanskil er að ræða, sbr. 2. mgr. 24. gr. laganna. Ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um lengd fyrningarfrests og sérreglur þeirra um slit fyrningar gilda ekki um námslán, sbr. 2. mgr. 26. gr. laganna. Þá eru kröfur vegna námslána að meginstefnu undanþegnar ákvæðum laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, sbr. b-lið 1. mgr. 63. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og g-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Þá skoðast breytingin með það í huga að ráðherra hefur, líkt og fyrr greinir, ótakmarkaða heimild til þess að skilgreina hugtakið tryggir lántakar. Verði frumvarp þetta að lögum framselur Alþingi fullt vald til ráðherra háskólamála hverju sinni til að ákveða hvaða fólk eigi að fá námslán og hvaða fólk ekki. SHÍ hefur reglulega lýst efasemdum um ágæti umfangs þeirra reglna um námslán sem ráðherra er fólgið að setja með almennum stjórnvaldsfyrirmælum og fá ekki lýðræðislega umfjöllun á Alþingi, en þetta er raunin um

flestar reglur sem snúa að réttarstöðu þeirra sem hafa opið skuldabréf hjá Menntasjóði námsmanna.

Að öllu framansögðu virtu, með hliðsjón af markmiðum og tilgangi námslánakerfisins á Íslandi, heimildum Menntasjóðs námsmanna til innheimtu og þeirra breytinga sem háskólanám hefur á greiðslugetu einstaklinga, telur SHÍ fulla ástæðu til þess að endurskoða nauðsyn þess að lántakendur teljist tryggir, samkvæmt viðmiðum sem ráðherra ákveður, til þess að geta tekið námslán.

Loks telur SHÍ ekki skýrt hvort að með „eldri lögum“ í 4. gr. frumvarpsins sé m.a. átt við lög nr. 60/2020 fram að gildistöku þessa frumvarps, þannig að allar ábyrgðir sem ábyrgðarmenn gengust í á grundvelli 3. mgr. 11. gr. núgildandi laga falli brott. Æskilegt væri að skýra þetta og telur SHÍ raunar óþarft og til óskýrleika fallið að vísa til eldri laga, enda nægilegt að tilgreina ábyrgðir ábyrgðarmanna á námslánnum sem íslensk stjórnvöld hafa veitt.

2. gr. – Útvíkkun styrkjakerfisins

Í frumvarpinu er lögð til breyting á 14. gr. laga nr. 60/2020. Verði breytingin að lögum gerir hún námsmönnum kleift að ljúka einu ári í lánshæfu námi og skipta að því loknu yfir í annað nám, en fá niðurfellingu 30% höfuðstóls þess láns sem veitt var fyrir hvorn námsferil, ef hinum síðari er lokið í samræmi við það sem skipulag þess náms gerir ráð fyrir. SHÍ tekur afskaplega vel í þessa tillögu en hefur þó nokkrar athugasemdir við orðalag ákvæðisins sem orkar nokkuð tvímælis.

Í fyrsta lagi er ekki ljóst við hvað er átt með því að námsmaður ljúki fyrsta ári í lánshæfu námi. Fyrst og fremst er í þessu sambandi óskýrt hvaða námsframvindu námsmaðurinn þurfi að ná, þ.e. hvort honum beri að ljúka 60 ECTS-einingum á fyrsta ári, eða hvort nægilegt sé að vera skráður í vissan fjölda eininga. Þá er á það bent að skipulag háskólanáms er fjölbreytt og í mörgum tilfellum ekki með þeim hætti að nauðsyn beri til þess að hefja nám að hausti en ljúka að vori. Með vísan til þessa telur SHÍ þörf á því að skýra betur annars vegar hvað „fyrsta ár“ sé og hins vegar hvað felist í því að ljúka einu skólaári. Bent er á að einfaldara og í betra samræmi við markmið laganna væri að tilgreina „eitt ár í lánshæfu námi“ fremur en „fyrsta ár“. Þá væri eðlilegt og í samræmi við 1. mgr. 13. gr. núgildandi laga að ekki yrði gerð meiri námsframvindukrafa en að hámarki 44 ECTS-einingar á ári. Að mati SHÍ nær breyting þessi þó ekki markmiði sínu með því að gera kröfur um námsárangur á fyrsta ári, enda að því stefnt

að liðka fyrir þeim sem eru að fóta sig í nýju umhverfi háskólanna og hafa óstöðugan vilja til framtíðarstarfa.

Í öðru lagi er óljóst hvað átt er við með því að réttur til námsstyrksins sé háður því að lánþegi ljúki síðara náminu í samræmi við það sem skipulag þess náms gerir ráð fyrir. SHÍ gerir ráð fyrir því að hér sé átt við að námi sé lokið innan þeirra tímamarka sem skipulag námsins gerir ráð fyrir, en þetta leiðir ekki endilega af orðalagi ákvæðisins heldur gæti allt eins verið vísað til lágmarkseinkunnar, mætingaskyldu eða annars sem tengist skipulagi náms.

3. gr. – Fjármögnun Menntasjóðs námsmanna

SHÍ gerir litlar athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins, sem miðar að því að skýra fjármögnunarumhverfi Menntasjóðs námsmanna. Þó er á það bent að með b-lið ákvæðisins er lagt til að sjóðnum verði ekki lengur heimilt að greiða inn á lán frá Endurlánum ríkissjóðs án viðbótarkostnaðar með samþykki fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ástæða þess að SHÍ geldur varhug við breytingunni er sú, að ekki er skýrt hvort að kostnaður sem hlýst af innborgun til Endurlána ríkissjóðs verði í framkvæmd talinn til rekstrarkostnaðar eða umsýslu og þ.a.l. fjármagnaður af ríkinu, sbr. 3. mgr. 34. gr. núgildandi laga nr. 60/2020. Að öðrum kosti felur tillögð breyting í sér kostnað sem vandséð er hvernig er fjármagnaður, enda liggur ekki fyrir heimild til þess að fella hann í vaxtastig eða vaxtaálag námslána, sbr. orðalag 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna. Fyrir liggur að margvíslegir kostnaðarliðir af starfsemi Menntasjóðs námsmanna eru ófjármagnaðir og telur SHÍ varhugavert annað en að skýrt verði framvegis hver eigi að bera hallann af breytingum á lögnum.

Aðrar almennar athugasemdir

Allt frá því að fyrstu áform um breytingar á lögum nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna voru kynnt af hálfu stjórnvalda á síðasta áratug hefur SHÍ bent á mikilvægi þess að stúdentar geti framfleytt sér á námslánum, enda dregur vinna samhliða námi úr námshraða og námsárangri með tilheyrandi tekjutapi fyrir landið til skemmri og lengri tíma.² Jafnvel brýnna er að stúdentar geti gengið að traustum og áreiðanlegum kjörum námslána sem tryggja öllum tækifæri til háskólamenntunar og hvetja á sama tíma til þess að fleiri sækji sér slíka menntun. Þess sjást víða merki að lögum nr. 60/2020, sem höfðu þetta að markmiði, hafi mistekist það:

72% íslenskra stúdenta vinna meðfram námi.³ Þar af vinna 72% vegna þess að annars gætu þau ekki stundað nám.⁴ Ísland kemur hér verst út af öllum löndum í Evrópu.

Miðgildi klukkustunda sem íslenskir stúdentar í fullu námi eyða í vinnu á viku er 14 klst. á viku.⁵ Ísland kemur hér verr út en öll önnur lönd Evrópu nema eitt.

62% stúdenta sem reiða sig á námslán lýsa fjárhagslegum vandamálum sínum sem alvarlegum eða mjög alvarlegum.⁶

Í samræmi við þetta er námsframvinda lág. Árið 2019 var fjöldi nemenda við HÍ 13092, en ársverk þeirra aðeins 8579. Framvinda var því um 66%.⁷

Þá er menntunarstig á Íslandi afar lágt í OECD-samanburði.⁸

Bent hefur verið á að meiri skilvirkni í menntakerfinu, þótt ekki sé nema lítils háttar, geti árlega sparað milljarða í rekstrarkostnað og að þar að auki yrðu hliðaráhrif á borð við auknar skatttekjur sambærileg.⁹ SHÍ telur með vísan til alls ofangreinds að það yrði samfélaginu öllu til góða, ef námslánakerfið væri betur úr garði gert, þannig að tækfæri allra til náms óháð fjárhagslegri stöðu yrðu tryggð og enn fremur væru til staðar virkir hvatar fyrir háskólanámi. Aðdragandi að endurskoðun laga nr. 60/2020 hefur verið langur og nægur tími til meiri ráðstafana en hér líta dagsins ljós, t.a.m. ráðstafana sem létta vaxtabyrði og draga úr skyndilegum og ófyrirséðum hækkunum vegna verðbólgu og vaxta á afborganir námslána, líkt og áform virðast hafa verið um á tímabili.¹⁰ Ljóst er að lög nr. 60/2020 hafa ekki stuðlað að þróun í þá átt sem að var stefnt og að mun meiri breytinga er þörf en lagt er til í þessu frumvarpi. SHÍ álfur frumvarp þetta metnaðarlaust, skammsýnt og ekki til þess fallið að leysa úr grundvallarvandamálum námslánakerfisins. SHÍ hefur nýtt hvert tækifæri til þess að benda á nauðsyn þess að frekari breytingar verði gerðar og lagt áherslu á mikilvægi heildarendurskoðunar. Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu er gert ráð fyrir heildarendurskoðun síðar á þessu ári, en engin trygging er veitt fyrir því með bráðabirgðaákvæði sambærilegu við núgildandi bráðabirgðaákvæði VIII laga nr. 60/2020. Í ljósi aðstæðna í stjórnmálum og þjóðfélaginu leggur SHÍ hóflegan trúnað á umfang þeirra endurskoðunar sem sannarlega er fyrirhuguð á þessu ári og telur farsælast að framlengja bráðabirgðaákvæði VIII með lögum.

Fyrir hönd SHÍ

Gísli Laufeyjarson Höskuldsson,

Lánasjóðsfulltrúi SHÍ



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Atkvæðagreiðsla

Kosið var um umsögnina í rafrænni atkvæðagreiðslu og var ein og sama atkvæðagreiðslan um umsögnina og yfirlýsinguna vegna endurskoðunar laga um Menntasjóð námsmanna.

Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar er að finna í kafla 8.11.

8.11 YFIRLÝSING VEGNA ENDURSKOÐUNAR LAGA UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA NR. 60/2020 21.03.2024

Lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna innihéldu bráðabirgðaákvæði um endurskoðun laganna að þremur árum liðnum. Á haustþingi 2023 áttu niðurstöður endurskoðunarinnar að vera kynntar, háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðherra lagði þá fram skýrslu sem leiddi í ljós þá grafalvarlegu niðurstöðu að í núverandi mynd tækist lögunum ekki að uppfylla markmiðsákvæði sitt, sem er að tryggja jöfn tækifæri til náms. Þann 14. mars sl. voru drög að frumvarpi til lagabreytinga á téðum lögum birt í samráðsgátt. SHÍ hefur þegar skilað inn umsögn sem snýr að þeim þáttum sem frumvarpið tekur á, sem eru sárafáir. Því telur SHÍ ríka ástæðu til þess að lýsa sérstaklega yfir vonbrigðum yfir heildarmeðferð þessa máls, enda er hér ekki um að ræða raunverulega endurskoðun á kerfinu.

“Samráð”

Á vormánuðum 2022 tóku stúdentar að undirbúa fyrirséða endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna. Stúdentahreyfingarnar lögðu strax frá upphafi mikla áherslu á það við ráðherra að endurskoðunin yrði nýtt til fulls, þ.e. að lögin yrðu tekin til raunverulegrar heildarendurskoðunar. Í því samhengi lögðu stúdentar áherslu á að vanda þyrfti til verka og byrja þyrfti vinnuna tímanlega til að svo mætti verða og að fullt samráð yrði haft við stúdenta á öllum stigum. Stúdentar óskuðu eftir því haustið 2022 að stofnaður yrði vinnuhópur líkt og gert var fyrir setningu laganna árið 2020 þar sem stúdentar ættu sæti við borðið í allri vinnu í tengslum við endurskoðunina en ekki var orðið við þeirri beiðni. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir um stöðuna á endurskoðuninni hefur lýðræðislega kjörnum fulltrúum stúdenta gengið erfiðlega að fá upplýsingar um endurskoðunina og lítið samráð átt sér stað. Það verður þó ekki rakið í löngu máli hér, en hægt er að finna ítarlega umfjöllun um samráð við ráðuneytið um endurskoðunina í kafla 6.4 í [ársskýrslu SHÍ 2022-2023](#). Í ársbyrjun 2023 gaf SHÍ út stefnu í tengslum við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna sem er að finna [hér](#). Kröfur stúdenta fela meðal annars í sér að lækka þurfi vaxtaþakið og afnema vaxtaálag, hækka niðurfellingu á höfuðstól og veita niðurfellingu eftir hverja önn. Einnig hafa stúdentar hvatt til þess að svigrúm sé aukið til muna og að stúdentum séu veitt lán óháð námsárangri. Skylda þarf stjórnvöld til að endurskoða upphæðir framfærslulána til hækkunar árlega, svo að fjárhæðir standist samanburð neysluviðmiða annarra hópa. Þá leggja stúdentar mikla áherslu á að fallið verði frá sjálfbærnisjónarmiði sjóðsins og að öðru bráðabirgðaákvæði um endurskoðun að þremur árum liðnum verði bætt við lögin.

Endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna

Þann 15. desember 2023 var skýrsla um endurskoðunina kynnt. Stúdentar sjá bæði ríka ástæðu til þess að gera athugasemdir við þá þætti sem skýrslan skoðar og eru á sama tíma furðu lostnir yfir því að ekki hafi verið tekið meira tillit til þeirra athugasemda sem þar koma fram við gerð áðurgreinds frumvarps.

Við upphaf endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna bentu stúdentar á nauðsyn þess að kanna hvort að tryggt væri að ákvæði laganna um fjárhæðir námslána hefði tilætluð áhrif og stúdentum væri gert kleift að framfleyta sér. Þetta var ekki gert. Þá var bent á nauðsyn þess að kanna hvort löggin gerðu fleirum mögulegt að stunda háskólanám, en það var ekki gert. Loks var bent á að löggin hefðu það markmið að tryggja jöfn tækifæri allra til náms og því væri áriðandi að kanna þau áhrif sem löggin hefðu á stöðu mismunandi hópa með tilliti til efnahagsaðstæðna og stöðu að öðru leyti. Í þessu samhengi hefði meðal annars verið upplýsandi að kanna hver fjöldi stúdenta sem lifa undir fátæktarmörkum er og bera saman samsetningu stúdenta við aðra þjóðfélagshópa til þess að upplýsa um mögulega tilhneigingu menntakerfisins til þess að hygla ákveðnum hópum umfram öðrum. Reyndist þetta verkefni stjórnvöldum einnig ofviða og búum við þess vegna í dag við þá stöðu að hafa ekki nema grófa hugmynd um afrakstur námslánakerfisins. Þær vísbendingar sem þó liggja fyrir gefa til kynna að fjárhagsstaða stúdenta sé slæm, lántökum fari fækkandi og skilvirkni í menntakerfinu hafi ekkert batnað.

Væri skýrsla Háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins ritgerð á háskólastigi er ljóst að hún fengi lága einkunn fyrir að svara ekki rannsóknarspurningu sinni. Í raun felur þessi skýrsla í sér samantekt á athugasemdum hagaðila ásamt ýmsum ályktunum sem eru að sumu leyti réttmætar en að öðru leyti vafasamar eða taka aðeins tillit til lítils hluta viðeigandi sjónarmiða við mat á orsökum, til að mynda fækkunar lántaka. Verst er þó að skýrslan virðist gera ráð fyrir því að markmið laga um Menntasjóð námsmanna sé að fjölga lántökum, en það er ekki raunin. Lítið púður virðist lagt í að kanna þau áhrif sem að framan voru rakin, sem varða áhrif laganna á tækifæri til náms, og SHÍ hafði bent á að hefðu grundvallarpýðingu. Þetta gæti orsakast af því að gerð skýrslunnar hafi ekki verið fjármögnuð nægilega eða að hreinlega hafi ekki staðið vilji til að kanna þessa þætti af einhverjum ástæðum.

SHÍ telur því annars vegar að undirbúningur og gagnaöflun við endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna hafi verið stórlega ábótavant og hins vegar að frumvarp Háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðherra sé með öllu ófullnægjandi ráðstöfun til þess að bæta úr þeim annmörkum sem óumdeilt er að séu á lögnum. Afrakstur margra mánaða vinnu, ótal funda

og skýrslu sem telur 81 blaðsíðu er einungis þrjár smávægilegar breytingar á lögnum og jafnvel þær breytingar fellir SHÍ sig ekki við að öllu leyti.

Tilgangur námslána

Menntasjóður námsmanna er félagslegur jöfnunarsjóður, með það markmið að tryggja jöfn tækifæri til náms, án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti, með því að veita námsmönnum fjárhagslega aðstoð í formi námslána og styrkja. Eins og skýrslan leiðir í ljós nær sjóðurinn ekki að uppfylla það hlutverk.

Atvinnuþátttaka háskólanema samhliða námi hefur neikvæð áhrif á námsframvindu. Á Íslandi vinna fleiri stúdentar með námi heldur en í flestum öðrum Evrópulöndum. Því má gera ráð fyrir að lágt menntunarstig hér á landi og lítil afköst stúdenta megi einna helst rekja til óæskilega hárrar atvinnuþátttöku stúdenta. Námsframvinda mun þó ekki batna og stúdentar munu ekki skila sér fyrir út í atvinnulífið með tilheyrandi jákvæðum efnahagslegum áhrifum nema þeim sé gert kleift að stunda nám sitt af alúð og einbeitingu í stað þess að þurfa að vera stöðugt í vinnunni. Væru námslán áhættuminni og/eða ákjósanlegri kostur fyrir stúdenta eru líkur á að lántakendum myndi fjölga og vinnandi stúdentum fækka. Lægri atvinnuþátttaka stúdenta gæti þannig raunar sparað ríkissjóði milljarða á ári vegna aukinnar skilvirkni í menntakerfinu. Þegar upp er staðið má því ætla að aukin fjárútlát til menntakerfisins og stuðnings við námsmenn skili sér fyrst og fremst til baka í aukinni skilvirkni í menntakerfinu, auknum skatttekjum, nýsköpun og aukinni velmegun. eru þá ótaldir ófjárhagslegir þættir á borð við virkari lýðræðisþátttöku. Með öðrum orðum eru aðhaldsmarkmið stjórnvalda og tillögurnar sem á eftir greinir ekki eins andstæð sjónarmið og ætla mætti.

Hvað grípur stúdenta?

Óljóst er hvers vegna sitjandi ríkisstjórn og háskólamálaráðherra virðist skorta áhuga á að gera betur í þessum málaflokki, í ljósi þess að aukin útgjöld myndu í öllu falli skila sér margfalt til baka og eru ólíkleg til að skapa þenslu í hagkerfinu ef litið er til lengri tíma en örfárra ára. Hvort sem það er vegna ótta um átök við samstarfssflokka í ríkisstjórnarsamstarfi eða takmarkaðrar trúar á sjóðnum sem félagslegs jöfnunartóls er ljóst að slíkt sinnuleysi mun hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér. Samþykki Alþingi þetta frumvarp sem niðurstöðu endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna sitja stúdentar uppi með kerfi sem engin trygging er fyrir að verði endurskoðað næstu ár. Allt eins gætu liðið 20 ár þar til stjórnvöld sæju sér næst fært að leggjast í endurskoðun á kerfinu. Að öðru óbreyttu er næsta víst að

undir þeim kringumstæðum mun menntunarstig í landinu lækka, gæði menntunar hraka og ójöfnuður aukast.

Atkvæðagreiðsla

Kosið um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (ábyrgðarmenn og námsstyrkir), mál nr. S85/2024 og yfirlýsing vegna endurskoðunar laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 21.03.2024

<i>Félagsvísindasvið</i>	
Arna Dís Heiðarsdóttir	Samþykkir
Daníel Hjörvar Guðmundsson	Kaus ekki
Emilía Björt Írisard. Bachmann	Samþykkir
Júlíus Viggó Ólafsson	Kaus ekki
Kristmundur Pétursson	Samþykkir
<i>Heilbrigðisvísindasvið</i>	
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsd.	Samþykkir
Daníel Thor Myer	Samþykkir
Elísabet Sara Gísladóttir	Kaus ekki
<i>Hugvísindasvið</i>	
Guðni Thorlacius	Samþykkir
Júlía Karín Kjartansdóttir	Samþykkir
Steinunn Kristín Guðnadóttir	Samþykkir
<i>Menntavísindasvið</i>	
Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa	Kaus ekki
Tanja Sigmundsdóttir	Samþykkir
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir	Samþykkir
<i>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</i>	
María Rós Kaldalóns	Samþykkir
Davíð Ásmundsson	Samþykkir
Eiður Snær Unnarsson	Kaus ekki

12 samþykk

5 kusu ekki

8.12 REFORM PROPOSAL – NON-EUROPEAN STUDENT WORK PERMITS 03.05.2024.11

Lög nr. 60/2020

Kosið um ákall eftir breytingum á löggjöf um atvinnuleyfi námsmanna utan EES 03.05.2024.		
<i>Félagsvísindasvið</i>		
Arna Dís Heiðarsdóttir		Samþykkir
Daníel Hjörvar Guðmundsson		Kaus ekki
Emilía Björt Írisard. Bachmann		Samþykkir
Júlíus Viggó Ólafsson		Kaus ekki
Kristmundur Pétursson		Samþykkir
<i>Heilbrigðisvísindasvið</i>		
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsd.		Samþykkir
Daníel Thor Myer		Samþykkir
Elísabet Sara Gísladóttir		Kaus ekki
<i>Hugvísindasvið</i>		
Guðni Thorlacius		Samþykkir
Júlía Karín Kjartansdóttir		Samþykkir
Steinunn Kristín Guðnadóttir		Samþykkir
<i>Menntavísindasvið</i>		
Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa		Samþykkir
Tanja Sigmundsdóttir		Samþykkir
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir		Samþykkir
<i>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</i>		
María Rós Kaldalóns		Kaus ekki
Davíð Ásmundsson		Samþykkir
Eiður Snær Unnarsson		Kaus ekki

12 samþykk
5 kusu ekki

9 FASTANEFNDIR STÚDENTARÁÐS

9.1 ALÞJÓÐANEFND

1. About the committee

International Committee Yearly Report

Members

- Nana Bruhn Rasmussen (International Officer, president of the Committee)
- Moses Osabutey (Unaffiliated party)
- Garðar Árni Garðarsson (Vaka)
- Sopuruchi Joseph Agoha (Röskva)
- Hannes Lúðvíksson (Vaka)
- Ali Haider Khokhar (Röskva)

Role of the Committee

The role of the Committee is to actively work towards increased inclusivity within the University by ensuring that the needs and rights of international students are considered and by directing attention to any issues. The committee furthermore works to ensure a community for international students within the university by hosting various events.

Committee meetings

The Committee met on a necessity basis and organised meetings in accordance with the availability of Committee members.

Occasionally, Committee members were invited to sit a meeting with the International Officers and representatives of the International Division, when organising Orientation and International Days. Roles within the Committee were informal and dependant on members' availability and interest. The International Officer took on a large portion of the organisational work since their paid position at the Students' Rights Office allows them to better prioritise the work of the International Committee.

Finances spent

The Committee only spent very few finances in order for events to run smoothly, for example by providing drinks for talent show judges. The cost was fronted by a member and reimbursed by the Student Council. Next year it is recommended that the Committee pays for a subscription to KaraFun (or a similar site) to use for karaoke events.

The Committee relied heavily on company sponsorship in the form of drinks and prizes when relevant. The bookings of Gugusar and DJ Rasley were paid by the International Division.

2. Visibility and events

The International Committee hosted the following events:

Mentor Mingle events (23.08.23, 11.01.24)

Pub Quizzes (24.08.23, 12.01.24)

Welcome Party with artist Gugusar (25.08.23)

Whale watching (21.09.23)

Karaoke nights (09.10.23, 08.11.23, 01.03.24)

DJ Party with DJ Rasley (09.11.23)

Game Café (10.11.23)

Workshop on International Student Issues (part of Equality Days 2024) (12.02.24)

International Stars Talent Show (27.03.24)

Furthermore, the International Committee participated in the following events hosted by the International Division:

Welcome Receptions (24.08.23, 11.01.24)

International Festival with lottery (09.11.23)

The International Committee employed its social media accounts (@internationalcommitteeu on Instagram and International Committee University of Iceland on Facebook) and mass emails to advertise events. Events were also advertised in Facebook and Whatsapp groups for international students.

All events hosted were free and open for participation from all, except for whale watching with Elding in September, where 54 international students signed up at a discounted price of ISK 8.500 per person.

The International Committee manned its own table at the International Festival and answered the questions of international students. The Committee had printed out material about the rights of students and advertisements about becoming a mentor. The festival lottery was also

placed at the International Committee table, but lottery tickets were designed and printed by the International Division.

Karaoke nights, the talent show and whale watching were the most well received events, with great turn-up and response from students. It is especially recommended to have regular karaoke nights next year, as such events require minimal effort (only advertisements and someone to queue the songs) and are extremely popular. DJ parties as well as performances by musical artists were less popular. It is also highly recommend to explore new event ideas such as the talent show.

3. Important tasks and rights issues

Committee structure

On the proposal of the International Officer, the structure of the committee was changed by the Student Council, so moving forward only two members will be assigned by the Student Council and the remaining three will be open for application. This is in order to increase the number of international students in the Committee, as international students are typically not active in the student parties, but will often apply for the unaffiliated seat.

Work permits for students outside of EEA

The Committee conducted a survey to uncover the challenges surrounding applying for work permits for non-European students in order to work towards a simplification of the current rules, whereby students are not allowed to work in Iceland without a work permit, which can take months to acquire and requires the involvement of the student's employer, their union and two different public authorities.

The survey received 266 responses and showcased an alarming number of issues, especially concerning the processing time, but also with quality of service, lack of transparency and communication, which ultimately all leads to many students working illegally or being forced to stay in job they are not comfortable with or where they are experiencing abuse. As living costs in Iceland rise, these students are at risk of not being able to survive, much less dedicate themselves to their studies. The easiest solution to all these problems appear to be to grant the right to work along with the student permit, which is the case in most other European countries.

It is of the highest priority that the work to achieve such systemic change is continued within the International Committee next year. The results of the survey can be accessed in a reform

proposal [here](#). The proposal was sent to the Minister of Justice and the Minister of Social Affairs and the Labour Market as well as to the Rector of the University of Iceland on May 6th, 2024.

Other issues

The Committee held a workshop during Equality Days 2024 to uncover issues of international students, which resulted in [this overview of issues and suggested solutions](#) with an evaluation of their priority and realism of solving the problems. The overview can be used in the production of future international policies.

which should be considered when deciding on the Student Council International Policy 2024-25. Issues that can be delved further into include rights, inclusion of and increased support for teaching assistants and international PhD students, general lack of information provided in English, lack of social inclusion and career counselling among many other areas.

It is highly recommended that the International Committee produces a comprehensive guide for incoming international students (that can also be used by mentors) about life in Iceland. A draft guide could be produced during a workshop with international students in the following study year.

4. Summary

What Went Well and What Could Have Gone Better

Although activity within the committee increased throughout the year, it may be a good idea to give each member responsibilities or roles (such as social media manager, events manager, interest representative) once the committee is fully formed and meeting on a monthly basis at set meeting times.

This year the International Officer spearheaded all committee events and rights issues, which worked well, but the Committee might have been able to achieve better results and host more events if the responsibilities were more evenly distributed. Moses Osabutey was in charge of the Committee's social media, which led to increased activity and in turn participation in events.

There was good engagement within the committee and active discussion about both events and rights issues. Everyone was encouraged to speak up and provide input, which created a good work environment with respect for the other members.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Useful Information

Kolbrún (kolbrunh@hi.is), at the International Division, oversees events during Orientation and International Days. Aníta (anita@hi.is), at the International Division, oversees the arrival of international students and the registration of mentees in the Mentor system. Alma (almaagusts@hi.is) oversees student opportunities in Aurora. Pressure times for the Committee are around Orientation and International Days and Committee members should be alerted to those dates as soon as possible and should reserve time for events, such as tours around the campus and the International Festival.

9.2 FÉLAGSLÍFS- OG MENNINGARNEFND

Í félagslífs- og menningarnefnd Stúdentaráðs 2023 – 2024 sátu:

- Lars Davíð Gunnarsson – Forseti
- Hekla Kaðlín Smith
- Logi Stefánsson
- Árni Geir Haraldsson
- Aníta Raket Hauksdóttir
 - Kom inn sem auka hjálp í september 2023 og sem fimmti meðlimur í október 2023

Nefndin tók við á skiptafundi í lok skólaársins 22/23.

Hlutverk nefndar

Hlutverk nefndar er að standa undir viðburðum innan Háskóla Íslands og halda uppi félagslífi fyrir nemendur innan skólans.

Skipulag og fundir nefndar

Ekki var sérstakt skipulag á fundum nefndarinnar. Nefndin hittist annað slagið en mest megnis fóru samskipti fram í gegnum netið. Lars, forseti, sá um flest og var með yfirumsjón á því sem tengdist nefndinni með hjálp frá nefndarmeðlimum.

Fjármunum varið

Nefndin fékk styrki hjá fyrirtækjum svo sem Smitten, Landsbankanum, Símanum, RedBull og Paxal til að halda viðburðina. Styrkur frá markaðs- og samskiptadeild fékkst til að flytja mörk á nýnemamóti SHÍ en nákvæm upphæð er ekki vituð þar sem mark- og sam fékk reikninginn beint til sín. Styrkur frá skrifstofunni fékkst til að kaupa Nóa kropp fyrir Ölympíuleikana.

Viðburðir

Nefndin hélt níu viðburði yfir skólaárið í samstarfi við skrifstofu SHÍ. Viðburðirnir voru Smittenlaug, nýnemamót, Ölympíuleikar, fyndnasti háskólaneminn og fimm vísindaferðir. Skrifstofa SHÍ var alltaf til staðar ef það var þörf á einhverri hjálp.

Nýnemamót SHÍ

Fótboltamótið gekk vonum framar og stærsta vandamálið okkar var eiginlega að það voru of mörg lið að keppa. Við stilltum okkur svolítið inn á hvernig þetta var árið áður en þurftum að stytta leikina nú í ár svo það væri ekki of mikil bið hjá liðum. Skráning gekk vel en það voru svo lið sem afskráðu sig á síðustu stundu. Skráning fór fram í gegnum Google forms og var sent á nemendafélög á Instagram.

Nýnemamótið var haldið fimmtudaginn 7. september. Það voru 16 lið skráð, tvö lið afskráðu sig, en á sama tíma kom fyrirspurn frá öðru nemendafélagi hvort það væri of seint að skrá sig og fengu þau að vera með. Í heild tóku því 15 lið þátt. Keppt var í riðlum þar sem var skipt í fjóra riðla og 3-4 lið í hverjum riðli, hvert lið spilaði 2 leiki og fóru svo toppliðin í útsláttarkeppni þar sem það var 8-liða, 4-liða og úrslit. Heildar spilatími voru 136 mínútur þar sem riðlakeppni var 2x5mín og útsláttarkeppni var 2x7mín.

Við vorum með tvo velli, fjögur mörk. Mörkin fengum við hjá KR eftir að hafa leitað á nokkra staði en þurftum við að sækja þau á Ægissíðu og skila svo til KR. Fenginn var flutningabíll til að flytja mörkin og skólinn borgaði þann kostnað. Við skiptum okkur og vorum 3 á Ægissíðu að smala saman mörkunum og tvö á túninu fyrir framan Aðalbygginguna að taka á móti og stilla upp.

Styrktaraðilar mótsins voru RedBull, Appelsín og Paxal. Vinningar voru veittir fyrir fyrsta og annað sæti en það kassi af RedBull og kassi af appelsín fyrir annað sæti en kassi af appelsín og kútur á Októberfest fyrir fyrsta sæti.

Það sem huga má að fyrir næsta ár er að ef að það er svona góð þátttaka að hafa þá fleiri velli, við þurftum að stytta tímann á leikjunum, vegna fjölda liða, en samt var fólk að kvarta hvað það væri löng bið á milli leikja.

Ölympíuleikarnir

Ölympíuleikar SHÍ voru haldnir degi eftir nýnemamótið eða föstudaginn 8. september og laugardaginn 9. september. 19 lið skráðu þátttöku sína en einhver mættu ekki. Leikarnir byrjuðu kl 18:30.

Spilað var útsláttarkeppni, en keppnir voru eftirfarandi:

- Nóakropp og chugg – tveir úr hverju félagi
 - Keppandi 1 færir nóakropp úr glasi yfir í skál með röri, þegar glasið er tómt þá tekur keppandi 2 heilan bjór og hellir í glasið og klárar það svo
 - Keppt í tveimur hollum.
 - Eftir þessa keppni voru 15 lið eftir.
- Flip-a-cup
 - Klára bjórinn og flippa glasinu á hvolf.

- 3 holl með 5 liðum, 2 lið detta út.
- Eftir þessa keppni voru 9 lið eftir.
- Chugg
 - Tveir keppendur frá hverju félagi með einn heilan bjór hvor.
 - Til að ganga úr skugga um að keppendur væru að svindla með að báðir væru að drekka í einu þá settum við smá specific reglur. Keppandi 1 byrjar að klára sinn bjór, þegar hann klárast þá setur hann glasið á borðið. Keppandi 2 tekur þá sitt björglas og setur það ofan í tóma glasið, tekur þau svo upp og drekkur sinn bjór.
 - Allir keppa í einu, 3 detta út
 - Eftir þessa keppni voru 6 lið eftir.
- Boat race
 - Þrír úr hverju liði mæta og sitja þétt saman í röð á bekk, hver og einn með einn heilan bjór.
 - Keppandi 1 byrjar að drekka og klárar sinn bjór, þegar keppandinn er búinn að drekka bjórinn þá hellir hann glasinu á hvolf yfir höfuðið á sér, þegar glasið er komið á hvolf þá má keppandi 2 lyfta sínum bjór og byrja að drekka og svo framvegis.
 - 1 holl, 3 lið í einu og 1 lið dettur út í hvoru.
 - Eftir þessa keppni voru 4 lið eftir.

Þarna sögðum við skilið við leikana á föstudeginum og fjögur lið áttu að mæta til keppni á laugardeginum.

Á laugardeginum var keppt í tveimur keppnum sem voru þá undanúrslit og úrslit. Undanúrslit voru beerpong og úrslit voru Flonky. Vinningur var veittur fyrir 1.sæti en það var meiri bjór, kútur á Októberfest.

Styrktaraðilar leikanna var Síminn sem reddaði okkur vinning og bjór fyrir keppnirnar.

Við vorum ekki með kynna en Lars tók á sig að kynna og sjá um utanumhald á leikunum þar sem restin af nefndinni var hjálparhönd að hella bjór í glös og fleira.

Þessi viðburður heppnaðist mjög vel en eina hindrunin okkar þarna sem kom ekki í ljós fyrr en of seint var að það voru engar dósir í boði, bara bjór á krana og því þurfti að breyta smá til og spila t.d. flonky með glösum.

Smittenlaugin

Smittenlaug SHÍ var haldin 5. september í Stúdentakjallaranum þar sem Smitten var styrktaraðili og borgaði fyrir kynna og einn kút á barnum. Event og skráning voru sett í loftið í lok ágúst og vantaði ekki upp á skráningar og tilnefningar, en í heildina fengum við 44 skráningar/ tilnefningar. Patrekur Jaime áhrifavaldur og Ella María Georgsdóttir, sem vann fyndnasta háskólanemann 2022, voru fengin sem kynnar. Þarna var nýkominn nýr rekstrarstjóri á Stúdentakjallaranum og hafði hann heyrt af því hvernig þetta var í fyrra og gerði miklar ráðstafanir þetta árið, þantaði þrjá dyraverði sem töldu inn á svæðið og færri komust að en vildu.

Sett voru upp tvö holl og gekk viðburðurinn vel og salurinn skemmti sér konunglega!

Það er spurning hvort kjallarinn sé að verða of lítill fyrir þennan viðburð og mæli ég með fyrir næstu nefnd að skoða það vel.

Þar sem viðtökur voru svo góðar þá hugsuðum við um að hafa aðra Smittenlaug eftir áramót, en fórum svo ekki lengra með það.

Fyndnasti Háskólaneminn

Við settum upp skipulag að það yrðu tvö undanúrslitakvöld og eitt úrslitakvöld, en enduðum á að hafa bara eitt úrslitakvöld. Skráning gekk betur en við vonuðumst og fengum við alls 20 skráningar/ tilnefningar. Við heyrðum í öllum sem voru skráð í skjalið og endaði það þannig að átta keppendur voru að fara að keppa.

Við ákváðum að breyta til þetta árið og hafa keppnina opna fyrir alla háskólanemendur landsins, en ekki bara nemendur við HÍ eins og það var. Af 20 svörum þá voru tvö frá HR og tvö frá LHÍ. Við reyndum að hafa samband við hina skólana til að fá þau til að auglýsa þetta hjá sér, en einungis HR svaraði og voru þau til í það, hvort þau hafi auglýst það veit ég ekki þar sem við sáum enga auglýsingu frá þeim, gott samt að hafa í huga fyrir næsta ár að þau eru til í samstarf milli skólanna til að ná nemendum betur saman.

Keppnin var haldin fimmtudagskvöldið 22. febrúar á Stúdentakjallaranum þar sem Landsbankinn var styrktaraðili og sá þau um að borga fyrir kynna/dómara og verðlaunafé. Við höfðum samband við Móðurskipið og kynnir var Máni Arnarson en dómara voru Villi Neto og Steiney Skúladóttir. Þau fengu 100.000kr hver fyrir. Vinningar skiptust þannig að 1.sæti var 100.000kr, 2.sæti 30.000kr og 3.sæti 20.000kr.

Þegar viðburðurinn var að hefjast þá kom einn skiptinemi og vildi fá að taka þátt, við leyfðum því að ganga í geng og hún var þá síðust í röðinni, þannig heildarkeppendur voru níu þetta árið. Aftur eins og með Smittenlauginna þá að ef þessi viðburður stækkar aðeins meira þá er spurning hvort kjallarinn sé of lítill fyrir þennan viðburð.



Fólk frá Landsbankanum mætti á svæðið og var impressed þannig ég geri ráð fyrir að þau séu meira en til í að reyna að stækka þetta með okkur á næstu árum.

Ég mæli með fyrir næstu stjórn að auglýsa betur og byrja miklu fyrr að auglýsa og að gera það í samstarfi við hina háskólana. Þó svo að SHÍ sé að halda þennan viðburð þá er mjög flott að leyfa öllum nemendum landsins að taka þátt.

Vísindaferðir SHÍ

Vísindaferðir SHÍ voru 5 talsins, eitt fyrir hvert svið skólans og voru þær allar haldnar á Stúdentakjallaranum, haustönn 2023. Vísindaferðinar voru haldnar í samstarfi við skrifstofu SHÍ og sviðsráðin og var hlutverk nefndarinnar í undirbúning að gera kahoot og redda vinningum fyrir. Á viðburðunum sjálfum var hlutverk okkar að bjóða fólk velkomið, kynna dagskrá og halda chugg keppni í byrjun til að koma fólki í gang. En við ætluðum að hafa flip a cup en það voru ekki til nein plastglös nein staðar fyrsta kvöldið þannig við breyttum yfir í chugg.

Skrifstofan sá um að bóka kjallaran og vera í sambandi við nemendafélögin. Nefndin sá um að heyra í fyrirtækjum um allan bæ til að redda vinningum og voru vinningar sem dæmi Bæjarins bestu gjafabréf og varningur, Joe gjafabréf, hvalaskoðun, Domino's gjafabréf og fleira. Við skiptum okkur niður að hafa einn ábyrgðarmann á hverju vísó en reyndum að mæta alltaf tvö saman. Vísóin gengu vel fyrir sig en það eina var hversu erfitt var að fá vinninga og mikið af „nei“ komu frá fyrirtækjum.

Samanekt

Í heildina litið gekk allt rosa vel fyrir sig. Það var rosalega mikil tímapressa í kickoff vikunni fyrir Októberfest en þar vorum við með viðburði fjóra daga, Smitten laugin á þriðjudegi, fótboltamót á fimmtudegi og Ölympíuleikana á föstudegi og laugardegi. Að lesa yfir fyrri ársskýrslu hjálpaði mikið og gaf góða innsýn inn í viðburðina. Einn viðburður sem við héldum ekki en hefðum viljað var Partybingó en það var lítill áhugi hjá nefndinni að halda viðburðinn og samblanda af miklu álagi á forseta og lélegri svörun á vinningum fyrir fyrri viðburði gerði það að verkum að ákveðið var að halda ekki þann viðburð þetta árið. Það var alltaf hægt að heyra í fyrrum forseta ef einhverja hjálp vantaði og var það mjög þægilegt. Skrifstofa SHÍ var bókstaflega alltaf til staðar ef það var eitthvað og vil ég þakka þeim mjög mikið fyrir það, þetta hefði ekki verið hægt án ykkar. Mikilvægt er að í þessari nefnd séu aðilar sem virkilega vilja taka þátt og séu virk í því. Við fengum auka hjálp inn frá Anítu strax í byrjun og var það gulls ígjildi þar sem hún tók mjög virkan þátt. Ég segi annars bara takk fyrir mig, þetta hefur verið mikil reynsla í bankann og er það mjög gott fyrir reynsluna að halda viðburði sem heppnast



Stúdentaráð Háskóla Íslands

vel. Til næstu nefndar þá vil ég nefna að það má alltaf heyra í mér ef það er eitthvað óljóst eða álit vantar.

Lars Davíð Gunnarsson

Forseti Félagslífs- og menningarnefndar 2023 - 2024

9.3 FJÁRMÁLA- OG ATVINNULÍFSNEFND

Í fjármála- og atvinnulífsnefnd Stúdentaráðs 2023-2024 sátu:

- Danival Örn Egilsson, Forseti
- Styrmir Vilhjálmsson
- Sölvi Snær Guðbjargarson
- Jóhannes Óli Sveinsson
- Alex Uni Haraldsson Diego

Hlutverk nefndarinnar

Nefndin tekur til meðferðar fjármál stúdenta auk tengsla þeirra við atvinnulífið. Markmið nefndarinnar er að skapa mikilvæga tengingu stúdenta við atvinnulífið, tengingu sem helst til framtíðar. Einnig tekur nefndin þátt í skipulagningu Atvinnudaga hvert ár.

Fundir nefndar

8 fundir voru haldnir á skólaárinu þar sem meðlimir hittust og farið var yfir þau verkefni sem þurfti að klára.

Fjármunum varið

Gjöld: 0

Tekjur: 0

Samtals: 0

Sýnileiki og viðburðir

Erindi með FS & Landsbankanum:

Við héldum erindi í samstarfi við FS og Landsbankann á Stúdentakjallaranum í október. Viðburðurinn var ekki mikið auglýstur, en mæting var ágæt og erindið var flott. Við ákváðum hinsvegar í kjölfarið að erindi sem þessi henti betur fyrr um daginn og í öðru umhverfi en í Stúdentakjallaranum

Atvinnudagar:

Líkt og fyrri ár vann F/A að skipulagningu á Atvinnudögum í samstarfi við náms- og starfsráðgjöf HÍ. Undirbúningurinn hófst í október hjá okkur og miðaðist vel. Dagskráin á Atvinnudögum í ár var fjölbreytt og skemmtileg. F/A skipulagði heilan dag á Atvinnudögum í ár sem bar heitið Fyrirtækið Ég!. Hugmyndin á bakvið viðburðinn voru hversdagsleg málefni



Stúdentaráð Háskóla Íslands

sem snerta stúdenta í atvinnumálum og fjármálum þeirra. Við fengum FS og Landsbankann til liðs við okkur. Landsbankinn var ótrúlega hjálplegur í að búa til og kosta markaðsefni fyrir viðburðinn. Við prentuðum plaköt, flyers og bannera sem við dreifðum um allan skólann. Maður heyrði það í kringum sig að umræða hafi skapast um viðburðinn eftir að auglýsingaherferðin fór í gang. Dagskráin var fjölbreytt og heppnaðist ótrúlega vel, þar sem við fengum til dæmis erindi frá Sigríði Guðmundsdóttur, mannauðsstjóra Landsbankans um hvernig hægt sé að vekja athygli á sér í ráðningarferlinu, Andra Val, lögfræðingi hjá BHM um almenn vinnuréttindi og launaseðla og svo Jóni Erni, markaðsstjóra HÍ sem talaði um hvernig við erum okkar eigið vörumerki. Viðburðurinn var ótrúlega vel sóttur, en yfir 150 sóttu hann. Við vorum svo með veitingar frá Ölgerðinni og Subway fyrir gesti.

Hlekkur af viðburðinum og dagskrá má sjá hér að neðan.

Fyrirtækið ég!

<https://www.facebook.com/events/7103411796410953/?ref=newsfeed>

Hvað gekk vel og hvað má gera betur: Líkt og fram kom fyrir ofan gengu Atvinnudagar vonum og var fólk mjög ánægt með viðburðinn. Eins og fram kom hér að ofan, var það lærdómur sem við drógum frá fyrsta viðburðinum með Landsbankanum að Stúdentakjallarinn henti ekkert sérstaklega vel í slík erindi, frekar væri að nýta hann í annars konar viðburði líkt og pöb-kviss

Gagnlegar upplýsingar:

Margt hægt að gera með þessa nefnd og er það undir fólkinu komið hversu mikið það vill gera. Mjög gott er að hafa samband við Jónínu Kárdal hjá NSHÍ sem sér um skipulag á Atvinnudögum. Einnig er gott að hafa samband við FS og virkja þau með í viðburði, þau voru alveg frábær. Vera líka óhrædd/ur að hafa samband við fyrirtækið um styrki eða þátttöku í viðburðum, nýttist okkur ótrúlega vel.

*Danival Örn Egilsson,
Forseti Fjármála- og atvinnulífsnefndar*

9.4 JAFNRÉTTISNEFND

Í jafnréttisnefnd Stúdentaráðs 2023 - 2024 sátu:

- Rannveig Klara Guðmundsdóttir
- Stymir Hallson (HVS)
- Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir (FVS)
- Rafn Ágúst Ragnarsson (HUGS)
- Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa (MVS)
- Eiður Snær Unnarsson (VON)

Hlutverk nefndarinnar

Jafnréttisnefnd SHÍ sér um að standa vörð um jafnrétti innan Háskóla Íslands og vekur athygli á því þegar jafnrétti er ekki framfylgt. Nefndin stuðlar að því að öll sem sækja nám innan háskólans séu sett undir sama hátt, burtséð frá kyni, bakgrunni, aldri fötlun eða öðrum þáttum.

Fundir nefndar

Fundir nefndarinnar voru ekki jafn margir og vonast var til. Vegna mismunandi skipulags nefndarmeðlima og annara anna var því erfitt að hittast. Samskipti milli nefndarmeðlima átti sér þó reglulega stað í gegnum samfélagsmiðla forritið Facebook og var sá vettvangur nýttur mikið.

Nefndir og ráð

Forseti jafnréttisnefndar hefur sæti í Jafnréttisnefnd HÍ, sem hefður það hlutverk að „almennt tryggja jafnrétti innan skólans“. Mánaðarlegir fundir voru haldnir og mætti forseti á þá fundi. Fundirnir voru misgagnlegir en þó átti þar sér stað mikilvæg samræða og samvinna að jafnréttismálum innan háskólans.

Sýnileiki og viðburðir

Venja er fyrir því að jafnréttisnefnd standi að viðburði á Jafnréttisdögum HÍ. Slíkur viðburður var á áætlun nefndarinnar en gekk því miður ekki upp. Erfitt var að skipuleggja fundi fyrir undirbúning og ákvað nefndin í sameiningu að betra væri að sleppa því að halda viðburð í stað þess að halda illa undirbúin viðburð.

Helstu verkefni og baráttumál

Líkt og áður hefur fram komið var nefndin ekki jafn virk og hún hefði átt að vera. Þó voru nokkur verkefni sem einkenndu starfsárið. Sum eru ókláruð og er næsta jafnréttisnefnd hvött til þess að halda áfram með þau verkefni.

Októberfest

Passað var upp á að klósettin á Októberfest væru kynlaus líkt og hefur verið áður. Jafnréttisnefnd bjó einnig til plakat með upplýsingum er varðar ofbeldi, kynbundið ofbeldi eða kynferðislega áreitni.

Tíðavörur á klósettum

Á þessu ári var loksins staðfest af jafnréttisfulltrúum ásamt umsjón fasteigna að komið væri upp tíðavörukössum víð og dreif um háskólasvæðið. Þetta er verkefni sem SHÍ hefur verið að vinna í miklu samstarfi við feminístafélag Háskóla Íslands og eru mikil gleðitíðindi að þetta mál sé komið í góðan farveg.

Kynlaus klósett

Lögð var fram tillaga um að beitt sé fyrir því að reglugerðir um salerni verði uppfærðar með það að markmiði að fella út kröfur um að salerni skuli aðgreind eftir kyni. Því miður gafst ekki tími að vinna áfram í þessari tillögu. Unnið var að uppkasti að tölvupósti sem hægt væri að vinna áfram með og er næsta nefnd innilega hvött til þess

Gagnlegar upplýsingar

Þetta var fyrsta árið sem hagsmunafulltrúi SHÍ sat sem forseti nefndarinnar, var það ætlað og vonað að launuð staða gæti sinnt þessu vel. Því miður varð raunin önnur. Sökum anna og skipulagsleysis forseta varð raunin sú að nefndin féll milli línanna sem hún á auðvitað ekki að gera. Því mælir forseti með að komandi hagsmunafulltrúi taki frá tíma í hverri eða annarri hvorri viku til þess að sinna hlutverki sínu sem forseta jafnréttisnefndar og þar með geta sinnt þessu mikilvæga hlutverki betur en núverandi forseti hefur gert. Einnig mælir undirrituð með að skipulagðir séu mánaðarlegir fundir nefndarinnar til þess að ræða saman um komandi verkefni. Gott væri að byrja að plana viðburð á jafnréttisdögum fyrr heldur en síðar. Undirrituð þakkar Styrmí og Ólöfu sérstaklega fyrir gott starfsár þrátt fyrir vankanta þess.

Rannveig Klara Guðmundsdóttir, forseti Jafnréttisnefndar.

9.5 FJÖLSKYLDUNEFND

Í fjölskyldunefnd Stúdentaráðs 2023-2024 sátu:

- Linda Rún Jónsdóttir, forseti nefndar
- Fjóla Kristný Andersen
- Erlingur Sigvaldason
- Signý Pála Pálsdóttir

Hlutverk

Hlutverk fjölskyldunefndar SHÍ er að gæta hagsmuna þeirra stúdenta sem eru foreldrar og skal stuðla að bættu umhverfi fyrir fjölskyldufólk innan Háskólans. Nefndin leggur mikla áherslu á tillit sé tekið til foreldra í námi. Það á við um námslán, fæðingarorlof, fæðingarstyrk, leikskólavist og sveigjanleika í námi. Í mörg ár hefur nefndin barist fyrir því að ekki skuli vera kennsla í háskólanum eftir kl. 16:00 á daginn eða um helgar. Nefndin sér einnig um það að halda viðburði fyrir börn stúdenta.

Fundir nefndarinnar

Á haustönn tókst okkur að funda mánaðarlega, en við vorum ekki nógu dugleg að funda á vorönn. Allir fundir fóru fram á mjög svipaðan hátt. Við byrjuðum á að fara yfir þau verkefni sem voru framundan, hvernig við ætluðum að vinna þau og svo hver verkefnaskiptingin væri. Ef að við vorum að klára einhvern viðburð eða verkefni þá fórum við yfir það, hvað gekk vel og hvað mætti fara betur. Að lokum voru önnur mál tekin fyrir ef þau voru einhver.

Starfsárið

Ný nefnd tók við störfum eftir skiptafund SHÍ í maí 2023. Fyrsti fundur nefndarinnar var svo í lok júní og var Dagmar varaforseti SHÍ með á fundinum. Sumarið fór í það að undirbúa framkvæmdaáætlun nefndarinnar. Við settum inn docs skjal á Facebook hóp Stúdentaráðs til þess að fá hugmyndir frá öllum aðilum innan SHÍ, þar sem enginn í nefndinni komst í Stefnumótunarferðina. Það bárust engar tillögur frá öðrum innan SHÍ og var framkvæmdaáætlunin því unnin af nefndinni. Því miður voru aðeins tveir meðlimir innan nefndarinnar sem tóku þátt í störfum hennar. Ég hef fulla trú á því að við hefðum náð að áorka mun meira ef öll nefndin hefði verið virk og vona ég innilega að næsta nefnd verði mun virkari og nái að framkvæma mun meira, enda eru foreldrar í námi mikilvægur hópur innan háskólans.

Viðburðir og sýnileiki

Við höldum þó nokkra viðburðu yfir starfsárið sem heppnuðust allir mjög vel. Fyrsti viðburðurinn sem við höldum var laugardaginn 9. September. Það var sömu helgi og Októberfest var og höldum við Fjölskylduhátíð SHÍ. Við vorum í íþróttahúsi HÍ, vorum bæði með íþróttasalinn og svo pallinn fyrir aftan. Við fengum hoppukastala hjá Skátunum, skvísur og kex frá Holle og svo fullt af dóti eins og litabækur, liti, sápukúlur og endurskinsmerki frá Landsbankanum og Símanum. Það var ótrúlega gott veður og því hægt að vera með hoppukastalann úti á bakvið íþróttahúsið. Við vorum svo með litla þrautabraut í íþróttasalnum. Mætingin var mun betri heldur en árið áður. Þann 28. desember höldum við jólaball með mannauðssviði fyrir starfsfólk og stúdenta HÍ. Jólaballið var haldið á Háskólatorgi og fengum við Langlegg og Skjóðu ásamt jólasveinum til þess að mæta og skemmta krökkunum. Fjölskyldunefnd ásamt skrifstofu SHÍ og sáum um drykki og veitingar fyrir börn og fullorðna. Fyrir næsta jólaball þarf að kaupa aðeins meira af öllu saman þar sem það kláraðist allt áður en jólaballið var búið. Það var mjög góð mæting en því miður var ekki alveg nógu mikið af stúdentum og er það eitthvað sem næsta nefnd má skoða, þ.e. hvernig hægt sé að ná betur til stúdenta og fá þau til að mæta. Á haustönn og vorönn vorum við með Íþróttaskóla SHÍ. Guðmundur, framkvæmdastjóri SHÍ sá að mestu um skipulagið á Íþróttaskólanum. Íþróttaskólinn var í íþróttahúsi HÍ á laugardagsmorgnum og voru tveir aldurshópar. Fyrir yngri hópinu voru skvísur og Holle kex í boði eftir tímann og fyrir eldri hópinu voru Gifflar og djús í boði. Linda og Fjóla skiptust svo á því að mæta með honum í Íþróttaskólann á laugardögum. Það var vel sótt að í Íþróttaskólanum báðar annirnar og á Guðmundur stórt hrós skilið fyrir alla vinnuna.

Í desember ákváðum við reyna að vekja athygli á samfélagsmiðlunum okkar og Facebook hópnum sem fjölskyldunefnd er með. Við vorum með jóladagtal alla daga fram jólum, þar sem við vorum með ýmsar hugmyndir sem fjölskyldan gæti gert saman í aðdraganda kosningana. Það var ótrúlega næs og mæli ég með að næsta nefnd geri þetta líka. Það má einnig vinna í því að virkja síðuna og samfélagsmiðla aðeins meira.

Hagsmunamál

Á árinu voru nokkur hagsmunamál tekin fyrir. Í byrjun haustsins ákváðum við að hafa samband við Félagsstofnun stúdenta og vildum athuga hvort að það væri möguleiki á því að fá barnamat í Hámu. Við fengum nokkuð jákvæð viðbrögð við því og ætluðu þau að kanna málið.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Við erum ennþá að bíða eftir að barnamatúr komi í Hámu en ég hvet næstu nefnd til þess að halda áfram að vinna í þessu með FS.

Á síðasta starfsári eða starfsárið 2022-2023, lögðu tveir nefndarmeðlimir fram tillögu um aukið upplýsingaflæði til foreldra í námi. Þar var lagt til þess að gerð yrði undirsíða á hi.is þar sem væru allar helstu upplýsingar fyrir foreldra í námi til staðar. Starfsfólk hjá háskólanum er að vinna að þeirri síðu núna og hefur leitað til nefndarinnar sem og skrifstofu SHÍ við vinnslu hennar.

Lokaorð

Þrátt fyrir að hluti nefndarinnar hafi tekið lítinn sem engan þátt á starfsárinu, náðum við að halda marga flotta viðburði. Okkur tókst að vekja aftur athygli á nefndinni sem hefur tekið langan tíma eftir COVID. Það er ótrúlega mikilvægt að ný nefnd haldi því áfram og haldi áfram að vinna að hagsmunum foreldra í námi. Vonandi verður virkni hjá næstu nefnd mun betri og að hægt verði að útdeila verkefnum enn frekar. Fráfarandi nefnd hlakkar til að sjá hvernig árið verður hjá komandi fjölskyldunefnd, þeim viðburðum sem þau munu halda og helstu áherslum.

Linda Rún Jónsdóttir, forseti fjölskyldunefndar

9.6 KENNSLUMÁLANEFND

Í kennslumálanefnd Stúdentaráðs 2023-2024 sátu:

- Júlía Karín Kjartansdóttir, forseti og fulltrúi sviðsráðs Hugvísindasviðs
- Fjóla María Sigurðardóttir, fulltrúi sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
- Kristrún Vala Ólafsdóttir, fulltrúi sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs
- Emilía Björt Írisardóttir, fulltrúi sviðsráðs Félagsvísindasviðs
- Eyrún Ósk Hjartardóttir, fulltrúi sviðsráðs Menntavísindasviðs

Hlutverk nefndarinnar

Hlutverk kennslumálanefndar SHÍ er að tryggja að raddir og kröfur stúdenta í kennslumálum séu áberandi innan stjórnáslu háskólans. Nefndin er mikilvægur samráðsvettvangur þar sem hún samanstendur af fulltrúum sviðsráða allra fræðasviða sem sitja í kennslunefndum síns fræðasviðs. Nefndarmeðlimum gefst því tækifæri til að bera saman stöðu mála milli sviða og vinna mál samhliða, þvert á fræðasvið. Þar að auki situr forseti nefndarinnar í kennslumálanefnd háskólaráðs. Kennslumál eru víðfeðmur þáttur í starfsemi háskólans og snertir alla stúdenta við Háskóla Íslands.

Fundir nefndar

Nefndin fundaði nokkrum sinnum á önn þar sem nefndarmeðlimir báru saman bækur sínar hvað varðaði umfjöllunarefni funda kennslunefnda fræðasviða og funda kennslumálanefndar háskólaráðs.

Helstu verkefni og baráttumál

Í kennslumálanefnd háskólaráðs hafa nokkur stór mál hafa verið í forgrunni á skólaárinu. Gríðarlega mikið hefur verið rætt um aðgang nemenda að „gömlum“ lokaprófum og hafa þónokkrar vendingar orðið í því máli. Kristinn Andersen, sviðsstjóri kennslumála hefur unnið að drögum að sáttmála milli nemenda og kennara varðandi verklag í kringum lokapróf og fór sú vinna fram eftir ábendingar frá forseta nefndarinnar og tillögur frá Rannveigu Klöru Guðmundsdóttur, hagsmunafulltrúa SHÍ. Drögum að sáttmálanum var dreift til fræðasviða og reynt verður að komast að niðurstöðu fyrir lokapróf vorannar 2024. Það er mikilvægt að þessari vinnu verði fylgt eftir og að útfærslur á innleiðingu sáttmálans verði skýrar og sömuleiðis afleiðingar þess að fara á svig við sáttmálann.

Stuðningur í prófum við nemendur með annað móðurmál en íslensku hefur töluvert verið ræddur og langflestir verið jákvæðir gagnvart umræðuefninu þrátt fyrir að framkvæmdin virðist vefjast fyrir háskólanum. Tungumálaörðugleikar eru ekki skilgreindir sem sértækir námsörðugleikar sem hefur komið í veg fyrir að t.d. lengri próftími og orðabækur í prófum séu réttindi sem hægt er að tryggja þeim nemendum sem þyrftu þann stuðning. Mikilvægt er að halda áfram að þrýsta á þetta málefni svo að það fari ekki einungis eftir góðmennsku hvers kennara eða deildar hvort að stúdentar fái að nýta sér þessi úrræði.

Stefnt er á allsherjar yfirhalningu á uppsetningu kennslukannana á næsta skólaári. Afar mikilvægt er að fulltrúar nemenda verði hafðir með í ráðum í þeirri vinnu til þess að tryggja að hún skili virkilega tilætluðum árangri og nýtist nemendum jafnt sem kennurum/starfsmönnum skólans. Til þess að þátttaka nemenda aukist þarf að vera hvati til staðar og það þarf að vera hægt að ábyrgjast að niðurstöðum kannananna sé fylgt eftir.

Forseti nefndarinnar og Rannveig Klara, hagsmunafulltrúi SHÍ, fengu boð um að halda erindi um skipulag námskeiða út frá sjónarhóli nemenda í tíma í háskólakennslufræði. Það gekk þrýðilega og það er frábært að rödd stúdenta fái rými þar.

Á félagsvísindasviði fjallaði kennslumálanefnd helst um aðgang að prófum, gervigreind og aðstöðu í byggingum sviðsins. Mikill meðbyr var með hugmyndum nemenda um að bæta aðstöðu í Odda, sér í lagi lærdómsaðstöðu á þriðju hæð byggingarinnar. Hlaut nefndin styrk til þess að bæta aðstöðuna og mikilvægt að því verkefni sé fylgt eftir á næsta starfsári. Aðgangur nemenda að prófum hefur verið þrætuepli og eins og mál standa hafa drög að sáttmála milli nemenda og kennara verið kynnt. Sáttmáli sá breytir engu um rétt nemenda til aðgangs að eldri prófum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 12. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, en ljóst er að á komandi starfsári þarf að standa vörð um þann rétt.

Emilía Björt Írisardóttir

Það sem mest hefur verið fjallað um í kennslunefnd VoN á þessu skólaári er aðgangur nemenda að prófum, hvernig er hægt að minnka brottfall nýnema og bæta stuðning fyrir nemendur sem hafa íslensku ekki sem móðurmál. Auk þess er farin af stað vinna innan sviðsins við að endurskoða skipulag grunnnáms með tilliti til námsálags, þar sem það er mjög há fallprósenta á sviðinu og mikið brottfall, sérstaklega hjá nýnemum. Það var einnig mikið rætt um nýtt fjármögnunarlíkan háskólanna og var nefndin sammála um að það þarf að fylgjast vel með því að einkunnaverðbólga komi ekki í kjölfar þess.

Fjóla María Sigurðardóttir

Kennslumálanefnd heilbrigðisvísindasviðs hittist einungis 6 sinnum yfir starfsárið. Ég lagði mikla áherslu á að samtal væri haft við nemendur í stórum og smáum ákvörðunum sem teknar eru um kennslu. Kennarar tóku almennt vel í það að hlusta á nemendur og eiga samtalið. Til dæmis var þróað verklag um birtingu eldri lokaprófa í samráði við nemendur. Skerpt var á mikilvægi hinseginheilbrigði kennslu á sviðinu, sem er samtal sem verður að halda áfram að eiga sér stað þar til hinseginheilbrigði er komið inn í allar kennsluskrár á sviðinu. Einnig var umræðan um endurtektaþróf á sviðinu opnuð. Tillagan fór í gegn í stúdentaráði og verður haldið áfram að pressa á stjórn sviðsins og krefjast þess að samræmi sé á sviðinu er varðar endurtekt.

Kristrún Vala Ólafsdóttir

Í kennslumálanefnd hugvísindasviðs var töluvert rætt um úrræði fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sérstaklega í samhengi við námsbrautina íslenska sem annað mál og aðra tungumálakennslu á sviðinu. Fulltrúar nefndarinnar voru öll að vilja gerð að skoða mögulegar útfærslur á málinu en það þarf að halda áfram með þetta samtal á næsta skólaári. Umræður um aðgang nemenda að eldri lokaprófum hafa ekki verið jafn „heitar“ og annars staðar þar sem námsmat á sviðinu er almennt fjölbreyttara en á öðrum sviðum og fá ágreiningsmál sem hafa komið upp varðandi málefnið. Inspera-notkun í prófum var þónokkuð rædd og er hlutfall kennara sem nýta sér Inspera á hugvísindasviði mun lægra en á öðrum sviðum. Verið er að kanna ástæður þess og mikilvægt að það verði þrýst á málið aftur í haust þar sem um er að ræða bæði jafnréttis- og umhverfismál.

Hvað má gera betur? + Gagnlegar upplýsingar

Virkni nefndarinnar á samfélagsmiðlum féll því miður á milli þils og veggjar á þessu starfsári, það hefði verið gott að vera með hnitmiðaðra skipulag í kringum það og mögulega verkaskiptingu. Nefndin er með google drive þar sem haldið er utan um fundargerðir og önnur vinnuskjöl nefndarinnar. Þar er hægt að nálgast frekari upplýsingar um vinnu og viðfangsefni nefndarinnar á líðandi ári. Í upphafi starfsárs fundaði fyrrum forseti með nýskipaðri nefnd sem var afar gagnlegt. Forseti nefndarinnar fundaði einnig með Steinunni Gestsdóttur, aðstoðarrektor kennslumála og reyndist það vel til að fá skýrari mynd af hlutverki fulltrúa í kennslumálanefnd háskólaráðs.

Júlía Karín Kjartansdóttir



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Forseti kennslumálanefndar SHÍ 2023-2024

9.7 LAGABREYTINGANEFND

Í lagabreytinganefnd Stúdentaráðs 2023-2024 sátu:

- Arent Orri Jónsson Claessen (forseti)
- Gréta Dögg Þórisdóttir
- Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir
- Valgerður Laufey Guðmundsdóttir

Hlutverk nefndarinnar

Starf lagabreytinganefndar er verulega sértækt og eru störf nefndarinnar því frábrugðin störfum annarra fastanefnda Stúdentaráðs. Meginmarkmið nefndarinnar er að tryggja að lög Stúdentaráðs og aðrar reglur sem gilda um störf ráðsins, séu eins skýrar og kostur er á, og að reglurnar þjóni þeim tilgangi sem þeim er ætlað að þjóna. Þá aðstoðar nefndin hvern sem er við lagabreytingar, spurningar varðandi reglur og þar fram eftir götum.

Fjármunum varið

Nefndin varði engum fjármunum og aflaði sér ekki tekna.

Starfið yfir árið

Á fyrra starfsári 2022-23 samþykkti Stúdentaráð tillögu um að endurskoða lög Stúdentasjóðs, og var lagabreytinganefnd falin sú endurskoðun, í samstarfi við fulltrúa sjóðsins og Forseta SHÍ. Sú vinna kláraðist fyrir fyrstu úthlutun sjóðsins og voru lögin tekin í gegn. Síðustu ár hefur færst í aukana að efnislegar reglur hafa farið í verklagsreglur, sem nefndin telur vera slæma þróun, enda verður þá erfiðara að átta sig á heildarreglum, þær verða óaðgengilegri, auk þess að breyting eða setning á verklagsreglum lúta ekki sömu reglum og lög og því óljósara hvort þær hafi heimild til nýrrar efnislegrar reglna. Af þeim sökum taldi mikilvægt að greiða þurfti úr lögnum með þeim hætti að einungis það sem sneri að verklagi og innra starfi Stúdentasjóðs yrði í verklagsreglum. Annað, og þá þær reglur sem sneru að réttindum nemenda og skilyrðum til úthlutunar úr sjóðnum, voru látnar vera í lögum sjóðsins. Til hliðsjónar lá umsögn ELSA á Íslandi, dags. 13. febrúar 2023. Samstaða var um lagabreytingarnar í heild sinni og voru ný lög sjóðsins staðfest á fundi Stúdentaráðs.

Í kjölfarið tók við heildarendurskoðun á lögum Stúdentaráðs, í samræmi við framkvæmdaáætlun nefndarinnar, dags. 13. október 2023. Verkefnið er viðamikil og mikil

vinna sem þarf til að klára verkefnið. Endurskoðunin er að stóru leyti búin, en þó ekki fullkláruð. Undirritaður hefur náð sér á tali við nýkjörna lagabreytinganefnd um að halda áfram með þetta mikilvæga verkefni og er miðað við það að sú vinna klárast fyrir fyrsta fund Stúdentaráðs að loknu sumri.

Önnur störf nefndarinnar yfir árið voru helst ráðgjöf á eða fyrir fundi Stúdentaráðs, er sneru að túlkun á lögum, eða almennar spurningar. Reyndist það vel, og hvetur nefndin nýkjörna nefndarmeðlimi að að minnsta kosti einn fulltrúi úr nefndinni sitji fundi Stúdentaráðs til þess að ráðið geti fengið álit nefndarinnar á tillögum, eða túlkun á lögnum.

Fundir nefndarinnar voru mjög óreglulegir yfir árið, enda ótækt að sjá fyrir álagstíma fyrir störf nefndarinnar.

Athugasemdir

Þetta starfsár var nefndin í fyrsta skipti einungis skipuð laganemum, sem reyndist mjög vel. Nefndin fagnar því að nýkjörin nefnd sé einnig fullskipuð laganemum, og bindur vonir við að seinni skipanir haldist á þann veg.

Þrátt fyrir að fundir nefndarinnar hafi verið óreglulegir, að þá hittist nefndin nokkrum sinnum, sérstaklega í kringum endurskoðun á lögum Stúdentasjóðs. Fundirnir gengu vel, en að mati undirritaðs hefði mögulega verið sniðugt að halda fasta fundi 1-2 á önn, óháð því hvort að eitthvað sérstakt verkefni bíði nefndarinnar. Upplýsingaflæði og samskipti hefðu einnig mátt vera betri.

Þá gerðist það nokkrum sinnum að nefndinni barst erindi frá skrifstofu, sem hefði mátt halda betur um.

Annars gengu þau verkefni sem nefndinni var falið vel og má skýra það að einhverju leyti til þess að allir meðlimir þess þekkja vel til laga og reglna Stúdentaráðs. Leggur nefndin því til að nýkjörið ráð kynni sér þau lög og reglur sem gilda um störf Stúdentaráðs hið fyrsta, eða yfir sumarið.

Reykjavík, 12. maí 2024

f.h. lagabreytinganefndar,
Arent Orri Jónsson Claessen

9.8 NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLANEFND

Í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd Stúdentaráð 2023-2024 sátu:

- Katha Aþena Guðný Þorsteinsdóttir – Forseti
- Kristinn Jökull Kristinsson – Nefndarmeðlimur
- Þorsteinn Magnússon – Nefndarmeðlimur

Hlutverk nefndarinnar

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd felur í sér það hlutverk að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi innan veggja Háskóla Íslands. Nefndin vinnur náið með Nýsköpunarsviði háskólans, KLAK og nýsköpunarnefnd HR-Sprota. Nefndin veitir nemendum háskólans þann stuðning og ráð sem þeir þurfa ef upp kemur hugmynd að frumkvöðlastarfsemi. Nefndin hefur m.a. tekið að sér verkefni innan Gulleggsins bæði vísindaferð fyrir nemendur Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Fundir nefndar

Fundir voru haldnir yfir starfsárið með reglulegu millibili en enginn ákveðinn tími. Forseti senti út fundarboð með góðum fyrirvara áður en fundurinn var haldinn. Rætt var um það sem var næst á dagskrá hjá nefndinni ásamt því að koma með fleiri hugmyndir að verkefnum sem hægt væri að framkvæma. Verkum voru skipt niður meðal nefndarmeðlima þegar vísindaferð Gulleggsins var ásamt því að passa upp á að allar helstu upplýsingar væru miðlaðar áfram á samfélagsmiðlum nefndarinnar.

Nefndir og ráð

KLAK Icelandic start-ups tók virkan þátt í að skipuleggja vísindaferðina með okkur, þau útveguðu allt tengt fjármagni viðburðarins, ásamt því að bjóða bakhjörnum þeirra að kynna sína starfsemi á vísindaferðinni. Allir nefndarmeðlimir tóku virkan þátt í undirbúningi viðburða ásamt allir nefndarmeðlimir Sprota frá Háskóla Reykjavíkur. Skipt var á milli nefndarmeðlima þegar kom að því að útvega vinninga fyrir vísindaferð Gulleggsins ásamt því að forseti nefndarinnar var duglegur að deila upplýsingum á samfélagsmiðla. Auk þess sá nefndin um val á tónlistaratriði.

Sýnileiki og viðburðir

Markmið okkar sem nefnd var að auka sýnileika hennar á samfélagsmiðlum og þá helst á Instagram. Nefndin sá um það að halda vísindaferð Gulleggsins á haustönn og fengum hjálpi

frá Sprota sem er HR nýsköpunarnefndin. Eins hjálpuðum við þeim með vísindaferðina sína á vorönn.

Helstu verkefni og baráttumál

Helstu markmið nefndarinnar er að auka sýnileika á nýsköpunarstarfsemi og gefa ráð fyrir þeim styrkjum sem hægt er að sækja um. Eins að auka aðgengi nemanda í Háskóla Íslands að nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Nefndarmeðlimir unnu mikilvægt starf við það að auka sýnileika nefndarinnar og sérstaklega á samfélagsmiðlum þar sem við töldum það vera líklegustu leiðina til þess að koma áfram þeim skilaboðum til nemanda sem okkur fannst gagnlegar á framfæri. Okkur þótti þetta ganga einkum vel í ljósi þess að nefndin hefur ekki verið mikið starfandi og við náðum að auka starf með HR nefndinni. Hugmyndirnar sem komu hjá nefndarmeðlimum voru mjög góðar þótt okkur hafi ekki tekist að framkvæma þær allar á liðnu starfsári. Mikilvægt er fyrir næstu nefnd að skoða ársskýrsluna og hvaða hugmyndir komu upp hjá liðinni nefnd og taka upp hanskann og halda áfram að þróa þá hugmynd til þess að auka sýnileika nefndarinnar og nýsköpunarstarfsemi enn frekar. Það sem mætti gera betur er það að sitja fasta fundartíma og gera það í byrjun annar svo hægt sé að skipuleggja fundartíma betur og ná þannig betur utan um nefndina og verkefni hennar.

Gagnlegar upplýsingar

Aðalmarkmið okkar frá byrjun var að vera í virku samstarfi með HR nefndinni til þess að auka þá viðburði og verkefni sem hægt væri að taka sér fyrir hendi. Það sem okkur fannst svolítið erfitt er að vera bara þrjár aðilar í nefndinni til þess að gera viðburði að veruleika. Allar fundargerðir eru inn á Google Drive hjá nefndinni. Ekki voru mikil samskipti á milli nefndarinnar og Nýsköpunarsvið háskólans en mjög góð samskipti á milli KLAK og Sprota og væri gott að halda nánú samstarfi áfram á næsta skólaári. Skoða mætti fleiri styrktaraðila fyrir næsta skólaár svo hægt væri að halda fleiri viðburði eins og með HR nefndinni og KLAK. Eins var nefndin búin að koma á framfæri hugmynd að kynningum í framhaldsskóla og fá KLAK til þess að vera með í því verkefni. HR nefndin var með jákvæðan hug en þyrfti að tala við næstu nefnd þar betur á næsta skólaári. Eins að taka lítil viðtöl til þess að sitja inn á samfélagsmiðla nefndarinnar þar sem tekin væru viðtöl við frumkvöðla og reynslu þeirra á að byggja upp fyrirtæki.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

*Katha Aþena Guðný Þorsteinsdóttir,
Forseti nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar SHÍ 2023-2024*

9.9 UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUNEFND

1. Um nefndina

Í Umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs 2023-2024 sátu:

Berglind Bjarnadóttir, forseti

Zakaria Soualem, tengiliður við Grænfánanefnd

Júlíus Viggó Ólafsson

Eiður Snær Unnarsson

Svanlaug Halla Baldursdóttir

Hlutverk nefndarinnar

Í byrjun starfsárs fór nefndin yfir fyrri stefnu frá árinu 2022 – 2023 og var henni að miklu leyti haldið óbreyttri. Nefndin hafði einnig yfirumsjón með Grænfánanefndinni og hjálpaði nefndinni við sína vinnu. Tengiliður okkar við Grænfánanefndina var einnig tengiliður við Unga Umhverfissinna og loftslagsverkföllin og aðstoðaði við að skipuleggja þau. Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd og þeirra sem verða nefnd hér á eftir sat forseti nefndarinnar fundi með sjálfbærninefnd háskólans sem fulltrúi stúdenta. Nefndin sinnti verkefnum sem beindust beint að nærumhverfi nemenda, einnig verkefnum sem tengdust skipulagi og stjórnáætlun skólans og stjórnvalda tengt umhverfis- og loftslagsmálum.

Fundir nefndar

Nefndin fundaði að lágmarki einu sinni í mánuði og oftast ef þess þurfti. Haldnir voru 10 fundir í heildina og á milli funda var nefndin í samskiptum í gegnum spjallforrit. Fundardagskrá var send út á meðlimi fyrir hvern fund og forseti tók niður helstu punkta frá hverjum fundi í þar til gerða fundargerð.

2. Nefndir og ráð

Eina undirnefnd Umhverfis- og samgöngunefndar er Grænfánanefnd. Hún er tengiliður SHÍ við Unga Umhverfissinna, loftslagsverkföllin og vann að verkefnum Grænfána. Auglýst var í nefndina í janúar og tók hún einnig til starfa þá. Mjög fáar umsóknir bárust og því vann nefndin mjög mikið og náið með Umhverfis- og samgöngunefnd. Í sameiningu völdu nefndirnar sér markmið fyrir starfsárið og settu upp framkvæmdaáætlun út frá sniðmáti Landverndar. Boðið er upp á nokkur þemu og í ár var valið „Neysla og hringrásarhagkerfið“ og „Loftslagsbreytingar og samgöngur“ þar sem það talaði mest til okkar.

Forseti Grænfánanefndar tók þátt í að skipuleggja tvö loftslagsverkföll sem haldin voru í hádeginu á föstudögum á Austurvelli, m.a. var mótmælt djúpsjávarnámugreftri og fiskeldi í opnum kvíum.

Nefndin hélt í samstarfi við Umhverfis- og samgöngunefnd Umhverfisviku sem haldin var 26.febrúar – 2.mars. Einnig skrifaði forseti nefndarinnar grein í Stúdentablaðið sem kom út 29.febrúar þar sem rétt flokkun ýmissa algengra hluta var sett upp á grafískan hátt. Prentuð voru út 10 plaköt með efni greinarinnar og hengd upp víðsvegar um skólann.

Grænfánanefndina skipuðu:

Zakaría Soualem, forseti

Caleb Mitchell Thronson

3. Sýnileiki og viðburðir

Umhverfis- og samgöngunefnd, ásamt Grænfánanefnd, kom að mörgum og fjölbreyttum verkefnum og viðburðum á síðasta starfsári og verður farið yfir þau hér að neðan.

Ágúst

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn um miðjan ágúst til þess að semja framkvæmdaáætlun fyrir starfsárið. Einnig fundaði nefndin með Framkvæmda og tæknisviði við undirbúning Græna nýnemadagsins.

September

Á nýnemadögum 4.september stóð nefndin fyrir flokkunarleik á Háskólatorgi. Þar voru þáttakendur beðnir um að flokka nokkra hluti og voru svörin skráð niður til þess að sjá hve frótt fólk væri um flokkun. Allir þáttakendur fóru síðan í pott og dregin var út einn heppinn sem fékk grænt kaffikort að launum.

Græni nýnemadagurinn var svo haldinn 6.september. Á þeim degi tók nefndin, ásamt rektor, við Grænfánanum frá Landvernd fyrir hönd skólans. Haldnar voru ræður á Háskólatorgi að viðstöddum fjölda nemenda. Grænfáninn var dreginn að húni fyrir utan Aðalbyggingu og tré voru gróðursett í lítinn lund aftan við Aðalbyggingu HÍ. Í tilefni dagsins bauð Háma upp á afslátt af fjölnota málum og grænum kaffikortum, ásamt því var Miðvegandagur þar sem einungis var boðið upp á vegan valkosti í Hámu. Bóksala stúdenta setti upp fataslær þar sem fólk gat komið með föt og/eða tekið föt. Það gekk svo vel að slárnar voru uppi allt skólaárið!

Hopp tók þátt og útbjó afmörkuð svæði hjá Háskólatorgi, Stakkahlíð, Öskju, VR2 og Háskólabíói þar sem frítt var að leggja rafhlaupahjólum. Einnig tók forseti nefndar yfir instagram aðgang HÍ, kynnti störf nefndarinnar, viðburði dagsins og græna valkosti fyrir stúdenta.

Október

2.október lauk Hjólum í skólann áttakinu sem hófst 18.september. Nefndin vann að skipulagningu átaksins í samstarfi við Framkvæmda- og tæknisvið og var helsta hlutverk hennar að halda utan um og virkja nemendafélögin til þátttöku. Átakið tókst vel til en því miður var þátttaka örlítið minni en í fyrra.

Nefndin sá einnig um að útvega verðlaun fyrir sigurliðið en auk farandsbikars frá HÍ fengu þau vísindaferð hjá Hopp. Framkvæma þurfti töluverða leit að farandsbikarnum þar sem sigurvegarar í fyrra höfðu aldrei fengið hann í hendurnar. Bikarinn fannst að lokum og hvílir nú í Öskju í stofu N-350.

Nóvember

Á stúdentaráðsfundi 14.nóvember lagði forseti nefndar fram tillögu um viðbót við framkvæmdaáætlun nefndarinnar. Tillagan snéri að því að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarendur á háskólasvæðinu. Tillagan var samþykkt einróma og í framhaldi af því hófst vinna við að skoða hvar vantaði helst gangbrautir og ábending sending á Reykjavíkurborg. Svör voru lengi að berast og voru á endanum ekki jákvæð, svo sú barátta heldur áfram.

Janúar

Í byrjun janúar fengum við þær gleðifréttir að umsókn Sjálfbærnefndar HÍ þess efnis að fá aðstöðu á Háskólatorgi til að þrifa fjölnota ílát hlaut styrk úr Aldarfræðissjóði HÍ. Framkvæmda- og tæknisvið mun sjá um framkvæmdina og áætlað er að verkinu verði lokið í ágúst 2024.

22.-26.janúar hélt nefndin vegan viku þar sem áhersla var lögð á grænkerafæði innan sem utan háskólans og hvatt fólk til þess að prófa jafnvel bara eina máltíð. Við deildum vegan uppskriftum á samfélagsmiðlum og haldin var gjafaleikur þar sem fólk þurfti að senda okkur sína uppáhalds vegan uppskrift til þess að komast í pottinn. Leikurinn vakti mikla athygli og voru vinningar gífurlega veglegir og margir. Vinningar voru frá Ellu Stínu, Innes – Rapunzel, Súpustöðinni og LiveFood. Haldinn var miðvegandagur í Hámu og jafnframt bauð Hámu upp á extra spennandi vegan máltíðir alla vikuna. Haldið var bíókvöld á kjallaranum, Oatly bauð upp á 200 ókeypis oat latte í Bóksölunni og Súpustöðin í Veröld bauð upp á afslátt af vegan



nammi alla vikuna. Einnig bauð Súpustöðin 50% afslátt af vegan súpum á fimmtudeginum ásamt því að bjóða upp á frítt smakk af öllum vegan kræsingum á matseðli. Seinni hluta janúar var Stúdentakjallarinn með blómkálsvængi á matseðlinum sem gladdi marga vegan handboltaaðdáendur.

Febrúar

Vikuna 26.febrúar – 1.mars hélt nefndin í samstarfi við Grænfánanefnd umhverfisviku. Haldin var gjafaleikur með vinningum frá Vistveru, bíókvöld á Stúdentakjallaranum og birtir fróðleiksmolar á instagram þar sem nefnd voru nokkur dæmi hvernig stúdentar gætu verið umhverfisvænni. Í miðvikudagshádeginu var haldinn leikur á Háskólatorgi þar sem fólk fékk fræðslu um kolefnisfótspor og síðan beðið um að hoppa jafnvirði kolefnisfótspor meðal Íslendinga. Viðburðurinn tókst vel, vakti mikla athygli og fólk hafði gaman að. Þáttakendur fóru síðan í pott til þess að vinna kolefnisjöfnun frá Sólheimum.

29.febrúar kom síðan út grein eftir Zakaría í Stúdentablaðinu þar sem hann tók saman niðurstöður úr flokkunarleiknum 4.september og sett upp á grafískan hátt. Gaman var að labba um skólann og sjá marga nemendur glugga í blaðið og stoppa á þessari opnu.

Apríl

11.apríl var haldinn allsherjarmarkaður á Háskólatorgi í samstarfi við FS, Bóksölu stúdenta og SHÍ. Yfir 60 aðilar skráðu sig til leiks – mun fleiri en komust að svo vonandi verður þessi viðburður haldin aftur og oftár. Háskólatorg iðaði af lífi og hægt var að kaupa allskonar glingur. Bóksalan var með laugardags opnun í tilefni markaðsins, Júlí Heiðar kom og tók lagið í Bóksölunni og Ölgerðin gaf Kristal. Gífurlega vel tókst til og allir þáttakendur voru mjög ánægðir.

Nefndarmeðlimir dreifðu og hengdu upp plaköt í nokkrum byggingum háskólans sem sýndu einnig niðurstöður flokkunarleiksins til þess að vekja athygli stúdenta á flokkun og vonandi fræða þau um rétta flokkun.

Önnur verkefni

Forseti sat mánaðarlega fundi með Sjálfbærninefnd HÍ. Fá málefni tengdust stúdentum beint og forseti lagði lítið í púkkið á þessum fundum. Helsta sem kom út úr þessum fundum var slúður og kvartanir um innri stjórnsýslu háskólans.

4. Helstu verkefni og baráttumál

Það eru nokkur mál sem eru ennþá í gangi og væri mjög gott ef nýja nefnd gæti fylgst með og passað að þau klárist.

Vinna við að fá blindraletur á flokkunartunnur skólans er hafin, við komum með þá hugmynd að prenta límmiða sem hægt væri þá að setja á allar tunnur skólans. Framkvæmda- og tæknisvið er að skoða málið og gott væri fyrir næstu nefnd að ýta á eftir þessu þar sem þetta ætti ekki að vera alltof flókin eða dýr framkvæmd.

Einnig erum við búin að ýta á og biðja Ölgerðina um að auka vegan úrval í sjálfsölum skólans. Við komum með nokkrar hugmyndir af vinsælum vörum sem eru með langt geymslupól. Ölgerðin tók vel í þetta en eru búin að vera mjög lengi að vinna málið og tóku ekkert alltof vel í það þegar við ýttum á eftir þeim. Gott væri að taka stöðuna á úrvalinu í haust og senda þeim línu ef ekkert hefur bæst við.

Við sendum ábendingu á Reykjavíkurborg þar sem við báðum um að fá gangbraut á milli Öskju og Grósku, og yfir Sæmundargötu hjá malarbílastæðinu. Svörin voru ekki jákvæð og bent á að umferð á þessum svæðum væri ekki nægilega mikil til þess að fá gangbraut. Gott væri að framkvæma talningu á umferð gangandi og hjólandi vegfarenda á þessum svæðum á háannatíma, senda á Reykjavíkurborg og halda áfram að berjast fyrir gangbrautum. Flestir eru sammála um að gangbrautir á þessum svæðum séu nauðsynlegar.

Einnig heyðrum við í Strætó og spurðum út í möguleikann á að hafa Happy hour í strætó á föstudags eftirmiðdögum. Við fengum ekkert svar en það væri gaman að spyrja aftur því þetta gæti verið skemmtilegt og hvatt fólk til þess að taka strætó í vísindaferðir.

5. Samantekt

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Heilt yfir gekk starfsárið ágætlega, nefndin er gríðarstór og afar mörg málefni sem falla undir hana. Við mælum með að næsta nefnd skrái niður allar hugmyndir í framkvæmdaáætlun en ekki ætla ykkur of mikið! Gott er að ákveða fókus og taka þá mið af áhuga nefndarmeðlima. Mikilvægt er að skipta verkefnum upp á milli nefndarmeðlima svo öll beri ábyrgð á sínu og að enginn sé með of mikið.

Margt heppnaðist vel í ár en líka margt sem mætti bæta.

Auglýsa þarf mun fyrr í Grænfánanefndina og best er að gera það á sama tíma og auglýst er í Umhverfis- og samgöngunefnd. Grænfánanefnd þarf líka að setja sér markmið og gera áætlun fyrir áramót svo nægur tími sé til þess að vinna að málunum.

Allir viðburðir sem við stóðum fyrir heppnuðust mjög vel og vöktu mikla athygli, í raun fóru þeir fram úr okkar björtustu vonum. Við hvetjum næstu nefnd eindregið til þess að byrja undirbúa viðburði alltaf einni viku fyrr en þau halda að sé nóg – fólk er ekki alltaf nógu duglegt að svara tölvupóstum.

Samstarf okkar við FS og Bóksölu stúdenta gekk mjög vel í ár og þau hjálpuðu okkur mikið, mælum með að halda áfram góðu samstarfi við þau. Þau eru nefnilega opin fyrir mörgum skemmtilegum hugmyndum.

Mig langar sérstaklega að nefna veganvikuna, mörg fyrirtæki voru tilbúin að taka þátt í gjafaleiknum og vinningarnir voru að andvirði 50 þúsund króna í heild. Einnig voru Oatly, Innes og Bóksalan spennt fyrir Oatly pop-up í Bóksölunni. Það var ótrúlega skemmtilegur viðburður og vakti mikla athygli. Við hvetjum næstu nefnd eindregið til þess að halda veganviku aftur og reyna að fá Oatly aftur til þess að taka þátt!

Við vorum ágætlega dugleg á samfélagsmiðlum og fylgjendum fjölgaði mikið þegar við höldum gjafaleiki. Við mælum eindregið með því að gera það aftur og halda áfram að vera sýnileg á samfélagsmiðlum.

Gagnlegar upplýsingar

Við hvetjum næstu nefnd til þess skoða fyrri framkvæmdaráætlanir strax til þess að komast hratt inn í málin. Við mælum líka með að lesa ársskýrslu nefndarinnar 2022-2023 til þess að fá ennþá betri innsýn. Einnig er gott að skoða gamla tölvupósta ef þið eruð í einhverjum vafa eða vangaveltum, margt leynist í gömlum tölvupóstum.

Berglind Bjarnadóttir

F.h. Umhverfis- og samgöngunefndar

10 STÚDENTASJÓÐUR

Stjórn Stúdentasjóðs 2023-2024

- Dagný Þóra Óskarsdóttir - Forseti
- Arna Dís Heiðarsdóttir - Varaforseti
- Daníel Guðjón Andrason
- Hjalti Dagur Hjaltason
- Roman Chudov
- Sigurbjörg Guðmundsdóttir
- Tanja Sigmundsdóttir

Tímasetningar á úthlutunum 2023-2024

1. úthlutun → 17. -31. október 2023
2. úthlutun → 29. nóvember - 13. desember 2023
3. úthlutun → 7. -20. febrúar 2024
4. úthlutun → 1. - 15. apríl 2024

Fjöldi umsókna

1. úthlutun → 86 umsóknir (64 samþykktar, 22 hafnað)
2. úthlutun → 58 umsóknir (32 samþykktar, 26 hafnað)
3. úthlutun → 67 umsóknir (58 samþykktar, 9 hafnað)
4. úthlutun → 42 umsóknir (36 samþykktar, 6 hafnað)

Lagabreytingar

Síðastliðið vor lagði Arna Dís Heiðarsdóttir, stúdentaráðsliði 2023-2024 og varaforseti Stúdentasjóðs 2022-2023 og 2023-2024, fram tillögu á stúdentaráðsfundi þess efnis að fara skyldi í lagabreytingatillögur á lögum Stúdentasjóðs. Ráðið fól skrifstofu SHÍ að fara í breytingarnar ásamt Örnunni Dís og Dagnýju Þóru, forseta og varaforseta sjóðsins. Ný lög voru birt í september 2023. Verklagsreglur voru einnig uppfærðar fyrir fyrstu úthlutun skólaársins.

Starfsemi stúdentasjóðs

Eins og fyrri ár var sendur út póstur á alla skráða nemendur HÍ við upphaf úthlutunartímabíla með umsóknareyðublaði ásamt lögum og verklagsreglum sjóðsins. Pósturinn var alltaf sendur tveimur vikum áður en umsóknarfrestur rann út. Umsóknareyðublað var rafrænt og mælt var til þess að umsækjendur skiluðu gögnum í ólæstum Google Drive möppum og/eða Dropbox.

Í upphafi starfsárs skrifuðu stjórnarmeðlimir undir trúnaðaryfirlýsingu sem forseti útbjó, en unnið er með mikið magn trúnaðargagna við hverja úthlutun fyrir sig. Öllum gögnum var síðan eytt að úrvinnslu lokinni. Stjórn kom saman í lok hveírar úthlutunar, sama dag og umsóknarfrestur rann út, og fór yfir umsóknir sem höfðu borist. Ef ágreingsmál komu upp var kosið af stjórn hvort samþykkja eða hafna skyldi umsókninni. Forseti og varaforseti sendu síðan út pósta á alla umsækjendur, með upplýsingum um hvort umsókn viðkomandi hafi verið samþykkt eða hafnað, og loks sendi forseti skjal á framkvæmdastjóra SHÍ með reikningsupplýsingum þeirra sem fengu umsókn sína samþykkt og sá hann um að útdeila styrkjunum. Gott samtal var á milli sjóðsstjórnar og skrifstofu SHÍ.

11 KOSNINGAR OG KJÖRSTJÓRN 2024

Skýrslu kjörstjórnar er að finna í viðauka D.

11.1 NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA TIL STÚDENTARÁÐS 2024

Kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2024-2025 fóru fram rafrænt á Uglu, innri vef Háskólans 20. og 21. mars 2024. Á kjörskrá voru alls 13.200 stúdentar og var heildarkjörsókn 31,11% sem gera 4.106 einstaklinga sem nýttu kosningarétt sinn, er það smávægileg fækkun frá fyrra ári.

- Á Félagsvísindasviði kusu 1.228 af 3.524 á kjörskrá, eða 34,85%
- Á Heilbrigðisvísindasviði kusu 979 af 2.501 á kjörskrá, eða 39,14%
- Á Hugvísindasviði kusu 527 af 2.239 á kjörskrá, eða 23,54%
- Á Menntavísindasviði kusu 605 af 2.667 á kjörskrá eða 22,68%
- Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði kusu 767 af 1.848 á kjörskrá eða 41,50%

Vaka félag lýðræðissinnaðra stúdenta fékk 9 fulltrúa kjörna en Röskva samtök félagshyggjufólks fékk alls 8 fulltrúa kjörna.

Fulltrúar á Félagsvísindasviði

- Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)
- Katla Ólafsdóttir (Röskva)
- Ragnheiður Geirsdóttir (Vaka)
- Birkir Snær Brynleifsson (Vaka)
- Patryk Lúkasi Efel (Röskva)

Fulltrúar á Menntavísindasviði

- Gunnar Ásgrímsson (Vaka)
- Magnús Bergmann Jónasson (Röskva)
- Ásthildur Bertha Bjarkardóttir (Vaka)

Fulltrúar á Heilbrigðisvísindasviði

- Kristrún Vala Ólafsdóttir (Röskva)
- Tinna Eyvindardóttir (Vaka)
- Eiríkur Kúld Viktorsson (Vaka)

Fulltrúar á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

- Kristín Fríða Sigurborgardóttir (Röskva)
- Jóhann Almar Sigurðsson (Vaka)
- Ester Lind Eddudóttir (Röskva)

Fulltrúar á Hugvísindasviði

- Ísleifur Arnórsson (Röskva)
- Sóley Anna Jónsdóttir (Röskva)
- Anna Sóley Jónsdóttir (Vaka)

11.2 NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA TIL HÁSKÓLARÁÐS 2024

Háskólaráð er æðsta stjórnvald Háskóla Íslands og er rektor formaður þess. Í ráðinu sitja 11 einstaklingar og þar af 2 fulltrúar sem eru skiptaðir í tvö ár í senn. Fulltrúar stúdenta eru kjörnir í allsherjarkosningum meðal stúdenta Háskóla Íslands. Kosið var til háskólaráðs samhliða kosningum til Stúdentaráðs 20. og 21. mars 2024. Kjörsókn var 28,06% og voru það því 3.704 sem nýttu kosningarrétt sinn af 13.199.

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði 2024-2026

- Andri Már Tómasson (Röskva)
- Viktor Pétur Finnsson (Vaka)

Varafulltrúar stúdenta í háskólaráði 2024-2026

- Gréta Dögg Þórisdóttir (Röskva)
- Sigurbjörg Guðmundsdóttir (Vaka)

Ársskýrsla sviðsráðs Félagsvísindasviðs

Skólaárið 2023-2024

1. Meðlimir og fundir sviðsráðs

1.1 Meðlimir sviðsráðs

Arna Dís Heiðarsdóttir - Forseti

Daníel Hjörvar Guðmundsson - Ritari

Emilía Björt Írisard. Bachmann - Fulltrúi í kennslumálanefnd Félagsvísindasviðs

Jóhanna Helga Ásgeirsdóttir - Samfélagsmiðlastýra

Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir - Forseti fulltrúaráðs

1.2 Fundir sviðsráðs

Skiptafundur sviðsráðs fór fram 20. maí 2023. Þar fór sviðsráð 2022-2023 yfir sitt starfsár og sína ársskýrslu. Nýtt sviðsráð skipti svo með sér verkum og skiptust hlutverkin þannig að Arna Dís Heiðarsdóttir var sviðsráðsforseti, Daníel Hjörvar Guðmundsson var ritari, Emilía Björt Írisard. Bachmann var fulltrúi sviðsráðs í kennslumálanefnd Félagsvísindasviðs, Jóhanna Helga Ásgeirsdóttir var samfélagsmiðlastýra og Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir var forseti fulltrúaráðs Félagsvísindasviðs. Verklagsreglur voru samþykktar einróma á fyrsta fundi sviðsráðs 27. júní 2023.

Fundir sviðsráðsins fóru fram í persónu fyrir utan einn fund sem fór fram rafrænt. Fundir voru ákveðnir hverju sinni og voru einu sinni í mánuði. Sviðsráð hvetur nýtt sviðsráð að hafa fasta fundi í stað þess að ákveða hverju sinni. Fundardagskrá og fundarboð voru send út af sviðsráðsforseta að minnsta kosti viku fyrir fund, meðlimum sviðsráðs var alltaf gefinn kostur á að leggja til breytingar á fundardagskrá. Samfélagsmiðillinn Messenger var einnig mikið notaður til samskipta á milli funda og ef til þess kom var sá miðill notaður til að taka smávægilegar ákvarðanir.

Verklagsreglurnar er að finna hér í fylgiskjali 1 og fundargerðir má finna á google-drive-i sviðráðsins undir „Sviðsráð FVS 2023-2024”.

1.3 Innkoma sviðsráðs og ráðstöfun fjármuna

Sviðsráð átti 43.400 kr. í upphaf starfsársins sem sviðsráð 2021-2022 fjármagnaði með því að telja í stofur í heimsfaraldri, sem sviðsráð var mjög þakklátt fyrir. Sviðsráð nýtti það fjármagn fyrir vinnustofu sviðsráðs sem átti sér stað 26. október 2023 (nánar er greint frá vinnustofunni í kafla 2.4). 15.400 kr. fóru í veitingar, 2.884 kr. fóru í karton og post-it miða og 15.000 kr. fóru í bjór á Stúdentakjallaranum. Kvittanir fyrir þessu má finna hér í fylgiskjali 2. Eftirstandandi fjármagn sviðsráðs er því 10.116 kr.

2. Sýnileiki og upplýsingaflæði sviðsráðs

2.1 Samfélagsmiðlar

Sviðsráð lagði upp úr því að vera sýnileg á þessu ári og auka upplýsingaflæði til stúdenta á sviðinu. Notuðumst við samfélagsmiðla á borð við Instagram og Facebook til að auglýsa viðburði og annað. Samfélagsmiðlastýra sviðsráðs var Jóhanna Freyja Ásgeirsdóttir.

2.2 Nýnemadagar

Móttaka nýnema fyrir stúdenta í grunnnámi á Félagsvísindasviði fór fram í Háskólabíó 18. ágúst 2023 þar sem sviðsráðsforseti útbjó og hélt kynningu um starfsemi sviðsráðs, stúdentaráðs og Októberfest SHÍ fyrir nýja stúdenta á Félagsvísindasviðinu. Móttakan gekk að óskum og voru einhverjir áhugasamir einstaklingar sem töluðu við þá sviðsráðsmeðlimi sem mættu á móttökuna að henni lokinni. Sviðsráð tók ekki mikinn þátt í nýnemadögum HÍ þar sem nemendafélög Félagsvísindasviðs taka það frekar á sig en sviðsráð en sviðsráð var í góðu sambandi við nemendafélögin á þessum tíma.

2.3 Vísindaferð SHÍ

Vísindaferð stúdentaráðs fyrir stúdenta á Félagsvísindasviði var haldin 22. september 2023 á Stúdentakjallaranum. Sviðsráðsforseti og forseti fulltrúaráðs lét nemendafélög vita með góðum

fyrirvara dagsetningu vísindaferðarinnar til þess að komast hjá því að bóka ekki aðrar vísindaferðir á sama tíma. Sviðsráðsforseti útbjó og hélt kynningu um starfsemi sviðsráðs og stúdentaráðs, þá sérstaklega í tengslum við Félagsvísindasvið, og svaraði spurningum. Vísindaferðin heppnaðist mjög vel nema það var fjöldi fólks sem voru á Stúdentakjallaranum sem ekki mættu þangað vegna vísindaferðarinnar. Þetta gerði það að verkum að mikill kliður var í salnum á meðan sviðsráðsforseti fór með kynninguna. Nemendafélög hefðu einnig getað auglýst hana betur fyrir félagsmeðlimi, að mati sviðsráðs, annars gekk heilt yfir mjög vel.

2.4 Vinnustofa sviðsráðs

Eftir stefnumótunardag stúdentaráðs sem var haldinn 8. júlí 2023 í Hinu Húsinu kom upp sú hugmynd frá fulltrúm Félagsvísindasviðs að halda einhvers konar vinnustofu fyrir stúdenta á sviðinu. Sviðsráð varð við þeirri hugmynd og hélt vinnustofu 26. október 2023. Sviðsráðsforseti sá um skipulagningu og dagskrá vinnustofunnar, auk fljótandi og fastra veitinga. Samfélagsmiðlastýra sá um að auglýsa viðburðinn á samfélagsmiðlum og búa til viðburð á samfélagsmiðlinum Facebook. Að mati sviðsráðs og samfélagsmiðlastýru hefði mátt auglýsa viðburðinn betur og útskýra betur hver tilgangur vinnustofunnar var. Það gæti hafa útskýrt dræma mætingu.

Tilgangur vinnustofunnar var að kortleggja hvaða hagsmunamál brenna mest á stúdentum sviðsins, í raun *hvað má gera betur?* Þetta er augljóslega mjög víð spurning og því ákvað sviðsráð að taka fyrir fjóra flokka; kennslumál, námsaðstaða í byggingum sviðsins, starfsnám og frítími stúdenta. Mæting á vinnustofuna var dálítið undir væntingum sviðsráðs en sviðsráð var líklega ekki raunsæ hvað mætingu varðar, sérstaklega sviðsráðsforseti. Þrátt fyrir mætingu urðu mjög góðar umræður og sviðsráð fundaði sérstaklega til þess að kortleggja niðurstöður og helstu áherslumál stúdenta á vinnustofunni. Sviðsráðsforseti kynnti niðurstöður vinnustofunnar fyrir stjórn Félagsvísindasviðs, þar sem rektor sat einnig fund, og fyrir kennslumálanefnd sviðsins. Niðurstöðurnar voru einnig notaðar til hliðsjónar þegar sviðsráð ákvað að berjast fyrir ákveðnum málum, t.d. hvað varðar aðbúnað í Odda sem talað er betur um í kafla 4.2. Niðurstöður vinnustofunnar er að finna á drive-i sviðsráðs 2023-2024.

Fráfarandi sviðsráð hvetur næstkomandi sviðsráð að nýta sér niðurstöðu vinnustofunnar til þess að auka vægi orða þeirra við t.d. stjórn Félagsvísindasviðs, einnig væri ekki amalegt að endurtaka leikinn og halda slíka vinnustofu aftur og athuga breytingar frá fyrri vinnustofu.

3. Nefndir og ráð

3.1 Fulltrúaráð

Fulltrúaráð er sameiginlegur vettvangur fyrir nemendafélög sviðsins sem sviðsráð heldur utan um. Þar eiga sæti forsetar og hagsmunafulltrúar allra nemendafélaga á Félagsvísindasviði. Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir var forseti fulltrúaráðs. Stefán Hrafn, forseti Félagsvísindasviðs og Thamar, kennsluþróunarstjóri sviðsins, óskuðu eftir fundi með stúdentum í byrjun skólaárs svo nemendafélögin þekktu til þeirra og kortleggja hagsmunamál stúdenta á sviðinu.

Á starfsári sviðsráðs 2023-2024 lagði sviðsráð ríka áherslu á gott samstarf við nemendafélögin. Boðað var til fulltrúaráðsfundar þann 12. september og rætt voru þar ýmis hagsmunamál og tekið stöðuna á hvernig orkan væri í nemendafélögum fyrir komandi skólaár. Það sem einkenndi starf fulltrúaráðs í ár voru tvenn baráttumál. Annars vegar að finna laus rými fyrir nemendafélög að sinna störfum sínum og hins vegar að útvega stúdentum svokallaðar heimastofur til að notfæra sér fyrir að læra fyrir lokapróf í prófatíð. Meira um það í fjórða kafla.

Samkvæmt verklagsreglum ber sviðsráði að halda einn fund á hverju misseri með fulltrúaráði. Ákveðið var að halda ekki fund á vormisseri vegna þess að hagsmunafulltrúi SHÍ hélt fund fyrir hagsmunafulltrúa nemendafélaga á Félagsvísindasviði og því var ekki ástæða að halda annan fund til að ræða um sömu málefni. Forseti fulltrúaráðs og sviðsráðsforseti útbjó Messenger hóp með forsetum og hagsmunafulltrúum nemendafélaga á sviðinu og var í góðum samskiptum við meðlimi fulltrúaráðs þar. Auk þess sem að sviðsráðsforseti útbjó Messenger hóp með einungis forsetum nemendafélaganna sem þótti mjög gott þegar mikilvæg mál komu upp þar sem þetta var minni hópur. Sviðsráð hvetur næsta sviðsráð að gera slíkt hið sama.

3.2 Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs

Jafnréttisnefnd félagsvísindasviðs hefur á liðnu ári snert á ýmsum verkefnum. Hún lagði fram vinnu við eflingu fræðsluefnis á vettvangi háskólans. Mikil vinna fór fram innbyrðis til að efla jafnréttisnefnd og ígrunda betur hver tilgangur nefndarinnar er og hverjir snertifletirnir eru. Fulltrúi stúdenta í jafnréttisnefnd á þessu starfsári var Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir.

3.3 Stjórn Stúdentasjóðs

Félagsvísindasvið á eitt sæti í stjórn Stúdentasjóðs. Að þessu sinni var staðan ekki auglýst sökum þess að Arna Dís Heiðarsdóttir, sviðsráðsforseti, ákvað að taka sætið. Ekkert stendur í lögum Stúdentaráðs að þurfi að auglýsa stöðuna heldur einungis að fulltrúi er kjörinn af sviðsráði Félagsvísindasviðs á einn eða annan hátt. Því mátti sviðsráð skipa stöðuna svo. Arna Dís Heiðarsdóttir var fulltrúi Félagsvísindasviðs í stjórn Stúdentasjóðs og hlaut einnig kjör sem varaforseti stjórnar.

3.4 Kennslumálanefnd Félagsvísindasviðs

Kennslumálanefnd Félagsvísindasviðs er sameiginlegur vettvangur fyrir deildir sviðsins til þess að ræða kennslumál þess. Í kennslumálanefnd eiga sæti kennslustjóri Félagsvísindasviðs, einn kennari hverrar deildar auk formanns. Þá er fulltrúi stúdenta með sæti, á starfsárinu var það Emilía Björt Írisard. Bachmann.

Á þessu starfsári fjallaði kennslumálanefnd helst um aðgang að prófum, gervigreind og aðstöðu í byggingum sviðsins. Mikill meðbyr var með hugmyndum stúdenta um að bæta aðstöðu í Odda, sér í lagi lærdómsaðstöðu á þriðju hæð byggingarinnar. Hlaut nefndin styrk til þess að bæta aðstöðuna og mikilvægt að því verkefni sé fylgt eftir á næsta starfsári. Aðgangur stúdenta að gömlum prófum hefur verið þrætuepli og eins og mál standa hafa drög að sáttmála milli stúdenta og kennara verið kynnt. Sáttmáli sá breytir engu um rétt stúdenta til aðgangs að eldri prófum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 12. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, en ljóst er að á komandi starfsári þarf að standa vörð um þann rétt.

3.5 Stjórn Félagsvísindasviðs

Stjórn Félagsvísindasviðs er æðsta ákvarðanavald sviðsins en þar eiga sæti þeir fimm deildarforsetar deilda Félagsvísindasviðs, forseti Félagsvísindasviðs og tveir fulltrúar stúdenta, einn með atkvæðisrétt og einn með áheyrnarétt,

Arna Dís Heiðarsdóttir, sviðsráðsforseti, var fulltrúi stúdenta í stjórn Félagsvísindasviðs. Árið 2020-2021 var samþykkt af stjórn Félagsvísindasviðs að stúdentar myndu fá annan fulltrúa í stjórn. Stjórn sviðsins gerði þá kröfu að þessi fulltrúi væri einungis með áheyrnarétt en ekki með atkvæðisrétt. Sviðsráð ákvað að áheyrnafulltrúi stúdenta væri Jóhanna Freyja Ásgeirsdóttir. Áður hafði stjórn Félagsvísindasviðs kröfur um hvaða einstaklingur þetta ætti að vera og í hvaða námi sá aðili stundar en síðustu tvö fráfarandi sviðsráð lögðu áherslu á að stúdentar ættu að velja þennan fulltrúa sjálf sem og sviðsráð 2023-2024 gerði.

Fráfarandi sviðsráð hvetur komandi sviðsráð að fulltrúar í stjórn Félagsvísindasviðs stundi sitthvort námið til þess að fá fjölbreytta innsýn inn á vettvang stjórnar eins og venjan hefur verið seinustu ár.

4. Helstu verkefni og baráttumál

4.1 Heimastofur

Sviðsráð 2021-2022 kom á svokölluðum heimastofum í prófatíð þegar lesstofur í Gimli voru ónothæfar vegna lekans í janúar 2022. Þetta fyrirkomulag þótti heppnast vel meðal stúdenta á sviðinu og var mikil aðsókn að þessum heimastofum. Fyrirkomulagið er þannig að nemendafélög hafa aðgang að stofu í Odda í prófatíð á þeim tímum sem skólinn leyfir þ.e., 8-21 á virkum dögum, 8-16:30 á laugardögum og lokað á sunnudögum.

Sviðsráð 2023-2024 ákvað að taka upp þráðinn eftir árshlé og bar hugmyndina undir nemendafélög Félagsvísindasviðs á fulltrúaráðsfundi 12. September 2023. Nemendafélögin tóku vel í þessa hugmynd og sviðsráðsforseti fór strax þá að athuga möguleika fyrir þetta fyrirkomulag. Sviðsráðsforseti ræddi við forseta Félagsvísindasviðs, Stefán Hrafn, og talaði um

áðurnefnt fyrirkomulag sem hann tók afskaplega vel í. Sviðsráðsforseti sendi í kjölfarið tölvupóst á Laufey Sigurðardóttur, rekstrarstjóra HÍ, með Stefán, forseta sviðsins, og Elvu, kennslustjóra, í cc til þess að bergmála kröfur sviðsráðs. Laufey tók vel í þessa hugmynd og hófst fyrirkomulagið 20. nóvember 2023 og lauk 11. desember 2023, eða í prófatið á haustönn. Fengum við fimm stofur í Odda til afnota og var þeim skipt á milli nemendafélaganna eftir stærð. Orator, nemendafélag laganema, hafði ekki áhuga á að vera með í slíku fyrirkomulagi vegna þess að þau hafa afnot af lesstofu (Les) í Lögbergi. Forsenda þess að þetta er hægt er umgengni verður að vera til fyrirmyndar og því var hvert nemendafélag með svokallaðann stofustjóra sem fylgdist með að allt gekk eftir óskum og að stúdentar gengu frá eftir sig. Mikil aðsókn var að stofunum og einhverjar urðu uppbókaðar, nemendafélög vilja gjarnan halda þessu fyrirkomulagi áfram. Skráningarskjal og helstu upplýsingar til stofustjóra er að finna á drive-i sviðsráðs 2023-2024.

Sviðsráðsforseti hefur þegar sent tölvupóst á Laufey um að endurtaka leikinn í prófatið á vorönn. Ekki hefur sviðsráðsforseti fengið svör við skrif á þessari ársskýrslu en líklegt er að þau verði jákvæð vegna þess að fyrirkomulagið heppnaðist mjög vel á haustönn. Sviðsráðsforseti hefur rætt við Stefán, forseta sviðsins, um að festa þetta fyrirkomulagi svo þetta yrði alltaf gert og að óþarfi þurfi að biðja um leyfi í hvert einasta skipti. Forseti sviðsins tók vel í þá hugmynd og sviðsráðsforseti mun leggja til bókun þess efnis sem fer fyrir stjórn Félagsvísindasviðs á næsta stjórnarfundum í maí til þess að stjórn sviðsins sé með stúdentum í þessu máli.

Fráfarandi sviðsráð hvetur næstkomandi sviðsráð að halda áfram með þessar heimastofur, enda mikil ánægja meðal stúdenta og nemendafélaga. Mikilvægt er að sviðsráð haldi utan um þetta fyrirkomulag svo allt gangi eftir óskum, eftir nokkur ár verður þetta ekki mikil vinna þar sem fráfarandi sviðsráð, sérstaklega sviðsráðsforseti, hefur gert alla forvinnuna fyrir öll komandi sviðsráð.

4.2 Hópvinnuaðstaða / Aðbúnaður í Odda

Félagsvísindasvið er fjölmennt svið sem þarfnast góða aðstöðu fyrir stúdenta sem nýta sér aðstöðu bygginga sviðsins. Mikil ánægja var með opnun lesrýmis grunnema og meistaranema í Gimli auk uppfærslu á opna rýminu í Gimli, en mikil aðsókn er á því rými eftir opnun. Þetta er mjög jákvæð þróun og sýnir að stúdentar sækja mikið í nýja aðbúnaðinn í Gimli.

Hægt er að kalla Odda hjarta Félagsvísindasviðs þar sem byggingin hýsir margt starfsfólk og kennara deilda á sviðinu auk þess að stúdentar sækjast í að læra þar, drepa tíma milli tíma og hittast við hin ýmsu tækifæri. Sviðsráðsforseti, fulltrúi sviðsráðs í kennslumálanefnd og forseti fulltrúaráðs, hafa á síðastliðnu starfsári barist fyrir því að bæta aðbúnað í Odda þar sem hann stendur ekki tímans tönn og er ekki hentugur fyrir rýmið; stólarnir og borðin eru misstór svo erfitt getur verið að para þau saman auk þess sem að aðbúnaður er orðinn gamall og slappur. Samkvæmt vinnustofu sem sviðsráð hélt í október síðastliðinn var mikið aðkall frá stúdentum að endurnýja borð og stóla í Odda. Með nýrri og hentugari borðum og stólum fyrir rýmið væri hægt að hýsa fleiri stúdentum í Odda þar sem það er nær alltaf upptekið sem sýnir eftirspurn eftir góðu rými til þess að læra, spjalla eða einfaldlega drepa tíma.

Sviðsráðsforseti, forseti fulltrúaráðs og fulltrúi stúdentum í kennslumálanefnd Félagsvísindasviðs lögðu fram tillögu um að koma þessu máli á vettvang stjórnar Félagsvísindasviðs. Tillöguna er að finna hér í fylgiskjali 3.

4.3 Aðstaða nemendafélaga á Félagsvísindasviði

Á síðastliðnum árum hafa nemendafélög á Félagsvísindasviði átt erfitt uppdráttar eftir heimsfaraldur þegar kemur að vinnu til að bæta og stuðla að góðu félagslífi innan námsins og í kjölfarið erum við að sjá þátttöku í nemendafélögum fara minnkandi. Orator, nemendafélag laganema, og Mágus, nemendafélag viðskiptafræðinema, eru þau nemendafélög sem hafa til afnota aðstöðu á Félagsvísindasviði. Á fyrsta fundi fulltrúaráðs, 12. september 2023, lögðu forsetar og hagsmunafulltrúar nemendafélaga áherslu á að aðstaða nemendafélaga væri ábótavant, eins og þau hafa bent á seinustu ár. Það er skýrt að það er mikill vilji og þörf fyrir því að hafa rými innan veggja háskólans sem stjórnir nemendafélaga geta komið til að funda en einnig til að geyma muni í eign nemendafélags. Nemendafélögin telja að með því að hafa aðgang að rými geta þau eflt starf sitt enn frekar.

Að koma fyrir aðstöðu fyrir nemendafélög að sinna sínum störfum var áherslumál forseta fulltrúaráðs á starfsárinu. Fundað var með Thamar, kennsluþróunarstjóra Félagsvísindasviðs, snemma á haustönn og þá fór af stað vinna til finna slík rými. Forseti fulltrúaráðs óskaði

reglulega eftir stöðu mála og heldur vinnan áfram að því að koma fyrir aðstöðu fyrir nemendafélögin að efla sín störf.

Sviðsráðsforseti, forseti fulltrúaráðs og fulltrúi stúdenta í kennslumálanefnd Félagsvísindasviðs lögðu fram tillögu um að koma þessu máli á vettvang stjórnar Félagsvísindasviðs. Þetta mál hefur verið á oddinum lengi en aldrei komið fram tillaga og því þótti áðurnefndum einstaklingum mikilvægt að festa það í sessi með tillögunni. Sviðsráðsforseti mun tala fyrir þessari tillögu á næsta fundi stjórnar Félagsvísindasviðs sem er áætlaður 3. maí 2024. Tillöguna er að finna hér í fylgiskjali 4.

4.4 Sjúkra- og endurtektarprófin

Baráttan fyrir því að sjúkra- og endurtektarpróf á haustmisseri verði tekin í desember/janúar í stað maí/júní á Félagsvísindasviði á sér langa forsögu. Sviðsráð Félagsvísindasviðs átti mikla aðkomu að þessari baráttu en aðkoma hennar lauk þegar tillagan var samþykkt á stjórnarfundum Félagsvísindasviðs 8. apríl 2022 sem fól í sér útfærslu á breytingum á skólaárinu, en formáli fylgdi með tillögunni þar sem stjórn sviðsins lýsti því yfir að meirihluti hennar væri alfarið á móti breytingum á þessu. Stúdentar höfðu sigur á bitum og fór málið fyrir háskólaráð 2. febrúar 2023 þar sem reglum nr. 569/2009 vegna samræmingar kennsluáætlanaks HÍ var breytt. Lesa má nánar um málið og aðdraganda þess á [heimasíðu Stúdentaráðs](#).

Skólaárið 2023-2024 var fyrsta árið með þessum nýjum breytingum. Stjórn Félagsvísindasviðs var ávallt á móti þessum breytingum sbr. seinustu efnisgrein og gagnrýndu fyrirkomulagið yfir allt skólaárið. Gagnrýni kennara og deildarforseta fól helst í sér að (1) það væri verið að skerða sumarfrí kennara, (2) kennarar þurfa að byrja að vinna í kennsluáætlunum fyrir en áður, (3) það er nú styttri tími á milli lokaprófa og sjúkra- og endurtektarprófa, (4) það er styttri tími fyrir stúdenta að skrá sig í prófin, (5) sjúkra- og endurtektarpróf eru haldin um helgar og (6) að stúdentar séu líklegri til þess að reyna að falla því það er nú styttra í endurtektarprófið.

Sviðsráð vísar þessari gagnrýni á bug og gerði yfir allt skólaárið, sérstaklega sviðsráðsforseti á stjórnarfundum Félagsvísindasviðs og fulltrúi stúdenta í kennslumálanefnd sviðsins. Óþarfi er að reifa kröfur stúdenta í þessari ársskýrslu, áhugasöm geta lesið um málið á heimasisíðu

Stúdentaráðs, [hér](#) og [hér](#). Mikilvægt er að næstkomandi sviðsráð hugi að hagsmunum stúdenta í þessu máli og verði rödd þeirra innan stjórn Félagsvísindasviðs.

4.5 Lokun Hámu í Odda

Félagsstofnun Stúdenta (FS) ákvað að loka Hámu í Odda í stað þess að hækka þar vöruverð vegna fækkun stúdenta í byggingum skólans. Stúdentar sem stunda nám í þeirri byggingu þurfa nú að fara á næsta sölustað Hámu á Háskólatorgi.

Sviðsráð Félagsvísindasviðs harma lokun Hámu í Odda, sem og öðrum sölustöðum Hámu í byggingum Háskóla Íslands en þess í stað vilja að rýmið í Odda verði að bættri aðstöðu fyrir stúdenta að stunda sitt nám eða fyrir nemendafélög til að halda úti sinni starfsemi. Sviðsráðsforseti hefur látið forseta sviðsins vita um afstöðu sviðsráðs í þessu máli og hafa samskipti sviðsráðs og forseta sviðsins verið góð og á sama máli. Sviðsráðsforseti hafði samband við framkvæmdastjóra Félagsvísindasviðs varðandi vatnsvél í Odda sem FS rak og fjarlægði þegar Hámu var lokað til að fá slíka vatnsvél aftur. Sbr. seinustu samskiptum sviðsráðsforseta við framkvæmdastjóra Félagsvísindasviðs er þetta mál í ferli og vonar sviðsráð að vatnsvél komi sem fyrst á aðra hæð í Odda. Stúdentar hafa einnig viljað fá örbylgjuofn og grill aftur þar sem Háma var í Odda, fráfarandi sviðsráð hvetur komandi sviðsráð að berjast fyrir því máli og tala við framkvæmda- og tæknisvið HÍ. Yfirlýsingu sviðsráðs er að finna hér í fylgiskjali 5.

4.6 Undirfjármögnun Félagsvísindasviðs

Starfsárið, þá sérstaklega stjórnarfundir sviðsins, einkenndist af upplifun stúdenta að undirfjármögnun Félagsvísindasviðs. Að flestum kunnugt er sviðið ekki að fá nægt fjármagn til að halda úti allri sinni kennslu og því hefur skortur verið á áföngum í einhverjum deildum, mest áberandi í stjórn málafræðideild, félags-, mannfræði- og þjóðfræðideild og í félagsfræðideild og hagfræðideild. Ljóst er að þetta verður lengi á vörum deildarforseta og forseta sviðsins og mikilvægt er að rödd stúdenta fylgi fast á eftir. Sviðsráðsforseti bergmálaði tal fulltrúa stjórnar Félagsvísindasviðs þegar kom að afstöðu þeirra gagnvart undirfjármögnun sviðsins. Það bitnar hvað helst á gæði kennslu og þar af leiðandi á stúdenta. Málið er ekki nýtt í eðli sínu en nýtt að það sé ótrúlega mikið á allra vörum og er orðið áhyggjumál. Fráfarandi sviðsráð var alltaf með í

afstöðu stjórnar sviðsins í þessu máli og hvetur næstkomandi sviðsráð að vinna náið með stjórn sviðsins þar sem við erum sterkari saman.

Forseti sviðsins, Stefán, átti óformlegt samtal við sviðsráðsforseta um að útfæra einhvers konar lista um hvernig undirfjármögnun sviðsins endurspeglast í námi stúdenta en ekki gafst færi á að útfæra slíkt skjal. Sviðsráðsforseti ræddi það við nemendafélög sviðsins en það fór ekki lengra en svo. Fráfarandi sviðsráð hvetur næstkomandi sviðsráð að ráðast í slíkt skjal og/eða slíkan lista.

4.7 Framtíðar hagsmunamál

4.7.1 Greitt starfsnám í félagsráðgjöf

Eina starfsnámið sem er skylda á Félagsvísindasviði er í félagsráðgjöf. Þar taka stúdentar 5 vikna ógreitt starfsnám á fyrstu önn og seinasta önnin er einungis tekið 30 ECTS ógreitt starfsnám. Vilji hefur verið meðal félagsráðgjafanema innan sviðsráðs að vinna að því að þetta verði greitt en ljóst er að sú barátta yrði krefjandi og ekki gafst tími til að fara í frekari baráttu um þetta mál á þessu starfsári. Fráfarandi sviðsráð hvetur komandi sviðsráð að kortleggja þetta frekar meðal félagsráðgjafanema á Félagsvísindasviði, ljóst er að þetta er stórt hagsmunamál fyrir þessa stúdenta.

4.7.2 Aðalgrein í kynjafræði

Ekki gafst tími vinna að þessu en við hvetjum næstkomandi sviðsráð til þess að taka upp þráðinn þar sem mikill vilji er fyrir þessu innan stjórn málafræðideildar.

Niðurlag

Starfsár sviðsráðs Félagsvísindasviðs 2023-2024 gekk heilt yfir mjög vel og sviðsráðsmeðlimir ánægð með vel unnin störf. Það er margt smátt sem ávannst á þessu starfsári en þau stóru mál sem sviðsráð er stolt af eru heimastofurnar, vinnustofan og rödd stúdenta í kennslumálanefnd. Fulltrúi stúdenta í kennslumálanefnd barst óhikað yfir rödd stúdenta hvað varðar aðgang að gömlum lokaprófum og forseti fulltrúaráðs hafði ítrekað samband við kennsluþróunarstjóra varðandi aðbúnað í Odda. Óhætt er að segja að það eru mikilvæg mál á döfinni; undirfjármögnun

Félagsvísindasviðs, hvað tekur við eftir Hámu í Odda, sjúkra- og endurtektarprófin, aðstaða nemendafélaga á Félagsvísindasviði og aðbúnaður í Odda. Því er mikilvægt að komandi sviðsráð sofni ekki á verðinum.

Sviðsráð 2023-2024 er það sviðsráð sem kom þessum áður nefndum málum í réttan farveg og á dagskrá og barðist ötullega fyrir stúdentum á öllum vettvöngum. Mikilvægt er að fylgja þessum málum eftir og klára það sem fráfarandi sviðsráð áorkaði á sínu ári. Rödd stúdenta skiptir höfuð máli þegar kemur að ákvörðunum er varðar stúdenta sjálfa. Við hvetjum næstkomandi sviðsráð að hafa óhikað samband við fráfarandi sviðsráð og leita lausna eða upplýsinga um hvað sem er.

*F.h. sviðsráðs Félagsvísindasviðs
Arna Dís Heiðarsdóttir*

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Verklagsreglur sviðsráðs 2023-2024

Fylgiskjal 2 - Kvittanir frá vinnustofu Sviðsráðs

Fylgiskjal 3 - Tillaga um aðbúnað í Odda

Fylgiskjal 4 - Tillaga um aðstöðu nemendafélaga á Félagsvísindasviði

Fylgiskjal 5 - Yfirlýsing um lokun Hámu í Odda

Fylgiskjal 1 - Verklagsreglur sviðsráðs 2023-2024


Verklagsreglur Sviðsráðs félagsvísindasviðs

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt.
3. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin.
4. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði. Á þeim fundi skal:
 - a. Kosið um ritara,
 - b. Kosið um fulltrúa í fulltrúaráði.
 - c. Kosið um umsjónarmann samfélagsmiðla
 - d. Kosið um fulltrúaráðsins í skemmtinefnd sviðsráðs
 - e. Kosið um fulltrúa ráðsins sem hefur áheyrnarrétt í stjórn FVS.
 - f. Kynna þessar verklagsreglur fyrir nýju sviðsráði.
5. Á milli kjörfundar SHÍ og skiptafundar SHÍ skal ráðið kjósa sér fulltrúa í kennslumálanefnd SHÍ sem jafnframt tekur sæti stúdenta í kennslumálanefnd sviðsins.
6. Forseti sviðsráðs skal sitja í stjórn Félagsvísindasviðs nema annað sé ákveðið.
7. Ritari ber ábyrgð á fundargerðum og öðrum gögnum ráðsins.
8. Fulltrúi sviðsráðs í fulltrúaráði ber ábyrgð á upplýsingastreymi milli sviðsráðs og hagsmunafulltrúa og forseta/formanna nemendafélaga á sviðinu.
9. Umsjónarmaður samfélagsmiðla ber ábyrgð á samfélagsmiðlum ráðsins og upplýsingaflæði út á við.
10. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
11. Í upphafi hvers starfsárs skal nýtt sviðsráð setja sér starfsáætlun

12. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
13. Meðlimur sviðsráðs getur krafist forseta um fundarboð ef ástæða þykir til og hann hefur tillögu að fundarefni.
14. Fundur telst löglegur ef meirihluti aðalfulltrúa er mættur.
15. Fundir sviðsráðs eru opnir öllum og haldinn skal opinn viðburð fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
16. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum
17. Sviðsráð skal senda tölvupóst á alla nemendur sviðsins og auglýsa eftir fulltrúa nemenda í stúdentasjóð.
18. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.

Sviðsráð samþykkir einróma á sviðsráðsfundi 27. júní 2023

Fylgiskjal 2 - Kvittanir frá vinnustofu sviðsráðs



Millifærsla 15.400 ISK

13. nóvember 2023 kl. 15:05

Greiðandi

Arna Dís Heiðarsdóttir

Kennitala 260901-2220

Reikningsnúmer 0111-15-011303

Viðtakandi

Stúdentaráð Háskóla Ísland

Kennitala 630269-5129

Reikningsnúmer 0137-26-006275

Skýring v. Veitinga á Vinnustofu sviðsráðs FVS

Textalykill Millifært

Tilvísun 6302695129

Greiðsluupplýsingar

Færslunúmer C3K13ZPVSH8KWAFC

Fylgiskjal 3 - Tillaga um aðbúnað í Odda



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- T I L L A G A -

um að Stúdentaráð þrýsti á stjórn Félagsvísindasviðs að fara í endurnýjun á aðbúnaði í Odda

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Félagsvísindasvið er fjölmennt svið sem þarfnast góða aðstöðu fyrir stúdenta sem nýta sér aðstöðu bygginga sviðsins. Mikil ánægja var með opnun lesrýmis grunnema og meistaranema í Gimli auk uppfærslu á opna rýminu í Gimli, en mikil aðsókn er á því rými eftir opnun. Þetta er mjög jákvæð þróun og sýnir að stúdentar sækja mikið í nýja aðbúnaðinn í Gimli.

Hægt er að kalla Odda hjarta Félagsvísindasviðs þar sem byggingin hýsir margt starfsfólk og kennara deilda á sviðinu auk þess að stúdentar sækjast í að læra þar, drepa tíma milli tíma og hittast við hin ýmsu tækifæri. Sviðsráðsforseti, fulltrúi sviðsráðs í kennslumálanefnd og forseti fulltrúaráðs sviðsins, hafa á síðastliðnu starfsári barist fyrir því að bæta aðbúnað í Odda þar sem hann stendur ekki tímans tönn og er ekki hentugur fyrir rýmið; stólarnir og borðin eru misstór svo erfitt getur verið að para þau saman auk þess sem að aðbúnaður er orðinn gamall og slappur. Samkvæmt vinnustofu sem Sviðsráð hélt í október síðastliðinn var mikið aðkall frá nemendum að endurnýja borð og stóla í Odda. Með nýrri og hentugari borðum og stólum fyrir rýmið væri hægt að hýsa fleiri nemendum í Odda þar sem það er nær alltaf upptekið sem sýnir eftirspurn eftir góðu rými til þess að læra, spjalla eða einfaldlega drepa tíma.

Arna Dís Heiðarsdóttir, sviðsráðsforseti og stúdentaráðsliði Rösvku
Emilía Björt Írisardóttir, sviðsráðsfulltrúi og stúdentaráðsliði Röskvu
Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir, sviðsráðsfulltrúi

Fylgiskjal 4 -Tillaga um aðstöðu nemendafélaga á Félagsvísindasviði



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- T I L L A G A -

um að Stúdentaráð þrýsti á stjórn Félagsvísindasviðs fyrir því að efla aðstöðu nemendafélaga á Félagsvísindasviði

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Á síðastliðnum árum hafa nemendafélög á Félagsvísindasviði átt erfitt uppdráttar eftir heimsfaraldur þegar kemur að vinnu til að bæta og stuðla að góðu félagslífi innan námsins og í kjölfarið erum við að sjá þátttöku í nemendafélögum vera minnkandi. Í dag eru einungis tvö nemendafélög á sviðinu með aðgang að eigin rými, þ.e. Mágus og Orator. Nemendafélögin sem sitja eftir hafa barist fyrir þessu síðastliðin ár, í samstarfi við Sviðsráðsforseta og forseta fulltrúaráðs sviðsins, og hafa verið opin fyrir því að deila rýmum saman þar sem mikið samstarf er á milli þeirra nemendafélaga auk vegna smæðar þeirra. Það fyrirkomulag sem hefur verið rætt á fulltrúaráðsfundum síðustu ár er að þau nemendafélög sem ekki hafa aðstöðu deila henni saman, t.d. að Politica, Homo, Þjóðbrók og Ökonomía deila einu rými saman og er það undir þeim komið hvernig skipulagi notkunar yrði háttáð o.s.frv.

Á fulltrúaráðsfundum sviðsins hefur verið rætt við forseta og hagsmunafulltrúa nemendafélaga og er skýrt að það er mikill vilji og þörf fyrir því að hafa rými innan veggja háskólans sem stjórnir nemendafélaga geta komið til að funda en einnig til að

geyma muni í eign nemendafélags. Nemendafélögin telja að með því að hafa aðgang að rými geta þau eftt starf sitt enn frekar.

Sviðsráðsforseti, fulltrúi sviðsráðs í kennslumálanefnd og forseti fulltrúaráðs sviðsins, hafa á síðastliðnu starfsári verið í samtali við kennsluþróunarstjóra sviðsins auk kennslumálanefnd sviðsins og mikill vilji er á þeim vettvangi. Málið hefur lítið verið rætt innan Stjórnar Félagsvísindasviðs en vegna lítilla eftirtekta og framfylni innan þeirra stjórnar er mikilvægt er að koma tillögu til Stjórnar Félagsvísindasvið sem fer með málefni sviðsins.

Arna Dís Heiðarsdóttir, sviðsráðsforseti og stúdentaráðsliði Röskvu
Emilía Björt Írisardóttir, sviðsráðsfulltrúi og stúdentaráðsliði Röskvu
Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir, sviðsráðsfulltrúi

Fylgiskjal 5 - Yfirlýsing um lokun Hámu í Odda



Stúdentaráð Háskóla Íslands
Sviðsráð Félagsvísindasviðs

Yfirlýsing

að rými Hámu í Odda verði að aðstöðu fyrir stúdenta

Félagsstofnun Stúdenta ákvað að loka Hámu í Odda í stað þess að hækka þar vöruverð vegna fækkun stúdenta í byggingum skólans. Stúdentar sem stunda nám í þeirra byggingu þurfa nú að fara á næsta sölustað Hámu á Háskólatorgi.

Undirrituð harma lokun Hámu í Odda, sem og öðrum sölustöðum Hámu í byggingum Háskóla Íslands en **þess í stað vilja að rýmið í Odda verði að bættri aðstöðu fyrir stúdenta að stunda sitt nám eða fyrir nemendafélög til að halda úti sinni starfsemi.** Við í Sviðsráði Félagsvísindasviðs höldum áfram að berjast fyrir hagsmunum stúdenta á Félagsvísindasviði.

Sviðsráð Félagsvísindasviðs



Stúdentaráð Háskóla Íslands
Sviðsráð Félagsvísindasviðs

Statement

that the space for Háma in Oddi to become available for students

Félagsstofnun Stúdenta decided to close Háma in Oddi instead of raising commodity prices due to the decrease of students in the Universities buildings. Students studying in that building now have to go to Háma at Háskólatorgi.

The undersigned regret the closing of Háma in Oddi, as well as other Háma outlets in the University of Iceland's buildings, **but instead we undersigned want the space in Oddi to become available for students to pursue their studies or for student associations to carry out their activities.** We, the School Council of the School of Social Sciences, continue to fight for students interests at the School of Social Sciences.

The School Council of the School of Social Sciences

Sviðsráð HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS

1. Um sviðsráð

Meðlimir í sviðsráði HVS 2023-24

- Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (R) – Forseti
- Daníel Thor Meyer (R) – Ritari
- Kolbrá Brynjarsdóttir (R) – HEILÓ fulltrúi
- Kristrún Vala Ólafsdóttir (R) – Samfélagsmiðlastjóri
- Lilja Ósk Atladóttir (V) – Viðburðastjóri

Hlutverk sviðsráðs

Hlutverk sviðsráðs er að gæta hagsmuna stúdenta innan heilbrigðisvísindasviðs og vera málsvari stúdenta í stjórn og nefndum sviðsins. Auk þess sér sviðsráð um að eiga góð samskipti og samráð við nemendafélög sviðsins.

Fundir sviðsráðs

Sigríður Helga Kárdal, forseti sviðsráðsins, boðaði átta fundi í gegnum tölvupósti og sviðsráð áttu samskipti milli funda í gegnum Messenger aðallega. Þeir fóru langoftast fram í fundarherbergi á þriðju hæð í háskólatorgi. Sigríður Helga stjórnaði fundunum og Daníel ritaði fundargerðir. Unnið var saman að flestum verkefnum og rætt var á fundum hvað hver og einn ætti að gera og kom því í farveg.

2. Nefndir og ráð

Fulltrúaráð

Fulltrúaráð Heilbrigðisvísindasviðs nefnist HEILÓ-ráð og er einn sviðsráðsmeðlimur nefndur HEILÓ-fulltrúi sem er tengiliður sviðsráðs og nemendafélaga. Samskipti fóru fram aðallega í Facebook-messenger og í gegnum tölvupósti með fulltrúum nemendafélaga (forsetar og hagsmunafulltrúar). Sviðsráð og HEILÓ áttu fund með Unnur Þorsteinsdóttur, sviðsforseta, og Jón Grétar Sigurjónsson, kennslustjóri sviðsins. Þar höfðu nemendur tækifæri til að tjá helstu mál á sviðinu og deildum þeirra. Í kjölfarið voru upplýsingar kynnt á stjórnarfundum sviðsins sem allir deildarforsetar eru með setu. Helstu mál voru endurtektarpróf, upptöku fyrirlestra, aðgang að gömlum lokaprófum. Þrjú fulltrúaráðsfundir voru haldnir á árinu, tvo á haustmísserinu og eitt á vormísserinu. Sú fyrri var boðaður í september og þar kynnti sviðsráð hlutverk ráðsins, helstu fréttir og mál á döfinni. Fréttir frá nemendafélögin voru meðal annars breytingar með strætó í kringum Stapa og aðstöðu í byggingunni sjálfri fyrir

bílstjóra, lítil samráð við nemendur varðandi breytingar. Læknadeild og Hjúkrunarfræði- og ljósmóðurfræðideild eru enn með áfanga sem halda lokapróf sem gilda yfir 80% af lokaeinkunn. Seinni fundurinn um haustið var á skrifstofu stúdentaráðs og þar var rætt ýmis mál á sviðinu, þ.a.m. aðgengi að gömlum lokaprófum og endurtektarpróf, við hagsmunafulltrúa SHÍ. Augljóst hefur verið að nemendur á heilbrigðisvísindasviði fá sjaldan aðgang að gömlum lokaprófum. Síðasti HEILÓ-fundur ársins í febrúar var notaður til að heyra helstu fréttir frá nemendafélögin og ræða áframhaldandi mál eins og upptaka fyrirlestra, Strætó aðstöðu í Stapa, aðgang að gömlum lokaprófum o.s.frv.

Jafnréttisnefnd sviðsins

Styrmir Hallsson sat í jafnréttisnefnd sviðsins. Þar voru mánaðarlegir fundir á teams með fulltrúum deilda innan sviðs. Umræða meðal annars um aðgengismál, bæði aðgengi að byggingum háskólans og aðgengi að námi. Einnig unnið að "code of conduct" á milli nemenda og starfsfólki hÍ. Einnig fjallað um málástefnu háskólans (aukin ensku á meistarastigi) og unnið að hugmynd að vinnuhóp um sértæk námsúrræði. Fulltrúi nema minntist á stöðu hinseginfræðslu kennara. Þetta var sett inn á deildarfundi námsleiða.

Stjórn stúdentasjóðs

Dagný Þóra var forseti Stúdentasjóðs þetta starfsárið. Úthlutanir voru fjórar, tvær fyrir áramót og tvær eftir. Stjórn sjóðsins kom saman í lok hveftrar úthlutunar fyrir sig og fór yfir umsóknir. Framkvæmdastjóri SHÍ sá síðan um að úthluta styrkjunum eftir að stjórn hafði farið yfir.

Kennslumálanefnd sviðsins

Kristrún Vala Ólafsdóttir var fulltrúi nema í kennslumálanefnd sviðsins. Fyrsti fundur kennslumálanefndar var í ágúst. Þá var farið yfir námsnefndir í HoL – breytingar á námskrá ofl. Birting eldri prófa. Þar lagði Kristrún áherslu á að það yrði að vera samtal á milli nemenda og kennara. Mikilvægt að sjónarmið beggja komi fram og kom því í gegn að vinnureglur er varða birtingu eldri lokaprófa væru unnar með fulltrúa nemenda.

Það var lögð áhersla á að hinsegin heilbrigði yrði tekið fyrir á kennsluþróunardegi á fundnum í október 2023. Á þessum fundi talaði hún mikið fyrir því að kennarar þyrftu að standa með nemendum og styðja í baráttunni fyrir betra námslánakerfi líka.

Í vor var verklag fyrir birtingu lokaprófa uppfært. Almenn sátt var og kennarar sáttir að þetta sé gert í samvinnu við nemendur. Almenn sátt um að opna aðgang að snöru í prófum. Fulltrúi nema talaði fyrir því að mikilvægt væri fyrir nemendur að hafa aðgang að orðabókum í prófum. Kennarar til í að leita lausna, snaran því góður kostur og þetta verið prufukeyrt. Verið að vinna að verklagi og einhverskonar fjárhagsaðstoð við nemendur frá Gaza.

Í mars 2024 var búið að endurskoða kennslukannanir og orðalagi breytt. Á þessum fundi vakti Kristrún athygli nefndarinnar á tillögu Stúdentaráðs um að endurtektarpróf verði tekin upp í öllum deildum sviðsins. Kennarar með skiptar skoðanir en þau skildu hvers vegna eitt ætti yfir öll að ganga. Ætluðu að skoða tölfræði yfir árangur í endurtektarprófum. Þessi vinna

verður að halda áfram. Nefndin er með þetta á dagskrá og fulltrúi nema mun minnast á þetta áfram á aprílfundi nefndarinnar.

Kennslumálanefnd heilbrigðisvísindasviðs hittist einungis 6 sinnum yfir starfsárið. Á þessum tíma var lögð mikla áherslu á að samtal væri haft við nemendur í stórum og smáum ákvörðunum sem teknar eru um kennslu. Kennarar tóku almennt vel í það að hlusta á nemendur og eiga samtalið. Til dæmis var þróað verklag um birtingu eldri lokaprófa í samráði við nemendur. Skerpt var á mikilvægi hinseginheilbrigði kennslu á sviðinu, sem er samtal sem verður að halda áfram að eiga sér stað þar til hinseginheilbrigði er komið inn í allar kennsluskrár á sviðinu. Einnig var umræðan um endurtektarpróf á sviðinu opnuð. Tillagan fór í gegn í stúdentaráði og verður haldið áfram að pressa á stjórn sviðsins og krefjast þess að samræmi sé á sviðinu er varðar endurtekt.

Meistaránámsnefnd sviðsins

Styrmir Hallsson sat í meistaránámsnefnd sviðsins. Margir fundir sem fóru í yfirferð á reglum um meistaránám við sviðið. Endaði á því að forseti nefndar ákvað að leggja ætti niður nefndina vegna þess að deildir sviðsins fara í gegnum umsóknir og meistaránám tiltekinna deilda. Þetta var umdeilt og ákvörðun enn ekki tekin um þetta mál. Fundað var á 4.hæð í Læknagarði.

Framkvæmdanefnd nýtt hús heilbrigðisvísinda

Haust 2023 var auglýst eftir fulltrúa nema í nefnd um nýtt hús heilbrigðisvísinda en þar bárust engar umsóknir. Nefndarseta er tvö ár í senn og æskilegt er að hafa fulltrúa frá deild sem verður í nýja húsinu, þá allar deildir nema sálfræðideild. Eftir síðasta fulltrúaráðsfund ársins sótti Jónína Björg Halldórsdóttir, grunnemi í lífeindafræði, um stöðuna og situr í nefndinni næstu tvö árin til 2026.

Stjórn sviðsins

Sigríður Helga sótti fundi stjórnar sviðsins ásamt Daníel Thor sem varamaður. Fundir voru að öllu jöfnu haldnir annan hvern mánudag 14:20-16:20 í Læknagarði. Stjórnarfundir hafa alltaf verið haldnir á mánudögum og á hefðbundnum vinnutíma sem getur skarast á við stundatöflu fulltrúa nema. Á fundum sáu fulltrúar til þess að sjónarhorn nemenda væri komið á framfæri. Helstu mál voru upptöku fyrirlestra, aðgang að gömlum lokaprófum, aukin hinsegin fræðsla á sviðinu, endurtektarpróf, bágur fjárhagur og áframhaldandi umræða um 80% þak á vægi lokaprófa. Þar að auki var rætt öryggismál í Stapa og komandi áætlun um aðstöðu fyrir strætóbílstjóra í húsnæðinu en ekkert samráð átti sér stað við hvorki stjórn sviðsins né starfsfólk og nemendur í Stapa.

3. Sýnileiki og viðburðir

Samfélagsmiðlar

Til þess að ná til nemenda sviðsins var notað instagram helst og sömuleiðis var deilt efni með nemendafélög sviðsins. Í byrjun árs bárust spurningar varðandi skráningu í Greenparking sem gerir nemendum kleift að leggja í afmörkuð bílastæði við hringbrautarreit.

Sviðsráð deildi myndband á instagram síðu sinni sviðsráðs sem sýndi skref fyrir skref hvernig nemendur skrá sig. Sviðsráð auglýsti eftir fulltrúa nema í nefnd nýtt hús heilbrigðisvísinda á instagram og báðu Stúdentaráð og nemendafélög sviðsins um að deila auglýsinguna. Meðlimir sviðsráðs voru sömuleiðis kynntir á instagram á skemmtilegan hátt. Hver sviðsráðsmeðlimur deildi nafn, fornöfn, nám, hlutverk innan sviðsráðs, “go to í Hámu” og “pro tip fyrir nemendur á HVS”. Sviðsráðs instagrammið deildi viðburði og mikilvægar upplýsingar sem snerta stúdenta á sviðinu t.d. viðburði hjá Stúdentaráði, vísindaferð sviðsráðs og réttindi í prófatíð. Google form slóð var aðgengileg á síðunni og þar gátu nemendur komið með ábendingar en þar bárust engar. Eflaust hefði mátt “ýta meira content” þar sem samfélagsmiðlar er góð leið til að ná til margra.

Nýnemadagar

Ólík önnur svið háskólans þá hélt Heilbrigðisvísindasvið ekki nýnemadag sem heild en deildir héldu nýnemadaga hvort fyrir sig. Sviðsráð skipti kynningar milli sín og fóru og kynntu hlutverk og starfsemi sviðsráðs. Samtals voru það 8 kynningar og tók ágætan tíma en við hvöttum sviðið til að halda nýnemadag næst sem myndi gefa nemendur tækifæri til að kynnast sviðinu og líka sviðsráð saman.

Vísindaferð í SHÍ

Vísindaferð sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs var haldin 29. september, 17:00-19:00 á Stúdentakjallaranum. Þar var boðið upp á frían bjór og kynningar og kahoot með vinninga. Vísindaferðin var nýtt til þess að kynna meðlimi sviðsráðs, starfsemi SHÍ, forseta SHÍ, auk markmiða sviðsráðs fyrir komandi námsár. Í vísindaferðinni var einnig Kahoot-leikur þar sem að boðið var upp á vinninga. Sviðsráð buðu líka skot fyrir fyrstu til að fylgja sviðsráðs instagramminu og vísindaferðin var góð leið til að ná til nemenda og deila samfélagsmiðla ráðsins.

4. Helstu verkefni og baráttumál

Sjálfsala

Sviðsráð 2022-23 beitti sér fyrir því að koma sjálfsala í Stapa þar sem tillaga fyrir slíku var samþykkt af stúdentaráði það starfsár. Sjálfsalinn er komin í Stapa nú og augljóst er að sjálfsalar eru í eftirspurninni á þessu ári. Tillaga um sjálfsala á háskólatorgi var samþykkt af stúdentaráði og þar sem sálfræðinemar eru að mestu leyti þar voru sviðsráð félagsvísindasviðs og heilbrigðisvísindasviðs beðin um að koma að þessu. Hússtjórn byggingarinnar tók vel í það þar sem áður fyrr voru sjálfsalar á háskólatorgi. Málið er í þróun að svo stöddu. Sviðsráðsforseti hafði einnig samband við umsjónarmaður Eirbergs af því þar á að loka hámu eftir maí. Athugað var hvort hægt væri að tryggja aðgengi að kaffi, snarl og drykki á öðrum máta. T.d. með því að bæta sjálfsala og kaffivél í rýmið. Ennþá er beðið eftir svári og mikilvægt að halda áfram að kanna þessa möguleika fyrir nemendur í Eirbergi.

Háma í Eirbergi

Í vetur tók FS sú erfiða ákvörðun að loka Hámu í Eirbergi, Odda og Háskólabíó. Þar sem Eirberg er í ágætri fjarlægð frá næstu þjónustuaðila voru þessar fréttir erfiðar. Stúdentaráð skrifaði *Erindi til Háskóla Íslands vegna skerðingar á þjónustu Félagsstofnunar Stúdenta*. Í kjölfarið veitti háskólinn FS styrk fyrir mars, apríl og hálfan maí, svo hægt væri að halda rekstri Hámu í Eirbergi yfir þann tíma. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi vinnu í þessum málum og sömuleiðis að næsti þjónustuaðili veiti sölu á viðráðanlegu verði fyrir nemendur.

Hinseginfræðsla á sviðinu

Stúdentaráð 2022-23 samþykkti tillögu um aukna hinseginfræðslu á Heilbrigðisvísindasviði. Það hefur komið í ljós að transfólk og kvára mæta miklu mótlæti í samfélaginu, og þá sérstaklega þegar kemur að heilbrigðiskerfinu og vanþekkingu heilbrigðisstarfsfólks. Þess vegna er það mikilvægt að framtíðar heilbrigðisstarfsfólk hafa þessa þekkingu. Tillagan var kynnt í byrjun starfsárs og fengum góðar undirtektir frá sviðinu en mikilvægt er að halda áfram þessa vinnu og fylgjast með þróunina. Einnig hvatti Sviðsráð nemendafélögin til að hafa samband við Q-félagið, félag hinsegin stúdenta, þar sem þau bjóða nemendafélög í vísindaferðir hjá samtökunum 78 og þar fræðast nemendur um málefni hinsegin fólks á Íslandi. Q-félagið er mikilvægur hagsmunaraðili sem sviðsráð getur verið í sambandi við varðandi þróun aukna hinseginfræðslu á HVS.

80% þak á lokaprófum

Samkvæmt upplýsinga frá nemendafélög HVS þá eru enn nokkrir áfangar í Læknadeild og Hjúkrunar-og ljósmóðurfræðideild sem eru með lokapróf sem gilda hærrí en 80% af lokaeinkunn. Sviðsráð sendi lista yfir þau námskeið á deildarforsetana og mikilvægt að fylgja þessu eftir.

Endurtektarpróf

Eins og staðan er á sviðinu þá bjóða sálfræði og lyfjafræðideild ekki upp endurtektarpróf á meðan flestar deildir og svið háskólans bjóða upp á endurtektarpróf fyrir nemendur. Sviðsráð hafði samband við nemendafélög sálfræðinema og lyfjafræðinema til að ræða hvað nemendum finnst um þetta og augljóst var eftir frekari skoðun að nemendur vilja hafa kost á endurtektarprófum. Sviðsráðsforseti skrifaði ályktun um endurtektarpróf á heilbrigðisvísindasviði sem sviðsráð samþykkti einróma og aðrir hagsmunaaðilar undirrituðu hana; hagsmunafulltrúi og forseti Animu, Félag grunnnema í sálfræði, hagsmunafulltrúi og forseti Tinktúru, Félag lyfjafræðinema og Stúdentaráð Háskóla Íslands. Í kjölfarið deildi sviðsráð ályktunina með stjórn sviðsins og kynnti hana sömuleiðis á stjórnarfundi. Lyfjafræðideild er að skoða þetta sérstaklega fyrir fyrsta árs nema, Sálfræðideild mun skoða þetta en segja kostnaður og álag á kennara eru íþyngjandi. Einnig áhyggjur af því að nemendur geri sér ekki grein fyrir að fall í endurtektarprófi er tvífall. Næsta skref er að kennslustjóri mun skoða gengi nemenda í endurtektarprófum.

Ályktun um endurtektarpróf á heilbrigðisvísindasviði

Undirrituð óska eftir endurtektarprófum fyrir allt heilbrigðisvísindasvið. Önnur svið háskólans bjóða upp á slík próf og eðlilegt væri að allir nemendur á sviðinu fái endurtektarpróf en ekki aðeins hluti sviðsins. Ef nemendur geta staðist áfanga í endurtektarprófi myndi það skila loknum einungum og einnig koma í veg fyrir fjárhagslegar afleiðingar fyrir nemendur á námslánum.

Samkvæmt úthlutunarreglunum Menntasjóðs Námsmanna í dag hafa námsmenn einungis lánshæfisrétt ef þeir standast 22 einingar og fá lán í samræmi við þær einingar sem þeir standast. Til dæmis, ef nemandi A er í fullu námi og fellur á lokaprófi í 10 eininga valnámskeiði þarf sá nemandi að borga allt lánið fyrir önnina til baka. Ef nemandi B fellur á lokaprófi í 5 eininga áfanga en fékk lán fyrir 30 einingum yfir önnina þarf nemandinn að borga muninn til baka eða verða fyrir frádrætti á lánum sínum fyrir næstu önn. |

Þessir fjárhagslegu erfiðleikar geta í kjölfarið leitt til þess að nemendur hætta í námi eða vinna meira með námi til að vinna upp fjárhagstjón sem myndi hafa í för með sér aukið álag. Nemendur vilja forðast slíkan vítahring. Það er ekki í hag nemenda að þurfa vinna meira með skóla eða hreinlega hætta í námi. Brottfall nemenda er áhyggjuefni og sömuleiðis magn lokinna eininga. Sumir nemendur hafa hins vegar komið í veg fyrir þessar afleiðingar með því að ná endurtektarprófi.

Lykilþráðurinn er að ekki ætti að bjóða sumum nemendum upp á endurtektarpróf en takmarka þau fyrir aðra. Þess vegna krefjast nemendur heilbrigðisvísindasviðsins að endurtektarpróf verði í boði fyrir alla nemendur á sviðinu.

Virðingarfyllst,

Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs

Stúdentaráð Háskóla Íslands

Hrafnhildur Kara Kristinsdóttir

Hagsmunafulltrúi Tinktúru- Félag lyfjafræðinema við Háskóla Íslands

Ingveldur Gyða Gísladóttir,

Hagsmunafulltrúi Animu- Félag grunnema í sálfræði við Háskóla Íslands

Ísak Þorri Maier,

Forseti Animu- Félag grunnema í sálfræði við Háskóla Íslands

Laila Þóroddsdóttir,

Forseti Tinktúru- Félag lyfjafræðinema við Háskóla Íslands

5. Samantekt

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Sviðsráð náði að funda reglulega yfir árið og eins og gerist þá koma upp ýmis mál sem þarf að bregðast við en sviðsráð nýtti starfsárið vel í að kanna hvað krefst breytingar og frekari skoðun á sviðinu. Við héldum áfram að þrýsta á þau mál frá fyrri ára en vörðuðum tíma til safna saman markmið fyrir sviðsráð. Erfitt getur verið að vita stöðu mála og hvernig sumt er háttað milli deilda og því er mikilvægt að vera í sambandi við nemendafélög sviðsins. Eins og með margt þá breytast hlutir hægt en þá er mikilvægt að hafa “puttann á púlsinum” og ýta eftir þessum breytingum. Það var jákvætt að sviðsráð 2023-24 náði að leggja áherslu á aukna hinseginfræðslu, álykta um endurtektarpróf og krefjast breytinga á núverandi fyrirkomulagi og eiga góð samskipti við nemendafélög sviðsins. Það sem hefði mátt gera betur er verkefnaskiptingu milli funda, virkni á samfélagsmiðlum og viðburði. Samfélagsmiðlar og viðburðir eru góðar leiðir til að ná til nemenda og auka sýnileika ráðsins. Við náðum því miður ekki að halda heilsudag á þessu starfsári en hvet næsta sviðsráð að byrja undirbúningi snemma og skipuleggja daginn með nemendafélög sviðsins. Auðvelt getur verið að einbeita sér á allt það sem hefði verið hægt að gera en það gleymist líka að öll í sviðsráði eru í námi, oft í vinnu með skóla og sjálfboðaliðar. Allt í allt var þetta árangursríkt starfsár.

Gagnlegar upplýsingar

Eitt ár er stuttur tími til að reyna breyta öllu og því er gott að velja nokkur raunhæf markmið og skipuleggja hvernig er hægt að ná þeim markmiðum. Gott skipulag gerir allan mun og það tekur tíma að koma sér almennilega í hlutverkin og átta sig á því hvernig allt virkar. Sumarið er góður tíma til að reyna koma sér inn í málin og best er að hefja vinnu fyrr frekar en seinna (t.d. kynningar á nýnemadögum).

Ráð fyrir næsta sviðsráð

- Ákveða hver fer á stjórnarfundum sviðsins með sviðsforseta, það hefur verið hefð á öðrum sviðum fyrir því að sviðsráðsmeðlimur í aðra fylkingu en sviðsforseta sé áheyrnarfulltrúi
- Nýta fyrstu fundi í að kortleggja og skipuleggja skólaárið (áherslur, viðburði, samfélagsmiðlar o.s.frv.)
- Sviðsráð dagatal (sviðsráðsfundir, viðburði og svoleiðis)
- Búa til framkvæmdaáætlun í excel og skrá ábyrgðaaðila fyrir vinnuna
 - Nákvæm og mælanleg markmið
- Funda með kennslustjóra sviðsins og sviðsforseta einu sinni á önn (og eftir þörfum)
- Auglýsa snemma í nefndir
- Hafa samband við fyrri sviðsráð ef eitthvað er óljóst
- Skipta upp verkefni, deila ábyrgðina og muna að keyra sig ekki út

*Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, forseti
F.h. sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs*

Verklagsreglur Sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs 2023-2024

1. Sviðsráð skal stefna að því að funda einu sinni í mánuði (að undantöldum frímánuðum).
2. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
3. Á fundum sviðsráðs hefur meðlimur áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
4. Ef meðlimur í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföll sem allra fyrst til sviðsráðsforseta.
5. Til að fundur teljist gildur þurfa að lágmarki þrjú meðlimir sviðsráðs að vera viðstaddir.
6. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
 - a. Á þeim fundi skal fráfarandi forseti sviðsráðs tilnefna nýjan forseta,
 - b. Fulltrúar nýja sviðsráðs kjósa um forseta
 - c. Kosið skal um ritara.
 - i. Ritari mætir á sviðsráðsfundi og ritar fundargerð. Ef hann forfallast þá skal sviðsráð kjósa annan ritara fyrir þann tiltekna fund.
 - d. Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráði (heiló fulltrúi).
 - i. Heilófulltrúi er tengiliður sviðsráðs og nemendafélaganna. Hann ásamt sviðsráðsforseta skulu bjóða hagsmunafulltrúa og forseta á fund í upphaf skólaárs.
 - e. Kosið skal um samfélagsstjóra.
 - i. Samfélagsstjóri skal halda utan um samfélagsmiðla sviðsráðs og kynna viðburði.
 - f. Kosið skal um viðburðastjóra.
 - i. Viðburðastjóri skal halda utan um skipulagningu og framkvæmd viðburða.
 - g. Verklagsreglur þessar skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins
 - h. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
 - i. Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti sviðsráðs.
7. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði
8. Forseti boðar fundi með viku fyrirvara, neyðarfund má boða með tveggja sólarhringa fyrirvara
9. Þrjú meðlimir sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð.
10. Haldinn skal opinn upplýsingafundur/vísó fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári. Ef nemandi á HVS óskar eftir að sitja fund, þá má það.
11. Fundargerðir verða gerðar aðgengilegar öllum þegar viðeigandi vettvangur verður búinn til inn á student.is
 - a. Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá einróma samþykki
 - b. Sviðsráð skal veita öllum þeim sem óska þess, aðgang að fundargerðum og -gögnum, nema þegar um trúnaðargögn er að ræða.

12. Verklagsreglur sviðsráðs eru aðgengilegar öllum stúdentum á student.is.
13. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínum á faglegum nótum.
14. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagrað Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi.

Ársskýrsla sviðsráðs

1. Um sviðsráð

Meðlimir

- Guðni Thorlacius (Röskva) forseti
- Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva)
- Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva)
- Hrafnhildur Ming Þórunnardóttir (Röskva)
- Erna Mist Pétursdóttir (Vaka) (frá 14.11.23, sagði af sér í Febrúar 2024)

Hlutverk sviðsráðs

Hlutverk sviðsráðs Hugvísindasviðs er að gæta hagsmuna stúdenta á sviðinu. Sviðsráð er tengiliður stúdenta við stjórn sviðsins og innri nefndir þess, s.s. kennslumála- og jafnréttisnefnd. Auk þessa situr forseti sviðsráðs í stjórn stúdentaráðs.

Fundir sviðsráðs

Sviðsráð fundaði reglulega yfir starfsárið, eða í samræmi við álag.

Fjármunum varið

Gjöld: 0 kr.

Tekjur: 0 kr.

Samtals: 0 kr.

2. Nefndir og ráð

Stúdentar eiga fulltrúa í eftirfarandi nefndum á sviðinu:

Fulltrúaráð

Fulltrúaráð er samráðsvettvangur nemendafélaga á sviðinu. Í ár tóku eftirfarandi nemendafélög þátt: Alfreð, Fiskurinn, Fróði, Huldumál, Kuml, Mímir, Soffía og Torfhildur. Öllum nemendafélögum var þó boðið að skipa fulltrúa í ráðið og voru alls 13 fulltrúar frá nemendafélögnum í fulltrúaráði. Guðni, Hrafnhildur, Júlía og Steinunn sáu um fulltrúaráð og sátu fundi með þeim. Stærsta verkefnið sem fulltrúaráðið tók sér fyrir hendur var að halda Hugvöku, skemmtun sem nemendafélög sviðsins standa fyrir, opin öllum nemendum sviðsins og það gekk mætavel. Einnig voru haldnir smærri viðburðir á borð við barsvar á stúdentakjallaranum og margar sameiginlegar vísindaferðir. Fulltrúaráð var með virkan Facebook-hóp og messenger spjall og voru þær rásir, ásamt fundum ráðsins, nýttar til að koma áleiðis upplýsingum til og frá öllum aðilum. Á liðnu ári var skýrt hve mikil þörf er á virku samtali milli nemendafélaga og það er ljóst að nemendafélögin hafa öllu jafnan áhuga á auknu samstarfi, því er upplagt að virkja ráðið enn meira á komandi misserum.

Jafnréttisnefnd sviðsins

Rafn Ágúst Rafnsson sat í jafnréttisnefnd Hugvísindasviðs fyrir hönd stúdenta. Nefndin fundaði reglulega þar sem jafnréttismál í víðu samhengi innan sviðsins voru rædd.

Stjórn stúdentasjóðs

Daníel Guðjón Andrason sat í stjórn stúdentasjóðs fyrir hönd sviðsráðs Hugvísindasviðs.

Kennslumálanefnd sviðsins

Júlía Karín tók sæti í kennslumálanefnd SHÍ sem og kennslumálanefnd sviðsins. Nefndin fundaði mánaðarlega þar sem kennslumál innan sviðsins voru rædd. Í nefndinni var m.a. rætt um úrræði fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sérstaklega í samhengi við námsbrautina íslenska sem annað mál og aðra tungumálakennslu á sviðinu. Inspera-notkun í prófum var einnig rædd og er hlutfall kennara sem nýta sér Inspera á hugvísindasviði mun lægra en á öðrum sviðum. Verið er að kanna ástæður þess og mikilvægt að það verði þrýst á málið aftur í haust þar sem um er að ræða bæði jafnréttis- og umhverfismál. Nefndin stóð fyrir sérstöku kennsluþingi innan sviðsins þar sem fjallað var um bætt meistaranám, Aurora samstarfið og tvímálakennslu. Fimm nemendafulltrúar sóttu þingið og var það afar áhugavert og lærdómsríkt.

Stjórn sviðsins

Guðni Thorlacius tók sæti í stjórn sviðsins. Fundirnir voru að öllu jöfnu annan hvern miðvikudagsmorgun og gættu fulltrúar stúdenta þess að sjónarmið stúdenta heyrðust. Umræður stjórnar snerust hvað helst að umbótum á mastersnámi sviðsins, flutning Íslensku- og menningardeildar í Eddu, hús íslenskra fræða og hvað verður um Árnagarð í framtíðinni. Þar að auki er viðvarandi umræða um fjársvelti sviðsins og bitnar það á allri starfsemi þess.

3. Sýnileiki og viðburðir

Samfélagsmiðlar

Sviðsráð Hugvísindasviðs heldur úti Instagram síðu ásamt Facebook síðu.

Nýnemadagar

Á nýnemadögum tóku fulltrúar í sviðsráði Hugvísindasviðs þátt í að manna upplýsingaborð á Háskólatorgi. Guðni, Hrafnhildur, Júlía og Steinunn kynntu sviðsráð og starfsemi þess á kynningu fyrir nýnema.

Samráðsfundur með nemendum í Íslensku sem annað mál

Haldinn var annar samráðsfundur með Huldumáli, nemendafélagi stúdenta í Íslensku sem annað mál. Staða námsgreinarinnar var rædd og upp komu nokkrar tillögur að breytingum til að bæta gæði námsins. Ábendingum og tillögum var bætt inn í skjal frá síðasta fundi fyrra sviðsráðs með Huldumáli.

Vísindaferð í SHÍ

Föstudaginn 20. október hélt Stúdentaráð, Félagsstofnun Stúdenta og sviðsráð vísindaferð á Stúdentakjallaranum fyrir stúdenta á Hugvísindasviði. Þar var starfsemi stúdentaráðs og sviðsráðs kynnt, sem gekk prýðilega.

4. Helstu verkefni og baráttumál

Megináhersla þessa sviðsráðs hefur verið bætt námssamfélag á sviðinu. Við finnum enn fyrir áhrifum covid í námssamfélaginu, færri og færri eru að mæta upp í skóla og að taka virkan þátt í starfsemi nemendafélaga. Megináhersla sviðsráðs var þess vegna að halda áfram vinnu fyrri sviðsráða að bæta námsandann á sviðinu í gegnum virkt samtal við nemendur, deildir og nemendafélög. Starfsemi margra nemendafélaga hafði lagst niður í heimsfaraldrinum og því vildi sviðsráð skapa vettvang þar sem nemendafélög gætu miðlað reynslu og unnið saman. Einnig var unnið úr niðurstöðum könnunar um námssamfélag og félagstengsl nemenda á sviðinu.

Í umræðum um og undirbúning fyrir flutning í Eddu hefur sviðsráð átt tvíþætta aðkomu. Annars vegar hefur sviðsráð þrýst á að góð og aðgengileg nemendarymi verði í Eddu, bæði næðisrymi og samverustaður fyrir samvinnu og samveru. Flutningur í Eddu hefur tafist um mjög og hefur sviðið gjarnan reynt að hagræða flutningskostnaði á kostnað nemendaryma, en sviðsráð stóð vörð um þau rými. Hins vegnar hefur Árnagarður verið sviðsráðsliðum hagleikinn, en óvíst er í hvað hann verður nýttur eftir flutningana. Þann 7. febrúar lagði Guðni fram tillögu fyrir Stúdentaráð þess efnis að bæta yrði aðgengi að heimabyggingum Hugvísindasviðs, og áningaraðstöðu stúdenta innan þeirra. Þar var m.a. bent á að nú væri skert aðgengi að byggingum þar sem nemendur á Hugvísindasviði hafa nemendarymi vegna takmarkaðs opnunartíma. Sviðsráð barðist fyrir því og kom í gegn í stjórn sviðsins að nemendarymi stæði nemendum í Mála- og menningardeild til boða í Veröld, en sviðið dró samþykki sitt til baka, og því er nauðsynlegt að þeirri baráttu sé haldið áfram. Sviðsráð hefur leitað leiða til að bæta úr þessu og tryggja stúdentum á sviðinu greiðara aðgengi að sínum nemendarymum, þetta hefur m.a. verið tekið upp innan stjórnar sviðsins.

Önnur áhersla þessa sviðsráðs hefur verið að lyfta upp ásýnd hugvísindasviðs innan háskólasamfélagsins, en hefur fulltrúum gjarnan þótt sem svo að litið sé niður á hugvísindi og hefur samfélagsumræða og umræða sprottin frá Háskóla-, vísinda-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytinu borið merki þess viðhorfs. Sviðsráðsmeðlimir nýttu því hvert tækifæri til að tala um mikilvægi hugvísinda í háskólasamfélaginu og samfélaginu öllu.

5. Samantekt

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Mikilvægt er að hlutverk innan ráðsins séu skilgreind vel frá upphafi og að öll í sviðsráði hafi hlutverk og ábyrgð. Gott er að setja niður ákveðinn fundartíma við upphaf misseris og hafa þá möguleika á að aflýsa þeim ef ekkert er til umræðu í stað þess að reyna að finna nýjan fundartíma fyrir hvern fund.

Gríðarlegur áhugi er fyrir auknu samstarfi nemendafélaganna og áframhaldandi vinnu að bættu námssamfélagi á sviðinu. Efla þarf fulltrúaráð og gera nemendafélögum skýrt hvert hlutverk sviðsráðs er. Huga þarf sérstaklega að alþjóðanemum og nemum með annað móðurmál en Íslensku, en sá hópur er stórt hlutfall stúdenta á Hugvísindasviði.

Gagnlegar upplýsingar

Mikilvægt er að setja ákveðin verkefni í forgrunn og klára þau frekar en að ætla að gera allt. Ár er stuttur tími, þar sem stúdentar eru fulltrúar í nefndum eru aðrir nefndarmeðlimir gjarnan skipaðir til lengri tíma og hafa því gjarnan betri innsýn inn í málefni. Fulltrúar stúdenta hafa þó alltaf bestu innsýnina inn í málefni stúdenta. Stúdentafulltrúar verða að vera óhræddir við að spyrja spurninga og vaða beint í að ræða stóru málin. Með virðingu geta allir sigrar unnist.

Ársskýrsla sviðsráðs menntavísindasviðs

1. Um sviðsráð

Meðlimir

Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva) - Stúdentaráðsliði

Eyrún Ósk Hjartardóttir (Röskva)

Gunnar Ásgrímsson (Vaka)

Sólmundur Magnús Sigurðarson (Vaka)

Tanja Sigmundsdóttir (Röskva) - Stúdentaráðsliði

Hlutverk sviðsráðs

Hlutverk sviðsráð menntavísindasviðs er að standa vörð um hagsmuni og réttindi stúdenta á sviðinu með vinnu að bættu námsumhverfi að leiðarljósi. Sviðsráðið er tengiliður stúdenta og nemendafélaga við stjórn sviðsins og helstu nefndir þess.

- **Forseti** – Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir
Hlutverk sviðsráðsforseta var að sjá um þau verkefni sem ráðið fékk á borð til sín og deila niður verkefni á aðra meðlimi ráðsins. Forseti situr í stjórn menntavísindasviðs og situr fundi mánaðarlega, boðar forseti varafulltrúa á þá fundi ef hann forfallast, er stjórnarseta menntavísindasviðs launuð. Forseti situr einnig í stúdentaráði og stjórn stúdentaráðs, fundir eru mánaðarlega.
- **Ritari** – Sólmundur Magnús Sigurðarson
Hlutverk ritara er að halda utan um fundargerðir og gera þær aðgengilegar öðrum í sviðsráði.
- **Upplýsingafulltrúi** – Tanja Sigmundsdóttir
Hlutverk upplýsingafulltrúa er að sjá um markaðs- og samskiptamál, sem og samfélagsmiðla sviðsráðsins. Markmiðið er að auka sýnileika sviðsráðsins og fá nemendur til þess að leita til okkar. Er upplýsingafulltrúi tengiliður sviðsráðs við nemendafélögin á sviðinu.
- **Kennslumálanefndar fulltrúi** – Eyrún Ósk Hjartardóttir
Hlutverk kennslumálanefndar fulltrúa er að sitja í kennslumálanefnd Menntavísindasviðs og SHÍ og sjá um að upplýsingaflæði sé á milli þess sem fer fram á fundum beggja nefnda.
- **Sögu fulltrúi** – Gunnar Ásgrímsson

Hlutverk Sögu fulltrúa er að sitja í starfshópi um flutninga Menntavísindasviðs á Hótel Sögu og standa vörð um hagsmuni nemenda í þeirri vinnu.

Fundir sviðsráðs

Sviðsráðið fundaði þrisvar sinnum á hvorri önn, vegna anna hjá meðlimum ráðsins var tekin sú ákvörðun að eiga frekar mánaðarlega opin samtöl við forseta ráðsins í stað þess að funda allt ráðið. Í upphafi starfsárs fundaði ráðið og fóru yfir þau málefni og markmið sem vinna vetrarins fól í sér. Var sett skýr verkaskipan með hverjir ættu að sitja í hvaða nefnd.

2. Nefndir og ráð

- **Jafnréttisnefnd sviðsins**

Stúdentaráðsliðinn Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa (Vaka), sat í jafnréttisnefnd fyrir hönd nemenda sviðsins.

- **Stjórn stúdentasjóðs**

Tanja Sigmundsdóttir var fulltrúi nemenda í stjórn stúdentasjóðs.

- **Kennslumálanefnd sviðsins**

Sólmundur Magnús Sigurðarson var fulltrúi nemenda í kennslunefnd sviðsins.

- **Stjórn sviðsins**

Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir sat í stjórn sviðsins.

- **Starfshópur um flutninga menntavísindasviðs á Sögu**

Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir og Tanja Sigmundsdóttir áttu sæti í upphafi starfsárs og tók Gunnar Ásgrímsson sæti Dagbjartar Óskar þegar hann kom inn í sviðsráðið.

3. Sýnileiki og viðburðir

- **Samfélagsmiðlar**

Sviðsráð nýtti sér samfélagsmiðilinn Instagram til þess að ná til nemenda, þar voru nemendafélögin hvött áfram til þess að deila efninu á sína miðla til þess að ná til breiðari nemendafjölda. Í prófatíð settum við inn leiðir til þess að eiga skilvirkari og betri lærdóm, við góðar eftirtektir.

- **Nýnemadagar**

Sviðsráð tók þátt í að halda hinn einstaka nýnemadag Menntavísindasviðs í samstarfi við nemendafélögin og tómtunda- og félagsmálafræði nemendur. Dagbjört Ósk

Jóhannsdóttir fór með erindi fyrir hönd sviðsráðs og bauð nýnema velkomna í Háskóla Íslands.

- **Upplýsingafundir sviðsráðs**

Sviðsráð fundaði í upphafi haustannar ásamt nemendafélögum sviðsins; Kennó, Tuma og Vatninu, þar fengu nemendafélögin smá kynningu á sviðsráðinu og hlutverki þess.

- **Vísindaferð í SHÍ**

Sviðsráðið hélt vísindaferð í samstarfi við SHÍ á Stúdentakjallaranum, þar voru allir nemendur sviðsins hvattir til þess að mæta og kynna starfi stúdentaráðs betur. Var dræg skráning í þessa vísindaferð en mjög skemmtilegt kvöld engu að síður.

4. Helstu verkefni og baráttumál

Helstu verkefni sviðsráðs skólaárið 2023-2024 voru endurskoðun sviðsins á staðlotum og aðstaða nemenda á Sögu. Kom Dagbjört Ósk sem fulltrúi nemenda á sviðsþing menntavísindasviðs síðast liðið haust og var með erindi um mikilvægi þess að huga betur að nemendum í flutningi sviðsins, vandamálin sem fylgja núverandi fyrirkomulagi á staðlotum og aðstöðu foreldra í námi við sviðið. Setti Dagbjört Ósk forseti sviðsráðs fram tillögur á febrúar fundi stúdentaráðs sem sneru að staðlotum og Hreiðri á Sögu. Vann sviðsráðið í sameiningu að þessum tillögum og komu að vinnu þeirra og voru þær samþykktar. Mun komandi sviðsráð þurfa að halda áfram að fylgja eftir að vinnuni sem komin er að stað í þessum málefnum.

5. Samantekt

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Samstarf sviðsráðsins gekk vel og voru meðlimir þess samviskusamir í sínum embættum upp til hópa. Vinnan sem komin er í gang er mjög spennandi og mikilvæg fyrir komandi kynslóðir stúdenta á sviðinu. Mikilvægt er að skipa í sæti sviðsráðs við upphaf skólaárs til þess að dreifa þeirri mikilvægu vinnu á fleiri og auka skilvirkni ráðsins.

Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir
Sviðsráð Menntavísindasviðs 2023-2024

Ársskýrsla sviðsráðs Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs

1. Um sviðsráð

Meðlimir

María Rós Kaldalóns, forseti

Fjóla María Sigurðardóttir

Davíð Ásmundsson

Afomia Mekonnen

Eiður Snær Unnarsson

Hlutverk sviðsráðs

Sviðsráð Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs gegnir því hlutverki að gæta hagsmuna stúdenta á sviðinu og sjá til þess að þau séu upplýst um réttindi sín

Fundir sviðsráðs

Fundir sviðsráðs voru haldnir að mestu aðra hverja viku á miðvikudögum beint eftir fundi stjórnar kl. 12:30. Fundir voru alla jafna klst langir nema þegar mikið var um að vera.

Á skipulagsfundi sviðsráðs í ágúst 2023 voru eftirfarandi stöður skipaðar:

Fjóla María Sigurðardóttir sat sem fulltrúi í kennslunefnd VoN.

Davíð Ásmundsson gegndi hlutverki Náttverk fulltrúa.

Afomia Mekonnen var ritari sviðsráðs, fulltrúi sviðsráðs í Nordtek og varafulltrúi jafnréttisnefndar og sat þá fundi.

Eiður Snær Unnarsson var skipaður fulltrúi jafnréttisnefndar en sagði sig frá því hlutverki.

María Rós Kaldalóns var sviðsráðsforseti VoN og sat í stjórn VoN.

Fjármunum varið

Eini útgjaldaliður sviðsráðs VoN var Ryðjum Veginn, viðburður sem hefur verið haldinn árlega af ráðinu. Skrifstofa VoN (markaðsráð, staðsett í Tæknigarði, hægra megin við Hámu) greiðir fyrir viðburðinn og sér um kostaðar auglýsingar. Sviðsráðið sér einnig um

auglýsingar á samfélagsmiðlum sem eru í umráði sviðsráðs. Sviðsráðið sér um að útbúa auglýsingar en þeim er m.a. dreift af skrifstofu VoN.

2. Nefndir og ráð

Fulltrúaráðið Náttverk

Fulltrúaráð Náttverk er skipað öllum formönnum nemendafélagana og fulltrúa í sviðsráði. Í ár var áhersla sett á sýnileika sviðsráðs og fóru fulltrúar þess á fundi með öllum stjórnnum nemendafélaga. Davíð Ásmundsson, fulltrúi sviðsráðs í Náttverk, tók að sér að skipuleggja þá fundi, og skiptu svo meðlimir með sér að mæta á fundina með ólíkum nemendafélögum. Hagsmunafulltrúi SHÍ hélt fund með sviðsráðsforseta og forsetum nemendafélaga á haustönn. Auk þess var haldinn fundur á vorönn til þess að sviðsráð gæti fengið innsýn og upplýsingar um afstöðu ólíkra nemenda frá öðrum nemendafélögum. Flestir meðlimir sviðsráðs sátu fundinn ásamt fulltrúum úr öllum nemendafélögum sviðsins. Þetta reyndist mjög gagnlegt og mælir fráfari sviðsráð með því að eiga í samskiptum við nemendafélögin til að ræða stærri mál innan sviðsins til að fá fjölbreytt sjónarhorn.

Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd vann að ýmsu á önninni, meðal annars úttekt á aðgengismálum í VR byggingum og Öskju. Auk þess vann jafnréttisnefnd að því að ræða einskonar “jafnréttisfræðslu” fyrir nemendur á sviðinu eins og þekkist til að mynda á heilbrigðisvísindasviði. Þetta var tekið upp á stjórnarfundum og tók stjórn sviðsins vel í þetta. Málið er þó enn ungt og verður áframhaldandi vinna í sambandi við þetta út skólaárið 2024-2025 í samtali við stjórn og jafnréttisnefnd.

Kennslunefnd sviðsins

Kennslunefndarfulltrúi, Fjóla María, sat kennslunefndarfundum VoN og SHÍ og miðlaði fréttum þaðan og áfram til sviðsráðs. Fulltrúi sviðsráðs í kennslunefnd sá um að safna tilnefningum frá nemendum til kennsluverðlauna sem veitt voru á sviðsþingi 2023 og flytja erindi á kennsluþingi 2024. Kennslunefnd lagði áherslu á námsaðstöðu og hvernig mætti vinna að betra námssamfélagi á árinu. Ásamt þessu var mikið rætt um nýtt fjármögnunarlíkan og hvernig mætti bregðast við því og birtingu lokaprófa.

Stjórn sviðsins

Sviðsráðsforseti sat alla stjórnarfundir sviðsins, en Fjóla María og Afomia mættu inn á milli sem auka fulltrúar. Stjórnarfundir eru haldnir aðra hverja viku á miðvikudögum frá kl 10-12 og býðst sviðsráðinu að hafa tvo fulltrúa nemenda á þessum fundum. Stjórn sviðsins er mynduð af forseta sviðsins, Sigurði Magnúsi og deildarforsetum sviðsins. Stjórn sviðsins tók á mörgu á skólaárinu, en nýja fjármögnunarlíkan háskólanna var mikið rætt. Í kjölfar þess var ljóst að þörf var á frekari niðurskurði á sviðinu sem stjórnin vann jafnt og þétt í á vorönn. Á Sviðsþingi í desember 2023 fór sviðsráðsforseti með erindi fyrir hönd nemenda um vinnuálag nemenda á verkfræði- og náttúruvísindasviði ásamt hugmyndum að því hvernig sviðið gæti betur haldið utan um nemendur og takmarkað brottfall frá sviðinu. Stjórn sviðsins tók vel í þessar uppástungur og hefur stjórnin fjallað mikið um tillögurnar á vorönn 2025. Það sem hefur helst verið til umræðu er að endurmeta stærð áfanga eftir álagi og hvort einhverjar deildir sjái sér fært að miða við 4 áfanga á önn í stað 5. Ásamt þessu var rætt um að vinnuálag væri mögulega óhóflegt vegna þess hve stuttar annir HÍ eru í samanburði við aðra háskóla á Norðurlöndum. Það er mögulega eitthvað sem nýtt sviðsráð gæti skoðað betur.

NORDTEK

Afomia, fulltrúi sviðsráðs 2023-2024 og Telma, fulltrúi sviðsráðs 2022-2023 fóru til Aarhus á ráðstefnu Nortek. Þar var vistvæn verkfræði þema ársins. Nemendafulltrúar kusu um nýjan forseta sem var Ilari, fulltrúi frá Finnlandi. Umfjöllunarefni voru meðal annars vistvænir innviðir, kennsluhættir og háskólabýggingar. Nemendur kynntu svo sínar hugmyndir og ábendingar til sjónnenda.

3. Sýnileiki og viðburðir

Samfélagsmiðlar

Sviðsráð heldur úti Instagram síður, en þar inn fara upplýsingar sem sviðsráði þykir mikilvægt að koma áleiðis til nemenda. Þetta getur varðað réttindi í prófatíð, viðburði háskólans, breytingar á prófatíð, etc. Samfélagsmiðlar sviðsráðs eru einnig notaðir til þess að auglýsa viðburði/i á vegum sviðsráðs [Ryðjum Veginn] og framkvæma kannanir til þess að fá hugmynd um skoðanir nemenda á ýmsum málum. Þessar kannanir hafa ekki verið

mjög árangursríkar vegna slappra þátttöku, en ef það væri hægt að virkja þátttöku á einhvern hátt væri þetta eflaust öflugt tól fyrir sviðsráð. Sviðsráð er einnig með Facebook síðu, en núverandi sviðsráð notaði hana mjög lítið.

Nýnemadagar

Á nýnemadögum tók sviðsráð þátt með kynningu á SHÍ og sviðsráði. Þetta var frábært tækifæri fyrir sviðsráð að mynda tengsl við nýja nemendur og vekja áhuga þeirra á starfsemi SHÍ og sviðsráðsins. Ásamt þessu mætti sviðsráð og hélt kynningu fyrir nýnema sumarið 2023. Þetta var þó ekki skipulagt af sviðsráðinu, heldur bað VoN okkur um að taka þátt í þessum verkefnum. Sviðsráð var mikið í samskiptum við Ragnheiði (verkefnisstjóra markaðsmála og viðburða) og Hlín Eyglóardóttir (Verkefnisstjóri). Þær má finna í Tæknigarði við hliðina á Hámu ef sviðsráð þarf aðstoð við einhverskonar viðburði eða auglýsingar.

Vísindaferð SHÍ

Vísindaferð SHÍ x VoN var haldin í október, en SHÍ sá um skipulagningu viðburðsins. SHÍ hélt kynningu á starfsemi sinni og sömuleiðis hélt sviðsráð kynningu á sinni starfsemi. Það var ekki brjálæð stemning fyrir þessu á sviðinu, en allt gekk vel.

Ryðjum Veginn – Konur í Verkfræði og Vísindum

Ryðjum veginn var haldinn í 6 skipti af sviðsráði VoN þann 27. Febrúar 2024. Viðburðurinn var haldinn í Öskju, N-132. Markmið viðburðarins er að auka sýnileika kvenfyrirmynda í verkfræði og vísindum og þjónar þeim tilgangi að vera hvetjandi fyrir ungar konurog önnur í námi, atvinnulífinu eða þau sama hafa áhuga á að koma. Öll eru velkomin, en stærsti markhópurinn er nemendur við sviðið.

Fjóra María sá um að útbúa auglýsingar fyrir viðburðinn og var þeim dreift bæði af sviðsráðinu og markaðs- og samskiptadeild sviðsins. Sviðsráðið fékk fjármuni frá SHÍ til að kaupa samlokur frá Joe and the Juice og styrkti sviðið sviðsráðið með kökum og kaffi fyrir viðburðinn. Mætingin var nokkuð góð og voru mörg sem stöldruðu við eftir viðburðinn til að spjalla við fyrirlesara og hvort annað.

Fyrirlesarar árið 2024 voru: Guðrún Valdís Jónsdóttir: Tölvunarfræðingur og öryggisstjóri Syndis, Kristbjörg Anna Þórarinsdóttir: eðlisfræðingur, Vala Hjörleifsdóttir: Jarðeðlisfræðingur og forstöðukona nýsköpunar og framtíðarsýnar hjá Orkuveitu Reykjavíkur, Svana Helen Björnsdóttir: Raforkuverkfræðingur og formaður Verkfræðingafélags Íslands.

Sviðsráðið gerir sitt besta til að fá fjölbreyttan hóp af konum, bæði úr akademíunni og atvinnulífinu yfir ólíkar deildir háskólans.

Það gekk smá brösulega að skipuleggja viðburðinn þar sem einn viðmælendanna hætti við með skömmum fyrirvara og viðmælendur svöruðu frekar tölvupósti frá persónulegum pósthöfundum heldur en studentvon@hi.is pósthöfundinu. Sviðsráð mælir með að nýtt sviðsráð taki sér góðan tíma í að skipuleggja viðburðinn, deili með sér verkum og byrji að auglýsa viðburðinn snemma.

4. Helstu áhersluatriði haustið 2023 - vorið 2024

- Einingafjöldi vs. Raunverulegt vinnuálag: Lausna leitað til að fá raunsærri mynd af því hvaða áfangar eru í raun “stærri” en þeir eiga að vera mv. Einingafjöldi. Hugmyndir um að minnka sjálfgefinn áfangafjöldi niður í 4 í grunnnámi á sviðinu. Málið er enn í vinnslu innan stjórn sviðsins.
- Óhóflegt vinnuálag nemenda (45 klst á viku fyrir utan allar kennslustundir og 64 klukkustundir á viku í heild) og leiðir til að halda betur um nýnema og draga úr brotfalli - Sviðsráðsforseti hélt erindi á Sviðsþingi VoN í vetur.
- Aukið símat á sviðinu - hætta á að gervigreind færi okkur aftur á við í stærri og fleiri lokapróf - Sviðsráðsforseti hélt erindi á Háskólaþingi í vor.
- Aðgangur að námsrými fyrir fleiri nemendur og mikilvægi tengsla - Fjóla og María héldu erindi á kennsluþingi í vor.
- Aukin samskipti við nemendafélög sviðsins - sameiginlegir fundir, samskipti gerð greiðari og smærri fundir að hausti með hverju og einu nemendafélagi til að mynda tengsl.
- Könnun um verkefnaskil í svokallaðri “upprifjunarviku[14]” á meðal nemenda á VoN - dræm þátttaka. Væri áhugavert að prófa aftur í ár.

5. Samantekt

Það er mikilvægt að fulltrúi nemenda innan stjórnar verkfræði- og náttúruvísindasviðs sé einmitt það - fulltrúi nemenda. Sviðsráðið mælir sterklega með því að sviðsráðsliðar, og sérstaklega fulltrúi nemenda innan stjórnar, ásamt kennslunefndarfulltrúa - taki mið af sjónarmiðum annarra nemenda og leiti leiða til að ræða ýmis málefni við fjölbreyttan hóp nemenda. Þó skal fulltrúi nemenda gæta þess að deila ekki viðkvæmum upplýsingum út fyrir stjórn sviðsins.

Við hvetjum nýtt sviðsráð enn sem áður til að gera sitt besta til að vera sýnileg á samfélagsmiðlum - það munar helling þegar þarf að fá endurgjöf frá nemendum. Þó getur sviðsráð athugað með nemendaskrá þegar kemur að því að senda út kannanir. Það er líka

jákvætt að nemendur kannist við andlitin ykkar - þá eru þá líklegri til að geta leitað til ykkar þurfi þau á stuðning sviðsráðs að halda. Við mælum eindregið með því að funda með fulltrúum nemendafélagana um ýmislegt, en þar á meðal til að kynna ykkur og hitta þau svo þið vitið hvert þið getið leitað ef ykkur vantar upplýsingar frá ákveðnum hóp eða námsbraut.

María Rós Kaldalóns

Sviðsráð Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs 2023-2024

Lög Stúdentaráðs

I.	Kafli – Nafn og hlutverk	2
II.	Kafli – Almenn ákvæði	2
III.	Kafli – Stúdentaráð	5
IV.	Kafli – Sviðsráð	8
V.	Kafli – Nefndir	9
VI.	Kafli – Stjórn Stúdentaráðs	11
VII.	Kafli – Skrifstofa Stúdentaráðs og útgáfa	12
VIII.	Kafli – Almennur Stúdentafundur	13
IX.	Kafli – Kosningar og kjörstjórn	14
X.	Kafli – Hagsmunaskrá Stúdentaráðs	18
XI.	Kafli – Gildistaka og breytingar á lögum, bráðabirgðaákvæði	19

I. Kafli – Nafn og hlutverk

1. Grein – *Nafn Stúdentaráðs*

- a. Við Háskóla Íslands skal starfa Stúdentaráð, sem nefnist fullu nafni: Stúdentaráð Háskóla Íslands (e. The Student Council of the University of Iceland), hér eftir SHÍ. Heimili þess er skrifstofa Stúdentaráðs á Háskólatorgi við Sæmundargötu. Varnarþing þess er í Reykjavík.

2. Grein – *Tilgangur Stúdentaráðs*

- a. SHÍ er hagsmuna- og réttindasamtök stúdenta við Háskóla Íslands og æðsti fulltrúi þeirra innan Háskólans og utan. Ráðið stendur vörð um hvers kyns hagsmuni stúdenta við Háskóla Íslands, svo sem menningarlega, félagslega og fjárhagslega hagsmuni. Hlutverk SHÍ er m.a. að koma fram fyrir hönd stúdenta við Háskóla Íslands gagnvart opinberum aðilum í hverskyns hagsmunamálum svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum er snerta rétt þeirra.
- b. Stúdentaráð skal vera þeim félögum stúdenta við Háskóla Íslands, sem annast félagslíf og hagsmunamál, til aðstoðar ef þurfa þykir. Ráðinu ber að vinna að því að félögin þjóni hlutverki sínu.
- c. SHÍ stundar ekki atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni.

3. Grein – *Aðild Stúdentaráðs að öðrum samtökum*

- a. Ráðinu er heimilt að taka þátt í störfum annarra samtaka samkvæmt samþykkt hverju sinni. Ákvörðun um skipulagsbundna aðild að öðrum samtökum lýtur sömu reglum og lagabreytingar.

4. Grein – *Starfstími Stúdentaráðs*

- a. Starfstími Stúdentaráðs miðast við skiptafund ár hvert, sem skal haldinn á næstu tveimur vikum eftir hefðbundin vormisserispróf. Ársreikningur ráðsins miðast við 1. júní og skal vera yfirfarinn af skoðunarmanni.

II. Kafli – Almenn ákvæði

5. Grein – *Stjórnskipan Stúdentaráðs*

- a. Í Stúdentaráði Háskóla Íslands skulu fulltrúar hvers fræðasviðs taka sér sæti og gæta hagsmuna allra nemenda við skólann. Einn fulltrúi frá hverju fræðasviði skal taka sér sæti sem forseti viðkomandi sviðsráðs og fara fyrir því skv. 18. gr. laganna
- b. Forseti Stúdentaráðs, í forföllum hans varaforseti, skal vera málsvari ráðsins út á við og gagnvart yfirstjórn Háskólans, eftir því sem við á. Forseti Stúdentaráðs ber ábyrgð á að kynna ársskýrslu nýlokens starfsárs SHÍ á skiptafundi ráðsins.
- c. Stúdentaráð getur ályktað um tiltekið málefni og tekur Stúdentaráðsfundur fullnaðarákvörðun í öllum málum sem heyra undir sviðsráð, fastanefndir, starfshópa, stjórn, skrifstofu, starfsfólk og fulltrúa ráðsins.
- d. Stúdentaráð setur verklagsreglur um ályktanir ráðsins, m.a. um möguleika á rafrænni afgreiðslu þeirra.

- e. Stúdentaráð getur lýst yfir vantrausti á alla fulltrúa sem ráðið hefur kosið til að gegna embætti.
- f. Stúdentaráðsliði getur lýst yfir vantrausti á annan Stúdentaráðsliða. Stúdentaráð skal greiða atkvæði og sé tillagan samþykkt skal boða til almenns stúdentafundar. Fari fram atkvæðagreiðsla á stúdentafundinum þarf 2/3 atkvæða fundarmanna til að víkja Stúdentaráðsliða úr embætti, enda hafi 200 stúdentar Háskóla Íslands hið minnsta tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.
- g. Stúdentaráð getur falið nefndum og einstaklingum sérstök verkefni með samþykki hverju sinni. Ráðinu er einnig heimilt að stofna starfshópa í kringum ákveðin og afmörkuð verkefni. Viðkomandi einstaklingar skulu skila skriflegri skýrslu um störf sín

til Stúdentaráðs þegar verkefninu er lokið. Feli verkefnið hvers konar kostnaðar á vegum Stúdentaráðs skal skýrslan vera ítarleg og skulu fylgja með bókhaldsupplýsingar.

6. Grein – Skipun helstu embætta

- a. Forseti Stúdentaráðs boðar nýkjörið ráð til kjörfundar eigi síðar en sex vikum eftir kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs.
- b. Kjörfundinn skal boða með tryggilegum hætti meðal stúdenta Háskóla Íslands með minnst 10 daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina frá tilgangi fundarins og þeim möguleika að gefa kost á sér í embætti forseta, varaforseta, hagsmunafulltrúa, lánasjóðsfulltrúa, nefndir Stúdentaráðs og önnur embætti Stúdentaráðs sem kjörið er í á fundinum. Þau sem kjörin eru á kjörfundi taka við störfum á skiptafundi, sbr. 4. gr.
- c. Kjörgengir til embætta á skrifstofu, í nefndir og annarra embætta á vegum SHÍ eru allir þeir sem hafa verið skráðir til náms við Háskóla Íslands á síðustu þremur árum á undan sérstökum kjörfundi.

7. Grein – Kjörin embætti

- a. Á kjörfundi er kosið í helstu embætti Stúdentaráðs af nýkjörnum fulltrúum Stúdentaráðs, hér eftir Stúdentaráðsliðar. Gefi fleiri kost á sér en kosið er ræður hlutfallskosning. Séu fleiri en einn kosinn í tiltekinni kosningu hlýtur sá sem hlýtur flest atkvæði embættið, svo sá sem þar eftir kemur og svo koll af kolli.
 - i. Forseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi.
 - ii. Varaforseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi.
 - iii. Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. Hann situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna. Hann tekur þó ekki við af fyrri fulltrúa fyrr en samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Skrifstofa Stúdentaráðs skipar varafulltrúa úr hópi starfsfólks í stjórn Menntasjóðsins.
 - iv. Hagsmunafulltrúi er kjörinn á kjörfundi.
 - v. Í fjármála- og atvinnulífnefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd og lagabreytinganefnd skulu kjörnir fjórir einstaklingar á kjörfundi.
 - vi. Í kennslumálanefnd skulu skipaðir fimm einstaklingar, einn af hverju fræðasviði, af sviðsráðum í kjölfar kjörfundar og fyrir skiptafund ár hvert. Skulu þeir einstaklingar vera kjörnir af sviðsráðum og vera úr röðum

sviðsráðsmeðlima hvers sviðs. Skulu þeir jafnframt taka sæti sem fulltrúar stúdenta í kennslunefndum fræðasviðanna.

- vii. Í jafnréttisnefnd skulu kjörnir fimm einstaklingar, einn af hverju sviði, og skulu þeir kjörnir á kjörfundi. Forseti nefndarinnar skal vera hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs. Skulu þeir jafnframt taka sæti sem fulltrúar stúdenta í jafnréttisnefndum fræðasviðanna.
 - viii. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd og eru þeir kjörnir á kjörfundi. Icelandic Startups skipar einn aðila og sjálf velur nefndin sér fjóra fulltrúa. Auglýsa skal laus pláss meðal nemenda Háskólans að hausti.
 - ix. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í alþjóðanefnd og eru þeir kjörnir á kjörfundi. Sjálf velur nefndin sér þrjá fulltrúa. Auglýsa skal laus pláss meðal nemenda Háskólans að hausti og alþjóðanemar hafa forgang.
 - x. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang yfir aðra fulltrúa í forsæti í nefndum, fyrir utan alþjóðanefnd þar sem alþjóðafulltrúi situr sem forseti nefndar og jafnréttisnefnd þar sem hagsmunafulltrúi situr sem forseti nefndar.
 - xi. Stúdentaráð skipar 10 fulltrúa til Háskólaþings. Á kjörfundi skulu kjörnir 7 fulltrúar úr hópi Stúdentaráðsliða og varafulltrúa þeirra til þingsins og sjö til vara. Það skal gert í hlutfalli við niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs. Gefi fleiri fulltrúar kost á sér kýs Stúdentaráð á milli þeirra eftir hlutfallskosningu. Hinir þrjú fulltrúarnir sem eftir eru skulu skipaðir af Skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks.
 - xii. Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í kennslu- og gæðaráði Háskóla Íslands. Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs og skulu þeir valdir úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestir af stjórn SHÍ. Í fyrsta sinn sem skipað er í nýtt stefnu- og gæðaráð skal varaforseti taka sæti til eins árs í stað fyrrum forseta.
 - xiii. Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (hér eftir LÍS). Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs og skulu þeir valdir úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestir af stjórn SHÍ.
- b. Hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs, sem forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs gegnir embætti jafnréttisfulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í jafnréttisnefnd Háskólaráðs.
 - c. Forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs gegnir embætti kennslumálafulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í kennslumálanefnd Háskólaráðs.
 - d. Við kjör í stjórn Félagsstofnunar stúdenta skal hver fulltrúi ásamt varafulltrúa kjörinn sérstaklega. Heimilt er að krefjast þess, að sá sem stungið er upp á láti í ljós samþykki sitt eða samþykkið sé vottað með öðrum tryggilegum hætti. Stjórn Stúdentaráðs kýs fulltrúana og er ákvörðun stjórnar lögð fyrir Stúdentaráð með atkvæðagreiðslu.
 - e. Stúdentaráð á tvo fulltrúa í Stúdentaráði Aurora, samstarfsneti háskóla í Evrópu. Annar þeirra skal koma úr röðum Stúdentaráðsliða og vera kjörinn á kjörfundi en hinn skal vera alþjóðafulltrúi skrifstofu Stúdentaráðs.
 - f. Stúdentaráð á einn fulltrúa í fulltrúaráði Landssambandi ungmennafélaga (LUF). Skal hann valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ.

- g. Þegar skipa þarf í önnur embætti er það auglýst meðal allra stúdenta með almennum stúdentapósti. Stúdentaráð greiðir atkvæði um þær umsóknir sem berast á næsta fundi sínum.
- h. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs skv. 2. gr. laga sjóðsins. Stúdentaráð skal skipa fulltrúana á Stúdentaráðsfundi fyrir 15. september ár hvert og sitja fulltrúarnir í stjórn sjóðsins í eitt ár. Hinir fulltrúarnir eru kjörnir af sviðsráðum og skulu vera einn af hverju sviði sbr. 2. gr. laga Stúdentasjóðs.

III. Kafli – Stúdentaráð

8. Grein – *Stjórnskipan Stúdentaráðs og sviðsráða*

- a. Í Stúdentaráði sitja nemendur frá hverju fræðasviði og skal fjöldi þeirra vera í samræmi við nemendafjölda. Fyrir hvert svið með 1-3.499 nemendur skulu sitja 3 fulltrúar í Stúdentaráði. Fyrir hvert svið með 3.500-6.999 nemendur skulu sitja 5 fulltrúar í Stúdentaráði. Fyrir hvert svið með fleiri en 7.000 nemendur skulu sitja 7 fulltrúar í Stúdentaráði.
- b. Stúdentaráðsliðar innan hvers sviðs skulu kjósa sín á milli um forseta sviðsráðs fyrir kjörfund ár hvert. Sviðsráðsforseti situr bæði í Stúdentaráði og í sviðsráði.
- c. Kjörstjórn skal endurskoða fjöldi Stúdentaráðsliða hvers sviðs í samræmi við viðurkenndan lista nemendaskrár miðað við fjölda nemenda á haustönn. Fjöldi fulltrúa skal tilkynntur Stúdentaráði eigi síðar en 1. desember ár hvert.
- d. Kjörstjórn er heimilt að taka ákvörðun um að fjöldi Stúdentaráðsliða skuli ekki taka breytingum þrátt fyrir ákvæði d-liðar þessa greinar, sbr. a-liður hennar, liggi veigamikil rök þar að baki. Skal sú ákvörðun rökstutt sérstaklega í tilkynningu Kjörstjórnar til Stúdentaráðs.

9. Grein – *Stúdentaráðsfundir og aðgengi að þeim*

- a. Stúdentaráðsfundir eru opnir öllum háskólastúdentum.
- b. Meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi eða einstaka dagskrárliðum fundar þegar slíkt telst nauðsynlegt til varnar viðkvæmum persónulegum hagsmunum einstaklinga sem mál varðar, til varnar trúnaðarupplýsingum eða ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi friði á fundinum.
- c. Á lokuðum fundi eða þegar dagskrárlið hefur verið lokað skulu allir aðrir en þeir sem hafa málfrelsisrétt á fundum Stúdentaráðs víkja af fundinum. Stúdentaráðsfundur getur, að fenginni beiðni frá öðrum stúdentum en þeim sem hafa málfrelsisrétt á fundum ráðsins, heimilað almennar umræður um dagskrárliði áður en fundi er lokað ef meirihluti viðstaddra ráðsliða samþykkir það. Með almennum umræðum er átt við almennar útskýringar á dagskrárliðnum sem falla ekki undir umfjöllun um viðkvæma persónulega hagsmuni einstaklinga.
- d. Fundarritari skal aðeins halda fundargerð um ákvarðanir og atkvæðagreiðslur sem fara fram undir lokuðum dagskrárliðum/fundum.
- e. Fulltrúi sérhvers nemendafélags skal þó, ef hann óskar, geta tekið til máls án sérstaks samþykkis Stúdentaráðs nema fundi hafi verið lokað, enda gæti hann regluna um fundarsköp ráðsins.

10. Grein – Fundarstjórn Stúdentaráðs

- a. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans, varaforseti, stjórnar fundum ráðsins eða tilnefni annan í sinn stað.

11. Grein – Fundarboð Stúdentaráðsfundar

- a. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 9 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.
- b. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða eða með annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á nemendur við skólann og skal þar tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 9. gr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.
- c. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins.
- d. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt grein þessari að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðs, skv. 12. gr., að vera viðstaddur eða ef 12 ráðsliðar hið minnsta sitja hann.
- e. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs.
- f. Í fundarboði og fundardagskrá skal tilgreina ef „bókfærð mál“ eru til afgreiðslu fyrir ráðið. Til bókfærðra mála heyra ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en Stúdentaráð þarf að samþykkja, til dæmis úrsögn úr Stúdentaráði eða nefndum og tilnefning nýs fulltrúa, afgreiðslur tilnefninga fulltrúa stúdenta í ólaunaðar nefndarstöður eða fundarsetur ef engin móttframboð berast o.s.frv.. Er það gert til að auka skilvirkni og ráðrúm fyrir umræður um önnur víðameiri mál. Óski fulltrúar í Stúdentaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því eigi síðar en áður en fundur hefst skv. boðuðum fundartíma, öðrum kosti skoðast þau samþykkt

12. Grein – Atkvæði á Stúdentaráðsfundi

- a. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess.
- b. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála og kjöri, nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Sjö Stúdentaráðsliðar geta þó krafist almenns studentafundar um mál.
- c. Sé eitthvað borið upp til atkvæðagreiðslu skal Stúdentaráðsliðum og öðrum stúdentum tilkynnt það í fundargögnum. Taka skal fram í fundardagskrá að um atkvæðagreiðslu sé að ræða í þeim dagskrárliðum þar sem það á við. Stúdentaráði er þó heimilt að ákveða að ganga til atkvæðagreiðslu, þó að hún hafi ekki verið boðuð fyrir fram, með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða. Við atkvæðagreiðslu skal atkvæði hvers og eins Stúdentaráðsliða eða löggilts varafulltrúa hans rituð í fundargerð, nema leynilegar

atkvæðagreiðslu sé óskað og hún samþykkt af þriðjungi ráðsliða með fyrrgreindri aðferð.

- d. Ráðsliða er heimilt að biðja fundarstjóra um orðið til þess að gera stuttlega grein fyrir atkvæði sínu áður en atkvæði eru talin.
- e. Nú falla atkvæði jafnt og telst tillaga því fallin. Ef atkvæði falla jafnt við kjör skal endurtaka kosningu milli frambjóðenda þegar í stað. Falli atkvæði aftur jafnt ræður hlutkesti. Framkvæmdarstjóri telur atkvæði nema hann sjálfur sé í kjöri og tilnefnir Stúdentaráð þá varafulltrúa hans.

13. Grein – *Úrsögn úr Stúdentaráði*

- a. Úrsögn úr Stúdentaráði skal berast varaforseta skriflega. Segi Stúdentaráðsliði sig úr ráðinu skal næsti einstaklingur af sama framboðslista taka fast sæti í Stúdentaráði. Sé ekki öðrum einstaklingi að skipta tekur varafulltrúi þess sviðsráðsliða sem fyrstur hefði tekið sæti í hans stað og svo koll af kolli.

14. Grein – *Fundargerð Stúdentaráðsfundar*

- a. Framkvæmdarstjóri Stúdentaráðs ritar fundargerð á fundum Stúdentaráðs. Aðrir starfsmenn Stúdentaráðs rita fundargerð forfallist framkvæmdarstjóri. Heimilt er að taka Stúdentaráðsfundi upp og rita fundargerð eftir fundinn. Skal halda slíkum upptökum til haga og veita aðgang eftir óskum. Ritara er heimilt að vísa til upptöku í fundargerð varðandi almennar umræður en í fundargerðinni skulu helstu atriði fundarins koma fram.
- b. Fundargerð skal lesin upp og samþykkt í fundarlok, sé þess óskað og hafi hún verið rituð á fundinum, ellegar send út skriflega fyrir næsta fund og tekin fyrir þá til samþykktar. Skulu breytingartillögur afgreiddar þegar í stað.
- c. Frekari breytingar fundarmeðlima á gerðabókinni eru ekki heimilar nema í formi skriflegrar athugasemdar, sem afhenda skal ritara. Ritara er skylt að skrá slíka athugasemd aftan við umdeilda fundargerð enda sé hún undirrituð og ekki lengri en 100 orð.

15. Grein – *Fundarsköp Stúdentaráðs*

- a. Fundarmeðlimur sem óskar að taka til máls skal óska þess við fundarstjóra, sem skal skrá fundarmeðlimi á mælendaskrá í þeirri röð sem þau biðja um orðið. Flutningsaðila skal þó leyft að koma að stuttum skýringum þrátt fyrir mælendaskrá.
- b. Bókun á fundi Stúdentaráðs: Fundarmeðlimir geta skilað inn skriflegri bókun á Stúdentaráðsfundi varðandi málefni sem til umræðu eru á fundinum. Skal þá slík bókun færð í fundargerð á tilheyrandi stað. Bókanir sem berast á fundum skal skila til fundarritara undir þeim dagskrárlið sem þær eru bornar upp. Ekki eru greidd atkvæði um bókanir. Bókun skal lögð fram þegar kemur að þeim sem leggur hana fram í mælendaskrá.
- c. Bókun fyrir fund Stúdentaráðs: Fundarmeðlimir geta boðað framlagningu bókunar fyrir þegar boðaðan fund og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar en í upphafi þess Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar var boðað.
- d. Staðfesting bókunar: Fundargestur sem ber upp bókun skal í lok fundar staðfesta framlagningu bókunarinnar og staðsetningu hennar í fundargerð við fundarritara

- e. Tillögur skal taka til umræðu um leið og þær berast. Þó skulu eftirfarandi tillöguflokkar bornir undir atkvæði þegar í stað og umræðulaust, nema ef á ræðu stendur eða atkvæðagreiðslu
 - i. Tillaga um fundarhlé.
 - ii. Dagskrártillaga.
 - iii. Tillaga um að ganga til atkvæðagreiðslu.
 - iv. Tillaga um að heimila atkvæðagreiðslu skv. c-lið 11. greinar.
 - v. Frávísunartillaga.
 - vi. Tillaga um að vísa máli til stjórnar eða nefndar.
 - vii. Tillaga um vantraust á fundarstjóra.
- f. Hver Stúdentaráðsliði eða lögmætur varafulltrúi hans getur lagt fram ályktun. Skulu greidd atkvæði um hana þegar í stað sé það samþykkt samkvæmt c-lið 11. gr., ellegar á næsta Stúdentaráðsfundi. Einnig getur Stúdentaráðsliði boðað framlagningu ályktunar innan hæfilegs tíma fyrir fund og skal henni þá bætt við fundargögn og -dagskrá.

16. Grein – Málfræsis-, tillögu- og atkvæðisréttur á Stúdentaráðsfundi

- a. Allir Stúdentaráðsliðar hafa málfræsis-, tillögu- og atkvæðisrétt.
- b. Varafulltrúar hafa málfræsis- og tillögurétt en þó ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti fyrir aðalfulltrúa. Ef ástæða þykir til má fundarstjóri takmarka þennan rétt eða vika honum frá með samþykki Stúdentaráðs.
- c. Fulltrúar í sviðsráðum og nefndum hafa málfræsis- og tillögurétt.
- d. Aðal- og varafulltrúar í fulltrúaráði LÍS hafa málfræsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs. Sama gildir um fulltrúa Stúdentaráðs í framkvæmdarstjórn LÍS.
- e. Fulltrúar stúdenta í Háskólaráði hafa málfræsis- og tillögurétt.
- f. Forseti og varaforseti Stúdentaráðs hafa málfræsis- og tillögurétt.
- g. Starfsfólk réttindaskrifstofu Stúdentaráðs hefur málfræsis- og tillögurétt.
- h. Aðrir sem koma á Stúdentaráðsfund til að flytja erindi samkvæmt dagskrá fundar mega taka til máls innan þess dagskrárlíðar, en hafa þó ekki tillögurétt né atkvæðisrétt.

IV. Kafli – Sviðsráð

17. Grein – Sviðsráð

- a. Á hverju fræðasviði Háskólans skal starfa sviðsráð Stúdentaráðs.
- b. Sérhvert sviðsráð skal gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Skal sviðsráð vera sjálfstætt í sínum störfum nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Sviðsráð skal setja sér verklagsreglur um störf ráðsins í upphafi hvers starfsárs.
- c. Starfstími sviðsráða miðast við skiptafund ár hvert. Frá kjörfundi, sbr. 6. gr. og fram að skiptafundi skal fráfarandi sviðsráð leggja sig fram við að setja nýkjörið sviðsráð inn í fyrirliggjandi verkefni og aðstoða við undirbúning komandi starfsárs.

18. Grein – Sviðsráðsfulltrúar

- a. Í hverju sviðsráði Háskólans sitja 4 fulltrúar sem Stúdentaráð tilnefnið og kys á kjörfundi, í hlutfalli við kosninganiðurstöður, auk forseta sviðsráðs, sem skipaður er skv. b-lið 8. gr. Hafa stúdentaráðsliðar forgang í sviðsráð.
- b. Forseti sviðsráðs stýrir fundum þess.

V. Kafli – Nefndir

19. Grein – Nefndir Stúdentaráðs

Á vegum Stúdentaráðs starfa fastanefndir sem kveðið er á um í stafliðum ákvæðisins og sitja fimm fulltrúar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd.

- i. Alþjóðanefnd sinnir þjónustu við erlenda nemendur og aðstoðar skrifstofu Alþjóðasviðs við skipulagningu viðburða, á borð við móttöku erlendra nemenda og Alþjóðadaga Háskóla Íslands Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs á forsæti í alþjóðanefnd.
- ii. Félagslífs- og menningarnefnd skal stuðla að bættu félagslífi innan Háskólans og auknu menningarlegu hlutverki Stúdentaráðs.
- iii. Fjármála- og atvinnulífsnefnd tekur til meðferðar málefni er varða fjárhagsleg hagsmunamál stúdenta, auk tengsla Háskólans og atvinnulífsins við stúdenta.
- iv. Fjölskyldunefnd skal stuðla að bættu umhverfi fyrir fjölskyldufólk innan Háskólans.
- v. Jafnréttisnefnd tekur til meðferðar jafnréttismál stúdenta innan Háskólans og stuðlar að bættu jafnrétti innan hans.
- vi. Kennslumálanefnd tekur til meðferðar kennslumál stúdenta í samstarfi við kennslumálanefnd og gæðanefnd háskólaráðs ásamt Kennslumiðstöð Háskóla Íslands.
- vii. Lagabreytinganefnd endurskoðar lög Stúdentaráðs og Stúdentasjóðs og leggur fram tillögur til breytinga á þeim, ef þörf þykir. Hún skal líta til þess að þau séu skýr, aðgengileg, samræmd og tryggji skilvirkni í störfum ráðsins. Heimilt er að vísa lagabreytingartillögum sem bornar eru upp á Stúdentaráðsfundum til umsagnar í nefndinni.
- viii. Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd skal efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf meðal nemenda Háskólans. Nefndin er í samstarfi við Icelandic Startups og kemur verkefnum þeirra á framfæri meðal háskólanema.
- ix. Umhverfis- og samgöngunefnd tekur til meðferðar mál er tengjast umhverfis- og sjálfbærismálum sem og samgöngumál stúdenta. Auk þess tekur nefndin afstöðu til framkvæmda- og skipulagsmála er snerta hagsmuni stúdenta. Fulltrúi Stúdentaráðs í skipulagsnefnd háskólaráðs sem skipaður er skv. i-lið 19. gr. hefur rétt til setu á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsis- og tillögurétt.

1. Grænfánanefnd er undirnefnd Umhverfis- og samgöngunefndar. Nefndinni er ætlað að beita sér í umhverfis- og loftslagsmálum ásamt því að vinna með starfsfólki skólans að verkefnum tengdum Grænfána. Meðlimur Umhverfis- og samgöngunefndar skal fara fyrir nefndinni en að öðru leyti skal öllum stúdentum gert kleift að sækja um setu í nefndinni.
- b. Kosið skal um forseta nefnda á kjörfundi Stúdentaráðs, og skulu Stúdentaráðsliðar hafa forgang til forsætis.. Þá eiga þeir rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.

20. Grein - Skipulag nefnda

- a. Frá kjörfundi, sbr. 6. gr. og fram að skiptafundi skulu fráfarandi nefndarmeðlimir leggja sig fram við að setja nýkjörna inn í fyrirliggjandi verkefni og aðstoða við undirbúning komandi starfsárs. Í upphafi starfsárs skal varaforseti funda með nýrri nefnd.
- b. Fastanefndir halda fundi þegar þurfa þykir eða innan viku eftir að krafa um fund kemur fram, en sérhver nefndarfulltrúi getur krafist fundar.
- c. Forseti fastanefndar boðar fundi skriflega með a.m.k. eins dags fyrirvara, nema samkomulag sé í nefnd um annað. Fundir eru opnir öllum stúdentum, nema nefnd ákveði annað ef þörf er á.
- d. Stúdentaráðsliðar hafa rétt til setu á fundum fastanefnda. Hverri fastanefnd er heimilt að kalla til aðra stúdenta til nefndarfunda.
- e. Fastanefndir skulu í upphafi starfsárs setja sér starfs- og fjárhagsáætlun að svo miklu leyti sem hægt er. Nefndir skulu skila skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs.
- f. Nefndir leggja framkvæmdaáætlanir í sínum málaflokki fram fyrir Stúdentaráð til samþykktar. Á þeim Stúdentaráðsfundi getur hver nefnd lagt til breytingartillögu.

21. Grein – Skipan í nefndir Háskólaráðs

- a. Stúdentaráð skipar fulltrúa í nefndir Háskólaráðs. Sé ekki tilgreint sérstaklega hvaða embætti tekur sæti í nefnd, skal auglýst meðal háskólanema laust pláss og Stúdentaráð skal kjósa á fundi sínum fulltrúa í nefnd.
- b. Hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs, sem forseti Jafnréttisnefndar SHÍ skal sitja fundi jafnréttisnefndar.
- c. Forseti Umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ skal sitja fundi umhverfis- og sjálfbærnefndar.
- d. Fulltrúi stúdenta í kennslumálanefnd Háskólaráðs skal vera forseti Kennslumálanefndar SHÍ á skipunartíma hans.
- e. Skipaður skal fulltrúi í vísindanefnd Háskólaráðs eftir tilnefningu FEDON, félags doktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands.
- f. Auglýst skal eftir fulltrúa í ráð um málefni fatlaðs fólks.
- g. Auglýst skal eftir fulltrúa í skipulagsnefnd háskólaráðs.
- h. Auglýst skal eftir fulltrúa í málnefnd.
- i. Auglýst skal eftir áheyrnarfulltrúa í öryggisnefnd.

VI. Kafli – Stjórn Stúdentaráðs

22. Grein – *Stjórn Stúdentaráðs og verkefni hennar*

- a. Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn sem fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins.
- b. Stjórn Stúdentaráðs annast framkvæmd þeirra verkefna er ráðið felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka er ráðið ákveður hverju sinni.

23. Grein – *Skipan stjórnar*

- a. Stjórn Stúdentaráðs skal skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Sérhver fulltrúi í stjórn skal skipa varafulltrúa sinn og hefur hann seturétt á stjórnarfundum sem sá aðalfulltrúi sér ekki fært um að mæta á.
- b. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Í fjarveru þeirra einhver stjórnarmeðlima samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Forseti, í forföllum hans varaforseti, kemur fram fyrir hönd Stúdentaráðs í skiptum þess við aðila innan sem utan Háskólans. Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima og framkvæmdastjóri Stúdentaráðs skal vera ritari.
- c. Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs.
- d. Gjaldkeri hefur aðgang að fjárhagsáætlun Stúdentaráðs sem er undirbúin af framkvæmdarstjóra Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann og lögð fyrir ráðið til samþykktar. Hann fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur og bendir á fjáröflunarleiðir.
- e. Gjaldkeri og framkvæmdarstjóri gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins í upphafi starfsárs og vormisseris. Forseti og framkvæmdarstjóri skulu vera prókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs.
- f. Aðrir fulltrúar í stjórn Stúdentaráðs taka þátt í störfum hennar með þeim hætti sem þurfa þykir.

24. Grein – *Starfshættir stjórnar*

- a. Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund.
 - i. Hver fulltrúi í stjórn hefur eitt atkvæði á fundum þess og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála og kjöri, nema annað sé tekið fram í lögum þessum
- b. Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs.
- c. Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári, boða alla deildarfulltrúa nemenda við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna störf Stúdentaráðs og Háskólaráðs fyrir deildarfulltrúum og leitast eftir álitum þeirra á helstu málefnum og upplýsingum um stöðu mála í þeirra deildum.
- d. Á hverjum fundi Stúdentaráðs skal stjórn skýra ráðinu frá störfum sínum síðan síðasti fundur var haldinn.
- e. Á þeim tíma sem líður frá kosningum og þar til ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs.

- f. Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann víkja frá fundi. Þó er honum heimilt að krefjast annars Stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað.

VII. Kafli – Skrifstofa Stúdentaráðs og útgáfa

25. Grein – Skipan skrifstofu Stúdentaráðs

- a. Stúdentaráð skal ráða eða kjósa starfsfólk samkvæmt töluliðum i-vi þessarar greinar til að annast daglega framkvæmd ráðsins á skrifstofu Stúdentaráðs. Skrifstofan samanstendur af:
 - i. Forseta Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Forseti stýrir fundum ráðsins og stjórnar þess, er málsvari ráðsins út á við og gagnvart Háskólanum ásamt öðrum verkefnum samkvæmt lögum þessum eða eðli máls.
 - ii. Varaforseta Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Varaforseti er staðgengill forseta í forföllum og sinnir öðrum verkefnum samkvæmt lögum þessum eða eðli máls.
 - iii. Lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Lánasjóðsfulltrúi situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs og er fulltrúi ráðsins á fundum og í stefnumótun um Menntasjóðinn.
 - iv. Hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Hagsmunafulltrúi er umboðsmaður stúdenta gagnvart Háskólanum og leiðbeinir og aðstoðar stúdenta til að gæta réttar síns.
 - v. Framkvæmdarstjóra Stúdentaráðs, ráðinn skv. 26. gr.. Framkvæmdarstjóri hefur yfirumsjón með rekstri skrifstofu ráðsins í samráði við stjórn Stúdentaráðs og forseta. Hann hefur yfirumsjón með bókhaldi og reikningum Stúdentaráðs og ber ábyrgð á gerð ársreikninga Stúdentaráðs. Skal hann kynna ársreikninga fyrir Stúdentaráði eins fljótt og auðið er frá lokum reikningsárs og birta þá á vefsíðu ráðsins eftir samþykkt þeirra.
 - vi. Alþjóðafulltrúa Stúdentaráðs, ráðinn skv. 26 gr.. Alþjóðafulltrúi gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands. Hann annast fyrirspurnir erlenda stúdenta varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlendis. Alþjóðafulltrúi er annar af tveimur fulltrúum stúdenta í Aurora samstarfsnetinu og starfar náið með Alþjóðasviði.
 - vii. Ritstjóra Stúdentablaðsins og Akademiunnar, ráðinn skv. 26 gr.. Ritstjóri skal aldrei ráðinn til lengri tíma en eins árs. Hann hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentablaðsins og Akademiunnar og ákveður efni ritanna í samráði við ritstjórn og ber ábyrgð á þeim að lögum. Ritstjóri skal leggja fjárhagsáætlun hvers tölublaðs fyrir framkvæmdarstjóra.

26. Grein – Ráðning starfsfólks

- a. Við ráðningu þeirra fulltrúa sem ekki eru kjörnir skal meta umsækjendur á faglegum grunni og líta sérstaklega til starfsreynslu og þekkingar á viðkomandi sviði. Auglýsa skal starfið laust til umsóknar, með skýrum hætti t.a. á opinberu vefsvæði Stúdentaráðs og með tölvupósti til stúdenta. Auglýsinguna skal birta minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests. Sérstök ráðningarnefnd skipuð skv b lið fer með ráðningaferli og leggur tillögu fyrir stjórn Stúdentaráðs til atkvæðagreiðslu.
- b. Ráðningarnefnd er skipuð af oddvitum beggja fylkinga, forseta Stúdentaráðs og fulltrúa frá starfsmannasviði Háskólans.
- c. Fjöldi umsækjenda til starfa á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs skal gerður Stúdentaráði opinber. Ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs um ráðningu skal rökstudd og birt opinberlega.
- d. Eins skulu upplýsingar um ákvörðun launa starfsfólks liggja fyrir við ráðningu og öllum aðgengilegar er þeirra óskar.
- e. Starfsráðninga annarra en þeirra er getið er í 25. gr. skulu fara eftir ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs og tilkynntar Stúdentaráði.

27. Grein – Útgáfa Stúdentaráðs

- a. Stúdentaráð gefur út Stúdentablaðið, sem koma skal út reglulega yfir skólaárið. Blaðið skal fjalla um málefni stúdenta og vera opið öllum stúdentum.
- b. Stúdentaráð gefur út Akademíuna í upphafi haustmisseris. Blaðið skal miða að því að kynna Stúdentaráð og Háskólann fyrir nýnemum.
- c. Ritstjóri skal auglýsa eftir fulltrúum í ritstjórn Stúdentablaðsins með almennum stúdentapósti. Ritstjóra er einnig heimilt að leita sér aðstoðar við útgáfu Akademíunnar.

VIII. Kafli – Almennur Stúdentafundur

28. Grein – Boðun almenns stúdentafundar

- a. Almenna stúdentafundi skal halda eftir kröfu 50 háskólastúdenta hið fæsta eða fimm Stúdentaráðsliða. Skal krafan vera skrifleg og beint til stjórnar Stúdentaráðs, er síðan boðar til fundarins ásamt dagskrá eigi síðar en svo, að fundinn megi halda innan viku frá því að krafan er fram komin.
- b. Til almenns stúdentafundar skal boða í almennum stúdentapósti og með auglýsingu í helstu kennslubyggingum Háskólans. Fundarefnis skal geta í fundarboði. Forseti Stúdentaráðs stjórnar kosningu fundarstjóra í upphafi fundar, en er að öðru leyti ekki ábyrgur fyrir störfum fundarins, nema hann hljóti kjör sem fundarstjóri. Rétt til að taka þátt í afgreiðslu máls á almennum stúdentafundi hafa þeir einir, er skráðir eru til náms í Háskólanum. Komi upp ágreiningur um rétt til fundarsetu skal málinu skotið til úrskurðar fundarins.

29. Grein – Almennur Stúdentafundur

- a. Almennir stúdentafundir taka til umræðu og ályktana mál sem heyra til verksviðs Stúdentaráðs eða snerta á annan hátt alla nemendur sem skráðir eru til náms í

Háskóla Íslands. Stúdentaráði er skylt að fara að fyrirætlum $\frac{2}{3}$ fundarmeðlima á almennum stúdentafundi um málefni sem auglýst hefur verið í fundarboði, enda hafi 200 stúdentar Háskóla Íslands a.m.k. tekið þátt í atkvæðagreiðslu um málið. Almennur stúdentafundur getur úrskurðað um hvort Stúdentaráð hafi farið að fyrirætlum fundarins getur hann samþykkt að boðað verði til kosninga innan fjögurra vikna frá fundinum. Sömu reglur gilda um fjölda fundarmeðlima og samþykki á þeim fundi.

- b. Stúdentaráð skal tryggja að atkvæðagreiðsla fari fram leynilega.

30. Grein – Málskotsréttur stúdenta

- a. Skrifri 5% eða fleiri háskólanemar undir áskorun þess efnis skal Stúdentaráð boða til almennra kosninga í Háskólanum um ákveðið málefni sem viðkemur hagsmunum stúdenta.
- b. Stúdentaráði er skylt að fara eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar, þar sem einfaldur meirihluti gildir, ef kjörsókn er ekki meira en 5 prósentustigum lægri en í síðustu kosningum til Stúdentaráðs.
- c. Leitast skal við að þessar kosningar séu rafrænar og að öllum háskólanemum gefist kostur á að kjósa.
- d. Stúdentaráð skal boða til kosninganna, skipuleggja þær og kynna hvað kosið er um mest viku eftir að gild áskorun berst ráðinu og skulu kosningarnar fara fram minnst viku og mest tveimur vikum síðar. Um kærur um lögmæti kosninganna fer eftir 36. grein laga þessara.

IX. Kafli – Kosningar og kjörstjórn

31. Grein – Kosningar og kjörstjórn

- a. Á vorönn skulu kjörnir fulltrúar allra sviða Háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal við eftir fremsta megni að sem flestir stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skal taka mið af frívikum deilda. Kjörtímabil fulltrúa í Stúdentaráði er eitt ár. Kjörtímabil fulltrúa í háskólaráði er frá 1. júlí þess árs sem kosning fer fram til 30. júní tveimur árum síðar.
- b. Kosningarétt og kjörgengi til Stúdentaráðs hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári á viðkomandi fræðasviði samkvæmt reglugerð Háskólans. Sé nemandi skráður til náms á fleiri en einu fræðasviði getur hann aðeins boðið fram og kosið á einu sviði. Kjörstjórn úrskurðar um á hvaða sviði nemendur hafa kjörgengi og kosningarétt. Kosningarétt og kjörgengi til háskólaráðs hafa allir sem skráðir hafa verið til náms við Háskóla Íslands á yfirstandandi skólaári.
- c. Framboð til Stúdentaráðs geta verið einstaklingsframboð eða framboðslistar sem samanstanda af minnst tveimur frambjóðendum og mest þeim fjölda fulltrúa sem taka munu sæti í Stúdentaráði á viðkomandi sviði. Framboð til háskólaráðs skulu vera framboðslistar sem samanstanda af fjórum frambjóðendum. Allir framboðslistar skulu tilteknir á kjörseðli.
- d. Framboð skulu vera skrifleg. Skal fylgja hverju framboði skriflegt samþykki allra þeirra sem í framboði eru því til staðfestingur.

- e. Framboð skulu safna tilhlýðandi stuðningi af stúdentum á viðkomandi fræðasviði. Frambjóðendur til Stúdentaráðs geta ekki stutt eigin framboðslista og stuðningur við framboð skal vera skriflegur. Safna skal 10 stuðningsmönnum fyrir hvern einstakling á framboðslista. Þjóði sömu samtök fram framboðslista á öllum sviðum þurfa stuðningsmenn listans þó aldrei að vera fleiri en 100 í heildina. Kjörstjórn má ákveða að stuðningur við framboð sé gerður með rafrænum hætti og skal það auglýst með auglýsingu um framboð.
- f. Frambjóðendur til háskólaráðs geta ekki stutt eigin framboðslista og stuðningur við framboð skal vera skriflegur. Hver einstaklingur í framboði skal studdur af 20 stúdentum við Háskóla Íslands en frambjóðendur á sama lista geta safnað undirskriftum sínum í nafni listans.
- g. Kjósandi má greiða öllum einstaklingum í framboði atkvæði sitt óháð framboðslistum, í þeirri röð sem hann kys. Kjósanda skal heimilt að kjósa einn eða fleiri frambjóðanda en þó engu fleiri en þann fjölda fulltrúa sem taka á sæti í Stúdentaráði á viðkomandi sviði og hvern frambjóðanda má aðeins setja í eitt sæti. Kjósendur geta hakað við framboðslista og velja þannig sjálfkrafa frambjóðendur listans í þeirri röð sem þeir bjóða fram á viðkomandi lista. Kjósendum er þó heimilt að breyta því vali eftir að hakað hefur verið við lista.
- h. Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs skal sjá um að útbúa kjörskrá fyrir hvert fræðasvið í samráði við Nemendaskrá og skal hún liggja fyrir minnst tveimur vikum áður en kjörfundur hefst. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að koma kjörskrá til Upplýsingatæknisviðs (UTS) ásamt öðrum samskiptum við UTS vegna framkvæmda rafrænna kosninga.

32. Grein – Kjörstjórn

- a. Stúdentaráð kys fyrir 1. nóvember ár hvert kjörstjórn til að sjá um kosningar til Stúdentaráðs. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs.
- b. Kjörstjórn er skipuð fjórum einstaklingum, tveir fulltrúar frá hvorri fylkingu. Óheimilt er að skipa Stúdentaráðsliða, háskólaráðsliða eða frambjóðendur til setu í kjörstjórn. Stúdentaráð skipar einnig forseta kjörstjórnar sérstaklega. Nú falla atkvæði jafnt á kjörstjórnarfundi, ræður þá atkvæði forseta úrslitum.
- c. Kjörstjórn annast aðalkosningar og aukakosningar, undirbýr kosningar, ákveður kjörfund og hverja aðra framkvæmd sem viðkemur kosningum. Tímasetning kjörfundar skal liggja fyrir og vera auglýst meðal Stúdenta eigi síðar en 1. desember ár hvert. Kjörstjórn er heimilt að skipa sér aðstoðarmanneskju við framkvæmd kosninga.
- d. Framboð eiga rétt á að fá aðgang að kjörskrá, en þó ekki fyrr en að gildu framboði hefur verið skilað til kjörstjórnar. Einungis skal afhenda kjörskrá gegn undirritun trúnaðaryfirlýsingar. Kærur vegna kjörskrár skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi einni viku áður en almennur kjörfundur hefst. Úrskurðum kjörstjórnar má skjóta til Stúdentaráðs.
- e. Kjörstjórn lýsir eftir framboðum og skal framboðsfrestur vera minnst ein vika og rennur út 10 dögum fyrir kjörfund. Kjörstjórn skal auglýsa aðsetur sitt með almennum

stúdentapósti, þar sem framboðum er veitt viðtaka og þar sem unnt er að ná sambandi við hana.

- f. Framboð skulu tilnefna umboðsaðila sinn samhliða staðfestingu á framboði og skal sá aðili vera helsti tengiliður framboða við kjörstjórn. Umboðsaðila þessum er heimilt að hafa eftirlit með kjörstjórn og skal hafa aðgang að fundargerðum kjörstjórnar. Kjörstjórn skal leitast við að halda góðu upplýsingaflæði til framboðanna í gegnum umboðsaðilann, sem ber svo ábyrgð á því að upplýsa sitt framboð. Umboðsaðilinn skal hafa aðgang að fundargerðum kjörstjórnar.
- g. Opnunartími kjörstaða skal auglýstur samhliða auglýsingu eftir framboðum, en opnunartíminn skal jafnframt auglýstur viku fyrir fyrri kjördag og báða kjördaga.
- h. Berist ekki framboð til tiltekins sviðs skal framlengja framboðsfrest á því sviði um 3 sólarhringa og fresta kosningum jafn lengi. Skal slík framlenging auglýst rækilega af kjörstjórn. Berist ekki nægilega mörg framboð til sviðsins eftir þann frest skulu framkomnir frambjóðendur, ef einhverjir eru, teljast sjálfkjörnir og nýkjörið Stúdentaráð skipar aðra fulltrúa á viðkomandi sviði þar til það er fullmannað skv. 13. gr. Lýsi fleiri yfir áhuga á setu í Stúdentaráði á viðkomandi sviði við svo búið skal Stúdentaráð kjósa milli þeirra í hlutfallskosningu.
- i. Séu frambjóðendur til Stúdentaráðs á viðkomandi sviði ekki fleiri en fulltrúar þess sviðs skoðast þeir frambjóðendur sjálfkjörnir.
- j. Berist færri en fjögur framboð til háskólaráðs skal nýkjörið Stúdentaráð skipa aðalfulltrúa og/eða varafulltrúa í háskólaráð þar til ráðið er fullskipað og réttum fjölda varafulltrúa náð.
- k. Kjörstjórn skal auglýsa rækilega framkomin framboð og alla kosningatilhögun og hvenær kjörfundur fer fram. Kjörstjórn annast gerð kjörseðla. Á honum skulu koma fram allir frambjóðendur og framboðslistar sem eru í framboði á því sviði sem kjósandinn kys.
- l. Kjörstjórn skal skila skriflegri skýrslu um störf sín og framkvæmd kosninganna til Stúdentaráðs og háskólaráðs eigi síðar en 2 mánuðum eftir kosningarnar.

33. Grein – Framkvæmd kosninga

- a. Kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs skulu vera rafrænar sé þess kostur.
 - i. Kjörstjórn skal heimilt að leita til sérfróðra aðila um framkvæmd rafrænna kosninga. Framkvæmd skal vera hagað þannig að öllum stúdentum sé gert kleift að nýta kosningarétt sinn og skal kosning opin á hinu rafræna kosningkerfi í allt að tvo daga. Kjörstjórn ákveður opnunartíma hins rafræna kosningakerfis á kjördögum.
 - ii. Kjörstjórn skal auglýsa opnunartíma kosningakerfisins a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um opnunartíma kosningakerfisins til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar.
- b. Frambjóðendur og aðrir sem tengjast framboðunum skulu koma fram að virðingu og heiðarleika í kosningabaráttu sinni. Þeim er ekki heimilt að vera með áróður í byggingum skólans á kjördögum.
 - i. Kjörstjórn skal setja frekari reglur um það hvað framboðunum er heimilt í samskiptum við kjósendur og önnur framboð í aðdraganda kosninga og

- hvaða afleiðingar brot á þeim reglum hafa í för með sér. Reglur þessar skulu staðfestar af Stúdentaráði og birtar á heimasíðu Stúdentaráðs.
- ii. Kjörstjórn skal funda með fulltrúum framboðanna og fara yfir reglur þessar. Fulltrúar frá framboðunum skulu skrifa undir drengskaparheit þess efnis að þau muni fylgja reglunum og séu meðvituð um afleiðingarnar séu þær brotnar. Undirskrift þessi er skilyrði fyrir framboði í kosningum til Stúdentaráðs og háskólaráðs.
 - iii. Brjóti framboð gegn þessum reglum eða lögum Stúdentaráðs skulu kjörstjórnarfulltrúar bregðast við með skriflegri áminningu. Kjörstjórnarfulltrúi sem áminningu veitir skal gera áminntum aðila grein fyrir ástæðu áminningarinnar og veita honum færi á að koma að athugasemdum.
 - iv. Áminntur aðili getur skotið áminningunni til kærunefndar kjörstjórnar innan klukkustundar eftir að hún er veitt. Skal hún úrskurða um réttmæti áminningar innan klukkustundar frá því að kæra berst. Kjörstjórn skal skipa þrjá einstaklinga í kærunefnd viku fyrir fyrri kjördag.
- d. Framboðslistum er óheimilt að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Verði framboðslisti uppvis að slíku skal kjörstjórn tilkynna opinberlega um brotið og brotlegan aðila. Við ítrekuð og alvarleg brot á þessu hefur kjörstjórn heimild til að vísa viðkomandi framboði úr kosningum. Þeirri ákvörðun má þó áfrýja til Stúdentaráðs og $\frac{2}{3}$ hlutar Stúdentaráðs geta hnekktt henni.
- e. Kjörstjórn skal birta niðurstöður kosninga eigi síðar en fjórum vikum eftir kosningar. Þar skal koma fram fjöldi atkvæða sem hver frambjóðandi hlýtur ásamt tölum um kosningabátttöku.

34. Grein – *Talning atkvæða í kosningu til Stúdentaráðs*

- a. Að afloknum kosningum telur kjörstjórn atkvæði og úrskurðar hverjir teljist réttkjörnir samkvæmt almennum reglum um lýðræðislegar kosningar.
- b. Á hverju sviði skal reikna kosningaúrslit með þeim hætti að fyrir hvern kjósanda sem kys frambjóðanda í tiltekið sæti á ákveðnu sviði í Stúdentaráði, fær viðkomandi frambjóðandi tiltekinn fjölda atkvæða:
 - i. Eitt atkvæði fyrir 1. sæti.
 - ii. $\frac{1}{2}$ atkvæði fyrir 2. sæti.
 - iii. $\frac{1}{3}$ atkvæði fyrir 3. sæti o.s.frv. eftir atvikum.
- c. Þeir frambjóðendur á hverju sviði sem hljóta flest atkvæði samkvæmt þessari talningu hljóta sæti sem aðalfulltrúar í Stúdentaráði fyrir viðkomandi fræðasvið. Þeir sem næstir koma á viðkomandi framboðslista skulu vera varafulltrúar aðalfulltrúa, jafnir að tölu og aðalfulltrúar.

35. Grein – *Talning atkvæða í kosningu til Háskólaráðs*

- a. Við kosningar til háskólaráðs skal reikna kosningaúrslit með þeim hætti að fyrir hvern kjósanda sem kys frambjóðanda í tiltekið sæti fær viðkomandi frambjóðandi tiltekinn fjölda atkvæða:
 - i. Eitt atkvæði fyrir 1. sæti.

- ii. ½ atkvæði fyrir 2. sæti.
 - iii. ⅓ atkvæði fyrir 3. sæti.
 - iv. ¼ atkvæði fyrir 4. sæti.
- b. Frambjóðendur til háskólaráðs hljóta eftirfarandi sæti eftir atkvæðafjölda:
- i. Fyrsti aðalfulltrúi.
 - ii. Annar aðalfulltrúi.
 - iii. Varafulltrúi fyrsta aðalfulltrúa.
 - iv. Varafulltrúi annars aðalfulltrúa.
- c. Hljóti frambjóðendur jafnmörg atkvæði skv. þessari talningu og skera þarf úr um hvor þeirra fær sæti í Stúdentaráði eða háskólaráði skal sá þeirra sem hlaut fleiri atkvæði í 1. sæti í kosningum ná kjöri. Ráði það ekki úrslitum er litið til 2. sætis og svo koll af kolli. Ráði það ekki úrslitum skal notast við hlutkesti.

36. Grein – Kosningakæra

- a. Hver sá sem hefur kosningarétt í kosningum til Stúdentaráðs og háskólaráðs getur véfengt lögmati kosninganna og skal hann þá leggja fram skriflega og rökstudda kæru til skrifstofu Stúdentaráðs innan tveggja vikna frá lokum kjörfundar. Gerðardómur Stúdentaráðs Háskóla Íslands úrskurðar um lögmati kosninganna.
- b. Gerðardómur Stúdentaráðs HÍ skal fullskipaður ekki síðar en viku eftir að kærufrestur er liðinn, hafi skrifleg og rökstudd kæra borist skrifstofu SHÍ. Þeir frambjóðendur sem bjóða fram í viðkomandi kosningum skulu koma sér saman um þrjá hlutlausa einstaklinga til þess að sitja í dómnum. Í dóminn skal skipa a.m.k. einn lögfræðing. Í Gerðardóminn má ekki skipa stúdenta við HÍ.
- c. Gerðardómurinn skal skila niðurstöðu sinni um lögmati kosninganna innan tveggja vikna eftir að hann er fullskipaður. Sé niðurstaða Gerðardóms SHÍ að kosning til Stúdentaráðs og/eða háskólaráðs eða háskólaþings hafi brotið í bági við lög þessi og ætla megi að brotið hafi haft áhrif á úrslit kosninganna, skulu aukakosningar fara fram innan mánaðar. Sömu reglur gilda um aukakosningar og aðalkosningar. Að kærufresti liðnum skal eyða kjörgögnum og eftirlitsgögnum framboðanna.

X. Kafli – Hagsmunaskrá Stúdentaráðs

37. Grein – Hagsmunaskrá SHÍ

- a. Hagsmunaskrá SHÍ er samansafn upplýsinga um starfsemi fulltrúa SHÍ innan félaga- og stjórnmalastarfa. Tilgangur hagsmunaskrár er að auka gegnsæi og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í störfum SHÍ.
- b. Upplýsingaskylda hafa allir fulltrúar SHÍ: Stúdentaráðsliðar (bæði aðal- og varafulltrúar), nefndarmeðlimir, sviðsráðsmeðlimir, skrifstofa SHÍ (bæði ráðnir og skipaðir fulltrúar) ásamt öðrum fulltrúum sem gegna embættum innan SHÍ.
- c. Upplýsingaskylda felur í sér að tilgreina eftirfarandi störf. Taka skal fram hvort hvort aðild/og eða þátttaka var ólaunuð eða launuð og sæti á lista, titil embættis og/eða starfsheiti eftir því sem við á:
 - i. Trúnaðarstarf innan stjórnmalaflokka síðastliðin 2 ár.

- ii. Trúnaðarstarf innan stjórnmalaflokka samhliða starfi í SHÍ.
 - iii. Stjórnarstörf innan félagasamtaka síðastliðin 2 ár.
 - iv. Stjórnarstörf innan félagasamtaka samhliða starfi í SHÍ.
 - v. Önnur þátttaka í starfi flokka og/eða félagasamtaka.
 - viii. Mögulega hagsmunaárekstra ofangreindra liða í starfi SHÍ.
- d. Falli upplýsingar í liðum iii. og iv. í c-lið undir viðkvæmar persónuupplýsingar (skv. 8. tl. 2. gr. persónuverndarlaga nr 77/2000) er viðkomandi óskilt að gefa þær upp.
- e. Forseti SHÍ skal senda rafrænt eyðublað til útfyllingar fyrir hagsmunaskrá á viðeigandi fulltrúa, sbr. 36. gr., eigi síðar en einni viku eftir fyrsta Stúdentaráðsfund (í kjölfar skiptafundar). Komi nýr fulltrúi til starfa eða verði skipti á fulltrúum innan SHÍ skal þeim vera sent sama eyðublað eigi síðar en viku eftir að þeir hefja störf.
- f. Hagsmunaskrá skal gerð opinber og aðgengileg eins fljótt og auðið er á skrifstofu SHÍ og heimasíðu, nema viðkomandi fulltrúi stúdenta óski þess að undanskilja birtingu á heimasíðu.

38. Grein – Verklagsreglur

- a. Um störf Stúdentaráðs Háskóla Íslands gilda verklagsreglur sem samþykktar skulu á fyrsta fundi ráðsins eftir skiptafund árlega. Stúdentaráði er heimilt að leggja til breytingar á verklagsreglunum, skal þá kosið um þær á Stúdentaráðsfundi.

XI. Kafli – Gildistaka og breytingar á lögum, bráðabirgðaákvæði

39. Grein – Lagabreytingar

- a. Til þess að lögum þessum verði breytt eða við þau aukið, verður eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:
 - i. Tillaga um breytinguna þarf að hafa verið kynnt í fundarboði eða lögð fram á síðasta fundi ráðsins.
 - ii. Breytingin þarf að hljóta samþykki a.m.k. $\frac{2}{3}$ fundarmeðlima á löglega boðuðum Stúdentaráðsfundi.
 - iii. Lagabreyting öðlast þegar gildi nema á annan veg sé kveðið í henni. Lagabreytingar skal auglýsa tryggilega. Tilkynning um samþykki Stúdentaráðs á lagabreytingu skal birt á vefsíðu Stúdentaráðs.
 - iv. Sé almennur stúdentafundur haldinn um lagabreytinguna innan mánaðar frá því að hún var samþykkt, getur hann því aðeins felld hana úr gildi að hann fullnægi ákvæðum þessara laga. Fullnægi almennur stúdentafundur ekki þessum ákvæðum ákveður Stúdentaráð hvort lagabreytingin skuli felld úr gildi eða málið tekið upp að nýju.
 - v. Að loknum lagabreytingum skal forseti Stúdentaráðs gefa út gildandi lög ráðsins. Forseti Stúdentaráðs ber ábyrgð á því að gildandi lög Stúdentaráðs séu alltaf aðgengileg.

Verklagsreglur Stúdentaráðs

2023-2024

1 Stúdentaráð	3
1.1 Hlutverk Stúdentaráðs skv. lögum	3
1.2 Verklagsreglur Stúdentaráðs.....	3
1.2.1 Stúdentaráðsliðar	3
1.2.2 Varafulltrúi.....	4
1.2.3 Ritari Stúdentaráðs	4
2 Sviðsráð	4
2.1 Hlutverk sviðsráða skv. lögum Stúdentaráðs	4
2.2 Verklagsreglur sviðsráða	5
2.2.1 Fundir sviðsráðs.....	5
2.2.2 Skiptafundur	5
2.2.3 Forseti sviðsráðs.....	5
2.2.4 Ritari sviðsráðs.....	6
2.2.5 Annað.....	6
3 Stjórn Stúdentaráðs	6
I. Helstu ábyrgðir og skyldur stjórnar:	7
II. Nánari verklagsreglur um störf stjórnar.....	8
4 Skrifstofa Stúdentaráðs	9
4.1 Verklagsreglur vegna ráðninga á skrifstofu SHÍ.....	9
4.2 Verklagsreglur vegna skipun í stjórn Félagsstofnunar stúdenta.....	9
4.3 Verklagsreglur vegna skipan í nefndir háskólaráðs	10
4.4 Verklagsreglur vegna skipan í stjórn Byggingafélags námsmanna	10
4.5 Verklagsreglur við tilnefningar SHÍ í stöður ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum	10

4.6	Verklagsreglur skrifstofu SHÍ.....	11
	I. Verklag við störf starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs:.....	11
	II. Störf og hlutverk starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs:	12
5	Fastanefndir Stúdentaráðs	20
5.1	Hlutverk fastanefnda	20
5.2	Verklagsreglur fastanefnda	21
5.2.1	Fundir	21
5.2.2	Skiptafundur	21
5.2.3	Forseti fastanefndar	21
6	Úrsögn eða brottvikning	22
6.1	Úrsögn eða brottvikning Stúdentaráðsliða	22
6.2	Úrsögn eða brottvikning annarra embætta innan Stúdentaráðs.....	22
7	Fundir Stúdentaráðs	22
7.1	Hlutverk Stúdentaráðsfunda skv. lögum.....	22
7.2	Verklagsreglur Stúdentaráðsfunda.....	23
7.2.1	Fundarsköp	23
8	Kjörfundur og skiptafundur	25
9	Stefna Stúdentaráðs og framkvæmdaáætlanir	26
10	Fjármál.....	26
10.1	Ársreikningur og endurskoðun	26
10.2	Fjármögnun samtakanna og fjárhagsáætlun.....	27
11	Verklag vegna ráðstefna og funda erlendis.....	27
12	Um þátt stúdenta í rektorskosningum	28
13	Breytingar á verklagsreglum	28

1 Stúdentaráð

1.1 Hlutverk Stúdentaráðs skv. lögum

Í Stúdentaráði sitja 17 fulltrúar sem eru kjörnir á vormisseri ári hverju í stúdentaráðskosningum meðal allra stúdenta við Háskóla Íslands. Fulltrúar í Stúdentaráði 2023-2024 eru 17 samtals og eru ákvarðaðir í samræmi við fjölda nemenda á fræðasviðunum. Nú eru 3 fulltrúar frá hverju sviði að undanskildu Félagsvísindasviði sem hefur 5 fulltrúa.

Stúdentaráð er með æðsta ákvörðunarvald af einingum SHÍ. Starfstími ráðsins miðast við skiptafund ár hvert og eru Stúdentaráðsliðar kjörnir árlega í almennum kosningum meðal allra skráðra stúdenta við HÍ.

Um störf Stúdentaráðs gilda verklagsreglur samkvæmt lögum ráðsins. Stúdentaráð skal einnig setja sér siða- og jafnréttisreglur sem fara skal með eins og verklagsreglur ráðsins skv. 38. gr. laga Stúdentaráðs.

Verklagsreglur þessar voru samþykktar á Stúdentaráðsfundi þann 13. desember 2023 og gilda fyrir starfsárið 2023-2024.

1.2 Verklagsreglur Stúdentaráðs

1.2.1 Stúdentaráðsliðar

Sérhver Stúdentaráðsliði er ábyrgur fyrir því að kynna sér öll þau gögn, lög, verklagsreglur, leiðbeiningar og skýrslur um hagsmuni stúdenta sem liggja fyrir í upphafi starfsárs og í gegnum starfsárið. Stúdentaráðsliðum ber skylda til að mæta á fundi ráðsins, kynna sér gögn og taka virkan þátt í fundarstarfsemi SHÍ sem og á milli funda.

Stúdentaráðsliðar skulu kynna sér handbók ráðsins, lög ráðsins, stefnu þess, verklagsreglur þessar og stefnu Háskóla Íslands. Umfram það skulu Stúdentaráðsliðar þekkja til laga og reglna Landssamtaka íslenskra Stúdenta og stefnu samtakanna.

Stúdentaráðsliði skal mæta á fundi en skyldi hann forfallast skal boða löggiltan varafulltrúa fyrir fund og greina forseta Stúdentaráðs frá því tímanlega. Ásamt því skal veita varafulltrúanum aðgang að öllum fundargögnum. Stúdentaráðsliðar hafa fullan þátttökurétt við afgreiðslu mála innan ráðsins. Stúdentaráðsliðar sinna vinnu sinni af heilindum og í samræmi við stefnur og lög SHÍ.

Stúdentaráðsliðar ættu að hafa eftirfarandi í huga á fundum ráðsins:

- Að búa sig sem best undir þátttöku á fundinum.
- Að mæta stundvíslega, áður en fundur hefst formlega.

- Að fylgjast með störfum fundarins og forðast óþarfa ráp á meðan fundurinn stendur yfir.
- Að trufla ekki fund með fram í köllum.
- Að virða fundarstjórn og mælendaskrá.
- Að fylgja fundarsköpum Stúdentaráðs skv. lögum ráðsins og 6. kafla þessara reglna.
- Að kynna sér efni þessara reglna og fylgja þeim í hvívetna.

1.2.2 Varafulltrúi

Sérhver aðalfulltrúi í Stúdentaráði tilnefnir einn varafulltrúa fyrir sig á kjörfundi. Forfallist varafulltrúi getur varafulltrúi annars stúdentaráðsliða innan sama sviðs og sömu fylkingar komið í hans stað. Varafulltrúi verður að vera á sama sviði og aðalfulltrúi og má ekki vera annar aðalfulltrúi í ráðinu.

Varafulltrúar fá alltaf fundarboð og öll fundargögn fyrir alla fundi. Varafulltrúar hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins en fá aðeins atkvæðisrétt þegar þeir mæta í stað aðalfulltrúa.

1.2.3 Ritari Stúdentaráðs

Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs skal vera ritari Stúdentaráðs í samræmi við lög ráðsins. Sá einstaklingur ritar einnig fundargerðir stjórnar Stúdentaráðs.

Fundargerðir Stúdentaráðs eru samþykktar í upphafi hvers fundar. Hægt er að senda inn athugasemdir við fundargerðir fyrir hvern fund og eru þær þá teknar fyrir á fundinum, en einnig er hægt að bera upp athugasemdir á fundinum þegar fundargerðin er tekin fyrir. Samþykktar fundargerðir eru birtar á vef Stúdentaráðs, student.is, og eru opnar öllum.

Fundaraðilar sem bóka eða leggja fram tillögur á fundum ráðsins skulu skila þeim til fundarritara fyrir fundarlok og skulu eftir fundarlok staðfesta staðsetningu þeirra í fundargerð hjá ritara áður en fulltrúinn yfirgefur fund.

2 Sviðsráð

2.1 Hlutverk sviðsráða skv. lögum Stúdentaráðs

Sérhvert sviðsráð skal gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Ef upp kemur málefnalegur og persónulegur ágreiningur innan sviðsráðs, þá má bera það undir skrifstofu Stúdentaráðs. Fulltrúar sviðsráðs hafa málfrelsis og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

2.2 Verklagsreglur sviðsráða

2.2.1 Fundir sviðsráðs

Sviðsráð skulu setja sér nánari verklagsreglur í upphafi hvers árs og skulu þær vera birtar á student.is. Verklagsreglur þessar eru aðeins lágmarksreglur fyrir störf hvers sviðsráðs.

Sviðsráð skulu í upphafi starfs síns einnig setja sér stefnu og/eða aðgerðaráætlun sviðsráðs að svo miklu leyti sem hægt er.

Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi ráðsins. Á fundum ráðsins hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt. Við atkvæðagreiðslu á fundum sviðsráðs hefur hver fulltrúi eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

2.2.2 Skiptafundur

Á milli kjörfundar Stúdentaráðs og skiptafundar Stúdentaráðs skal fráfaramandi sviðsráð fara yfir störf ráðsins á liðnu starfsári og kynna nýtt ráð fyrir störfum þess. Starfstími sviðsráðs miðast við skiptafund Stúdentaráðs ár hvert.

Sviðsráð skal í kjölfar kjörfundar Stúdentaráðs halda sérstakan skiptafund þar sem fráfaramandi og nýtt sviðsráð koma saman. Á þessum skiptafundi tilnefnir fráfaramandi sviðsráð nýjan forseta eða óskar eftir tilnefningum. Nýtt sviðsráð kys forseta og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Kosið skal um ritara sviðsráðs og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Séu önnur embætti innan ráðsins skal einnig kjósa í þau.

Verklagsreglur skulu kynntar sviðsráðmeðlimum á skiptafundi ráðsins og teknar til endurskoðunar og umræðna af nýju sviðsráði. Fráfaramandi forseti gerir grein fyrir ársskýrslu sviðsráðs og eru fráfaramandi fulltrúar sviðsráðs ábyrgir fyrir því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og stöðu mála á vegum sviðsráðs. Fráfaramandi forseti ber ábyrgð á að koma öllum nauðsynlegum gögnum til nýs sviðsráðs.

2.2.3 Forseti sviðsráðs

Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara. Heimilt er að boða fund með styttri fyrirvara ef nauðsyn ber til og allir meðlimir sviðsráðsins samþykkja að svo sé gert. Forseti ber ábyrgð á fundargögnum, sem fylgja með fundarboði. Forseti stýrir fundum ráðsins en ef hann forfallast ber ritara sviðsráðs að stýra fundi.

Forseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og ber ábyrgð á því að upplýsa sviðsráð sitt um það sem fer þar fram og skal það gert í upphafi hvers fundar.

Forseti ber ábyrgð á stefnu og/eða aðgerðaráætlun sviðsráðs og að henni sé framfylgt. Hann er ábyrgur fyrir útdeilingu verkefna og hefur yfirumsjón með öllum þeim verkefnum sem eru í

gangi í hvert sinn. Forseti er ábyrgur fyrir gerð ársskýrslu sviðsráðs sem skal gerð í samráði við forseta Stúdentaráðs og skila í ársskýrslu Stúdentaráðs.

2.2.4 Ritari sviðsráðs

Ritari ritar fundargerðir sviðsráðs og er ábyrgur fyrir því að gera þær aðgengilegar fyrir alla fulltrúa ráðsins.

2.2.5 Annað

Sviðsráð skal halda opinn upplýsingafund fyrir nemendum sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.

Þá skulu sviðsráðsforsetar eða viðeigandi fulltrúar innan sviðsráðsins halda samráðsfundi með formönnum nemendafélaga hverja skólaönn. Á samráðsfundum þessum skal leita áhlits nemendafélaga á hinum ýmsu hagsmunamálum stúdenta. Á þessum fundum skal gæta að hagsmunafulltrúi hvers nemendafélags eða, í tilfellum sem það á ekki við, deildarfulltrúi nemenda, sé viðstaddur. Þetta skal hvetja til aukins samstarfs milli sviðsráðanna og nemendafélaganna.

Meðlimir sviðsráðsins skulu eftir fremsta megni halda samskiptum sínum á faglegum nótum og fylgja siðareglum Stúdentaráðs í hvívetna.

Sviðsráð ber ábyrgð á því að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ og ráðið sjálft fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.

Aðrar verklagsreglur hér eftir eiga jafnt um sviðsráðsmeðlimi sem stúdentaráðsliða.

3 Stjórn Stúdentaráðs

Stjórn Stúdentaráðs setur sér verklagsreglur í upphafi hvers árs sem skal birta í verklagsreglum þessum.

Inngangur

Stjórn Stúdentaráðs er skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Oddvitar fylkinga Stúdentaráðs ásamt fulltrúa FEDON hafa áheyrnarrétt á stjórnarfundum. Sérhver fulltrúi í stjórn skal skipa varafulltrúa. Forseti fylkingar skal vera varafulltrúi oddvita. Forseti stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stýrir stjórnarfundum. Það er á ábyrgð forseta að boða til stjórnarfunda og dreifa fundargögnum til fundarmanna.

Stjórn Stúdentaráðs skal setja sér verklagsreglur samkvæmt lögum Stúdentaráðs. Verklagsreglur þessar voru samþykktar af stjórn þann 20. júlí 2023 og gilda fyrir starfsárið 2023-2024.

I. Helstu ábyrgðir og skyldur stjórnar:

1.1 Heimild stjórnar til atkvæðagreiðslna og ákvarðanatöku

Stjórn ber að taka fyrir og annast framkvæmd ályktana eða tillagna sem Stúdentaráð samþykkir. Stjórn er heimilt að taka ákvarðanir og afgreiða mál innan þeirra marka sem Stúdentaráð ákveður hverju sinni.

Samkvæmt lögum ráðsins fer stjórn með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins. Til þess að dagleg hagsmunabarátta geti farið fram með skilvirkum hætti skal stjórn hafa svigrúm til ákvarðanatöku óháð umræðum eða afgreiðslum Stúdentaráðsfunda í undantekningartilvikum. Við þá vinnu setur stjórn sér eftirfarandi verklag:

- Útgjöld eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar Stúdentaráðs sem munu kosta ráðið fé skulu lagðar fyrir stjórn, nema að gert sé ráð fyrir kostnaðinum í samþykktri fjárhagsáætlun. Séu útgjöld eða kostnaður óvenjulegur miðað við ársreikning fyrri ára eða stjórn telur að öðru leyti þörf á, skal leggja útgjöldin fyrir Stúdentaráð.
- Stjórn getur tekið nauðsynlegar ákvarðanir til að daglegur rekstur og hagsmunabarátta Stúdentaráðs staðni ekki og skal haga ákvörðunum stjórnar þannig að Stúdentaráð komi að ferli mála með eins ríkum hætti og kostur er.
- Það skal upplýsa stjórn um smávægilegar hagræðingar á rekstri ráðsins, sparnað á fé eða auknar tekjur ráðsins.

Stjórn Stúdentaráðs skal fara eftir verklagsreglum Stúdentaráðs og skal sérstaklega gæta að því ef þær ganga lengra en verklagsreglur þessar.

Stjórn Stúdentaráðs skal koma að ráðningu starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs eftir lögum og verklagsreglum ráðsins. Stjórn skal gæta trúnaðar um persónuverndarupplýsingar og er bundin trúnaði um einstaka umsækjendur. Þá skal einungis forseti svara spurningum vegna ráðninga í stöður á skrifstofu Stúdentaráðs. Stjórn skal almennt gæta sams konar trúnaðar vegna annarra ráðninga og/eða skipana sem koma fyrir stjórn.

1.2 Hlutverk innan stjórnar

Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima en ritari skal vera framkvæmdastjóri Stúdentaráðs.

Gjaldkeri skal kjörinn í upphafi starfsárs. Gjaldkeri stjórnar, ásamt framkvæmdastjóra, annast gerð fjárhagsáætlunar Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann. Áætlunin er lögð fyrir Stúdentaráð til samþykktar. Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdastjóra gera

Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti í samræmi við lög. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri skulu þess á milli svara fyrirspurnum um stöðu fjárhagsáætlunar innan viku frá því að þær berast þeim.

Ritari ritar fundargerðir stjórnarfundna og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs. Ritara ber að halda fundargerð um öll atriði fundar stjórnar sem skal vera aðgengileg á skrifstofu Stúdentaráðs fyrir stjórnarmeðlimi. Ritara ber að gera útdrátt fundargerðar aðgengilegan fyrir Stúdentaráðsliða þar sem gætt er að því að trúnaðarmál birtist ekki.

Stjórn skal gæta gagnkvæmra upplýsingatengsla á milli Stúdentaráðs og nemendafélaga stúdenta. Á hverju starfsári skal stjórn halda kynningarfund fyrir nemendafélögin um störf Stúdentaráðs.

Stjórn skal gæta að því að skýra Stúdentaráði reglulega frá helstu viðfangsefnum stjórnar.

II. Nánari verklagsreglur um störf stjórnar

Stjórn Stúdentaráðs 2023-2024 setur eftirfarandi verklagsreglur til viðmiðunar við störf sín:

2.1. Fundir stjórnar

Stjórn skal funda einu sinni í mánuði og helst u.þ.b. viku fyrir hvern Stúdentaráðsfund. Möguleiki er á tíðari fundum ef upp koma mál inn á milli funda Stúdentaráðs.

Fundir teljast lögmætir ef fjórir fulltrúar eru viðstaddir. Stjórnarmeðlimir bera ábyrgð á að boða varafulltrúa og upplýsa þá um fundardagskrá og fundargögn. Það skal fara gætilega með fundargögnin og gæta trúnaðar.

2.2. Önnur hlutverk stjórnar

Stjórn skal gæta þess að upplýsa Stúdentaráð reglulega frá helstu viðfangsefnum stjórnar og skulu sviðsráðsforsetar undirbúa kynningu á störfum sínum fyrir Stúdentaráði á starfsárinu

Óski Stúdentaráðsliðar eftir fundargerðum stjórnar skal forseti gera þau aðgengileg.

Athugið að þessi listi er ekki tæmandi og einnig eru ýmis tilfallandi verkefni sem stjórn sinnir yfir hvert skólaár í samstarfi við réttindaskrifstofu Stúdentaráðs, Stúdentaráð og aðra hagsmunaaðila hverju sinni.

4 Skrifstofa Stúdentaráðs

4.1 Verklagsreglur vegna ráðninga á skrifstofu SHÍ

Skrifstofa Stúdentaráðs ber ábyrgð á að fara að lögum ráðsins við ráðningu starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs. Gæta skal að faglegu ferli við ráðningu, 10 daga umsóknarfrests og skipun ráðninganefndar við fyrsta tækifæri.

Umfram lög ráðsins skal forseti bjóða oddvitum beggja fylkinga sem eiga sæti í ráðningarnefnd að skipa fyrir sig varafulltrúa í ráðningarnefndinni. Miða skal við að sá varafulltrúi komist í viðtöl allra umsækjenda vegna þess starfs sem hann tekur þátt í við ráðningarferlið.

Sé óeining innan ráðningarnefndar um hæfni umsækjenda eða hver niðurstaða nefndarinnar eigi að vera skal gera stjórn grein fyrir því. Þá skal vera heimilt að skila inn álitum minnihluta til stjórnar.

Sé það mögulegt skal gera ferilskrár og kynningarbréf aðgengileg stjórnarmeðlimum með læstri aðgangsstýringu. Sé þess ekki kostur skal stjórn Stúdentaráðs skal hafa aðgang að samantekt um umsækjendur frá ráðningarnefndinni og skal gæta að persónuverndarlögum við þá upplýsingagjöf.

Starfsráðningar annarra en þeirra er getið er í 25. gr. og 26. gr. laga ráðsins skulu fara eftir ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs og tilkynntar Stúdentaráði sbr. 26. gr. laganna.

4.2 Verklagsreglur vegna skipun í stjórn Félagsstofnunar stúdenta

Skrifstofa Stúdentaráðs ber ábyrgð á að framfylgja lögum og verklagi um skipan fulltrúa stúdenta í stjórn Félagsstofnunar stúdenta (FS). Skipunartímabil er til tveggja ára í senn samkvæmt *reglugerð fyrir Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands*.

Skrifstofa Stúdentaráðs skal auglýsa eftir umsóknum til setu í stjórn FS og skal auglýsingin vera birt með minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests. Samkvæmt o-lið 7. gr laga ráðsins skal hver fulltrúi ásamt varafulltrúa kjörinn sérstaklega og því tilgreina umsækjendur varafulltrúa í umsókn sinni.

Stjórn Stúdentaráðs skal taka umsóknirnar fyrir eftir faglegu ferli og kjósa þrjá aðalfulltrúa og þrjá varafulltrúa á grundvelli hæfniramma. Ákvörðun stjórnar skal vera lögð fyrir Stúdentaráð til staðfestingar með atkvæðagreiðslu samkvæmt 7. gr. laga Stúdentaráðs.

4.3 Verklagsreglur vegna skipan í nefndir háskólaráðs

Stúdentaráð skipar fulltrúa í nefndir Háskólaráðs samkvæmt lögum ráðsins. Í kennslumálanefnd, jafnréttisnefnd og umhverfis- og samgöngunefnd er tilgreint sérstaklega hvaða embætti skuli taka sæti. Í aðrar nefndir háskólaráðs skal Stúdentaráð auglýsa meðal háskólanema sætið samkvæmt lögum og kjósa á fundi sínum nýjan fulltrúa. Þær nefndir eru skipulagsnefnd, öryggisnefnd, málnefnd, gæðanefnd og ráð um málefni fatlaðs fólks. FEDON sér að auki um tilnefningu fulltrúa í vísindanefnd.

Óski fulltrúi eftir að sitja áfram í nefnd sem ekki er sérstaklega tilgreint hvaða embætti tekur sæti í lögum Stúdentaráðs, skal stjórn Stúdentaráðs taka beiðnina fyrir og gera Stúdentaráði grein fyrir ákvörðun sinni.

4.4 Verklagsreglur vegna skipan í stjórn Byggingafélags námsmanna

Stúdentaráð á tvo fulltrúa í stjórn Byggingafélags námsmanna (hér eftir "BN"). Annar fulltrúinn ásamt varafulltrúa skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ. Hitt sætið skal auglýst meðal allra stúdenta. Skal skrifstofa Stúdentaráð auglýsa eftir umsóknum og skal auglýsingin vera birt minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests.

Stjórn Stúdentaráðs skal taka umsóknirnar fyrir eftir faglegu ferli og kjósa fulltrúann á grundvelli hæfniramma. Ákvörðun stjórnar skal vera lögð fyrir Stúdentaráð til staðfestingar með atkvæðagreiðslu samkvæmt 7. gr. laga Stúdentaráðs.

Skipað skal til tveggja ára í senn og skal þess gætt með fléttu fyrirkomulagi að annað hvort aðalfulltrúi eða varafulltrúi sitji á skrifstofu SHÍ.

4.5 Verklagsreglur við tilnefningar SHÍ í stöður ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum

Stúdentaráð Háskóla Íslands er eitt aðildarfélag Landssambands Ungmennafélaga (LUF) og getur sem slíkt boðið fram einn fulltrúa í umboði Stúdentaráðs þegar kosið er í stöður ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Skulu slíkar stöður auglýstar meðal stúdenta við Háskóla Íslands og þeim gefinn kostur á að sækjast eftir því að vera tilnefning SHÍ.

Sæki fleiri en einn um að vera tilnefning SHÍ skal Stúdentaráð kjósa á milli þeirra, að því gefnu að þeir uppfylli þær hæfniskröfur sem LUF setur hverju sinni. Berist aðeins ein umsókn er stjórn Stúdentaráðs heimilt að taka ákvörðun um tilnefningu. Berist engin umsókn fyrir auglýstan frest er stjórn Stúdentaráðs heimilt að leita að aðila til að bjóða sig fram fyrir hönd SHÍ.

Sækist Stúdentaráðsliði eða stjórnarmeðlimur eftir því að vera tilnefning SHÍ skal viðkomandi víkja af fundi á meðan umsóknir eru teknar fyrir.

4.6 Verklagsreglur skrifstofu SHÍ

Skrifstofa Stúdentaráðs setur sér verklagsreglur í upphafi hvers árs sem skal bera undir og samþykkja af stjórn.

I. Verklag við störf starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs:

Stjórn Stúdentaráðs skal samþykkja verklagsreglur skrifstofu í upphafi starfsárs. Verklagsreglur þessar voru samþykktar af stjórn þann 20. júlí 2023 og gilda fyrir starfsárið 2023-2024.

1. Almenn störf skrifstofu og viðverutímar

Forseti er ábyrgur fyrir störfum skrifstofu Stúdentaráðs og svarar fyrir hana út á við og innan háskólans, rétt eins og fyrir Stúdentaráð í heild sinni. Komi upp vafamál um störf skrifstofu eða annað slíkt skal bera það undir forseta.

Skrifstofa Stúdentaráðs skal starfa eftir samþykktum tillögum, ályktunum og yfirlýsingum Stúdentaráðs hverju sinni sem og birtri og samþykktri stefnu ráðsins. Starfsfólk skrifstofu skal svara spurningum stúdenta, Stúdentaráðsliða og annarra sem til þeirra leita fljótt og örugglega og gæta að góðu upplýsingaflæði og gagnsæi við störf sín. Hver starfsmaður skal taka stúdentum og Stúdentaráðsliðum opnum örmum með því að bjóða upp á viðtalstíma og hafa tengiliðaupplýsingar aðgengilegar Stúdentaráðsliðum á netinu.

Skrifstofa Stúdentaráðs skal halda úti heimasíðu, Facebook síðu, Instagram og Twitter aðgangi á vegum Stúdentaráðs og auka sýnileika Stúdentaráðs.

Starfsfólk skrifstofunnar skal eftir fremsta megni hafa viðveru á skrifstofunni daglega. Þá skal skrifstofan vera opin alla virka daga frá 10:00-17:00 og vera aðgengileg stúdentum Háskóla Íslands, nema í undantekningartilvikum og skal það þá auglýst ef hún er lokuð eða ef breyting verður á opnunartíma.

Starfsfólk skrifstofunnar skal í samráði við forseta láta vita af mætingu á skrifstofuna að lágmarki tvær vikur fram í tímann. Starfsfólk skal í undantekningartilvikum vinna að heiman og aðeins að undangengnu samráði við forseta. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með vöktum en starfsfólk er ábyrgt fyrir að halda utan um vaktir sínar. Mælst er með að starfsfólk skrái viðveru sína jafnóðum í sérstakt viðveruskjal.

2. Dreifing, gögn og birtingar SHÍ

Starfsfólk skrifstofunnar skal vinna eftir skjalastefnu Stúdentaráðs og varðveita gögn í samræmi við stefnuna.

Starfsfólk skrifstofunnar er ábyrgt fyrir hi-nem tölvupóstinum og skal póstlistinn aðeins notaður fyrir fjölpóst ef hann snýr beint að hagsmunum stúdenta, bættum kjörum stúdenta, hefur efnislega hjálplegar upplýsingar fyrir stúdentum eða er frá

Stúdentaráði, Félagsstofnun stúdenta eða Háskólanum sjálfum. Bein markaðssetning á póstlistanum er ekki heimil nema í undantekningartilvikum samkvæmt samningi við Stúdentaráð og ef hún samrýmist hag stúdenta.

II. Störf og hlutverk starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs:

Eftirfarandi byggir á lögum Stúdentaráðs og undirrituðum starfslýsingum starfsfólks skrifstofunnar. Því til viðbótar eru nánari skýringar eða viðmið um verklag sem gengur lengra en lög ráðsins eða verklýsingar starfsfólks taka til.

1. Forseti:

Forseti Stúdentaráðs, í forföllum hans varaforseti, skal vera málsvari ráðsins út á við og gagnvart yfirstjórn Háskólans, eftir því sem við á. Forseti er teymisstjóri skrifstofunnar og ber ábyrgð á upplýsingaflæði innan hennar sem og góðum starfsháttum og að störf Stúdentaráðs séu unnin á faglegan og skilvirkan hátt. Forseti er ábyrgur fyrir stefnumótun Stúdentaráðs í heild sinni, að stefnu ráðsins sé framfylgt í störfum ráðsins sem og að stefna sé uppfærð reglulega.

1.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Forseti Stúdentaráðs boðar nýkjörið ráð til kjörfundar eigi síðar en sex vikum eftir kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs. Hann skal boða til fundarins með minnst 10 daga fyrirvara í tryggilegu fundarboði sbr. b. lið 6. gr. laga Stúdentaráðs.

Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans, varaforseti, stjórnar fundum ráðsins eða tilnefnir annan í sinn stað. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar með minnst 5 daga fyrirvara og skal boða til funda á tryggilegan hátt með tölvupósti eða annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Forseti skal leita eftir slíku samþykki með atkvæðagreiðslu á Stúdentaráðsfundi svo ekki fari milli mála að Stúdentaráð hafi samþykkt aðferðina.

Við fundarstjórn skal forseti gæta þess að fara að lögum ráðsins og þarf því að kunna góð skil á þeim. Fundarstjóri lýsir dagskrá fundar og gefur fundaraðilum orðið eftir því sem þeir óska eftir því.

Þá skal fundarboðun og fundargögn fylgja lögum Stúdentaráðs. Umfram það skal forseti, í þeim undantekningartilvikum sem það gæti talist nauðsynlegt, boða fyrirvara við dagskrárliði ef það er líklegt að eitthvað breytist eða láta vita af líklegum breytingum á dagskrá, komi þær upp eftir fundarboðun. Forseti skal í hvívetna koma gagnlegum gögnum til Stúdentaráðsliða eftir því sem það getur átt við.

Komi sú staða upp að boðað sé til fundar með skemmri fyrirvara skv. lögum ráðsins skal forseti gæta þess að tilkynna fundarboð með tölvupósti og á öðrum sameiginlegum vettvangi Stúdentaráðsliða því til viðbótar auk þess að óska eftir liðsinni stjórnar Stúdentaráðs við að vekja athygli á fundarboðinu.

Forseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og stjórnar fundum stjórnar. Forseti ber ábyrgð á störfum stjórnar í samræmi við lög SHÍ. Forseti skal gæta að því að starfað sé eftir verklagsreglum stjórnar SHÍ hverju sinni. Forseti skal vera prókúruhafi að reikningum Stúdentaráðs

Forseti ber ábyrgð á að hagsmunaskrá Stúdentaráðs sé fyllt út skv. lögum Stúdentaráðs. Forseti skal gæta þess að hagsmunaskráin sé aðgengileg stúdentum á heimasíðu SHÍ og þá í samræmi við óskir um undantekningar birtingar hverju sinni.

Þá situr forseti í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta til tveggja ára. Komi upp sú staða að ekki sé hægt að halda fléttaskipulaginu í fulltrúaráðinu áfram á hefðbundin hátt, t.a.m. ef forseti situr lengra en eitt ár, skal annar aðalfulltrúinn vera úr röðum starfsfólk skrifstofunnar og ákvarðaður af henni. Þannig heldur sá aðalfulltrúi í fléttaskipulagið.

1.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Forseti ber ábyrgð á að verklagsreglur séu settar fyrir starfseiningar ráðsins og ber ábyrgð á viðhaldi þeirra. Það skal gert í sem breiðustu samráði við þær einingar.

Forseta ber að vinna að stefnumótun til framtíðar fyrir Stúdentaráð í samvinnu við Stúdentaráð og aðra starfsmenn Stúdentaráðs. Forseti sér um að ákveða stefnumótunarferð Stúdentaráðs og ákvarðar hvernig henni skal hagað í samráði við stjórn Stúdentaráðs og skrifstofu. Undirbúningsvinna skal vera í samráði við skrifstofu og eftirfylgni við vinnu sem fer fram í stefnumótunarferð Stúdentaráðs í samráði við varaforseta. Þá skal birta niðurstöður stefnumótunarferðar svo fljótt sem auðið er. Forseti er ábyrgur fyrir því að störf Stúdentaráðs og opinberar tilkynningar séu í samræmi við stefnu ráðsins.

Yfirumsjón með innra starfi Stúdentaráðs er á ábyrgð forseta: fundargögn, trygging stofnanaminnis, skipulag gagna og lög ráðsins. Forseti heldur utan um öll gögn og tryggir stofnanaminni. Forseti er ábyrgur fyrir skipulagi á heimasvæði Stúdentaráðs á Google Drive og Outlook þar sem gögn skrifstofu Stúdentaráðs eru geymd. Forseti heldur utan um öll fundargögn fyrir fundi og sér um að boða fundi. Þá ber forseti ábyrgð á að lög ráðsins skuli vera aðgengileg.

Ársskýrsla ráðsins skal vera kynnt á skiptafundi ráðsins og er gerð og kynning skýrslunnar á ábyrgð forseta.

Málsvari Stúdentaráðs út á við: Forseti kemur opinberlega fram fyrir hönd ráðsins, hvort sem það eru viðburðir, viðtöl, ræður eða erindi. Forseti skal fara eftir stefnu Stúdentaráðs, ályktunum og tillögum í samskiptum sínum útá við fyrir hönd ráðsins.

Málsvari Stúdentaráðs gagnvart stjórnslu Háskólans: Forseti skal halda sjónarmiðum Stúdentaráðs til haga innan stjórnslu skólans og í samskiptum sínum við stjórnvöld skólans. Þá skal forseti leitast við sem bestu samráði við Stúdentaráðsliða um þau atriði sem er leitað til hans.

2. Varaforseti:

Varaforseti er staðgengill forseta í forföllum og sinnir öðrum verkefnum samkvæmt lögum þessum eða eðli máls. Varaforseti gegnir einnig ýmsum störfum sem koma á borð skrifstofunnar og er til staðar ef þarf að aðstoða aðra aðila á skrifstofu stúdentaráðs.

2.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Varaforseti hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins. Honum ber að vera vel upplýstur um málefni ráðsins til að geta stigið inn í störf forseta ef til þess kemur. Hann skal boða fastanefndir til fundar í upphafi starfsárs þar sem hann fer yfir helstu mál er varða nefndina og störf hennar, svo sem stefnu Stúdentaráðs, framkvæmdaáætlanir nefnda og skjalavörslu.

Varaforseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og hefur atkvæðisrétt þar. Hann skal tilnefna varafulltrúa sinn í upphafi starfsárs. Miða skal við að sá aðili sé einnig starfsmaður skrifstofu Stúdentaráðs.

Varaforseti skal sjá um hlutverk ritara á fundi Stúdentaráðs ef framkvæmdastjóri forfallast

2.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Varaforseti skal framfylgja stefnu Stúdentaráðs í samráði við forseta og nefndir ráðsins.

Varaforseti ber ábyrgð á innra starfi ráðsins. Hann skal starfa sem tengiliður við nefndir Stúdentaráðs og sinna veitingu skírteinisviðauka. Þá gengur hann úr skugga um að nefndir framfylgi stefnu Stúdentaráðs. Hann skal sinna eftirfylgni við vinnu sem fer fram í stefnumótunarferð Stúdentaráðs og gæta að því að hún sé öllum nemendum til framdráttar.

Varaforseti situr í Landssambandi ungmennafélaga (LUF) og tryggir upplýsingaflæði milli ráðsins og LUF. Geti varaforseti ekki tekið sæti í LUF skal annar starfsmaður skrifstofunnar gera svo.

Varaforseti hefur umsjón með markaðs- og samskiptamálum í samstarfi við forseta, þ.á.m. Facebook, Instagram og Twitter. Hann sér um upphald og uppfæringu student.is og heldur utan um skipulag herferða Stúdentaráðs með forseta.

Varaforseti skal halda utan um mætingarlista, nafnspjöld og mælendaskrá á Stúdentaráðsfundum.

3. Lánasjóðsfulltrúi:

Situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs og er ásamt forseta fulltrúi ráðsins á fundum og í stefnumótun um Menntasjóðinn. Starfsárið 2023-2024 er lánasjóðsfulltrúi tilnefndur í stjórn af Landssamtökum íslenskra stúdenta.

3.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Lánasjóðsfulltrúi hefur áheyrnarrétt á fundum fjármála- og atvinnulífsnefndar. Þá hefur lánasjóðsfulltrúi málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

3.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Helstu verkefni lánasjóðsfulltrúa snúa að stjórnarfundum Menntasjóðsins, forystu í störfum Stúdentaráðs sem lúta að hvers konar samskiptum við hið opinbera er varða Menntasjóðinn og þjónustu við nemendur er varðar sjóðinn. Þá sinnir lánasjóðsfulltrúi stefnumótun vegna lánasjóðsmála fyrir Stúdentaráð í samráði við forseta og skrifstofu.

Lánasjóðsfulltrúi skal upplýsa Stúdentaráð um þau atriði sem nauðsyn krefur hverju sinni og falla ekki undir trúnaðarupplýsingar sjóðsins. Hann skal tala máli stúdenta og hagsmunum þeirra á fundum stjórnar Menntasjóðsins og svarar fyrir afstöðu stúdenta innan stjórnar Menntasjóðsins.

Lánasjóðsfulltrúi leiðir vinnu við álit Stúdentaráðs um Menntasjóðinn í samráði við forseta. Hann er málsvari ráðsins út að við ásamt því að bera ábyrgð á eftirfylgni við álit ráðsins ásamt forseta. Lánasjóðsfulltrúi skuldbindur sig til að vinna eftir stefnu Stúdentaráðs og samþykktum álitum ráðsins við hvers lags frumvörp sem varða sjóðinn.

Starfsárið 2023-2024 þjónustar lánasjóðsfulltrúi námsfólk við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskólann. Lánasjóðsfulltrúi hefur það að markmiði að nemendur þessara skóla fái úrlausn við hvers lags vandamálum er varða Menntasjóðinn og séu meðvituð um tilvist lánasjóðsfulltrúa. Hann ber ábyrgð á að auglýsa fresti vegna umsókna í Menntasjóðinn og afgreiða þau mál sem koma á borð skrifstofunnar er varða lánasjóðinn.

4. Hagsmunafulltrúi

Hagsmunafulltrúi er umboðsmaður stúdenta gagnvart Háskólanum og leiðbeinir og aðstoðar stúdenta til að gæta réttar síns.

Hagsmunafulltrúi sýnir með störfum sínum trúnaðartraust gagnvart öllum sem viðkomandi eru málsmeðferð hverju sinni. Hagsmunafulltrúi gætir þar að auki að búa yfir þekkingu á reglum, lögum, málsatriðum eða/og -ferlum sem varða hvert mál, og viðurkennir vanþekkingu sína eða úrræðaleysi ef svo ber við.

4.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Hagsmunafulltrúi starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við stúdenta við Háskóla Íslands. Hann hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

4.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Helsta verkefni hagsmunafulltrúa er hagsmunagæsla. Í því felst að tryggja að þau sem leiti með hagsmunamál sín til skrifstofu Stúdentaráðs fái aðstoð og leiðbeiningar varðandi úrlausn þeirra eftir bestu getu. Til að sinna hagsmunagæslu stúdenta vel er mikilvægt að tryggja viðveru á skrifstofu Stúdentaráðs á viðtalstíma og aðgengileika, að erindum nemenda vegna kvörtunar- og hagsmunamála þeirra innan skólans sé svarað eins fljótt og auðið er og að nemendur séu aðstoðaðir varðandi réttindi þeirra og málum þeirra komið í réttan farveg.

Önnur verkefni sem eru á ábyrgð hagsmunafulltrúa eru stefnumótunarvinna, sýnileiki stúdentaráðs og önnur tilfallandi verkefni. Hlutverk hagsmunafulltrúa í stefnumótunarvinnu stúdentaráðs er að gæta þess að stefna Stúdentaráðs sé í samræmi við hagsmuni stúdenta og til þess fallin að stuðla að bættum hag stúdenta sem og að sinna þarfagreiningu á hagsmunamálum stúdenta. Þáttur hagsmunafulltrúa í að auka sýnileika Stúdentaráðs og þeirrar þjónustu sem í boði er á skrifstofu Stúdentaráðs felst í því að mæta á opna fundi, kynningardaga o.fl. þar sem starfsemi Stúdentaráðs er kynnt og tryggja að störf hagsmunafulltrúa og réttindaskrifstofunnar séu almennum nemendum Háskóla Íslands kunn. Að auki er það í verkahring hagsmunafulltrúa að sinna öðrum tilfallandi verkefnum í samvinnu við forseta, en sá hluti starfsins sem snýr að hagsmunagæslu er mjög álagstengdur og á móti gefst tími til annara verkefna fyrir utan álagstímabil.

5. Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með rekstri skrifstofu ráðsins í samráði við stjórn Stúdentaráðs og forseta. Hann hefur yfirumsjón með bókhaldi og reikningum ásamt því að sjá um launagreiðslur til starfsmanna. Einnig ber hann ábyrgð á gerð ársreikninga Stúdentaráðs og skal hann kynna þá fyrir ráðinu eins fljótt og auðið er frá lokum reikningsárs og birta þá á vefsíðu ráðsins eftir samþykkt þeirra. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með allri samningagerð og tryggir því fjármagn til rekstur skrifstofunnar og þá viðburði sem ráðið og nefndir þess halda. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á gerð ráðningasamninga fyrir starfsfólk skrifstofunnar.

5.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Framkvæmdastjóri skal kynna Stúdentaráðsliðum bæði fjárhagsáætlun og ársreikninga ráðsins. Einnig skal hann rita fundargerðir Stúdentaráðs og stjórnar Stúdentaráðs.

5.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Framkvæmdastjóri tekur þátt í að vinna að skilvirkum og góðum starfsháttum á skrifstofu Stúdentaráðs. Framkvæmdastjóri gætir fjármuna og eigna Stúdentaráðs, vinnur að hagkvæmni í fjárútlátum og miðlar upplýsingum til Stúdentaráðs og skrifstofu. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með fjármálum Stúdentaráðs, hefur umsjón með rekstri skrifstofu Stúdentaráðs, þar með talið tímaskráningum starfsfólks Stúdentaráðs, greiðslu launa, sér um samningsgerðir þ.m.t. gerð ráðningasamninga á vegum Stúdentaráðs og eftirfylgni þeirra, sér um auglýsingasöfnun í útgefið efni Stúdentaráðs. Auk þess tekur framkvæmdastjóri þátt í daglegum störfum skrifstofunnar í samráði við forseta. á vegum Stúdentaráðs og eftirfylgni þeirra, sér um auglýsingasöfnun í útgefið efni Stúdentaráðs. Auk þess tekur framkvæmdastjóri þátt í daglegum störfum skrifstofunnar í samráði við forseta.

6. Ritstjóri

Ritstjóri hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentablaðsins og Akademíunnar.

6.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Ritstjóri Stúdentablaðsins ákveður efni blaðsins í samstarfi við ritnefnd og ber ábyrgð á því. Ritstjóri auglýsir eftir fulltrúum í ritstjórn Stúdentablaðsins með almennum pósti á HÍ netföng stúdenta. Ritstjóri leggur fjárhagsáætlun hvers tölublaðs fyrir framkvæmdastjóra.

6.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Ritstjóri ritstýrir og hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentablaðsins og Akademíunnar. Gefin eru út fjögur tölublöð af Stúdentablaðinu, tvö á hvoru misseri. Akademían er gefin út við upphaf haustmisseris. Ritstjóri annast stefnumótun fyrir Stúdentablaðið og Akademíuna og skipar í ritstjórn Stúdentablaðsins. Auglýst er eftir fulltrúum í ritstjórn Stúdentablaðsins með almennum tölvupósti til allra stúdenta en að auki eru tveir fulltrúar skipaðir af Stúdentaráði.

Ritstjóri hefur það að leiðarljósi að setja saman eins fjölbreytta ritstjórn og kostur gefst á. Ritstjóri leiðir ritstjórn Stúdentablaðsins og hefur það hlutverk að útdeila efni til umfjöllunar til ritstjórnarmeðlima. Ritstjóri boðar fundi með ritstjórnar með ásættanlegum fyrirvara og heldur utan um fundargögn ritstjórnar. Ritstjóri ber ábyrgð á að hlutverk ritstjórnarmeðlima liggja fyrir eins fljótt og hægt er frá því að skipað hefur verið í ritstjórn. Ritstjóri ákveður efni hvers tölublaðs Stúdentablaðsins í samstarfi við ritstjórn.

Ritstjóri vinnur að auglýsingasöfnun fyrir Stúdentablaðið og Akademíuna í samvinnu við framkvæmdastjóra. Þá útbýr ritstjóri fjárhagsáætlun fyrir Akademíuna og hvert tölublað Stúdentablaðsins í samvinnu við framkvæmdastjóra. Ritstjóri annast einnig ráðningu á grafískum hönnuði Stúdentablaðsins og Akademíunnar og skal hann vera faglega ráðinn.

Ritstjóri hefur yfirumsjón með vef og samfélagsmiðlum Stúdentablaðsins og ber ábyrgð á birtingu alls efnis í blaði og á vef Stúdentablaðsins. Ritstjóri tryggir að efni

Stúdentablaðsins og Akademiunnar sé prófarkalesið og hefur einnig umsjón með umbroti og prentun blaðanna. Ritstjóri uppfærir vef Stúdentablaðsins og birtir greinar og viðtöl milli hveftrar útgáfu eins og við á. Þá ber ritstjóri ábyrgð á að útgáfa hvers tölublaðs Stúdentablaðsins sé auglýst með góðum fyrirvara til að tryggja sýnileika blaðsins í háskólasamfélaginu.

Ritstjóri tekur þátt í að skilvirkni og góðum starfsháttum sé háttað á skrifstofu Stúdentaráðs. Auk ritstjórnar og blaðamanna starfar ritstjóri náið með forseta og framkvæmdastýru Stúdentaráðs. Ritstjóri leggur auk þess áherslu á að eiga í góðum samskiptum við starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs og aðra sem koma á einn eða annan hátt að útgáfu Akademiunnar og Stúdentablaðsins.

7. Alþjóðafulltrúi

Alþjóðafulltrúi gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlendis. Alþjóðafulltrúi er annar af tveimur fulltrúum stúdenta í Aurora samstarfsnetinu og starfar náið með Alþjóðaskrifstofu.

7.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlendis. Alþjóðafulltrúi hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

Stúdentaráð er með tvo fulltrúa í stúdentaráði Aurora, samstarfsneti háskóla í Evrópu. Annar þeirra skal koma úr röðum Stúdentaráðsliða og vera kjörinn á kjörfundi sem Aurora fulltrúi Stúdentaráðsins en hinn skal vera alþjóðafulltrúi.

Alþjóðafulltrúi, Aurora fulltrúi og aðrir fulltrúar skrifstofunnar þurfa e.t.v. að sækja ráðstefnur og fundi erlendis yfir starfsárið. Þar er mikilvægt að fulltrúar tileinki sér eftirfarandi hluti:

- Panta skal flug og gistingu með góðum fyrirvara til að halda kostnaði í lágmarki og skal gera það um leið og fyrir liggur hverjir fulltrúar eru og hvar viðburðurinn er haldinn.
 - Háskóli Íslands hefur lýst yfir vilja til að niðurgreiða allan ferðakostnað stúdenta sem sækja Aurora ráðstefnur erlendis. Skal því flug og gisting vera bókuð í samráði við starfsfólk Aurora á vegum Háskóla Íslands.
 - Þá skal fulltrúi taka kvittanir fyrir öðrum aukakostnaði sem hlýst af ráðstefnu/fundi en það getur verið til dæmis fæðiskostnaður á ferðadögum eða þegar slíkt er ekki í boði á ráðstefnu/fundi.

- Fulltrúar sem ferðast á vegum ráðsins eru ábyrgir fyrir því að halda utan um kvittanir og skýringar á þeim. Þeim skal skilað til framkvæmdastjóra eða starfsfólks Aurora á vegum Háskóla Íslands.
 - ATH. að ráðið greiðir ekki fyrir áfengi og annan óþarfa kostnað.
- Fulltrúar eru beðnir um að halda aukaútgjöldum í lágmarki hverju sinni.
- Þegar ráðstefnu/fundi er lokið skal fulltrúi skila þeirri þekkingu sem hann öðlast á viðkomandi ráðstefnu og/eða fundi til Stúdentaráðs. Fulltrúar skulu skrifa skýrslu um viðkomandi fund eða ráðstefnu og gera aðgengilega fyrir stúdenta á heimasíðunni student.is
- Á þeim fundum/ráðstefnum sem fulltrúi sækir skal hann ávallt sýna af sér háttvísi og fara eftir siðareglum samtakanna og þeim siðareglum sem fulltrúum eru settar hverju sinni. Þá skal hann hafa í huga að hann er í forsvari fyrir Stúdentaráð og talar máli ráðsins.
- Fulltrúi skal virða fundartíma ráðstefnu eða fundar sem hann sækir, hann skal mæta tímanlega og skila góðu vinnuframlagi.
- Þá skulu fulltrúar SHÍ á ráðstefnum erlendis leggja sitt af mörkum í umræðum, tryggja það að rödd stúdenta Háskóla Íslands heyrist á alþjóðlegum vettvangi og móta tengsl við fulltrúa annarra landa.

7.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

7.2.1. Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands starfar sem trúnaðarmaður allra erlendra nema og skiptinema Háskóla Íslands. Fulltrúinn skal tryggja að þau sem leiti með hagsmunamál sín til skrifstofu Stúdentaráðs fái aðstoð og leiðbeiningar varðandi úrlausn þeirra. Alþjóðafulltrúi skal tryggja aðgengileika á skrifstofu Stúdentaráðs fyrir alla erlenda nema.

Þá skal alþjóðafulltrúi tryggja að stefna Stúdentaráðs til framtíðar sé erlendum nemendum og skiptinemum við Háskóla Íslands til framdráttar og stuðli að bættum hag þeirra.

Alþjóðafulltrúi skal auka sýnileika Stúdentaráðs fyrir erlendum nemum og skiptinemum og tryggja að þau viti hvaða þjónustu þeim stendur til boða. Þetta gæti falið í sér að mæta á opna fundi, kynningardaga o.fl. fyrir erlenda nema. Einnig fellur það á ábyrgð Alþjóðafulltrúa og alþjóðanefndar að þýða og/eða yfirfara allt útgefið efni Stúdentaráðs.

Alþjóðafulltrúi ber ábyrgð á mentor kerfi og og skal tryggja sýnileika og aðgengileika þess. Jafnframt ber alþjóðafulltrúi ábyrgð á að tryggja sýnileika allra viðburða fyrir erlenda nema.

7.2.2. Aurora

Alþjóðafulltrúi er auk Aurora fulltrúa jafnframt aðalfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands í Aurora Stúdentaráðinu og skal vinna samkvæmt stefnu Stúdentaráð í tengslum við Aurora samstarfsnetið.

Jafnframt skal hann stuðla að skilvirkum starfsháttum og stuðla að góðu upplýsingaflæði milli Stúdentaráðs, skrifstofu ráðsins, skrifstofu alþjóðasamskipta og Aurora um öll þau málefni sem tengjast Aurora. Þetta getur m.a. falið í sér að kynna verkefni eða mál innan Aurora sem tengjast Stúdentaráði á fundum Stúdentaráðs og skila inn skýrslum eftir hverja ráðstefnu til Stúdentaráðs.

Alþjóðafulltrúi skal stuðla að skilvirku starfi innan Aurora samstarfsnetsins og hafa samráð og samskipti við aðra stúdenta innan netverksins. Fulltrúinn skal vinna að öllum þeim verkefnum innan Aurora sem starfið krefst, í samráði við Aurora fulltrúa, skrifstofu Stúdentaráðs og skrifstofu alþjóðasamskipta.

Önnur tilfallandi verkefni eru unnin í samráði við forseta Stúdentaráðs og skal fulltrúinn annast öll þau störf sem tengjast sviðinu og kunna að reynast nauðsynleg hverju sinni.

5 Fastanefndir Stúdentaráðs

5.1 Hlutverk fastanefnda

Forseti og varaforseti bera ábyrgð á að farið sé að lögum ráðsins við skipan og störf nefnda Stúdentaráðs.

Á vegum Stúdentaráðs starfa 9 fastanefndir og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra, að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Fulltrúar í nefndum skulu skipaðir skv. lögum ráðsins. Forsæti í nefndum skiptist í hlutfalli við atkvæðafjölda á bak við kjörna fulltrúa í Stúdentaráðskosningum, að undanskildri kennslumálanefnd. Sú fylking sem er atkvæðahæst fær að velja sér forsæti í nefnd fyrst og þar á eftir sú næst-atkvæðahæsta, o.s.frv. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang til forsætis í nefndum Stúdentaráðs.

Fastanefndir ráðsins eru: alþjóðanefnd, fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, kennslumálanefnd, lagabreytinganefnd og nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Hlutverk nefnda skal samrýmast lögum ráðsins.

Kjörgengir til að sitja í nefndum eru öll þau sem hafa verið skráð til náms við Háskóla Íslands á síðustu þremur árum á undan sérstökum kjörfundi. Nefndir skulu skipaðar með tilnefningum í fjögur nefndarsæti á kjörfundi Stúdentaráðs, að undanskildum nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd og kennslumálanefnd. Auglýsa skal í laus sæti nefnda í upphafi haustannar.

Nefndir skulu í upphafi starfs síns setja sér starfs- og fjárhagsáætlun að svo miklu leyti sem hægt er. Framkvæmdaáætlun nefndar skal vera í samræmi við stefnu Stúdentaráðs í viðeigandi málaflokki. Stúdentaráð þarf að samþykka breytingar á framkvæmdaáætlun nefnda. Nefndir skulu skrifa skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs í lok árs sem forseti skal færa í ársskýrslu ráðsins.

5.2 Verklagsreglur fastanefnda

5.2.1 Fundir

Frá kjörfundi og fram að skiptafundi skulu fráfarandi nefndarmeðlimir leggja sig fram við að setja nýkjörna inn í fyrirbyggjandi verkefni og aðstoða við undirbúning komandi starfsárs. Í upphafi starfsárs skal varaforseti funda með nýrri nefnd. sbr. a. liður 20. gr. laga Stúdentaráðs. Nefndir skulu funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði, eða eftir samkomulagi, og skulu nefndarmeðlimir mæta tímanlega á fundi ráðsins. Ef nefndarmeðlimur forfallast skal tilkynna forseta nefndar forföllin tímanlega.

Einn nefndarmeðlimur getur krafist forseta um fundarboð og skal halda fund innan viku eftir að krafa um fund kemur fram.

Fundur telst lögmætur ef hann er löglega boðaður af forseta nefndar í samræmi við lög ráðsins. Forseti skal leitast eftir í hvert sinn að velja fundartíma þar sem flestir komast.

Nefndir skulu starfa í umboði Stúdentaráðs og hefur Stúdentaráð úrslitavald í málum sem nefndir taka til afgreiðslu. Nefndir skulu starfa í samræmi við stefnu Stúdentaráðs sem og ályktanir og tillögur sem ráðið samþykkir.

5.2.2 Skiptafundur

Starfstími fastanefnda miðast við skiptafund Stúdentaráðs ár hvert. Á milli kjörfundar og skiptafundar Stúdentaráðs skulu fráfarandi nefndarmeðlimir koma nýjum nefndarmeðlimum inn í störf nefndarinnar og fara yfir vinnu síðasta árs.

Fastanefndir skulu halda sérstakan skiptafund þar sem fráfarandi og nýir nefndarmeðlimir koma saman. Verklagsreglur skulu kynntar nefndarmeðlimum á skiptafundi nefnda. Fráfarandi forseti nefndar afhendir og gerir grein fyrir ársskýrslu nefndarinnar þar sem koma fram upplýsingar um starf nefndar og helstu verkefni. Fráfarandi fulltrúar nefndar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti nefndar.

5.2.3 Forseti fastanefndar

Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara og ber ábyrgð á fundargögnum, ef einhver kunnu vera, sem fylgja með fundarboði. Heimilt er að boða fund með styttri fyrirvara ef samkomulag er meðal nefndarmanna um slíkt.

Forseti stýrir fundum nefndarinnar. Forseti ber ábyrgð á framkvæmdaáætlun sinnar nefndar og framfylgd, sér um útteilingu verkefna og hefur yfirumsjón með öllum þeim verkefnum sem eru á borði nefndarinnar. Forseti er ábyrgur fyrir gerð ársskýrslu nefndar.

6 Úrsögn eða brottvikning

6.1 Úrsögn eða brottvikning Stúdentaráðsliða

Við úrsögn skal fulltrúi senda skriflega tilkynningu til varaforseta Stúdentaráðs sem fer eftir afgreiðslu hennar skv. 13. gr. laga Stúdentaráðs.

Stúdentaráðsliði getur lýst yfir vantrausti á annan Stúdentaráðsliða. Slík tillaga skal berast skriflega til einhvers starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs og skal farið með þær skv. f. lið 5. gr. laga Stúdentaráðs.

6.2 Úrsögn eða brottvikning annarra embætta innan Stúdentaráðs

Stúdentaráð getur lýst yfir vantrausti á alla fulltrúa sem ráðið hefur kosið til að gegna embætti, sbr. e.lið 5. gr. laga Stúdentaráðs.

Við úrsögn úr öðrum embættum Stúdentaráðs þ.á.m. nefndum, sviðsráðum og önnur störf í umboði ráðsins skal senda skriflega tilkynningu til varaforseta Stúdentaráðs.

Oddviti fylkingarinnar sem á við skal sjá um að fylla í stöðuna á ný eins fljótt og auðið er.

7 Fundir Stúdentaráðs

7.1 Hlutverk Stúdentaráðsfunda skv. lögum

Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar en sjö Stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.

Stúdentaráðsfundir eru opnir öllum háskólastúdentum en meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi þegar slíkt telst nauðsynlegt. Stúdentaráðsfundur hefur úrslitavald í öllum málum sem heyra undir sviðsráð, fastanefndir, starfshópa, stjórn, skrifstofu, starfsfólk og fulltrúa ráðsins.

Fundur telst löglegur ef til hans er löglega boðað. Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram telst fundur löglegur ef meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs að sitja fundinn eða 12 Stúdentaráðsliðar. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála og kjöri. Falli atkvæði jafnt telst tillaga fallin. Nánari fyrirmæli má finna í kafla 6.2.1.3.

Starfsmenn réttindaskrifstofu, varafulltrúar Stúdentaráðsliða, fulltrúar stúdenta í háskólaráði og fulltrúar og varafulltrúar stúdenta í LÍS hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins.

7.2 Verklagsreglur Stúdentaráðsfunda

7.2.1 Fundarsköp

Forseti Stúdentaráðs stjórnar fundum ráðsins en getur tilnefnt annan í sinn stað. Í fjarveru forseta stýrir varaforseti fundum.

7.2.1.1 Bókanir, tillögur og mikilvæg atriði á Stúdentaráðsfundum

Stúdentaráðsliðar geta skilað inn skriflegri bókun varðandi málefni sem er til umræðu á Stúdentaráðsfundum. Tilgangur slíkrar bókunar er að færa orðrétt í fundargerð og Stúdentaráðsliði skal skila henni inn til fundarritara á fundi undir þeim dagskrárlíð sem hún er borin upp. Miða skal við að bókunum sé varpað upp fyrir fundargestum. Ekki þarf að kjósa um bókanir. Vilji Stúdentaráðsliði bóka um mál sem eru ekki á dagskrá skal óska eftir því að mál verði sett á dagskrá. Gefist ekki tími í það skal bókunin borin upp undir önnur mál og er þá skylt að varpa henni upp fyrir fundargestum svo umræða um slíkt óundirbúið mál verði skýr.

Stúdentaráðsliðar geta komið með tillögur á fundum, og fyrir fundinn, og eru hvattir til þess. Ef Stúdentaráðsliði vill taka upp sérstakan dagskrárlíð á fundi skal hafa samband við forseta ráðsins, sem skipuleggur og heldur utan um fundardagskrá. Ef tillögur varða eitthvað sem er ekki á fundardagskrá eftir að fundur hefur verið boðaður, er tillagan borin upp undir „Önnur mál“ í lok fundar. Eftir að tillaga hefur verið borin upp skal strax bera til atkvæðagreiðslu án umræðu hvort greiða eigi atkvæði um tillöguna. Ef það er samþykkt verður tillagan tekin til umræðu og loks greidd atkvæði um tillöguna.

Ef ekki hefur verið boðað til atkvæðagreiðslu vegna tillögu sem berst vegna máls sem var á dagskrá skal strax greiða atkvæði um hvort greiða eigi atkvæði um tillöguna. Ef það er samþykkt skal taka hana til umræðu og loks greiða atkvæði um tillöguna.

Mikilvægt er að þátttakendur á Stúdentaráðsfundum hafi eftirfarandi hluti í huga:

- Fundarstjóri sér til þess að fundardagskrá sé fylgt og opnar mælendaskrá þegar við á í hverjum dagskrárlíð. Þegar mælendaskrá er opin geta þeir sem hafa málfrelsis- og tillögurétt tekið til máls.
- Til þess að vera á mælendaskrá og mega taka til máls dugur að rétta upp nafnskírteini sitt og sá sem heldur utan um mælendaskrá í hvert sinn tekur niður nöfn í rétttri röð.
- Fundarstjóri er ábyrgur fyrir mælendaskrá og má deila því hlutverki til einhvers annars.
- Fram í köll eru ekki leyfð og ef einhver annar hefur orðið ber einstaklingum að bíða þar til þeir fá orðið.
- Fundarmeðlimur getur beðið um tæknilega útskýringu með því að rétta upp báðar hendur og mynda T með þeim. Það má ekki styðjast við þetta til þess að koma sinni skoðun að, einungis til þess að biðja um nákvæmari tæknilega útskýringu á framvindu

fundarins. Þau sem ekki geta gert þetta merki, geta samið um að nota annað merki við fundarstjóra.

- Þátttakendur skulu koma fram við öll af virðingu. Engin mismunun, óbein eða bein, né nokkurs konar áreitni er liðið á fundum.
- Þátttakendur skulu virða húsnæði sem nýtt er í starfi Stúdentaráðs og þar með þær reglur sem fylgja húsnæðinu sjálfu, auk þess sem þeim ber að virða nærumhverfi þess.

7.2.1.2 Framkvæmd lagabreytinga á Stúdentaráðsfundum

Lögum ráðsins er hægt að breyta á Stúdentaráðsfundum.

Öllum sem hafa tillögurétt innan Stúdentaráðs er frjálst að leggja fram lagabreytingatillögu. Til þess að tillagan sé tekin fyrir á Stúdentaráðsfundi þarf tillagan að berast forseta ráðsins áður en forseti boðar fund svo stúdentaráðsliðar geti kynnt sér tillögurnar vel og mótað sér afstöðu fyrir fund. Tillagan þarf að vera með í fundarboði og fundargögnum og tilgreint ef atkvæðagreiðsla muni eiga sér stað.

Hver tillaga er borin upp til samþykktar skv. fundardagskrá og gerir sá aðili sem hana bar fram grein fyrir tillögunni og rökstuðningi. Orðið er þá gefið laust og fundinum gefið færi á að tjá skoðun sína á tillögunni. Þegar fundarstjóri hefur lokað mælendaskrá er tillagan borin upp til samþykktar.

Stúdentaráðsliðar sem vilja leggja fram lagabreytingatillögur skulu hafa eftirfarandi í huga:

- Leita skal álits hjá skrifstofu eða lagabreytinganefnd vegna tillögunnar.
- Gott er að gefa sér góðan tíma í að setja breytt lög í lagabreytingarform sem forseti útvegar svo breytingartillögur séu skýrar og skiljanlegar.
- Þá er gott að miða við að tillögur séu samdar í breiðri sátt.
- Náist ekki sátt um lagabreytingatillögu á Stúdentaráðsfundi er hægt að vísa málinu til lagabreytinganefndar til endurskoðunar og hún verður þá lögð fyrir Stúdentaráð á ný eftir vinnslu nefndarinnar.

Hægt er að gera breytingartillögu á lagabreytingartillöguna. Við lok umræðna og þegar atkvæðagreiðsla hefst skal bera breytingartillögur upp á undan aðaltillögu. Fyrsta skal bera upp þá sem lengst gengur að mati fundarstjóra. Tillögur sem ósamrýmanlegar eru áður samþykktum tillögum og breytingartillögum skulu ekki koma til atkvæða. Sá sem lagði upphaflega fram breytingartillöguna getur dregið sína tillögu til baka og þá úr atkvæðagreiðslu.

Lög Stúdentaráðs skulu vera uppfærð innan þriggja daga frá Stúdentaráðsfundi af forseta Stúdentaráðs og gerð aðgengileg á vef Stúdentaráðs.

Á vegum Stúdentaráðs starfar lagabreytinganefnd, en hægt er að leggja fyrirspurn og ábendingar til hennar. Tekur hún þá lagabreytingatillögu til umfjöllunar og leggur svo fyrir ráðið. Lög Stúdentaráðs skulu endurskoðuð árlega af lagabreytingarnefnd. Þegar kemur að því að endurskoða lög samtakanna er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Gott er að yfirfara lögin jafnt og þétt yfir starfsárið og skrifa niður hjá sér hvað má betur fara hverju sinni.

- Fyrirkomulagið á endurskoðun laga getur verið þannig að fulltrúar í lagabreytingarnefnd yfirfara lögin hver í sínu og horni og hittast síðan í hóp og fara yfir þær breytingartillögur sem gott væri að gera.
- Öllum sem starfa innan ráðsins er skylt að kynna sér lög ráðsins og starfa samkvæmt þeim.

Ekki þarf samþykki Stúdentaráðs ef laga á númer á köflum og lagagreinum, stafsetningar- og innsláttarvillur.

7.2.1.3 Atkvæðagreiðsla á Stúdentaráðsfundum

Eigi að kjósa um eitthvað á Stúdentaráðsfundum er gert grein fyrir því í fundardagskrá sem send er út með fundargögnum sem forseti ráðsins er ábyrgur fyrir.

Hver og einn Stúdentaráðsliði, og löggiltur varafulltrúi í fjarveru aðalfulltrúa, hefur eitt atkvæði. Við atkvæðagreiðslu skal atkvæði hvers og eins Stúdentaráðsliða rituð í fundargerð með nafni, nema leynilegrar atkvæðagreiðslu sé óskað. Sé óskað eftir leynilegri atkvæðagreiðslu þarf þriðjungur Stúdentaráðs að samþykkja það með atkvæðagreiðslu um það. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, falli atkvæði jafnt er tillaga fallin.

Stúdentaráðsliðar mega biðja fundarstjóra stuttlega um orðið til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu áður en atkvæði eru talin.

Stúdentaráð getur ályktað um málefni, og hægt er að afgreiða ályktanir rafrænt. Forseti Stúdentaráðs er þá ábyrgur fyrir ályktuninni, að setja umsagnarfrest og fá samþykki meirihlutans fyrir ályktuninni áður en hún er send út.

7.2.1.4 Upptaka Stúdentaráðsfunda

Fundir Stúdentaráðs skulu teknir upp samhliða því að vera ritaðir niður af fundarritara í þeim tilgangi að auka gagnsæi og skilvirkni í starfi ráðsins. Markmiðið er ekki að hverfa alfarið frá fundarritun heldur að til staðar sé ítarlegri framvinda fundar. Gera skal hlé á upptöku fundar á meðan lokaður dagskrárliður stendur yfir.

Upptökurnar skulu gerðar Stúdentaráðsliðum aðgengilegar óski þeir eftir því. Ekki er heimilt að dreifa upptökunum. Óski einstaklingur utan ráðsins eftir aðgangi að upptökum skal viðkomandi setja sig í samband við skrifstofu Stúdentaráðs sem tekur afstöðu til beiðninnar.

8 Kjörfundur og skiptafundur

Á kjörfundi skal hver frambjóðandi fá tækifæri til þess að kynna sig og halda framboðsræðu. Framboðsræða skal ekki vera lengri en 3 mínútur. Nýtt Stúdentaráð kys á kjörfundi, ekki fráfarandi Stúdentaráð.

Forseti Stúdentaráðs skal stýra kjörfundi þar til nýr forseti hefur verið kjörinn. Þá skal nýkjörinn forseti taka við fundarstjórn og stýra kjöri annarra fulltrúa ráðsins.

Á milli kjörfundar og fram að skiptafundi skulu fráfarandi fulltrúar leggja sig fram við að setja nýkjörna fulltrúa inn í fyrirliggjandi verkefni og aðstoða við undirbúning komandi starfsárs. Þetta á við fulltrúa réttindaskrifstofu, Stúdentaráðsliðar, sviðsráð, nefndir, háskólaráð og aðra fulltrúa í embættum Stúdentaráðs.

Nýkjörnir fulltrúar skulu sömuleiðis leggja sig fram við að mæta á þá fundi og viðburði sem haldnir eru á milli kjörfundar og skiptafundar. Miða skal við að aðlögunartímabil hvers kjörins fulltrúa sé lokið undir lok mánaðarins er skiptafundur er haldinn, þar sem starfstími hvers kjörins fulltrúa miðast við skiptafund ár hvert.

Fráfarandi forseti sér um að boða skiptafund Stúdentaráðs og gerir fráfarandi forseti þar grein fyrir ársskýrslu Stúdentaráðs. Á skiptafundi skal fráfarandi forseti rétta nýjum forseta formlega keflið og þar með er nýtt Stúdentaráð tekið við. Nýr forseti tekur þá við fundarstjórn og sér um að slíta skiptafundi.

9 Stefna Stúdentaráðs og framkvæmdaáætlanir

Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar eftir stefnu ráðsins og framkvæmdaáætlunum nefnda og sviðsráða sem eru mótaðar, samþykktar og endurskoðaðar að minnsta kosti árlega af ráðinu.

Stefnumótun skal fara fram í sem víðtækustu samráði við alla stúdentaráðsliða og aðra hagsmunaaðila eftir þörfum. Í kjölfar stefnumótunarferðar skal Stúdentaráð samþykka stefnu ráðsins á fundi sínum. Heimilt er að leggja til breytingar á stefnu ráðsins og skal fara með slíkar breytingartillögur eins og lagabreytingartillögur skv. 39. gr. laga Stúdentaráðs.

Breytingartillögur á framkvæmdaáætlunum nefnda og sviðsráða skulu kynntar á fundi Stúdentaráðs og kosið um þær með atkvæðagreiðslu. Kjósa skal sérstaklega um breytingartillögur sem kunna að koma upp á slíkum fundum.

Öll innan Stúdentaráðs bera ábyrgð á því að virða stefnu Stúdentaráðs við sína vinnu. Allir fulltrúar innan Stúdentaráðs bera skyldu að taka þátt í stefnumótun ráðsins.

10 Fjármál

10.1 Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár ráðsins skal hefjast 1. júní ár hvert og tekur enda á síðasta degi maímánuðar.

Framkvæmdastjóri skal útbúa ársreikning fyrir hvert reikningsár sem skal samþykktur af endurskoðanda og síðan borinn undir stjórn Stúdentaráðs til samþykktar. Ársreikningar skulu kynntir á Stúdentaráðsfundi í lok hvers starfsárs.

10.2 Fjármögnun samtakanna og fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri stjórnar Stúdentaráðs bera ábyrgð á fjármögnun ráðsins. Reikningar skulu ávallt vera aðgengilegir ollum innan Stúdentaráðs.

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri stjórnar SHÍ skulu í samstarfi vinna að fjárhagsáætlanagerð fyrir SHÍ sem skal kynnt reglulega í samræmi við lög ráðsins. Þá skal stjórn Stúdentaráðs fá kynningu á hagræðingum eða lítilliga auknum tekjum fyrir ráðið. Stjórn hefur heimild til að samþykkja nauðsynleg ófyrirsjáanleg útgjöld innan hóflegra marka og í samræmi við verklagsreglur stjórnar. Önnur veigamikil útgjöld, s.s. gerð nýrrar heimasíðu eða þess háttar skulu samþykkt af Stúdentaráði.

Allt umframfjármagn sem kann að safnast yfir starfsárið skal renna beint til næsta starfsárs. Stúdentaráð niðurgreiðir aldrei áfengiskostnað nema að fengnu samþykki Stúdentaráðs.

11 Verklag vegna ráðstefna og funda erlendis

Fulltrúar SHÍ þurfa e.t.v. að sækja ráðstefnur og fundi erlendis yfir starfsárið. Fulltrúar skrifstofu Stúdentaráðs skulu fara að verklagsreglum skrifstofu við slíkar ferðir. Aðrir fulltrúar Stúdentaráðs skulu tileinka sér eftirfarandi hluti:

- Pantala skal flug og gistingu með góðum fyrirvara, í samráði við forseta Stúdentaráðs, til að halda kostnaði í lágmarki og skal gera það um leið og fyrir liggur hvaða fulltrúar fara fyrir hönd ráðsins og hvar viðburðurinn er haldinn.
 - Háskóli Íslands hefur lýst yfir vilja til að niðurgreiða allan ferðakostnað stúdenta sem sækja Aurora ráðstefnur erlendis. Skal því flug og gisting vera bókuð í samráði við skrifstofu Alþjóðasviðs.
 - Þá skal fulltrúi taka kvittanir fyrir öðrum aukakostnaði sem hlýst af ráðstefnu/fundi en það getur verið til dæmis fæðiskostnaður á ferðadögum eða þegar slíkt er ekki í boði á ráðstefnu/fundi.

Fulltrúar sem ferðast á vegum ráðsins eru ábyrgir fyrir því að halda utan um kvittanir og skýringar á þeim. Þeim skal skilað til framkvæmdastjóra:

- Fulltrúar eru beðnir um að halda aukaútgjöldum í lágmarki hverju sinni.
- Þegar ráðstefnu/fundi er lokið skal fulltrúi skila þeirri þekkingu sem hann öðlast á viðkomandi ráðstefnu og/eða fundi til Stúdentaráðs. Fulltrúar skulu skrifa skýrslu um viðkomandi fund eða ráðstefnu og gera aðgengilega fyrir stúdenta á vefsíðunni student.is

- Á þeim fundum/ráðstefnum sem fulltrúi sækir skal hann ávallt gera grein fyrir að því að hann kemur fram fyrir hönd ráðsins og fara eftir siðareglum samtakanna og þeim siðareglum sem fulltrúum eru settar hverju sinni. Þá skal hann hafa í huga að hann er í forsvari fyrir Stúdentaráð og talar máli ráðsins.
- Fulltrúi skal virða fundartíma ráðstefnu eða fundar sem hann sækir, hann skal mæta tímanlega og skila góðu vinnuframlagi.
- Þá skulu fulltrúar SHÍ á ráðstefnum erlendis leggja sitt af mörkum í umræðum, tryggja það að rödd stúdenta Háskóla Íslands heyrst á alþjóðlegum vettvangi og móta tengsl við fulltrúa annarra landa.
- Aldrei er greitt fyrir áfengi.

12 Um þátt stúdenta í rektorskosningum

Skv. 8 gr. [laga um opinbera háskóla nr. 85/2008](#) setur Háskólaráð reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors. Í 6 gr. 1. kafla í [reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#), fjallar um rektorskosningar. Þar kemur fram að tilnefning háskólaráðs fari fram að undangengnum kosningum. Hvað varðar þátttöku stúdenta er tekið fram að háskólaráð skipi kjörstjórn, þar sem tveir fulltrúar af sex skulu vera úr hópi stúdenta, þó getur fulltrúi stúdenta ekki verið formaður kjörstjórnar.

Um atkvæðisrétt stúdenta segir: “Þá eiga atkvæðisrétt allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands við upphaf kjörfundar. Atkvæði starfsmanna skulu samtals vega 70% í kjörinu og atkvæði stúdenta skulu samtals vega 30%.” Til þess að tryggja að stúdentar eigi greiðan aðgang að frambjóðendum og að málefni stúdenta séu veigamikil í aðdraganda kosninga skal Stúdentaráð leita leiða til að efna til umræðuvettvangs þar sem áherslur frambjóðenda eru útlistaðar, t.a.m. með viðburði eins og pallborðsumræðum sérstaklega fyrir stúdentum. Skrifstofa Stúdentaráðs skal einnig leggja áherslu á að stúdentum gefist kostur til þess að nálgast frambjóðendur beint.

Um kosningu segir: “Miða skal við að kjördagur sé sem næst 5. mars og skal hann auglýstur tryggilega innan háskólans.” Skrifstofa Stúdentaráðs skal auglýsa kosninguna tryggilega meðal stúdenta. Þar að auki segir: “Kennslusvið háskólans sér um að útbúa kjörskrá stúdenta.”

13 Breytingar á verklagsreglum

Um störf ráðsins gilda verklagsreglur sem samþykktar skulu árlega á fundi Stúdentaráðs. Til viðbótar skal Stúdentaráð setja sér siða- og jafnréttisreglur og skal farið með þær eins og verklagsreglur ráðsins.

Stúdentaráði, skrifstofu og stjórn Stúdentaráðs er heimilt að leggja til breytingar á verklagsreglunum og skal þá kosið um breytingarnar á Stúdentaráðsfundi. Verklagsreglur skulu endurskoðaðar ár hvert af skrifstofu og stjórn ráðsins og lagðar fyrir Stúdentaráð.

Þegar kemur að því að endurskoða verklag samtakanna er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Gott er að yfirfara verklagið jafnt og þétt yfir starfsárið og skrifa niður hjá sér hvað má betur fara hverju sinni.
- Þá er gott að yfirfara verklagið með stjórn Stúdentaráðs sérstaklega svo forsetar sviðsráða geti leitt sviðsráðin í sínum störfum til samræmis við verklag.

Verklagsreglur þessar voru seinast uppfærðar 13. desember 2023



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Skýrsla kjörstjórnar
Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2024

Efnisyfirlit	
Skipan kjörstjórnar	3
Verklagsreglur kjörstjórnar	3
Fundir kjörstjórnar	4
Fyrsti fundur kjörstjórn 19. Janúar 2024	4
Annar fundur kjörstjórnar 29. janúar 2024	5
Þriðji fundur kjörstjórnar 7. mars 2024	6
Fjórdi fundur kjörstjórnar 10. mars 2024	6
Samskipti kjörstjórnar á milli funda og kvartanir frá fylkingum	7
Tölvupóstar til nemenda	7
Tillögur til úrbóta	13
Kjörsókn	15

Skipan kjörstjórnar

Þann 23. nóvember 2023 kaus Stúdentaráð fulltrúa í kjörstjórn í samræmi við lög ráðsins. Voru eftirfarandi skipuð í kjörstjórn:

Röskva: *Mikael Berg Steingrímsson, forseti og Helga Lind Mar.*

Vaka: *Albert Guðmundsson og Janus Arn Guðmundsson.*

Verklagsreglur kjörstjórnar

Kjörstjórn frá 2023 samþykktu sér verklagsreglur þegar kemur að samskiptum og samráði við fylkingar og önnur framboð. Kjörstjórn 2024 samþykkti verklagsreglur frá kjörstjórn 2023 óbreyttar.

Á fundi kjörstjórnar þann 19. janúar voru eftirfarandi verklagsreglur kjörstjórnar samþykktar:

1. Kjörstjórn ber að gæta hlutleysis í störfum sínum. Meðlimir kjörstjórnar deila ekki kosningaáróðri á neinum vettvangi. Meðlimir kjörstjórnar sækja ekki viðburði framboða þar til kjörstöðum hefur verið lokað né taka þátt í störfum framboða á annan hátt.
2. Samskipti við framboð
 - a. Samskipti við framboð er tengjast kosningum skulu fara fram eftir samráð innan kjörstjórnar ef kostur er.
 - b. Ef samskipti við framboð eiga sér stað án undangengis samráðs innan kjörstjórnar skal kjörstjórn upplýst um viðkomandi samskipti.
3. Kjörstjórn ber að haga samskiptum við skrifstofu SHÍ faglega.
 - a. Samskipti við skrifstofu SHÍ skulu fara fram í samráði kjörstjórnar ef kostur er.
 - b. Ef samskipti við skrifstofu SHÍ fara ekki fram í samráði kjörstjórnar skal kjörstjórn upplýst um viðkomandi samskipti.
4. Kjörstjórn leitast við að svara erindum sem henni berast innan 24 klukkustunda.
5. Kjörstjórn skal bóka allar ákvarðanir sínar og niðurstöður. Fundargerðir skulu vera aðgengilegar fulltrúum framboða sbr. f-lið 32. gr. laga SHÍ.
6. Kjörstjórn sinnir störfum sínum af heilindum. Ákvarðanir kjörstjórnar skulu ávallt miða að því að auka traust í garð lýðræðislegra kosninga til Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Mælst er til þess að næsta kjörstjórn taki upp sambærilegar verklagsreglur í byrjun síns skipunartíma.

Fundir kjörstjórnar

Kjörstjórn fundaði alls x sinnum formlega en var þess á milli í samskiptum sín á milli á messenger hóp kjörstjórnar.

Fyrsti fundur kjörstjórn 19. Janúar 2024

Staðsetning: Skrifstofa Stúdentaráðs

Tímasetning: 17:00

Mætt: Mikael Berg Steingrímsson, Albert Guðmundsson og Helga Lind Mar. Rakel Anna Boulder, forseti Stúdentaráðs tók sæt á fundinum.

Ritari: Helga Lind Mar

1. Samþykkt óbreytt fyrirkomulag á fjölda sæta á hverju fræðasviði.
 2. Kjörstjórn samþykkir eftirfarandi verklagsreglur
-
1. Kjörstjórn ber að gæta hlutleysis í störfum sínum. Meðlimir kjörstjórnar deila ekki kosningaáróðri á neinum vettvangi. Meðlimir kjörstjórnar sækja ekki viðburði framboða þar til kjörstöðum hefur verið lokað né taka þátt í störfum framboða á annan hátt.
 2. Samskipti við framboð
 - . Samskipti við framboð er tengjast kosningum skulu fara fram eftir samráð innan kjörstjórnar ef kostur er.
 - . Ef samskipti við framboð eiga sér stað án undangengis samráðs innan kjörstjórnar skal kjörstjórn upplýst um viðkomandi samskipti.
 2. Kjörstjórn ber að haga samskiptum við skrifstofu SHÍ faglega.
 - . Samskipti við skrifstofu SHÍ skulu fara fram í samráði kjörstjórnar ef kostur er.
 - . Ef samskipti við skrifstofu SHÍ fara ekki fram í samráði kjörstjórnar skal kjörstjórn upplýst um viðkomandi samskipti.
 2. Kjörstjórn leitast við að svara erindum sem henni berast innan 24 klukkustunda.
 3. Kjörstjórn skal bóka allar ákvarðanir sínar og niðurstöður. Fundargerðir skulu vera aðgengilegar fulltrúum framboða sbr. f-lið 32. gr. laga SHÍ.
 4. Kjörstjórn sinnir störfum sínum af heilindum. Ákvarðanir kjörstjórnar skulu ávallt miða að því að auka traust í garð lýðræðislegra kosninga til Stúdentaráðs Háskóla Íslands.
-
3. Rakel fer í það að útvega aðgang að tölvupóstfangi
 4. Rafrænir undirskriftalistar
 - Erum til að bjóða upp á rafræna undirskriftasöfnun í gegnum island.is, förum í að skoða útfærslu
 5. Utankjörfundarkosning
 - Sjáum ekki tilgang með því
 0. Erum sammála því að hafa kosningu opna frá 8:00 20. mars til 16:00 21. mars.

Tímalína:

- Síðasta vikan í febrúar
 - Auglýsa eftir framboðum (tölvupóstur til nemenda)
 - Tölvupóstur í eldri skýrslum

5. mars

- Tímasetningar á kjosningum þurfa að liggja fyrir

6. mars

- Kjörskrá skal liggja fyrir
- Kærur vegna kjörskrár skulu berast viku fyrir kjördag

10. mars

- Framboðsfrestur rennur út

11. Fundur með framboðum

Drengskaparheit

13. mars

- Kærunefnd skal vera tilbúin

- Hitta UTS

Auglýsa eftir framboðum

Fundi slitið: 17:57

Annar fundur kjörstjórnar 29. janúar 2024

Tímasetning 20:00

Mætt: Albert, Helga Lind og Janus.

Mætt með fjarfundarbúnað: Mikael

Ritari: Helga Lind

1. Farið yfir ákvarðanir síðasta fundar og Janus samþykkir.
2. Ræðum tímasetningar, opið báða daga eða loka að kvöldi

- a. Tekin ákvörðun um að kjörstaðir loki þar sem það er hætt á að halda viðburði þar sem fólk „kaupir sig inn“ með því að kjósa.
3. UTS, Mikael heyrir í Guðmundi og fær Contacts svo við getum bókað fund með UTS.
4. Kærunefnd hugmyndir
 - a. Sigurður Helgi
 - b. Jórunn Pála
 - c. Lenya
 - d. Aldís Mjöll
 - e. Jóna Þórey
 - f. Jóhannes Tómassyni
5. Kjörskrá og bannmerkingar
 - a. Mikael heyrir í Guðmundi og spyr hvernig þetta verður með kjörskrá
6. Umboðsaðilar framboða verði ábyrgir fyrir undirskriftalistum á Ísland.is
7. Ósamræmi í lögnum
 - a. Opnunartími
 - b. Eftirlitsmenn

Fundi slitið 20:40.

Þriðji fundur kjörstjórnar 7. mars 2024

Mætt: Mikael, Janus, Helga Lind og Albert

Ritari: Helga Lind

- Þarf að breyta undirskriftarlistum þar sem að það stendur ekki nafn einstaklings í framboði
- Framboðsfrestur
- Breytt í drengskaparheitum – tekið fram að áminningar verði birtar á síðum SHÍ (vantaði að taka fram hvaða reikning)
 - Sett inn heimild með að vísa framboði úr.

Fjórdi fundur kjörstjórnar 10. mars 2024

Mætt: Helga Lind, Mikael Berg, Albert og Janus Arn

Ritari: Helga Lind

- Drengskaparheit og trúnaðaryfirlýsing undirrituð af báðum framboðum.
- Bæði framboð lögleg
- Kvörtum frá Vöku varðandi kostnað sem fellur á fylkingar við að yfirfara kjörskrá og bannmerkingar
 - Þyrfti að festa þetta í verklag
 - Kom í ljós að fylkingar hafa fengið þetta endurgreitt frá stúdentasjóði

Samskipti kjörstjórnar á milli funda og kvartanir frá fylkingum

Kjörstjórn stofnaði spjallhóp á forritinu Messenger þar sem samskipti áttu sér að mestu stað.

Kjörstjórn var í miklum samskiptum í vikunum fyrir kosningar og kom það nokkrum sinnum fyrir að stuttir óformlegir fundir, í gegn um hópsímtal á messenger, voru haldnir til að ræða ýmis mál.

Kjörstjórn bárust tvær kvartanir frá Röskvu. Kjörstjórn taldi ekki þörf á að aðhafast neitt varðandi þær kvartanir. Þá barst kjörstjórn minnisblað frá Vöku varðandi kjörgengi eins frambjóðanda Röskvu til Háskólaráðs.

Tölvupóstur til nemenda

Auglýsing um framboðsfrest var send á alla stúdenta þann 20. febrúar 2024 með tölvupósti.

Efnislína: Vegna kosninga til Stúdentaráðs og Háskólaráðs 2024 / Elections to the Student and University Council 2024

- ENGLISH VERSION BELOW -

Kæru stúdentar,

Kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs Háskóla Íslands verða haldnar frá klukkan 9:00 til klukkan 20:00 miðvikudaginn 20. mars og frá klukkan 9:00 til klukkan 18:00 fimmtudaginn 21. mars n.k. Þær eru rafrænar og fara fram í gegnum innri vef Háskólans, Ugluna (www.ugla.hi.is). Í kosningum munu stúdentar hvers fræðasviðs kjósa sér fulltrúa í Stúdentaráð til eins árs og fulltrúa til Háskólaráðs til tveggja ára.

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) lýsir hér með eftir framboðum til Stúdentaráðs og Háskólaráðs árið 2024.

Skilafrestur framboða

Skilafrestur framboða er til kl. 18:00, 10. mars 2024. Vinsamlegast hafið samband við kjor@hi.is hafið þið hug á framboði til að fá afhenda undirskriftalista og eyðublað vegna framboða. Framboð til Stúdentaráðs skulu uppfylla ákvæði kafla IX. [laga SHÍ](#) um kosningar og kjörstjórn.

Hver frambjóðandi til Stúdentaráðs skal safna tíu undirskriftum. Þjóði sömu samtök fram framboðslista á öllum sviðum þurfa stuðningsmenn listans þó aldrei að vera fleiri en 100 í heildina.

Hver frambjóðandi til Háskólaráðs skal safna 20 undirskriftum en frambjóðendur á sama lista geta safnað undirskriftum sínum í nafni listans.

Samhliða þessu skulu framboð tilnefna umboðsaðila við kjörstjórn, sem sér um samskipti við hana.

Kjörstjórn mun taka á móti framboðum rafrænt í gegnum netfangið kjor@hi.is til kl. 18:00 10. mars og verður ekki tekið við framboðum eftir þann tíma. Komi upp vandkvæði skal hafa samband við kjörstjórn í gegnum sama netfang.

Kjörskrá

Kjörskrá mun liggja fyrir þann 6. mars og skulu kærur vegna kjörskrár hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl. 12:00 þann 13. mars. Á kjörskrá eru þeir stúdentar sem skráðir eru í nám við Háskóla Íslands skólaárið 2023-2024. Gesta- og skiptinemar, sem og nemar sem skráðir eru á námsleiðir með stökum námskeiðum, líkt og í Símennt, hafa ekki atkvæðisrétt.

Framboð til Stúdentaráðs og Háskólaráðs munu fá afhenda skrá yfir stúdenta, í þeim tilgangi að hafa samband við stúdenta vegna kosninganna. Kjörskrá verður keyrð saman við bannskrá Þjóðskrár og símanúmer þeirra sem eru þar skráð verða tekin út af skránni sem afhent verður framboðunum. Jafnframt verður gætt að skilyrðum 94. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022. Þá er öllum sem eru á skránni veittur réttur til að andmæla notkun á sínum persónuupplýsingum í þessum tilgangi.

Ef stúdent vill ekki að hringt sé í sig í aðdraganda kosninga getur viðkomandi fyllt út eyðublað [hér](#). Hægt er að koma á framfæri andmælum til klukkan 23:59 þann 5. mars. Tekið verður tillit til andmæla sem þá hafa borist.

Framboðum er óheimilt að hringja í einstaklinga sem svara ekki símhringingum oftar en þrisvar sinnum. Eins mega framboðin hvorki senda SMS-skilaboð né hafa samband við einstakling sem er ekki „vinur“ viðkomandi á samfélagsmiðlum í þeim tilgangi að kynna framboð.

Ef ykkur þykir áreiðið af hringingum orðið of mikið er ætíð hægt að hafa samband við Stúdentaráð (shi@hi.is) eða kjörstjórn (kjor@hi.is). Ef þið fáið símtal frá framboðum sem þið teljið vera ólöglegt eða viljið ekki frekari símtöl er jafnframt hægt að senda tilkynningu á fyrrnefnd pósthólf og framboðum verður gert viðvart.

Frekari spurningum má beina á netfangið kjor@hi.is.

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands árið 2024 skipa Mikael Berg Steingrímsson (forseti), Albert Guðmundsson, Helga Lind Mar og Janus Arn Guðmundsson.

F.h. Kjörstjórnar SHÍ,
Mikael Berg Steingrímsson

-- ENGLISH VERSION --
Elections to the Student Council 2024.

The elections for the Student Council and the University Council will be held from 9:00 until 20:00, 20th of March and from 9:00 until 18:00, 21st of March. The elections will be online and students vote through Ugla (ugla.hi.is), the intra web of the University. In the elections, students of each academic school will elect a representative to the Student Council for one year and representatives to the University Council for two years.

The election committee of the Student Council of the University of Iceland (SHÍ) hereby announces that students can declare their intent to run as candidates for the Student Council election in 2024.

Regarding candidacies

Candidacy for the elections shall be handed in to the Election Board through email at kjor@hi.is before 18:00 on the 10th of March 2024. Candidacies will not be accepted after that time. If you are interested in running for the Student Council or the University Council, please contact kjor@hi.is for forms regarding the candidacy. Candidates for the Student Council and University Council must comply with the provisions of chapter IX of the Statute of the Student Council on Elections and Electoral Commission.

Each candidate for the Student Council must collect ten signatures. If the same organization presents a candidate list in all fields, the supporters of the list don't need to be more than 100 in total. Each candidate for the University Council must collect twenty signatures. Candidates on the same list can collect signatures in the name of the list. Candidates should contact the Election board for more information on collecting signatures. Along with this, candidates must nominate a representative to the electoral commission, who will be in charge of communication with it.

If any difficulties arise, please contact the Election Board at kjor@hi.is.

The Electoral Register

The electoral register will be available on the 6th of March. You can make sure you are on the list or make requests to be added to it until 12:00 on the 13th of March. Everyone who has been registered at the University of Iceland in the school year of 2023-2024 is eligible to vote. Neither exchange students nor students in programs consisting of singular courses (such as Símennt) are eligible to vote.

Candidates for the Student Council and University Council will be given a list of students, for the purpose of contacting students regarding the elections. Voters who are on the “do not call” register at Registers Iceland will have their phone numbers removed from the electoral register that will be delivered to the candidates. At the same time, the conditions of Article 94 of the Personal Data Protection Act no. 70/2022 will be upheld. Everyone on the electoral register is also given the right to object to the use of their personal information for this purpose.

If a student does not want to receive phone calls regarding the elections, the person can send an email to kjor@hi.is with their full name and social security number. You can also fill out [this form](#). Objections can be made until 23:59 on March 5. Objections will be taken into account at that time.

The campaigns are not allowed to call a person more than three times if they do not answer the calls. They are also not allowed to send out text messages, and people who are not your “friends” on social media are not allowed to contact you by text for the sole purpose of promoting their campaign.

If you feel you are being contacted too aggressively, you may contact the Student Council at shi@hi.is or the electoral commission at kjor@hi.is. Please also send an email if you feel that you have been contacted in an illegitimate way or simply don't want any more phone calls. All campaigns will be notified that you do not wish to be contacted.

For any further questions, please contact kjor@shi.is.

On behalf of the Election Board,
Mikael Berg Steingrímsson, chairman of the election board

Þann 13. mars 2024 var eftirfarandi póstur sendur á nemendur Háskóla Íslands en skv. g. lið 32. gr. laga SHÍ á að auglýsa opnunartíma kosninga viku fyrir fyrri kjördag.

Efnislína: Kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs 2024 fara fram í næstu viku /
Elections to the Student Council are coming up next week

- ENGLISH VERSION BELOW -

Kæru stúdentar

Kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs fara fram miðvikudaginn 20. og fimmtudaginn 21. mars næstkomandi. Þar munu nemendur hvers fræðasviðs kjósa sér fulltrúa í Stúdentaráð til eins árs og fulltrúa í Háskólaráð til tveggja ára. Kosningarnar eru rafrænar og fara fram í gegnum innri vef Háskólans, **Ugluna**.

Á kjörskrá eru þeir stúdentar sem skráðir eru í nám við Háskóla Íslands skólaárið 2023-2024. Gesta- og skiptinemar, sem og nemar sem skráðir eru á námsleiðir með stökum námskeiðum, líkt og í Símennt, hafa ekki atkvæðisrétt.

Kosningakerfið verður opið frá klukkan 9:00 til klukkan 20:00 þann 20. mars og frá klukkan 9:00 til klukkan 18:00 þann 21. mars.

[Hér má finna upplýsingar um framboð til Stúdentaráðs og Háskólaráðs 2024.](#)

Frekari spurningum eða kvörtunum má beina á netfangið kjor@hi.is.

F.h. Kjörstjórnar SHÍ,

Mikael Berg Steingrímsson

-- ENGLISH VERSION --

Dear students

Elections for the Student Council and University Council will be held on the 20th of March and the 21st of March. In the elections, students of each academic school will elect a representative to the Student Council for one year and a representative to the University Council for two years. The elections will be online and students vote through **Ugla** (ugla.hi.is), the intra web of the University.

Everyone who has been registered at the University of Iceland in the school year of 2023-2024 is eligible to vote. Neither exchange students nor students in programs consisting of singular courses (such as Símennt) are eligible to vote.

The elections will be open from 9:00 to 20:00 on the 20th of March and from 9:00 until 18:00 on the 21st of March.

[Here you can find information on the candidates running for Student Council and the University council in 2024.](#)

For any further questions or complaints, please contact kjor@shi.is.

On behalf of the Election Board,
Mikael Berg Steingrímsson

Á fyrri kjördegi, þann 20. mars, var eftirfarandi póstur sendur á nemendum Háskóla Íslands. Skv. g. lið 32. gr. laga SHÍ skal auglýsa opnunartíma kjörstaða báða kjördaga.

(**Efnislína:** Kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs hafnar / Student Council and University Council elections have begun

(English below)

Kjörstjórn SHÍ minnir alla nemendur á að kosningarnar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs hófust í morgun (miðvikudag) klukkan 09:00 og standa yfir til klukkan 20:00 í kvöld sem og á morgun, fimmtudag frá klukkan 9:00 til klukkan 18:00 annað kvöld. Kosningarnar fara fram á Uglunni. Ef nemendur eiga í erfiðleikum með að kjósa geta þeir haft samband við kjor@hi.is.

Þá vill kjörstjórn einnig minna frambjóðendur og framboð til Stúdentaráðs og Háskólaráðs Háskóla Íslands á að óheimilt er að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Kjósandi má þó greiða öllum einstaklingum í framboði atkvæði sitt óháð framboðslistum, í þeirri röð sem hann kýs.

[Hér](#) má kynna sér framboð til Stúdentaráðs og Háskólaráðs 2024.

---ENGLISH---

The Student Council's election commission wants to remind all students that the election started this morning (Wednesday) and will take place on Ugla until 8 p.m. tonight, and will continue tomorrow (Thursday) from 9 a.m. until 6 p.m. tomorrow. If any problems occur while voting, please contact the election commission through kjor@hi.is.

The election commission also wants to remind candidates and candidacies that they are not permitted to systematically encourage voters to organize their votes in such a way that would skew election results in their favor. However, students can cast their vote to any candidate, no matter their party, in any order they please.

[Here](#) you can read about the candidates who are running for Student Council and University Council in 2024.

Á seinni kjördegi, þann 21. mars, var eftirfarandi póstur sendur á nemendur Háskóla Íslands.

Skv. g. lið 32. gr. laga SHÍ skal auglýsa opnunartíma kjörstaða báða kjördaga:

Efnislína: Kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs opnar til kl. 18 í dag / Student Council and University Council elections open until 18:00 today

(English below)

Kjörstjórn SHÍ minnir alla nemendur á að kosningarnar til Stúdentaráðs hófust í gærmorgun (miðvikudag) klukkan 09:00 og standa yfir til klukkan 18:00 í kvöld, fimmtudag. Kosningarnar fara fram á Uglunni. Ef nemendur eiga í erfiðleikum með að kjósa geta þeir haft samband við kjor@hi.is.

Þá vill kjörstjórn einnig minna frambjóðendur og framboð til Stúdentaráðs Háskóla Íslands á að óheimilt er að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að

skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Kjósandi má þó greiða öllum einstaklingum í framboði atkvæði sitt óháð framboðslistum, í þeirri röð sem hann kýs.

[Hér](#) má kynna sér framboð til Stúdentaráðs og Háskólaráðs 2024.

--ENGLISH--

The Student Council's election commission wants to remind all students that the election started yesterday morning (Wednesday) and will take place on Ugly until 6 p.m. tonight (Thursday). If any problems occur while voting, please contact the election commission through kjor@hi.is.

The election commission also wants to remind candidates and candidacies that they are not permitted to systematically encourage voters to organize their votes in such a way that would skew election results in their favor. However, students can cast their vote to any candidate, no matter their party, in any order they please.

[Here](#) you can read about the candidates who are running for Student Council and University Council in 2024.

Tillögur til úrbóta og það sem betur mætti fara

Á fyrri kjördegi kom upp vandamál með kjörkerfið á Uglu þar sem fjöldi nemenda gat ekki staðfest kosningu sína með lykilorði sínu í uglu. UTS benti fyrst á að slá inn öll lykilorð handvirkt en ekki notast við fyrirfram vistuð lykilorð í vafra sem mögulega lausn en sú lausn dugaði ekki til. Fjöldi nemenda varð að lokum svo mikill að ákveðið var að fella niður þessa auka auðkenningu, svo nemendur þurftu ekki að staðfesta kosningu sína með lykilorði. Kjörstjórn mælist því til þess að kjörstjórn ársins 2025 setji sig fljótt í samband við UTS til þess að athuga hvort þau hafi komist til botns í vandamálinu og hver farsælasta lausnin sé í kosningum 2025.

Þá kom upp sú staða að frambjóðandi á lista Röskvu til háskólaráðs var sannarlega ekki kjörgengur. Vaka sendi ábendingu á kjörstjórn þess efnis að morgni seinni kjördags. Sú staða vakti athygli kjörstjórnar á því að hlutverk kjörstjórnar á mati á kjörgengi og staðfestingu framboða í lögum Stúdentaráðs eru ekki nógu skýr. Þá er einnig ekki nógu skýrt hverjir kostir kjörstjórnar til viðbragða við atvikum sem þessum eru. Kjörstjórn leggur því til að skerpt verði á hlutverki kjörstjórnar hvað þetta varðar í lögum Stúdentaráðs.

Kjörsókn

Kjörsókn var eilítið minni en árið áður en meiri en undanfarin ár þar áður. 31,11% stúdenta nýttu

kosningarétt sinn til kosninga Stúdentaráðs og 28,06% til Háskólaráðs. Kjörstjórn telur að betur megi gera og mælist til þess að markvisst verði unnið að því að viðhalda og bæta kjörsókn. Þá leggur kjörstjórn til að reglum sem kveða á um kosningaefni innan bygginga háskólans verði haldið óbreyttum.